**SIGNÝ JÓNA HREINSDÓTTIR**

*Bakar himneska súkkulaðiköku*

• áramót

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**



**ALLT ATVINNA**

*Stútfullt blað af atvinnuauglýsingum*

• atvinna

**Í MIÐJU BLAÐSINS**




**PÁLL MAGNÚSSON**

*Rás 1 er líka fyrir ungt fólk*

Elsta útvarpsstöð landsins í ímyndarherferð.

**FÓLK 78**





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. desember 2006 — 350. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000



## SUNNUDAGUR

### Þverskurður af lestri þjóðar



Bryndís Loftsdóttir segir bókakaup nú jafnari yfir árið en áður.

**BÆKUR 62**

### Ný sýn á Hallgrímskirkju



Er meðal reffilegustu reðurtákna í heimi að mati lesenda vefútgáfu menningartímaritsins Cabinet Magazine.

**FÓLK 78**

### Áfram til árangurs

„Vandamál okkar er flest hægt að líta á sem viðfangsefni til úrlausnar þar sem ágreiningur er fyrst og fremst um leiðir en ekki markmið," segir Geir H. Haarde.

**ÁRAMÓTAÁVARP 22**

### Sjóðheitur Ronaldo



Cristiano Ronaldo skoraði tvö mörk fyrir Manchester United sem hefur sex stiga forskot á toppi ensku úrvalsdeildarinnar.

**ÍÞRÓTTIR 70**

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁGÆTT VEÐUR -** Í dag verður yfirleitt hæg suðvestlæg átt en þó norðlæg á Vestfjörðum. Snýst í norðanátt með norðurströndinni með kvöldinu. Éljagangur nyrðra, annars nokkuð bjart þegar kemur fram á daginn. Kólnandi veður.






FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM




# Skotið á bíl lögregluþjóns

**Skotið var á bíl lögreglumanns á Blönduósi aðfaranótt laugardags. Bíllinn stóð mannlaus í innkeyrslu þegar árásin átti sér stað. Engin vitni voru að skotunum.**

**SKOTÁRÁS** Skotið var á bíl lögreglumanns á Blönduósi aðfaranótt laugardags. Enginn var í bílnum þegar skotið var. Lögregla telur víst að um kúlnagöt sé að ræða, en kúlan fór inn um vinstri hliðarrúðu að framan og út um hina hægri.

Engin vitni voru að því er hleypt var af og kúlan hefur ekki fundist. Nær allt starfslið lögreglunnar á Blönduósi vinnur að rannsókn málsins.

„Við lítum þetta mjög alvarlegum augum, hvort sem um slysaskot eða viljaverk er að ræða," segir Hermann Ívarsson, varðstjóri lögreglunnar á Blönduósi. Hann hvetur almenning til þess að leggja lögreglunni lið við rannsókn þessa máls.

Lögreglumaðurinn sem hlut á að máli segist ekki eiga svarna óvini og að aldrei nokkurn tímann hafi honum verið hótað lífláti.

Bíllinn er í eigu fjölskyldu lögreglumannsins og stóð í innkeyrslu við hús í miðjum bænum þegar skotið hljóp af. Allt bendir til þess að stórt skotvopn hafi verið notað, annaðhvort stór riffill eða skammbyssa.

Að sögn Hermanns var ölvun í bænum ekki óvenjulega mikil aðfaranótt laugardagsins. - sþs

Hallbjörn í fjárþröng:

# Kántríbær hættir útsendingum

**ÚTVARP** Útvarpsstöðin Kántríbær hættir útsendingum í dag um óákveðinn tíma. Ástæðan er fjárhagsörðugleikar í rekstri. Kostnaður vegna endurnýjunar endurvarpssendis á Sauðárkróki vegur þar þyngst.

„Við erum búin að reka þessa stöð í menningarlegum tilgangi í fjórtán ár og þegar ekkert kemur inn á móti er erfitt að rúlla boltanum," segir Hallbjörn Hjartarson, kúreki norðursins og eigandi stöðvarinnar.

„Mér finnst að sýslurnar í kringum okkur ættu að geta styrkt útvarpið eitthvað, það þarf ekki stórar upphæðir. Það tala allir um menningu en þegar hún er úti á landi er hún einskis virði," segir hann. - sþs



**SADDAM HUSSEIN** Íslandsdeild Amnesty International hefur fordæmt aftöku hans í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslandsdeild Amnesty:

# Fordæmir aftöku Saddams

**MANNRÉTTINDI** Íslandsdeild Amnesty International mótmælir harðlega aftöku Saddams Hussein, fyrrverandi forseta Íraks. „Amnesty International berst gegn dauðarefsingum í öllum tilvikum og telur dauðarefsingar vera ómannúðlegar, niðurlægjandi og brjóta gegn réttinum til lífsins," segir í fréttatilkynningu frá samtökunum.

Amnesty telur tækifærið til að skapa stöðugleika í Írak farið forgörðum. Samtökin segjast hafa fagnað því á sínum tíma að sækja ætti Saddam til saka, en að það hafi átt að gerast með sanngjörnum réttarhöldum. - sgj / sjá síðu 6




## SPURNING DAGSINS



*Ögmundur, á að rúlla kragan-um upp?*

„Að sjálfsögðu."

Ögmundur Jónasson skipar fyrsta sæti á lista vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi. Kjördæmið er einnig kallað Kraginn.

Aðskilnaðarsamtök Baska, ETA, sprengdu bíl á flugvelli í Madríd í gær:

# Níu mánaða vopnahléi lokið

**SPÁNN, AP** 26 særðust og tveir eru ófundnir vegna kröftugrar sprengingar í bíl á alþjóðaflugvellinum í Madríd á Spáni í gær. Aðskilnaðarsamtök Baska, ETA, eru talin ábyrg fyrir sprengingunni.

Níu mánaða vopnahlé virðist fyrir bí, en ríkisstjórn Spánar hefur sóst eftir viðræðum við ETA til að binda enda á áratugalangar deilur og átök.

Sprengingin átti sér stað á margra hæða bílastæði klukkan níu um morgun á einum mesta ferðadegi ársins.

Varúðarsímtal barst frá ETA stuttu áður en sprengingin varð.



**RÚSTIR EINAR** Deilur ETA og Spánarstjórnar hafa varað í marga áratugi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sendiferðabíll sprakk í loft upp og fylgdi sprengingunni reykur og grjótkast, svo að margir bílar skemmdust.

Tveir menn týndust í brakinu og 26 manns særðust lítillega, flestir með skaddaða heyrn vegna höggbylgju sprengingarinnar. Lögreglumaður lenti undir regni af brotnu gleri og skarst illa.

Slökkviliðsmenn unnu að því að slökkva eld á svæðinu, en stór hluti byggingarinnar var illa farinn eftir sprenginguna.

Enginn hefur látist í árásum ETA síðan í maí 2003. Ríkisstjórn Spánar lýsti yfir óánægju sinni með að vopnahléinu væri lokið og gaf í skyn að lítið yrði úr samningaviðræðum við ETA. - sgj

Tveir slasaðir eftir bílveltu:

# Fór tíu veltur á 100 metrum

**BÍLSLYS Bíll valt við Gröf í Víðidal í Húnavatnssýslu um ellefuleytið í gær. Tveir menn voru í bílnum, báðir útlendingar. Þeir voru fluttir á sjúkrahús í Reykjavík og er líðan þeirra eftir atvikum.**

**Ísing á veginum varð þess valdandi að bíllinn fór út af og valt um tíu veltur á hundrað metrum. Hann er gjörónýtur eftir bylturnar. „Mennirnir eru heppnir að sleppa svona vel úr þessu," segir Hermann Ívarsson, varðstjóri lögreglunnar á Blönduósi.**

- sþs

Ferja sökk við strendur Jövu:

# Fjölda saknað eftir skipsskaða

**INDÓNESÍA, AP** Um 500 manns er enn saknað eftir að indónesísk ferja sökk við strendur eyjunnar Jövu á föstudag. Unnt var að bjarga 59 manns en mikið óveður hefur geisað og hamlað leit björgunarmanna.

Stjórnvöld í Indónesíu halda enn í vonina en sést hefur til fleiri björgunarbáta þar sem ferjan sökk. Um borð í henni voru skráðir 545 farþegar og 57 í áhöfn á leið hennar milli eyjanna Borneó og Jövu.

Upphaflega var óttast að um 800 manns væru um borð, en ferjan mátti taka 850 farþega. - rh



**ÁRAMÓT** Fólki með öndunarfærasjúkdóma er ráðlagt að halda sig innandyra um áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT REYNISSON

Loftmengun um áramót:

# Mengun vegna veðurblíðu

**UMHVERFISMÁL Talið er að umtalsverð loftmengun verði á höfuðborgarsvæðinu í kvöld, gamlárskvöld, þar sem spáð er stillum og góðu veðri. Fólki með öndunarfærasjúkdóma er ráðlagt að halda sig innandyra. Loftmengunarkvóta um heilsuspillandi magn svifryks í lofti er nú þegar náð fyrir árið 2006. „Það má búast við meiri mengun en ella sökum flugelda þegar veður er kyrrt. Þá tekur lengri tíma fyrir svifryk og eitraðar lofttegundir að hverfa. En þessi mengun varir í það stuttan tíma að sennilega hefur það ekki áhrif á meðaltalsmælingar. Enda myndi það teljast með kvóta næsta árs ef svo væri," segir Lúðvík Gústafsson, deildarstjóri mengunarvarna umhverfisdeildar Reykjavíkurborgar.** - rh

Útgáfa Fréttablaðsins:

# Kemur næst út á þriðjudag

Fréttablaðið kemur næst út þriðjudaginn 2. janúar.

Móttaka Fréttablaðsins er lokuð í dag og nýársdag en verður opnuð aftur á þriðjudag. Smáauglýsingadeildin er lokuð á sama tíma. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bílvelta við Fosshól

Bíll valt við Fosshól í Suður-Þingeyjarsýslu um ellefuleytið í gærmorgun. Tveir voru í bílnum og telur lögregla þá hafa sloppið tiltölulega heila úr byltunni.

# Undirbúningur nýs sæstrengs hafinn

**Undirbúningur að lagningu nýs sæstrengs hefst á næstu dögum. Stofnkostnaður verður á bilinu þrír til fjórir milljarðar. Hægt verður að taka strenginn í notkun seint árið 2008. Samgönguráðherra segir brýnt að koma málinu af stað.**

**FJARSKIPTI** Undirbúningur að lagningu nýs sæstrengs milli Íslands og Evrópu hefst á næstu dögum.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra þess efnis og mun hann ræða við fulltrúa fjarskiptafyrirtækjanna og aðra hagsmunaaðila fyrstu dagana í janúar.

Talið er að stofnkostnaður verði á bilinu þrír til fjórir milljarðar króna og að hægt verði að taka strenginn í notkun seint á árinu 2008.



STURLA BÖÐVARSSON

Hröð þróun hefur verið í fjarskiptamálum undanfarin ár og þörfin fyrir áreiðanlegt samband, bæði talsíma og gagnaflutninga, hefur aukist. Margs konar viðskipti og öryggishagsmunir krefjast daglegs og öruggs aðgangs að netinu.

Í fréttatilkynningu frá samgönguráðuneytinu segir að með öruggu netsambandi gætu Íslendingar boðið enn frekari þjónustu á sviði alþjóðlegra viðskipta. Hugmyndir um fjármálamiðstöð á Íslandi nái varla fram að ganga án öruggra fjarskipta.

Ísland er tengt umheiminum með ljósleiðarastrengjunum Cantat-3, sem var tekinn í notkun árið 1994, og Farice-1, sem var tekinn í notkun í janúar 2004. Gervihnöttur sér einnig fyrir varasambandi.

Sturla segir að til greina komi annars vegar að stofna nýtt félag um lagningu nýja strengsins eða að semja við Farice um verkefnið. Hann segir að engan tíma megi missa og brýnt sé að koma málinu af stað hið fyrsta.

Stofnkostnaður við lagningu nýs sæstrengs er talinn vera á bilinu 2,8 til 3,9 milljarðar króna, eftir því hvaða leið verður valin. Meðal hugmynda um útfærslu er að ræða við Færeyinga sem hafa þegar ákveðið að leggja annan streng.

Verði ákvörðun tekin um lagninu strengs á næstu vikum má gera ráð fyrir að undirbúningur og rannsóknir taki mestan hluta næsta árs og að lagning strengsins færi fram árið 2008. Þá væri hægt að taka hann í notkun seint á árinu 2008.

salvar@frettabladid.is



**LEGA SÆSTRENGJA** Ísland er tengt umheiminum með ljósleiðarastrengjunum Cantat-3, sem var tekinn í notkun árið 1994, og Farice-1, sem tekinn var í notkun í janúar 2004. Búast má við að nýi sæstrengurinn verði nothæfur í lok árs 2008.



**ÁRAMÓTABRENNUR** Eru órjúfanleg hefð hjá mörgum á gamlárskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Áramótabrennur víða um land

**ÁRAMÓT** Að venju verða áramótabrennur víða um land. Alls verða 11 brennur í Reykjavík. Stóru brennurnar eru fjórar. Þær eru við Ægisíðu, Gufunes, Geirsnef og við Rauðavatn og verður kveikt í þeim klukkan 20.30.

Brennurnar eru í tveimur stærðarflokkum, þar sem Eldvarnareftirlitið hefur tekið mið af aðstæðum og umhverfi við brennustaðinn og ákvarðað stærðina. Sjö brennur eru alfarið á ábyrgð framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, svokallaðar „borgarbrennur", en starfsmenn framkvæmdasviðs veita jafnframt þjónustu við aðrar brennur. Brennum hefur fækkað um eina síðan í fyrra, en þá var einnig lítil brenna í Ártúnsholti.

Starfsmenn hverfastöðva framkvæmdasviðs verða við móttöku og uppröðun í bálköstum til klukkan 12 á gamlársdag. ■

### BRENNUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

**STÓRAR BRENNUR:**
Kl. 20.30
Við Ægisíðu, borgarbrenna.
Geirsnef, borgarbrenna.
Í Gufunesi við gömlu öskuhaugana, borgarbrenna.
Fylkisbrenna við Rauðavatn.

**LITLAR BRENNUR:**
Kl. 20.30
Við Suðurhlíðar neðan við Fossvogskirkjugarð, borgarbrenna.
Við Suðurfell, borgarbrenna.
Leirubakki við Breiðholtsbraut, borgarbrenna.
Kléberg á Kjalarnesi, borgarbrenna.
Í Skerjafirði gegnt Skildinganesi 44 – 46.
Vestan Laugarásvegar á móts við Valbjarnarvöll.
Kl. 15.
Við Úlfarsfell.

**BRENNUR Í NÁGRENNI REYKJAVÍKUR:** Kl. 20.30:
Valhúsahæð við Seltjarnarnes.
Við Tröð á Álftanesi .
Við Vallatorg í Hafnafirði.
Við Arnarnesvog, Garðabæ.
Í Kópavogsdal.
Við Varmá, Mosfellsbæ.

Sjá nánari upplýsingar og kort yfir brennur í Reykjavík á vef Reykjavíkurborgar. www.rvk.is

Hætta getur skapast þegar hestar á útigangi fælast vegna flugeldasprenginga:

# Hross óhress með flugelda

**ÁRAMÓT** Flugeldasprengingar fara oft verr í dýr en menn, og getur jafnvel hætta skapast af. Hross eiga til að fælast þegar þau verða hrædd og vaða yfir skurði og girðingar.

„Þetta er ekki svo mikið vandamál hér í þéttbýlinu þar sem allir hestarnir eru inni, en í dreifbýlinu er þetta mun hættulegra," segir Bjarni Finnsson, formaður Hestamannafélagsins Fáks.

„Þetta eru hjarðdýr þannig að heilu flokkarnir taka á rás þegar einhverjir verða hræddir. Að nokkru leyti venjast hrossin þessum hamagangi en maður er alltaf svolítið smeykur þegar áramótin nálgast."

Bjarni segir í raun lítið hægt að gera til að fyrirbyggja að hrossin fælist við flugeldasprengingar. „Það er best að setja hestana inn eftir því sem er hægt, og svo þarf líka að passa að girðingarnar séu í lagi. Þú kemur ekki í veg fyrir sprengingarnar."



**Á GANGI** Vandamálið er meira í dreifbýli þar sem hestar ganga lausir úti. Fælist þeir geta þeir tekið á rás og farið yfir skurði og girðingar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Önnur ráð eru til dæmis að hafa kveikt ljós í hesthúsinu og útvarpið í gangi til þess að minnka áhrif sprenginganna. Sumir líma einnig svarta plastpoka fyrir glugga til að fela ljósaganginn. - sþs



## Gleðilegt ár

Við færum landsmönnum öllum hugheilar óskir um farsælt komandi ár um leið og við þökkum viðskiptavinum ánægjuleg samskipti og traustið sem við höfum notið af þeirra hálfu á árinu sem er að líða. Lifið heil á nýju ári.

**Starfsfólk Toyota**

## GENGIÐ 29.12.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,66 | 72,00 |
| Sterlingspund | 140,64 | 141,32 |
| Evra | 94,35 | 94,87 |
| Dönsk króna | 12,65 | 12,724 |
| Norsk króna | 11,419 | 11,487 |
| Sænsk króna | 10,415 | 10,477 |
| Japanskt jen | 0,6025 | 0,6061 |
| SDR | 107,72 | 108,36 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

129,1819

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Árið 2006 meðal þeirra bestu frá upphafi mælinga:

# Hlýrra veður en í meðalári

**VEÐUR** Hlýtt var um land allt árið 2006. Árið er meðal hlýjustu ára hér á landi frá upphafi mælinga. Þetta kemur fram í yfirliti frá Veðurstofu Íslands um veðurfar á árinu sem er að líða.

Sunnanlands var árið sólríkara en að meðaltali, en í slöku meðallagi fyrir norðan. Hæsti hiti sem mældist á landinu var í Ásbyrgi hinn 3. ágúst og mældist hitinn þar 25,7°C. Lægsti hitinn mældist á Brúarjökli 18. nóvember, 26,1°C.

Úrkoma var í ríflegu meðallagi, en árið sker sig ekki úr hvað hana varðar. Mesta úrkoman á einum sólarhring mældist í Kvískerjum í Öræfum 20. desember, 175,3 mm. Síðastliðinn vetur var mjög hlýr, í Reykjavík og á Akureyri sá fjórði hlýjasti frá upphafi mælinga. Sömuleiðis var snjólétt, sérstaklega um landið norðaustan- og austanvert. Veturinn var sá sjötti í samfelldri röð snjólítilla vetra í Reykjavík.

Vorið var ívið kaldara en í meðallagi, afar sólríkt var í Reykjavík og hafa aðeins einu sinni mælst fleiri sólskinsstundir að vori og það var árið 1924. Sumarið byrjaði hægt, sérstaklega á suðvesturhorninu og voru sólskinsstundir sumarsins í tæpu meðallagi. Desember var kaldur í byrjun, en síðustu vikur fyrir jól hafa verið hlýjar og illviðrasamar þar sem skriður féllu, ár flæddu yfir bakka sína og ollu tjóni á Norðurlandi og í Hvítá og Ölfusá í Árnessýslu. - rh



**SUMARBLÍÐA** Hiti var fyrir ofan meðallag árið 2006 á suðurlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslandspóstur gerir ráðstafanir:

# Póstkössum læst yfir áramót

**PÓSTUR Íslandspóstur mun læsa póstkössum sínum sem eru utanhúss á höfuðborgarsvæðinu um áramótin líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Gripið er til þessara ráðstafana vegna ítrekaðra skemmda á póstkössum í kringum áramót.**

**Hægt verður að koma einu bréfi í einu ofan í kassana en ekki opna þá þannig að hægt sé að koma stærri bréfum í þá. Viðskiptavinum sem þurfa að koma þannig bréfum til skila er bent á að nýta sér póstafgreiðslur og póstkassa sem eru innandyra. Kassarnir verða væntanlega opnaðir aftur um miðjan janúar.** - þsj



**BLAÐAGÁMUR** Blaðagámar hafa verið tæmdir til að koma í veg fyrir íkveikju.

Komið í veg fyrir íkveikjur:

# Sorpa tæmir blaðagáma

**ÁRAMÓT** Allir blaðagámar höfuðborgarsvæðisins hafa verið tæmdir fyrir áramótin til að koma í veg fyrir íkveikju á gamlárskvöld. Eigendur gámanna, Sorpa ehf., hafa staðið í ströngu við að fjarlægja allan eldsmat en einnig verða 20 blaðagámar sem oftast hafa orðið fyrir íkveikju fjarlægðir fyrir kvöldið.

Samkvæmt Kristjáni Henryssyni, aðstoðarstöðvarstjóra hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, þurfti að sinna um 30 útköllum vegna íkveikju í blaðagámum um síðustu áramót og þess vegna var ákveðið að reyna að koma í veg fyrir að óprúttnir brennuvargar léku sama leik í ár. Þess má einnig geta að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur sinnt fjórum útköllum vegna íkveikju í blaðagámum um helgina. - rh

## LEIÐRÉTTING

Lögreglan er ekki að rannsaka hvort Jón A. Einarsson, starfandi forstöðumaður Byrgisins, hafi framið kynferðisbrot eins og mátti skilja á grein í Fréttablaðinu í gær. Lögreglan rannsakar hins vegar meint kynferðisbrot og fjármálamisferli Guðmundar Jónssonar. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

# Háhraðanet smærri byggða í spennitreyju

**Uppbyggingu háhraðanetkerfis um landið hefur lítið miðað að undanförnu þar sem sveitarfélög og fjarskiptafyrirtæki bíða aðgerða Fjarskiptasjóðs. Formaður sjóðsins segir verið að kortleggja markaðinn og að útboða sé að vænta.**

**FJARSKIPTI** Fjöldi byggða og búa um allt land er enn utan háhraðanetsambands þrátt fyrir að í fjarskiptaáætlun til ársins 2010 segi að „allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggrar fjarskiptaþjónustu“. Ekki er tiltekið hvenær allir sem þess óski eigi að geta tengst háhraðaneti en greinilegt að vilji yfirvalda stendur til að það verði fyrir árslok 2010.

Með stofnun Fjarskiptasjóðs í byrjun árs stóðu vonir til að skriður kæmist á málið. Ríkisstjórnin ákvað að veita 2,5 milljörðum króna af söluandvirði Símans til sjóðsins og af þeim peningum á að verja um það bil 1.400 milljónum til háhraðatenginga í þeim svæðum sem fyrirtæki á markaði sjá sér ekki hag í að þjónusta.

Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar, er meðal sveitarstjórnarmanna sem gagnrýna að lítil hreyfing sé á málinu. „Málið er bara í frysti og það hreyfir sig enginn. Allir eru að bíða eftir Símapeningunum,“ segir Svanfríður og telur ástandið bagalegt. Háhraðatenging er lífsnauðsynleg hverju byggðalagi sem væntir framþróunar.



**SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR**

Friðrik Már Baldursson, formaður Fjarskiptasjóðs, segist skilja afstöðu Svanfríðar og annarra sömu skoðunar enda sé málið í hálfgerðri pattstöðu. Hann sjái þó fram á að efnt verði til útboðs á næstu mánuðum. „Það þarf og af hverjum. Ef markaðurinn leysir málið á tilteknu svæði er okkur ekki heimilt að fara inn á það þar sem við þurfum að fylgja ströngum reglum um ríkisstyrki.“ Starfsmenn sjóðsins hafa farið um landið og rætt við fjölmarga sveitarstjórnarmenn og viðræður við enn fleiri standa fyrir dyrum. „Við stefnum á að efna til útboðs á næstu mánuðum,“ segir Friðrik en ítrekar að lúta þurfi afar ströngum reglum og því hafi verkið tekið þetta langan tíma.



**HJÁLMAR ÁRNASON**

Hjálmar Árnason alþingismaður situr einnig í stjórn Fjarskiptasjóðs og hefur, líkt og Friðrik Már, ríkan skilning á óþolinmæði fólks vítt og breitt um landið. „Spennitreyjan kemur til af því að fjarskiptafyrirtækin hafa ekki áhuga nema markaður sé til staðar og við erum að reyna að brúa það bil.“ Hann segir menn leggja sig fram við að láta þetta ganga eins hratt og hægt er. „Þetta mun koma og það verður fyrr en síðar og þetta mun valda byltingu í fjarskiptum á Íslandi,“ segir Hjálmar.



**FRIÐRIK MÁR BALDURSSON**

bjorn@frettabladid.is



**HÁHRAÐATENGING** Verja á 1.400 milljónum króna til að koma upp öruggu og öflugu tölvusambandi á svæðum sem fjarskiptafyrirtæki sjá sér ekki hag í að þjónusta án ríkisstuðnings. Gagnrýnt er að verkið gangi seint.



**HU JINTAO** Fékk nýárskveðju frá leiðtoga Kúbu.

Fídel Kastró:

# Býður Hu Jintao gleðilegt nýtt ár

**KÚBA, AP** Dagblað Kommúnistaflokks Kúbu sagði frá því í gær að Fídel Kastró, leiðtogi Kúbu, hefði hringt í sendiherra Kína í Havana til að biðja hann fyrir áramótakveðju til Hu Jintao, forseta Kína.

Fréttin virðist til þess fallin að styrkja íbúa eyjunnar í þeirri trú að Kastró sé enn á batavegi, fimm mánuðum eftir alvarlega skurðaðgerð.

Kastró hefur ekki sést opinberlega síðan 31. júlí, þegar hann tilkynnti að hann hygðist taka sér tímabundið frí vegna skurðaðgerðar. Varnarmálaráðherrann, Raúl Castro, stjórnar landinu í fjarveru bróður síns. -sgj

Framkvæmdastjóri Palermo:

# Fékk kiðlingshaus í jólagjöf

**ÍTALÍA, AP** Framkvæmdastjóri ítalska knattspyrnuliðsins Palermo, Rino Foschi, fékk óvænta jólagjöf í ár, en í pakkanum reyndist vera afskorið höfuð af ungri geit, alþakið blóði.

Foschi fékk pakkann í pósti 22. desember og setti hann undir jólatréð. Konan hans opnaði pakkann og varð henni bilt við þegar hún sá innihaldið.

„Þetta voru erfið jól, sérstaklega fyrir fjölskyldu mína,“ sagði Foschi. „Konan mín fékk áfall þegar hún opnaði pakkann, en ég held að þetta hafi átt að vera brandari. Kannski var einhverjum illa við leikmannakaup liðsins.“ - sgj


# Engar tapaðar kvittanir



## Kvittun í tölvupósti

*Nú er hægt að tengja Dælulykilinn við netfang þannig að um klukkustund eftir dælingu kemur sjálfkrafa pdf- kvittun með tölvupósti.*

***Skráning í síma: 591-3100***

RSK SAMÞYKKT

ATLANTSOLIA

**Atlantsolía - Vesturvör 29 - Sími 591 3100**
**atlantsolia@atlantsolia.is**

PIPAR • SÍA • 60706


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÁRAMÓTA-VEÐRIÐ**

Um miðnætti eru horfurnar svona:
Norðurland: Hæg norðlæg eða breytileg átt og víða él. Vægt frost.
Vestfirðir: Hæg norðlæg eða breytileg átt og él. Hiti um eða undir frostmarki.
Austurland: Fremur hæg austlæg átt. Stöku él um áramótin. Frost 2-5 stig.
Suðurland: Hæg suðlæg átt. Úrkomulítið. Hiti ekki fjarri frostmarki.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI UM MIÐNÆTTI**

Hæg breytileg átt og úrkomulítið eða alveg úrkomulaust. Hiti mjög nálægt frostmarki.

*um hádegi »*



*» á morgun*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C alskýjað | London | 12°C rigning | Alicante | 19°C léttskýjað |
| Þórshöfn | 8°C rigning | París | 10°C skúrir | Mallorca | 17°C hálfskýjað |
| Osló | 3°C skúrir | Frankfurt | 5°C hálfskýjað | Algarve | 18°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 5°C alskýjað | Friedrichshafen | 9°C hálfskýjað | Krít | 16°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 8°C skúrir | Berlín | 6°C hálfskýjað | Las Palmas | 22°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




Á árinu, sem nú er að líða, settum við aukinn kraft í starfsemi okkar og mótuðum farsæla stefnu í rekstri og þjónustu. Fyrirtæki, sem tengjast flugstarfsemi og ferðaþjónustu, voru sameinuð undir merki Icelandair Group og sett á almennan hlutabréfamarkað í desember. Einnig varð Icelandair fyrir valinu sem „Markaðsfyrirtæki ársins 2006".

Við erum sannfærð um að breytingar á skipulagi og í starfsemi félagsins eiga eftir að bera góðan ávöxt á árinu 2007. Með vorinu bætast nýir áfangastaðir inn í leiðakerfi Icelandair, Bergen, Gautaborg og Halifax, og ferðum verður fjölgað til nokkurra áfangastaða. Jafnframt ætlum við að halda upp á að árið 2007 verður félagið 70 ára gamalt.

Við óskum landsmönnum öllum farsæls komandi árs og þökkum þeim ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

WWW.ICELANDAIR.IS

## KJÖRKASSINN



*Veist þú hvar Stykkishólmur er?*

| | |
|---|---|
| Já | 93% |
| Nei | 7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Horfir þú á áramótaskaupið?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Saddam Hussein var tekinn af lífi í gærmorgun fyrir þátt sinn í fjöldamorðum:

# Saddam hengdur fyrir sólarupprásrás

**ÍRAK, AP** Saddam Hussein, fyrrverandi forseti Íraks, var tekinn af lífi fyrir sólarupprás í gærmorgun, 69 ára að aldri.

Fyrir tæpum tveimur mánuðum var Saddam fundinn sekur af íröskum dómstólum fyrir þátt sinn í dauða 148 sjía-múslíma frá Dujail. Hæstiréttur hafnaði áfrýjun hans og skipaði að hann yrði tekinn af lífi innan þrjátíu daga. Réttarhöld yfir honum vegna þjóðarmorðs á Kúrdum munu líklega halda áfram þrátt fyrir aftökuna.

Saddam var svartklæddur og hélt á Kóraninum þegar hann gekk sín seinustu skref í fylgd með írösku böðlunum. Hann hafnaði boði þeirra um að fá hettu yfir höfuðið.

„Allah er mikill, þjóðin mun sigra og Palestína er arabaríki," hrópaði Saddam þegar snaran var sett um háls hans. Einræðisherrann virtist rólegur á sinni hinstu stundu við gálgann.

Talið er að Saddam verði jarðsettur nálægt heimabæ sínum, Tikrit, á næstunni. „Hann óskaði einskis," sagði al-Askari. „Hann vildi að Kóraninn sem hann hélt á yrði afhentur manni að nafni Bander."

- sgj



**HIN HINSTA STUND** Myndband frá íraskri sjónvarpsstöð sýnir aðdraganda aftöku einræðisherrans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þjóðarsorg vegna Saddams:

## Fánar í hálfa stöng í Líbýu

**LÍBÝA, AP** Múammar Gaddafi, leiðtogi Líbýu, lýsti í gær yfir þriggja daga þjóðarsorg vegna aftöku Saddams Hussein og afboðaði öll hátíðarhöld vegna helgihátíðar múslíma Eid al-Adha. Fánar landsins voru einnig dregnir í hálfa stöng.



**MÚAMMAR GADDAFI** Syrgir lát Saddams Hussein.

Í fyrradag hafði Gaddafi lýst því yfir að réttarhöldin yfir Saddam hefðu verið ólögleg og að hann hefði átt að svara til saka fyrir alþjóðlegum dómstól.

Abdul-Kader Bajammal, forsætisráðherra Yemen, tók í sama streng og biðlaði til Bandaríkjaforseta að þyrma lífi Saddams.

- sgj

Palestínumenn syrgja:

## Harmi slegnir yfir aftökunni

**PALESTÍNA, AP „Palestína er arabaríki," voru seinustu orð Saddams Hussein áður en hann var tekinn af lífi í gærmorgun. Fjöldi Palestínumanna er harmi sleginn yfir andláti fyrrverandi Íraksforseta, en hann var einn þeirra helsti bandamaður í frelsisbaráttunni.**

**„Við heyrðum af píslarvættisdauða hans og ég sver til guðs að ég var djúpt hrærður," sagði Khadejeh Ahmad í Qadora-flóttamannabúðunum á Vesturbakkanum.**

**Saddam studdi við Palestínumenn á margvíslegan hátt, til dæmis með fjárútlátum til fjölskyldna fallinna hermanna og sjálfsmorðsárásarmanna.** - sgj

# Saddam Hussein ríkti í aldarfjórðung

**Fyrrverandi einræðisherra Íraks hefur verið tekinn af lífi, þremur árum eftir að bandarískir hermenn fundu hann í felum í neðanjarðarskýli skammt frá Tikrit.**

**ÍRAK** Saddam Hussein, fyrrverandi forseti Íraks, var við völd frá 16. júlí árið 1979 til 9. apríl 2003. Hann var meðal illræmdustu einræðisherra sögunnar og á sér fáa málsvara á Vesturlöndum.

Frá upphafi leit Saddam á sjálfan sig sem byltingarleiðtoga sem vildi gera viðamiklar félagslegar umbætur í Írak. Veraldleg arabísk þjóðernisstefna var jafnan meginlína Baath-flokksins, sem Saddam gekk til liðs við strax tvítugur að aldri. Eftir að hann komst til valda árið 1979 kom hann fljótlega upp lýðræðisstofnunum í vestrænum anda og beitti sér af fullum krafti bæði til að halda íhaldsáhrifum íslams í skefjum og til að halda saman hinum ólíku þjóðernishópum landsins – sjíum, súnníum og Kúrdum.



**SADDAM HUSSEIN** Réttarhöldin yfir Saddam Hussein hafa verið umdeild og mannréttindasamtök segja þau ekki standast vestrænar kröfur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjálfur var Saddam súnní-múslími, fæddur í Tikrit árið 1937, og á valdatíð hans hafa súnní-múslímar í raun verið allsráðandi í landinu þótt þeir séu í minnihluta. Hann kom félögum sínum og ættingjum í helstu valdastöður og stjórnaði þeim með harðri hendi. Hann náði fljótt sterkum tökum á öllum valdastofnunum landsins, stofnaði sína eigin öryggislögreglu og sýndi óvinum sínum vægðarlausa grimmd. Hikaði jafnvel ekki við að láta myrða eigin ættingja ef þeir féllu í ónáðinni.

Hann kvæntist þrisvar sinnum, eignaðist sex börn og tveir sona hans, Uday og Qusay, þóttu engir eftirbátar hans í grimmdinni. Þeir féllu fyrir byssukúlum bandarískra hermanna árið 2003.

Víða í heimi araba og múslíma naut Saddam Hussein óblandinnar aðdáunar fyrir að standa uppi í hárinu á bæði Ísrael og Bandaríkjunum. Frá upphafi stefndi hann að því að gera Írak að forystulandi í Mið-Austurlöndum en náði þó aldrei því markmiði.

Þrjú meiriháttar stríð og harðar refsiaðgerðir Sameinuðu þjóðanna hafa gengið nærri írösku þjóðinni á valdatíð Saddams. Fyrst áttu Írakar í stríði við nágrannaríkið Íran árin 1980 til 1988. Árið 1990 hófst síðan Persaflóastríðið við Bandaríkjamenn, sem réðust inn í Írak eftir að Írakar höfðu ráðist inn í Kúveit. Í framhaldi af því stríði voru lagðar þungar efnahagslegar refsiaðgerðir á Íraka sem lömuðu allt þjóðlíf, þar á meðal alla heilbrigðisþjónustu og verslun.

Á síðustu árum, meðan áhrifa refsiaðgerðanna gætti hvað mest, tók Saddam Hussein hins vegar upp á því að skrifa skáldsögur, hefur samið fjórar slíkar og kom sú fyrsta út árið 2000 en þá síðustu er hann sagður hafa lokið við í mars árið 2003, fáeinum dögum áður en bandarískir hermenn réðust inn í landið. Hún kom svo út í Japan fyrir skömmu.

Það var síðan í mars árið 2003 sem Bandaríkjamenn og Bretar réðust inn í Írak undir því yfirskini að þar væri að finna gereyðingarvopn sem heiminum stafaði hætta af. Ekkert reyndist hæft í því en sú styrjöld hefur kostað hundruð þúsunda Íraka lífið og með henni lauk jafnframt valdaferli einræðisherrans illræmda, sem nú hefur verið tekinn af lífi.

gudsteinn@frettabladid.is

**VIÐBRÖGÐ UMHEIMSINS VIÐ AFTÖKU SADDAMS HUSSEIN**

„Aftaka er alltaf sorgartíðindi, jafnvel þótt manneskjan sé sek um alvarlega glæpi."
***- Talsmaður páfa.***

„Að koma Saddam í hendur réttvísinnar mun ekki stöðva ofbeldið í Írak, en er mikilvæg varða á leið Íraks til að verða lýðræði sem getur stjórnað, haldið sér við og varið sig og verið bandamaður okkar í stríðinu gegn hryðjuverkum."
***- George Bush Bandaríkjaforseti.***

„Saddam greiðir hér verðið fyrir morðin á tugþúsundum Íraka. Ég finn fyrir áður óþekktri gleðitilfinningu, sem líkist engu öðru, hvorki hátíð, brúðkaupi eða fæðingu."
***- Abu Sinan, íbúi í Bagdad.***

„Mælikvarðinn á staðfestu ríkisstjórnar í mannréttindamálum er hvernig hún fer með sína verstu glæpamenn. Sagan mun dæma þessar aðgerðir harðlega."
***- Richard Dicker hjá Mannréttindavaktinni.***

„Við erum andvíg dauðarefsingum. Hins vegar er mikilvægt að réttarhöld Saddams voru í umsjón Íraka sjálfra."
***- Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands.***

„Ég lít á dauðarefsingu sem villimennsku. Þetta er ekki góður dagur fyrir lýðræðið."
***- Louis Michel, yfirmaður þróunarmála hjá Evrópusambandinu.***

„Miðað við glæpinn sem Saddam var sakaður um, er ósanngjarnt ef George Bush er ekki leiddur fyrir alþjóðlegan dómstól. Saddam var tekinn af lífi fyrir morð á 148 manns, en Bush ber ábyrgð á dauða 600 þúsund Íraka síðan innrásin hófst í mars 2003."
***- Fauzan Al Anshori, meðlimur í indónesískum vígahópi.***






Blóðugum mánuði lýkur með dauða 46 Íraka í sprengingum víða um land:

## Sprengjumaður myrtur af múg

**ÍRAK, AP** Að minnsta kosti 46 Írakar létust í sprengingum í Írak í gær. Einni sprengju hafði verið komið fyrir í sendiferðabíl á fiskmarkaði í hverfi sjía-múslíma í bænum Kufa, suður af Bagdad.

Maðurinn sem sakaður var um að hafa lagt bifreiðinni var króaður af og drepinn af trylltum múg þegar hann gekk burt frá sprengingunni.

Önnur sprenging olli dauða 15 óbreyttra borgara og særði 25 í öðru hverfi í Bagdad.



**HARMUR Í KUFA** Írösk kona er harmi slegin yfir dauðsföllunum í sprengiárásinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki er víst að árásirnar hafi verið bein afleiðing aftöku Saddams Hussein, en ein helsta hátíð sjía-múslíma, Eid al-Adha, er gengin í garð og fjöldi manns var á ferli að kaupa inn fyrir fjögurra daga hátíðahöld.

Búist var við miklum átökum í kjölfar aftökunnar, en ofbeldi hefur ekki færst í aukana síðan Saddam var tekinn af lífi, en nokkuð var um friðsamleg mótmæli.

Bandaríkjaher tilkynnti í gær um dauða fimm hermanna, en dauðsföll bandarískra hermanna í Írak í mánuðinum eru orðin 108 talsins. Fleiri bandarískir hermenn hafa nú látist í desember en í nokkrum öðrum mánuði ársins.

Alls hafa að minnsta kosti 2.997 bandarískir hermenn látist frá upphafi stríðs í mars árið 2003.

Að meðaltali hafa 76 Írakar látist á dag í átökum í desembermánuði, samkvæmt talningu AP fréttastofunnar.

- sgj


MasterCard
Starfsfólk Kreditkorts hf. óskar landsmönnum öllum gleðilegs nýs árs. Við vonum að samskiptin á nýju ári verði jafn ánægjuleg og á því sem er að líða.
Afgreiðsla okkar að Ármúla 28, 108 Reykjavík verður lokuð þriðjudaginn 2. janúar 2007. Símavakt verður eins og á kvöldin og um helgar.

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað heitir nýr dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur?*

2 *Hver leiðir lista vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi?*

3 *Hver mun gera kvikmynd um ævi tónlistarmannsins James Brown?*

SVÖR Á BLS. 78

Skemmtibátur í eigu Jónasar Garðarssonar hefur verið úrskurðaður í löggeymslu:

# Fallist á kröfu aðstandenda

**DÓMSMÁL** Sýslumaðurinn í Reykjavík hefur fallist á kröfu aðstandenda Matthildar V. Harðardóttur og Friðriks Á. Hermannssonar, sem létust er skemmtibáturinn Harpa steytti á Skarfaskeri í september í fyrra, um að eignir Jónasar Garðarssonar verði teknar í löggeymslu á grundvelli niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur frá 6. júní 2006.

Sýslumaðurinn féllst á ábendingu lögmanns aðstandenda um að skemmtibátur Jónasar, sá hinn sami og steytti á Skarfaskeri, yrði í löggeymslu þar til dómur Hæstaréttar liggur fyrir í málinu.

Jónas var dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir manndráp af gáleysi og fyrir að hafa stýrt bátnum er slysið varð undir áhrifum áfengis.



**JÓNAS VIÐ SKEMMTIBÁT** Jónas sést hér við sambærilegan bát og þann sem nú er í löggeymslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dómur Jónasar er þyngsti dómur sem fallið hefur hér á landi fyrir brot af þessu tagi.

Óljóst er enn hvenær málið verður tekið fyrir í Hæstarétti en Jónas áfrýjaði niðurstöðu héraðsdóms. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Hæstaréttar er líklegast að málið verði tekið fyrir í mars eða apríl en málið er ekki komið á dagskrá Hæstaréttar.

Jónas neitaði því fyrir dómi að hafa stýrt bátnum er hann steytti á skerinu en fjölskipaður dómur komst að þeirri niðurstöðu að Jónas hefði verið við stýrið." - mh

Dæmdur í mánaðar fangelsi:

# Með mjög gróft barnaklám

**DÓMSMÁL** Tæplega fimmtugur maður var á fimmtudag dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að hafa haft í vörslu sinni tvær hreyfimyndir sem sýndu börn á klámfenginn hátt.

Myndskeiðin fundust á tölvu ákærða sem lögreglan lagði hald á í Hafnarfirði síðastliðið sumar. Í dómnum segir að um mjög gróft klám sé að ræða. Maðurinn játaði brot sitt skýlaust og sagði dómnum að hann vildi leita úrræða til að vinna bug á óeðlilegum kenndum sínum. Hann hefur áður orðið uppvís að því að hafa verið með magn barnakláms á tölvu sinni. - þsj

Skilaði hraunmolum:

# Kona óttaðist reiði guðanna

**FÓLK Á Þorláksmessu barst Ferðamálastofu pakki frá konu í Kanada sem í voru tveir litlir hraunmolar. Konan hafði tekið hraunmolana með sér til Kanada frá Íslandi eftir að hafa ferðast um landið í sumar.**

**Í bréfi sem fylgdi pakkanum sagði konan ógæfuna hafa elt sig eftir að hún kom heim úr ferð sinni um Ísland. Konan tengdi ólán sitt við hraunmolana, því á Havaíeyjum væru ferðamenn varaðir við að taka hraun úr náttúrunni þar sem það ylli reiði guðanna að hrófla við henni. Hún sagði að hugsanlega ætti þetta einnig við um hraunmola úr náttúru Íslands og þess vegna vildi hún láta skila hraunmolunum aftur til síns heima í náttúrunni.** - ifv

**NORÐURLÖND**

### Faðir dæmdur

Norskur stjúpfaðir ættleiddrar stúlku var á fimmtudag dæmdur í héraðsdómi Óslóar í Noregi í átta ára fangelsi fyrir ítrekaða misnotkun á henni. Fyrir rétti kom fram að um þúsundir nauðgana væri að ræða á átta ára tímabili, eða frá því hún var tólf ára gömul, og að hann hefði hótað að senda hana aftur til heimalands síns, segði hún frá athæfi hans. Faðirinn neitaði sök.

### Heilari fær fimm ár

Sextugur andlegur heilari var á fimmtudag dæmdur í héraðsdóminum í Värmland í Svíþjóð í fimm ára fangelsi fyrir að nauðga fjórtán ára „sjúklingi" sínum, sem og fyrir að hafa kynferðislega misnotað sex aðrar konur. Maðurinn sagðist vera í sambandi við framliðinn kínverskan lækni að nafni Lu, sem hafi í raun tekið yfir líkama sinn meðan á „lækningunum" stóð.

# Aukin samvinna við íbúa

**Markmið nýs embættis lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins er að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, dvelja og starfa á svæðinu. Stefán Eiríksson lögreglustjóri boðar margvíslegar nýjungar í starfi lögreglunnar. Þrjú lögregluembætti sameinast í eitt frá og með morgundeginum.**

**LÖGREGLUMÁL** Aukin samskipti og samvinna lögreglu og almennings svo og stóraukið forvarnar- og rannsóknarstarf í öllum þáttum löggæslunnar er grunnurinn sem nýtt embætti lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins byggir á. Hin nýja skipan löggæslu á höfuðborgarsvæðinu, undir stjórn Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra, tekur gildi 1. janúar 2007.

Frá og með morgundeginum verða þrjú lögregluembætti, Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður, sameinuð í eitt. Átta sveitarfélög, nær 200 þúsund íbúar verða undir embætti lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Lögreglumenn verða 340-350, en heildarfjöldi starfsmanna um 450 manns.

„Unnið hefur verið að undirbúningi þessarar breytingar í síðari helmingi þessa árs, enda að fjölmörgu að hyggja," segir Stefán. „Þar má nefna flutning allra starfsmanna frá embættunum þrem yfir til hins nýja. Þá var farið yfir húsnæðismálin og ýmis tæknileg atriði, til að mynda varðandi tölvukerfi, símamál og heimasíður. Skipulagning nýs vaktakerfis, nýrra rannsóknardeilda, nýrrar umferðadeildar og fleiri þátta hefur krafist mikillar vinnu starfsfólks embættanna."

Stefán segir að hið nýja embætti muni þróast í takt við þarfir íbúa höfuðborgarsvæðisins. Fyrst og fremst sé verið að þjóna þeirra þörfum.

„Við stefnum að því sem grundvallarmarkmiði að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, dvelja og starfa á höfuðborgarsvæðinu. Þessu stefnum við að með því að auka sýnilega löggæslu, þannig að almenningur verði þess var að lögreglan er á ferðinni og skiptir sér af málum sem upp koma í þjóðfélaginu. Við leggjum einnig áherslu á hverfa- og grenndarlöggæslu, sem hefur gefist afar vel hér á landi. Forvarnarstarfið er einnig mikilvægt. Þar má nefna umferðarlöggæsluna. Varðandi hana sjáum við fyrir okkur gott samstarf við sveitarfélög, skóla, stofnanir, fyrirtæki á borð við tryggingafélög og fleiri. Loks leggjum við áherslu á að gera rannsóknir sakamála betri og skilvirkari þannig að málin gangi hraðar fyrir sig og gæðin aukist. Stærra embætti býður upp á aukna sérhæfingu, meðal annars með því að setja upp sérstaka deild sem mun annast rannsóknir kynferðisbrota. Þá má auka sérhæfingu í öðrum rannsóknardeildum með því að skipta rannsóknarlögreglumönnunum upp í hópa þar sem hver hópur einbeitir sér að ákveðinni tegund afbrota."

Stefán segir að tegundir afbrota verði greindar niður eftir hverfum og svæðum. Þessum upplýsingum verði miðlað til viðkomandi íbúa, ekki síst í þeim tilgangi að fólk geti áttað sig á hvað það geti gert til að vinna gegn óheppilegri þróun í samstarfi við lögreglu. jss@frettabladid.is



**LÖGREGLUSTJÓRI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS** Stefán Eiríksson segir lögregluna munu líta á upplýsingamiðlun sem lykilatriði. Miðlað verði upplýsingum eftir föngum til fólksins sem býr á höfuðborgarsvæðinu. Reynt verði að sjá til þess að íbúar á hverju svæði fyrir sig fái upplýsingar um stöðu mála á sínu svæði og geti jafnframt komið upplýsingum til lögreglu. Þetta verði gert með aðstoð netsins, hverfis- og bæjarblaða og fundum með íbúunum.

**Skipurit embættis lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins**







Ný norsk-ítölsk rannsókn á árstíðabundnum skapsveiflum:

# Skammdegisþunglyndi er mýta

**NOREGUR** Skammdegisþunglyndi sem stafar af ljósskorti er bara mýta sem fundin var upp í Bandaríkjunum árið 1984, er niðurstaða tveggja vísindamanna frá Noregi og Ítalíu.

Vidje Hansen, sálfræðiprófessor við háskólann í Tromsø, og Greta Brancaleoni, ítalskur kollegi hans, tóku sig saman og mældu skapsveiflur íbúa Tromsø og Ferrara á Ítalíu í nóvembermánuði. Fyrrnefndi bærinn er á 69. breiddargráðu en sá síðarnefndi á 44. breiddargráðu svo munurinn á birtunni þar á veturna er mikill og var nóvember valinn því samkvæmt skoðanakönnunum telja bæði Norðmenn og Ítalir hann vera erfiðasta mánuðinn.

„Við uppgötvuðum að skap- og hegðunarsveiflur tengdust veðrinu almennt en ekki skorti á dagsbirtu. Það fyrir utan uppgötvuðum við að Ítölunum fannst nóvember enn erfiðari en okkur Norðmönnum, en þegar komið er fram í desember, sem er virkilega dimmur, sögðu bæði Ítalar og Norðmenn að þeim líkaði sá mánuður vel. Þetta sýnir að það hriktir í stoðum fyrirbærisins skammdegisþunglyndi," sagði Hansen í samtali við fréttamenn norska blaðsins Aftenposten.

Árið 1984 stungu bandarískir vísindamenn upp á því að vetrarþunglyndi stafaði af skorti á dagsljósi, en því lengra norður sem farið er á hnettinum þeim mun fleiri þjást af þessu árstíðabundna þunglyndi.

En Hansen telur veðrið hafa meira með dapurleika og orkuleysi á veturna að gera heldur en ljósið, einkum vegna þess að mörgum Tromsø-búum finnst maí vera einn versti mánuðurinn.



**DIMMASTI TÍMI ÁRSINS** Skammdegisþunglyndi er bara mýta, kemur fram í nýrri evrópskri rannsókn.

„Þetta segir mér að væntingar breyta öllu um það hvernig fólk upplifir veður. Í Norður-Noregi er maður óánægðari með slæmt sumar en slæman vetur," sagði Hansen. - smk

# ÞÚ GEFUR STYRK!

# Við erum **geðveikt** ánægð með 21.433.000 krónur

**Vel heppnaðri söfnun lokið**

Með samstilltu átaki Sparisjóðsins, viðskiptavina hans og landsmanna safnaðist vegleg upphæð sem kemur í góðar þarfir. Frábærar viðtökur sýna að fólk lætur geðheilbrigðismál sig máli skipta, sem gefur von um batnandi geðheilsu þjóðarinnar.

Sparisjóðurinn óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum farsældar á nýju ári með þökk fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

Sérstakar þakkir fá þeir sem gáfu sinn styrk – þetta var **geðveikt** góð söfnun!

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

Fíton/SÍA

# Glæpir og spilling varpa skugga á stækkun Evrópusambandsins

Um áramótin verða Rúmenía og Búlgaría 26. og 27. aðildarríki Evrópusambandsins. Undirbúningi að aðild þeirra þykir mörgum þó vera ábótavant.
Krasimir Dímítrov var á leið í mat með vinum sínum á veitingahúsi við fjölfarna götu í miðborg Sofíu. Í þann málsverð komst hann aldrei. Um leið og hann sté út úr bíl sínum var dælt í höfuð hans og búk byssukúlum úr skammbyssu með hljóðdeyfi.

Slík morð um hábjartan dag – auk byssubardaga glæpagengja og sprengna í bílum og íbúðum – eru orðin hluti af hversdagslífinu í þessu fátæka fyrrverandi kommúnistaríki sem nú um áramótin fær fulla aðild að Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu.

Hinn 42 ára gamli Dímítrov var þekktur maður, fyrrverandi atvinnumaður í blaki sem hafði auðgast þokkalega á viðskiptum, og fjöldi fólks var nærstatt er hann var skotinn á stilltu kvöldi í nóvember. En ekkert vitni gaf sig fram við lögreglu.

**Tvö mafíumorð á viku**

Yfir 100 slík morð hafa verið framin í Sofíu á síðastliðnum fimm árum, sem þýðir nærri því tvö á mánuði að jafnaði. Ekki einn einasti morðingi hefur verið sakfelldur fram til þessa.

FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Lögregla skýrir þessi morð að mafíusið oftast þannig, að þar séu „kaupsýslumenn að jafna sakirnar“, og þau séu gjarnan síðasta skrefið. Á undan séu yfirleitt gengnar morðhótanir með því að koma sprengju fyrir undir bíl eða heima við dyr viðkomandi.

Fáeinum dögum eftir morðið á Dímítrov var annar kaupsýslumaður skotinn til bana úti á götu. Sá hét Ruman Peshev og var talinn hafa átt í „nánum viðskiptatengslum“ við Dímítrov, að sögn lögreglu.

**Vilja reka af sér slyðruorðið**

Ofbeldisaldan setur lögregluna og dómskerfið í landinu í mikinn vanda, því nú á endasprettinum fyrir inngönguna í ESB höfðu búlgörsk yfirvöld metnað til að reka af sér slyðruorðið. Í matsskýrslum ESB á aðildarundirbúningi Búlgaríu var jafnan að finna harða gagnrýni á óskilvirkni og spillingu lögreglu- og dómskerfisins, mútuþægni embættismanna og skortinn á markvissri baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi, peningaþvætti og fleiri samfélagsmeinum.

Framkvæmdastjórn ESB hefur ítrekað hvatt búlgörsk stjórnvöld til að taka sig á í þessu tilliti. Erindrekar ESB hafa auk þess varað við því að allt að sjö milljarðar evra, andvirði 63 milljarða króna, úr sameiginlegum sjóðum sambandsins sem reiknað er með að Búlgaría fái í styrki fram til ársins 2013, gætu horfið í spillingarhítina.



**TALIÐ NIÐUR** Vegfarandi í Sofíu, höfuðborg Búlgaríu, gengur hjá klukku sem telur niður dagana til ESB-inngöngu landsins. Myndin var tekin 28. desember. NORDICPHOTOS/AFP

Talsmenn Búlgaríustjórnar staðhæfa að árangur sé að nást í baráttunni gegn glæpum og spillingu, og vona að með því muni hin ESB-ríkin ekki nýta sér „öryggisákvæði“ sem fylgja aðildarsamningum bæði Búlgara og Rúmena. Með því að virkja þessi öryggisákvæði gætu hin ESB-ríkin til að



## 26. OG 27. AÐILDARRÍKI ESB

**Rúmenía**
**Flatarmál**: 238.391 km2
**Íbúar**: 21,7 millj.
þar af búa í sveit 46,7%
**Höfuðborg**: Búkarest
(1.921.751 íbúi, 2002)
**Ríkismál**: rúmenska
**Þjóðart.** á mann (2006): 3.830 USD sem hlutfall af kaupmáttarjöfnuðum meðaltekjum í ESB: 34%
**Atvinnuleysi**: 5,1%
**Mynt**: 1 Leu (ROL) = 100 bani

**Búlgaría**
**Flatarmál**: 110.994 km2
**Íbúar**: 7,9 millj.
þar af búa í sveit 32,2%
**Höfuðborg**: Sofia
(1.096.289 íbúar, 2001)
**Ríkismál**: búlgarska
**Þjóðart.** á mann (2006): 3.450 USD sem hlutfall af kaupmáttarjöfnuðum meðaltekjum í ESB: 32%
**Atvinnuleysi**: 9%
**Mynt**: 1 Lev = 100 Stotinki




mynda neitað að viðurkenna úrskurði búlgarskra dómstóla í allt að tvö ár.

### Tekur mörg ár

En Klaus Jansen, sérfræðingur í skipulagðri glæpastarfsemi og forseti sambands þýskra rannsóknarlögreglumanna, segist óttast að það muni taka mörg ár að uppræta spillingu í búlgörsku lögreglunni og dómskerfinu. Jansen samdi skýrslu um stöðu þessara mála fyrir framkvæmdastjórn ESB fyrr á þessu ári.

Að sögn Jansens héldu sumir þeirra lögreglumanna sem voru í starfi á kommúnistatímanum áfram eftir umskiptin, á meðan aðrir hættu að þjóna ríkinu og gengu öflum á hönd sem skapað hafa blómstrandi undirheima í landinu, enda eru margir reiðubúnir að „stytta sér leið“ að velmeguninni þegar fátækt og atvinnuleysi blasir annars við.

Nýlega tilkynntu brezk yfirvöld að þau myndu senda rannsóknarlögreglumenn til Austur-Evrópulanda til að efla starfsaðferðir þarlendra kollega í að berjast gegn glæpum. Ákvörðunin endurspeglar ótta um að rúmensk og búlgörsk glæpagengi séu tilbúin að nýta sér ESB-aðildina til að flytja skipulagða glæpastarfsemi út til hinna aðildarríkjanna.

### „Enginn er ósnertanlegur“

Boris Velchev var fyrr á þessu ári skipaður nýr ríkissaksóknari Búlgaríu, en skipan hans vakti vonir um að búlgarskra yfirvalda við hina grasserandi glæpastarfsemi styrktist. En hann viðurkennir að leigumorð og smygl á fólki og eiturlyfjum séu enn vandamál sem séu erfið við að glíma.

Velchev hefur ráðið fyrrverandi saksóknara frá Hollandi sem ráðgjafa í viðleitninni til að losa lögreglu- og dómskerfið við spillta og vanhæfa starfsmenn.

„Við eigum undantekningalaust að uppræta spillinguna í öllum sínum myndum, bæði meðal lágt og hátt settra. Engum ætti að finnast hann vera ósnertanlegur,“ tjáði hann blaðamönnum.

Nú þegar að því er komið að stíga skrefið sem allt stjórnkerfi landsins hefur stefnt að svo lengi og fjölmiðlar í landinu hafa lýst sem „lokaáfanganum að frelsi og lýðræði“ er almenningur í landinu á báðum áttum hvað sér eigi um það að finnast.

### Uggur í bland við bjartsýni

Þrátt fyrir opinbera bjartsýni er ekki laust við að uggur sé í sumum yfir því að þurfa að uppfylla strangari staðla og kröfur ESB, og samkeppnina á hinum opna innri markaði Evrópu. Margir binda þó vonir við að ESB-aðildin hjálpi til við að festa lög og reglu í sessi.

„Við erum augljóslega ófær um að taka til í okkar eigin ranni,“ hefur AP-fréttastofan eftir Albenu Milanovu, 38 ára gamalli kennslukonu. „En Evrópusambandið mun láta okkur gera það.“





**HÁLSLÓN MYNDAST** Hreindýrshræ rak á land daginn eftir að Hálslón tók að myndast en myndin er tekin 29. september. Margir höfðu áhyggjur af því hvaða áhrif myndun Hálslóns hefði á dýra- og jurtalíf á hálendinu norðan Vatnajökuls. Sérstaklega var rætt um hvert hreindýrin myndu halda, sem áður höfðu haldið til á svæðinu. Hvernig hreindýrunum reiðir af verður ljóst á næstu árum.
MYND/ ARINBJÖRN ÞORBJÖRNSSON

# *Tappinn settur í og Hálslón myndast*

Umræður um Kárahnjúkavirkun og framkvæmdir á Austurlandi náðu hámarki á árinu. Þúsundir gengu með Ómari Ragnarssyni niður Laugaveg, allt í einu höfðu allir heyrt um Kringilsárrana norðan Vatnajökuls og fjöldi manns gekk um svæðið. Hálslón, miðlunarlón fyrir Kárahnjúkavirkjun, byrjaði svo að myndast 28. september þegar lokað var fyrir hjárennslisgöng Jökulsár á Dal. Margir hafa orðið til þess að skrifa um Kárahnjúkavirkjun og myndun Hálslóns á árinu. Myndun Hálslóns verður því rifjuð hér upp í myndum af svæðinu og af gestabók sem Guðmundur Ármannsson, bóndi á Vaði í Skriðdal, kom upp við kláf sem hann setti einnig upp til að auðvelda för yfir í Kringilsárrana.



**HJÁRENNSLISOPI LOKAÐ OG HÁLSLÓN VERÐUR TIL** Hjárennslisgöngunum var lokað 28. september á þessu ári.






**KLÁFURINN SEKKUR** Kláfurinn sem Guðmundur Ármannsson setti upp til að auðvelda för yfir í Kringilsárrana sekkur. Við kláfinn var gestabók geymd sem nú er að finna á Héraðsskjalasafni Austurlands. Nær allir þeir sem ferðuðust yfir á ranann með kláfinum rituðu nafn sitt í bókina og margir myndskreyttu einnig undirskriftir sínar eins og sjá má á myndinni hér til hliðar.
MYND/HJALTI STEFÁNSSON

## INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2006

Fréttablaðið mun nú daglega birta pistla eftir landskunna Íslendinga um innlenda vendipunkta. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir á árinu sem eiga það sammerkt að vera fréttir um eitthvað nýtt sem gerðist eða breytingar sem munu hafa áhrif til framtíðar.


BILANAVAKT OR
516 6200
VIÐ ERUM Á NÝÁRSVAKTINNI
Við erum til taks um áramótin
Orkan er sjaldan mikilvægari en einmitt á gamlárskvöld og nýársnótt. Tugir starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur eru á vakt í stjórnstöð og í viðbragðsstöðu úti í hverfum á veitusvæðinu, reiðubúnir að bregðast við ef bilun verður.
Við viljum tryggja ykkur birtu og yl um áramótin.
Gleðilegt nýtt ár
Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur
Orkuveita Reykjavíkur
ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 35187 12/06

Jesse Ball
f.1978. Rithöfundur

# Oft

kemur fyrir að móðir
skilur við barn sitt eftirlitslaust
um stundarkorn. Hvað er hún að gera?
Kannski eitthvað áhugaverðara fyrir hana.
En í öllu falli getur það kallað yfir hörmungar.

Já, oft kemur fyrir að móðir skilur við barn sitt eftirlitslaust
um stundarkorn. Þá kemur einhver sem beðið hefur nærri, hratt
og hljóðlega, eins laumulega og hugsast getur. Viðkomandi tekur
barnið og skilur í staðinn eftir nokkuð sem líkist mjög barni, og hleypur
síðan á brott fullur af einhvers konar heimilislegri hamingju í bland við
brjálæði, sem aðeins verður lýst í samhengi við spunarokka úr steini og
saumnálar úr vatni. Hugsjónir þessara einstaklinga fela aðallega í sér ánægjulegt
heimilislíf, gleðilegar hversdagsstundir og fleira þess konar. Þeir hugsa ekkert
um að slátra kind og annað slíkt í þeim tilgangi að búa sér til indæla og blauta
máltíð útá miðri götu. Ég öfunda þá af þessum eðlislæga krafti. Ég vildi óska
að ég sjálfur hefði nægilegt hugrekki til að grípa á einhverjum tímapunkti til
slíkrar aðgerðar sem er gífurlega áhættusöm,
svo algjörlega útséð og réttmæt.

Já, þetta gerist oft og hér um kring. Óljóst er hvers vegna
skipt er á börnunum. Hugsanlega er nýja barnið erfitt, jafnvel djöfullegt?
Það hefur þó aldrei verið sannað þrátt fyrir aldir af ævintýrum. Oft falla
umskiptingarnir vel inní umhverfið. Þeir verða áberandi þegnar í samfélaginu
á meðan sá sem átti að hafa verið þessi drengur eða stúlka er ekki
lengur sjáanlegur, getur kannski gengið um á meðal okkar, en er
ekki lengur sjáanlegur, og hugsar margþættar hugsanir um
angist og dýrð í hinu ósýnilega lofti.

Ég minnist aðeins á þetta málefni vegna þess að í dag
er fyrsti janúar og hvar sem ég fer liggja börn
eftirlitslaus. Þetta snýst að mér virðist um
ákveðin þjóðfélagsleg gildi.

GOTT FÓLK McCANN

*Þórdís Björnsdóttir*
f.1978. Rithöfundur

# Hið

gagnstæða
þekkist þó líka, að erfitt barn sé numið brott og öðru guðdómlega gegnsæju komið fyrir í staðinn innan um hvítar blúnduvoðir. Slíkt er vissulega fágætt, en gerist þó, og erfitt er að geta sér til um ástæður í þeim tilvikum. Umskiptin eru alltaf mun augljósari en í fyrra dæminu og fara sjaldnast á milli mála.

Það sem vekur þó helst athygli mína eru viðbrögð annarra, og þá einkum foreldranna, við þessum umskiptum. Enginn þykist taka eftir breytingunum þótt allir viti af þeim.

Nýja barnið virðist ánægt eins og alltaf, svarar ókunnugu nafni með áhyggjulausum furðusvip og brosir stirðnuðu hamingjubrosi meðan foreldrarnir horfast í augu um stund, anda síðan djúpt og kinka kolli í þegjandi samkomulagi um að láta eins og ekkert sé, í von um að þessi fyrirferðalitla og hálfósýnilega himnasending sé komin til að vera líkt og önnur lífsgæði sem þau hafa áunnið sér á undanförum árum. Og tíminn líður, ár eftir ár. En þrátt fyrir að allt virðist renna áfram áreynslulaust, vakir vitneskjan um það sem gerðist stöðugt undir niðri eins og lítið dýr sem bíður eftir að skríða undan steini, klifra upp veggina og naga sig í gegnum gulnaðar blúndurnar.

En jæja . . . hvað sem öllum umskiptingum líður, þá er núna tíminn til að líta hlutina björtum augum.

Það er svo ótalmargt jákvætt í tilverunni sem gott er að minnast á degi eins og þessum, og hreinlega nauðsynlegt á svona tímamótum þegar allt getur gerst, möguleikarnir opnast, og eitthvað nýtt og spennandi getur tekið við af því sem áður var.

Núna er tíminn til að sætta sig við orðinn hlut, ýta til hliðar því sem sárt er að minnast, að minnsta kosti um stundarsakir, og taka fagnandi á móti nýju ári í gleði, áþekkri þeirri sem aðeins fyrirfinnst hjá suðandi býflugum í leit að hunangi, malandi köttum í værðarlegu svefnmóki, eða litlum börnum sem eru nýbúin að læra að brosa.

Óskum landsmönnum
gæfu, gleði og hamingju
á nýju ári

Á hverjum hátíðisdegi býður Landsbankinn listamanni
að deila með okkur hugrenningum sínum.
Jesse Ball og Þórdís Björnsdóttir eiga orð dagsins.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvernig má hafa þetta ár í minnum?

## „Hika ei við það mark sem vel er sett“

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Það ár sem við dagslok hverfur í rás aldanna geymir eins og önnur sína sögu. Það hefur bæði verið tími framfara og margvíslegra breytinga. Sumt af því sem gerðist mun lifa og hafa áhrif langt fram á veg. Annað verður skammlíf minning eins og gerist og gengur.

Brottför varnarliðs Bandaríkjanna eftir meir en hálfrar aldar veru í landinu markaði vissulega mót tveggja tíma. Hjá því getur ekki farið að í kjölfar þess verður að ýmsu að hyggja varðandi stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu.

Íslensk fyrirtæki hafa enn á ný brotið nýjar lendur í fjárfestingum erlendis. Þar er unnið af metnaði og skarpskyggni í nýju alþjóðasamfélagi viðskipta. Það hefur opnað smáum þjóðum ekki síður en þeim stærri ný tækifæri.

En hvað sem öllu þessu líður má færa fyrir því gild rök að á þessu ári hafi mestu máli skipt ræða Kristínar Ingólfsdóttur, rektors Háskóla Íslands, 25. febrúar. Þar var lýst því markmiði skólans að komast í fremstu röð vísinda- og kennslustofnana.

Einhverjum kann að hafa brugðið í brún. Vonandi er það svo að sem allra flestir hafi hrokkið við. Víst er að þetta er hátimbrað verkefni. Það kallar um margt á nýja hugsun og krefst framsýni með trú á fjárfestingu í menntun.

Kjarni þessa máls er þó sá að þetta markmið er ekki hærra en það sem fámenn og fátæk þjóð setti sér fyrir meir en öld: Að eignast eigin háskóla. Sú þjóð er nú í hópi þeirra ríkustu. Því marki hefur hún náð ekki síst fyrir þá sök að hún er ágætlega menntuð.

Að baki febrúarræðu háskólarektors lá vönduð og markviss stefnumörkun innan skólans. Niðurstaðan var með vissum hætti svar við spurningu menntamálaráðherra sem skotið var fram við upphaf þeirrar vinnu. Ráðherrann spurði einfaldlega hvað til þyrfti svo að Háskólinn mætti komast í hóp þeirra hundrað bestu í heiminum.

Svarið var afdráttarlaust. Nú stendur upp á stjórnmálin í landinu að sýna fram á hvernig Háskólinn fær framlög og getur að öðru leyti aflað tekna til þess að gera það sem til þarf svo að markmiðinu megi ná.

Sýnt hefur verið fram á með rannsókn á íslenska hagkerfinu að nærri lætur að helmingur allrar framleiðniaukningar á rætur í fjárfestingu í háskólamenntun. Þessi staðreynd segir þá sögu eina að ekki er unnt að ganga út frá því sem vísu að við höldum stöðu landsins í hópi þeirra ríkustu ef við eigum ekki háskóla sem stenst samanburð við það besta.

Ræða háskólarektors getur vitaskuld fallið í gleymsku og dá. Það hefur áður orðið hlutskipti margs sem vel hefur verið hugsað og sagt. Slíkt bæri hins vegar vott um skammsýni sem þjóðin hefur ekki efni á.

Við áraskipti fyrir meir en öld brýndi Hannes Hafstein landa sína af skáldlegum þrótti til þess að þora að fylgja réttu og horfa hátt. Og það á engu síður við nú að „hika ei við það mark, sem vel er sett“.

Enginn á að þurfa að fara í grafgötur um að það er vel sett mark að koma Háskóla Íslands í fremstu röð. Verði það að veruleika má lengi hafa þetta ár í minnum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gleymdist að láta vita

KB bankinn gamli er nú orðinn að Kaupþingi. Þegar Kaupþing og Búnaðarbanki sameinuðust höfðu einhverjir starfsmenn Búnaðarbanka áhyggjur af því að Kaupþing myndi gleypa hinn fornfræga Búnaðarbanka, og má því segja að sú hafi nú orðið raunin. Fyrst fréttist af nafnbreytingunni á forsíðu Blaðsins. Á fimmtudag birtust svo auglýsingar KB banka af leiðum starfsmönnum sem voru að hætta. Á föstudag var svo nafnbreytingin orðin að veruleika.




Ekki virðast þó allir hafa fengið að vita af nafnbreytingunni, því fram eftir degi á föstudag var heimasíða bankans enn merkt KB banka vendilega. Þegar leið á daginn var þó lénið kbbanki.is tekið niður og færðist yfir á kaupthing.is

### Nýr aðstoðarmaður Valgerðar

Páll Magnússon var lengi aðstoðarmaður Valgerðar Sverrisdóttur í viðskipta- og iðnaðarráðuneytinu. Sigfús Ingi Sigfússon varð svo aðstoðarmaður hennar og Páll Magnússon varð bæjarritari í Kópavogi. Nú er komið að Sigfúsi að snúa sér að öðru, því hann tekur við sem framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins og þarf Valgerður því að finna sér nýjan aðstoðarmann.

Valgerður virðist hafa haft góða reynslu af Páli og fjölskyldu og ætlar að snúa sér þangað, en hún hefur ákveðið að Aðalheiður „Freyja“ Sigursveinsdóttir, eiginkona Páls, verði nýr aðstoðarmaður sinn. Aðalheiður þessi varð kunn að endemum þegar hún var sökuð um tilraun til valdaráns í framsóknarkvenfélaginu Freyju í Kópavogi, en aldrei, hvorki fyrr né síðar, hafa innanhússdeilur kvenfélags verið jafnmikið fréttaefni og þá.



svanborg@frettabladid.is

# Útrás og menntun



ILLUGI GUNNARSSON

**Í DAG** | Menntun

Undanfarið ár hefur meðal annars einkennst af áframhaldandi sókn íslenskra fyrirtækja á markaði erlendis. Er nú svo komið að varla er opnuð skóbúð á Laugaveginum án þess að verslunarstjórinn láti hafa eftir sér í fjölmiðlum að hér sé einungis um fyrsta skrefið að ræða, framundan sé Skandinavíumarkaður og Stóra-Bretland, þekkt sé að íbúar þessara landa hafi aldrei kunnað að selja skó og því séu tækifærin óendanleg. Vanalega er einhver brjálsemisglampi í augum viðmælandans, frásagnir af milljarða og aftur milljarða gróða útrásarfyrirtækjanna gera alla viðskiptamenn uppspennta svo ekki sé meira sagt. Hví að norpa yfir þúsundköllum hér heima þegar heilu fjársjóðirnir bíða þess eins að duglegir Íslendingar grafi þá upp. Þetta er alveg ótrúleg þróun og það eru ekki mörg ár síðan Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna var næstum eina fyrirtækið sem bauð upp á starfsframa erlendis.

En við Íslendingar erum langt í frá eina þjóðin sem hefur orðið vitni að þessari þróun. Heimsviðskiptin aukast með hverjum deginum sem líður, peningar þekkja engin landamæri, flutningskostnaður lækkar, fjarskiptatækni eykst og mannauður fylgir fjármagninu. Alþjóðavæðingin er gríðarlegt tækifæri en um leið, eins og gjarnan er, heilmikil ógn. Í Kína, Indlandi og Austur-Evrópu bíður yfir milljarður vinnufúsra einstaklinga sem eru tilbúnir að vinna baki brotnu fyrir brot af því sem við teljum vera mannsæmandi laun. Fátæku löndin soga til sín vinnuna, frá dýru og ríku löndunum. Þessi þróun mun halda áfram á næstu árum og sennilega mun heldur herða á henni ef eitthvað er. Vesturhluti Evrópu er viðkvæmur fyrir þessari samkeppni, laun eru há og vinnumarkaðurinn stífur og flókinn. Það er því ánægjulegt að sjá hlutdeild Evrópu (ríkjanna 15 í ESB fyrir stækkun) í heimsviðskiptunum. Frá árinu 1998 hefur hlutdeild þeirra verið um 15% af heimsversluninni og aukin alþjóðavæðing virðist ekki hafa dregið úr því hlutfalli. Best standa Evrópuríkin sig í verslun með vörur sem krefjast tiltölulega hás tæknistigs sem og með vörur sem erfitt er að líkja eftir. Jafnframt er Evrópa framarlega í viðskiptum með þjónustu og einnig með vörur sem kalla á miklar fjárfestingar í framleiðslutækni.

Í ljósi þess sem ég nefni hér að ofan um alþjóðaviðskiptin er ein lexía sem skiptir okkur virkilega miklu máli. Hún er sú að við verðum að halda áfram að efla menntakerfið í landinu. Alþjóðavæðingin er stórkostlegt tækifæri fyrir Ísland en til þess að við getum nýtt okkur það þá verðum við að halda rétt á spöðunum. Vísindi og menntun er eina svarið sem hinar ríku vestrænu þjóðir eiga gegn ódýru vinnuafli Asíu, Afríku og Austur-Evrópu. Framlög hafa verið aukin gríðarlega til menntamála á síðustu árum og það hafa orðið miklar breytingar á menntakerfinu til hins betra. Háskólaumhverfið hefur meðal annars tekið stakkaskiptum og við Íslendingar erum í hópi þeirra þjóða sem verja hlutfallslega mestu í rannsóknir og þróun. Það er undarleg kenning sem stundum er haldið á lofti að íslensk stjórnvöld vilji bara byggja upp stóriðju og sinni í engu vísindum, menntun og hátækni. Ef sanngirni er gætt þá blasir við allt önnur mynd. Nóg er að benda á fjármálageirann sem er auðvitað ekkert annað en hugvitsiðnaður á hæsta stigi, sama gildir um líftækniiðnaðinn o.s.frv. En það er að sjálfsögðu margt ógert og margt sem betur má fara í mennta- og vísindamálum okkar. Það er ekki nóg að hið opinbera auki sífellt fjármuni til menntamála, við verðum að finna leiðir til að nýta þá fjármuni betur en nú er gert.

Ræða skólameistara Verkmenntaskólans á Akureyri nú á dögunum hreyfði við mörgum. Það er einhver ástæða til fyrir því að margir framhaldsskólanemar líta svo á að þeir þurfi ekki að stunda nám sitt af krafti. Ætli nemendurnir misskilji fréttirnar um gróða fyrirtækjanna og sigra þeirra á erlendri grund og haldi að slíkt komi af sjálfu sér? Og getur það verið að þeir haldi að mikil og næg atvinna sé náttúrulögmál, að það séu til störf sem þeir geti gengið að sem vísum? Stjórnvöld, skólafólk og foreldrar hafa hér verk að vinna. Við verðum að nýta velgengi okkar þessa dagana til að búa í haginn fyrir framtíðina en það er lítið gagn í rúmgóðum skólastofum, nýtísku tækjakosti og samviskusömum kennurum ef nemendurnir eru annars hugar. Umræða um menntamál hefur alltof lengi einskorðast við kaup og kjör kennara. Það er nauðsynlegt að við ræðum þetta mikilvæga mál í víðara samhengi, hvernig nýtum við fjármagnið sem best, hvaða aðferðir skila okkur mestum árangri og hvernig hvetjum við nemendur til dáða. Það er ekkert unnið með dýru menntakerfi einu og sér, en við eigum aftur á móti allt undir framúrskarandi skólum og góðri menntun.

Ég vil óska lesendum Fréttablaðsins gleðilegs nýs árs og þakka þeim kærlega fyrir samfylgdina á árinu sem er að líða.

# Vel að verki staðið við Hvalsnes

**UMRÆÐAN**

Umhverfismál



JÓNÍNA BJARTMARZ

Strand flutningaskipsins Wilson Muuga við Hvalsnes á Reykjanesi hefur vakið menn til umhugsunar um hættuna á verulegri olíumengun sem orðið getur hér við land. Siglingar við landið eru ekki hættulausar og sagan segir frá fjölmörgu skipsstrandinu og óhugnanlegu manntjóni við strendur landsins. Það er því nauðsynlegt að læra af fenginni reynslu svo forða megi slysum í framtíðinni.

Tilgangurinn með því að dæla olíu Wilson Muuga í land var sá að afstýra umhverfis- og mengunarslysi, en á strandstað er fuglamergð mikil yfir vetrartímann og auk stórra flokka æðarfugla eru á þessum slóðum helstu vetrarstöðvar tegunda á válista s.s. toppskarfs. Betur fór en á horfðist við að ná olíunni úr skipinu og frá því fyrir jól hefur verið unnið sleitulaust að því að forða því að olían hafnaði í sjónum. Starfsmenn Umhverfisstofnunar og Olíudreifingar hafa unnið afar faglega að þessu í samstarfi við þyrlusveitir Landhelgisgæslunnar, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Framtak og starfsmenn sýslumannsins í Keflavík. Þá veittu björgunarsveitarmenn ómetanlega aðstoð á strandstað og tóku að sér að vakta fjöruna og kanna hvort olíumengunar yrði vart. Olíudælingin gekk fumlaust og áhugavert var að fylgjast með því hve skipulega var gengið til verks. Eiga þeir fjölmörgu sem komu að þessari vel heppnuðu björgun þakkir skyldar.

Nú þegar bráðaaðgerðum til að forða mengunarslysi við Hvalsnes er lokið tekur við almenn og tímafrekari hreinsun þar sem flak skipsins verður fjarlægt af strandstað. Þetta strand leiðir vissulega hugann að siglingum stórra skipa hér við land. Sérstaklega þeirra sem flytja olíu eða annan hættulegan farm. Því hefur verið spáð að hér við land muni siglingar skipa sem flytja olíu og gas aukast til muna frá því sem nú er. Olíuslys hér við land af völdum slíkra skipa myndu valda verulegum umhverfis- og efnahagsskaða. Öryggi skipaferða í hafinu umhverfis landið skiptir okkur því miklu, ekki aðeins fyrir umhverfið heldur einnig ímynd okkar sem seljendur fisks og annarra matvæla.

Það hefur sýnt sig að við eigum þjálfað fólk til að takast á við mengunaróhöpp sem verða af skipsskööðum eins og þeim við Hvalsnes, en besta leiðin til að vernda nátttúruna er að fyrirbyggja eins og kostur er að slíkir atburðir eigi sér stað hér uppi í landsteinunum. Bestu fyrirbyggjandi aðgerðirnar eru þær að setja reglur sem halda siglingaleiðum olíuskipa og annarra skipa með sambærilegan farm vel frá landinu. Að því eigum við að vinna á næstu vikum og mánuðum.

*Höfundur er umhverfisráðherra.*



Í ár fagnaði Bakkavör Group 20 ára starfsafmæli. Hvert ár hefur verið merkilegt á sína vísu, enda höfum við dafnað og þróast í samræmi við sett markmið. Fyrirtækið er enn ungt, ferskt og vaxandi. Framundan eru spennandi tímar.

Stjórn og starfsmenn Bakkavör Group senda hluthöfum, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum hugheilar nýárskveðjur með þökk fyrir samfylgdina á liðnum árum.

BAKKAVÖR

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

# Breytum í vor



Sveitarstjórnarkosningar í maí gáfu nokkurn forsmekk að því sem nú er í vændum. Þar urðu fyrirferðarmikil mál sem að líkindum mun einnig bera hátt í alþingiskosningunum. Má nefna málefni aldraðra og velferðarmál almennt og síðan umhverfismálin. Vinstrihreyfingin – grænt framboð fékk góða kosningu. Við náðum sterkri fótfestu á sveitarstjórnarstiginu og einkum var útkoma okkar glæsileg í stærstu sveitarfélögunum. Þannig á VG nú 6 borgar- og bæjarfulltrúa í 4 stærstu kaupstöðum landsins. Fylgi V-listanna var nálægt 13% að vegnu meðaltali og VG þar með þriðja stærsta stjórnmálaaflið í sveitarstjórnum.

En næst á dagskrá eru afdrifaríkar alþingiskosningar þar sem þjóðin þarf að svara með skýrum hætti hvaða stefnu hún vill í mikilvægum málaflokkum. Stjórnarsamstarfið er útbrunnið og þegar af þeim ástæðum brýnt að knýja fram umskipti í íslenskum stjórnmálum. Valdþreytan skín af báðum stjórnarflokkunum. Framsókn er augljóslega ekki í ástandi til að stjórna einu né neinu og Sjálfstæðisflokkurinn er einnig langþreyttur og kraftlaus. Vera hans í mörgum ráðuneytum, samfellt í einn og hálfan áratug, liggur eins og mara á viðkomandi málaflokkum. Dómsmálin, samgöngumálin, menntamálin og Ríkisútvarpið, allt þetta og stjórnarráðið í heild, þarf að frelsa undan Sjálfstæðisflokknum.

**Málefnin ráði**

En fyrst og síðast er mikilvægt að knýja fram breytta stjórnarstefnu á Íslandi. Óánægja almennings með framvinduna á fjölmörgum sviðum fer vaxandi:

• Jafnvægisleysið í efnahagsmálum og á vinnumarkaði, afleiðingar stóriðjustefnunnar, ábyrgðarleysis og mistaka ríkisstjórnarinnar við hagstjórn, eru nú að koma landsmönnum í koll í formi verðbólgu og hækkandi lána, óstöðugs gengis, ört vaxandi erlendra skulda og lakara lánshæfis. Ábyrg hagstjórn þar sem snúið verður af feigðarbraut viðskiptahalla og erlendrar skuldasöfnunar verður að taka við.

• Velferðarkerfið hefur mætt afgangi og misskiptingin blasir hvarvetna við. Ríkisstjórnin hefur aukið á ört vaxandi launa- og aðstöðumun með skattkerfisbreytingum sem hygla hátekju- og stóreignafólki og fjármagnseigendum. Velferðarstjórn eins og VG hefur barist fyrir þarf að komast til valda.

• Kosningarnar næsta vor verða þó einna afdrifaríkastar þegar kemur að umhverfismálum. Atkvæðaseðillinn þá kann að vera síðasta tækifærið til að koma á framfæri skýrum skilaboðum um hvort menn vilja áframhaldandi blinda og óhefta stóriðjustefnu, áframhaldandi álvæðingu á kostnað íslenskrar náttúru og annars atvinnulífs, eða staldra við. Kosningasigur vinstri grænna og sterk staða okkar í næstu ríkisstjórn er það sem til þarf.

• Gerbreyta þarf áherslum í utanríkis- og friðarmálum. Gera verður upp stuðning Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks við Íraksstríðið og tryggja að slíkt endurtaki sig aldrei.

• Á sviði atvinnu- og byggðamála þarf metnaðarleysið, stóriðju- og einkavæðingarþjónkunin að víkja fyrir áherslu á fjölbreytni, samgöngubætur og jöfnun aðstöðu.

Þeir sem virkilega vilja sýna ríkisstjórninni rauða spjaldið næsta vor hafa til þess eina örugga aðferð, þ.e. að kjósa Vinstrihreyfinguna – grænt framboð. Ég þakka landsmönnum fyrir samfylgdina á árinu.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins

# Velferðin – áratugabarátta

Í áratugi hafa launþegar, samtök þeirra og stjórnmálaflokkar haft uppi áherslur um velferðarþjóðfélag í bestu merkingu þess. Hér ættu allir að geta lifað af við þau kjör og réttindi sem okkur væru tryggð. Lágmarkslaun á vinnumarkaði og lágmarksbætur Tryggingastofnunar ríkisins (T. R.) til eldri borgara og öryrkja ásamt lífeyrissjóðakerfinu eða atvinnuleysisbótasjóði ættu að tryggja framfærslu, til mannsæmandi lífs. Sem forystumaður stéttarfélags og Landssambands yfirmanna (F.F.S.Í.) og sem formaður Frjálslynda flokksins og alþingismaður hef ég haft þá skoðun að tryggja öllum þau kjör að geta lifað af án fátæktar eða vöntunar nauðþurfta. Að hjúkrun fólks, öldrunarþjónusta og önnur vistunarúrræði stæðu öllum til boða.

**Stétt með stétt**

Hverri starfsstétt ber skylda að starfa með öðrum starfsstéttum þessa þjóðfélags, að tryggja þau lágmarkskjör og velferðarþjónustu sem gerð var grein fyrir í upphafi þessarar áramótagreinar. Frjálslyndi flokkurinn hefur þá stefnu að lágmarkskjör eigi að duga til þess að lifa mannsæmandi lífi og tryggja velferð.

• Bætur almannatrygginga fylgi almennri launavísitölu og nægi til framfærslu.

• Skerðing tryggingagreiðslna verði lækkuð og afnumin með öllu á tekjur og lífeyrisgreiðslur undir 50 þúsund krónum á mánuði.

• Lífeyrissjóðstekjur séu skattlagðar sem fjármagnstekjur. Afsláttur af fasteignagjöldum aukist með lækkandi tekjum.

• Lífskjör fatlaðra verði bætt, dregið verði úr skerðingu bóta vegna atvinnuþátttöku og lífeyrisgreiðslur skerði ekki örorkubætur.

• Afnema skal tekjutengingu við laun maka.

• Lækka þarf húsnæðiskostnað öryrkja og fatlaðra.

Það eru rauntekjur eftir skattgreiðslur til ríkis og sveitarfélaga sem skipta þá sem minnst hafa sér til framfærslu mestu máli. Það er ekki nóg að hækka lægstu laun og bætur T.R. ef skattastefna ríkisstjórnar verður síðan til þess að láglaunafólk og bótaþegar eru að greiða skatta af brúttótekjum sem ekki nægja fólki til lágmarksframfærslu og nauðþurfta.



**Skattastefna Sjálfstæðis og Framsóknar**

Það er sorglegt að líta yfir vegferð ríkisstjórnarinnar í skattamálum einstaklinga sl. 12 ár. Misskipting í launum hefur aukist sem aldrei fyrr og margir hafa tugi milljóna eða hundruði í árslaun. Ríkisstjórnin eykur á misvægið með forgang á að afnema hátekjuskattinn og lækka sérstaklega skatta þeirra sem hæstar tekjur höfðu. Frekar átti að hækka tekjuviðmið og hafa áfram skatt á háar og mjög háar ofurtekjur. Persónuafsláttur var látinn sitja eftir og hafa minna vægi til hækkunar skattleysismarka sem leiddi til þess að skattgreiðendur með lágar tekjur eru beinir tekjuskattsgreiðendur. Þetta kallaði fjármálaráðherra að breikka skattstofninn.

Frjálslyndi flokkurinn lagði til fyrir alþingiskosningar 2003 að í stað stefnu ríkisstjórnarinnar yrði þeim 16 milljörðum króna sem átti að verja í 4% flata lækkun tekjuskatts á einstaklinga varið öllum í hækkun persónuafsláttar. Það hefði hækkað skattleysismörk í um 110.000 kr. Hagur lágtekju- og millitekjufólks hefði batnað en þeir sem hæstar hefðu tekjur greiddu meira. Stjórnarandstaðan lagði til í haust að persónuafsláttur yrði hækkaður sem næmi báðum þeim 2% sem taka áttu gildi 1. janúar nk. Allar tillögur frá stjórnarandstöðu um velferðarmál aldraðra og öryrkja sem og hækkun persónuafsláttar voru felldar á haustþinginu.

Lækkun virðisaukaskatts á matvöru og aðrar aðgerðir til lækkunar matarverðs eiga síðan að koma til framkvæmda í mars 2007. Að sjálfsögðu kosningamál sem ríkisstjórnin leggur með sér. Það verður annarra að fylgja þeirri stefnu eftir. Tímabært er að skipta um ríkisstjórn að vori.

**Herlaust land**

Einn merkasti atburður innanlands á árinu var að bandaríska setuliðið fór af landi brott. Aðdragandinn var sérstakur og kom ríkisstjórninni á óvart. Það er ánægjuefni að hér skuli ekki vera vopnum búinn her á friðartímum. Að Bandaríkin færu með sín tæki, tól og mannskap átti öllum að vera ljóst og vinátta Davíðs og Bush breytti því ekki. Hörmungarástand er í Írak þar sem nú er borgarastríð og ömurlegt að tveir fyrrum forystumenn okkar þjóðar skuldu játast undir þau vígaferli sem skila heimsbyggðinni vaxandi hatri milli þjóða og trúarbragða.

Við bentum árið 2004 á að nauðsyn væri að leita samstarfs við norrænar þjóðir um eftirlit og varnir Norðurhafa. Nú eiga sér stað slíkar viðræður sem vonandi leiða til aukinnar samvinnu. Sýnum frumkvæði að því að ræða við rússneska ráðamenn um samskipti og eftirlit Norðurhafa. Veröldin er mikið breytt frá dögum kalda stríðsins, aukin samvinna þjóða á fjölmörgum sviðum og friðarvilji verður að vera leiðarljós nýrrar og friðvænlegrar framtíðar.

**Landið, miðin og víðerni**

Við deilum um nýtingu okkar á náttúruauðlindum til lands og sjávar, þar er engin sátt á orðin. Vont kvótakerfi fiskveiða hefur ekki náð þeim markmiðum sem að var stefnt. Lögin áttu að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu og byggja upp fiskistofnana. Einkum okkar aðalnytjastofn, þorskstofninn. Kvótabraskleigukerfið arðrænir bæði sjómenn og sjávarbyggðir, kvótalitlar útgerðir og fiskvinnslur. Það sóar verðmætum, það vita allir þeir sem fiskveiðar stunda.

Þeir stóru verða stærri í kerfinu og atvinnuréttur byggðanna safnast á færri hendur. Fólki fækkar í sjávarbyggðunum og allir leita með logandi ljósi að atvinnutækifærum sem gætu orðið tryggari en braskið með atvinnurétt sjávarbyggðanna. Faðir kvótans, Halldór Ásgrímsson, réði Valgerði Sverrisdóttur sem falið var verkefnið iðnvæðing byggðanna, þ.e. stóriðja, einkum álver. Það þarf engan að undra þó öllu sé vel tekið sem viðbót í atvinnu, þar með stóriðju í byggðum sem standa veikt. Forsvarsmenn byggða vilja nýta þá orku sem svæðið býður upp á. Álver af hæfilegri stærð, að því gefnu að orku megi nýta án verulegs skaða á náttúru, er vissulega nothæfur kostur til atvinnusköpunar. Rekstur Norðuráls í Hvalfirði sýndi góðan rekstur þó framleiðsla sé undir 150-200 þúsund tonn á ári. Stjórnvöld verða að hafa stefnu og óþarft að stofna til risaálvera í hverri vík. Reynsla okkar m.a. af Kárahnjúkavirkjun ætti að kenna okkur vandaðri umgengni við náttúruna í framtíðinni.

**Innflytjendur**

Erlendu fólki fjölgaði ört á Íslandi undanfarin misseri. Frjálslyndi flokkurinn vill að fólki af erlendu bergi brotið sem flyst hingað til lands, verði gert kleift að finna sér hlutverk og aðlagast íslensku samfélagi. Innfluttu fólki verði sýnd full virðing og tryggð mannréttindi.

Málefni erlendra ríkisborgara á Íslandi eru nú í ólestri. Fólk býr í atvinnuhúsnæði, skráning og eftirlit er gloppótt. Brotið er á réttindum fólks, íslenskukennsla er af skornum skammti o.s.frv. Mikið innstreymi er af fólki hingað og aldrei meira en síðustu mánuði. Erlendir starfsmenn nálgast nú óðfluga 20.000. Það eru um 13% af íslensku vinnuafli. Við upplifum nú aðstæður sem aldrei hafa komið upp áður þar sem mikill fjöldi erlends fólks mun keppa við Íslendinga um vinnu.

Stjórnvöld áttu að bregðast betur við þeim miklu þjóðfélagslegu áskorunum sem felast í stórauknu streymi erlends vinnuafls hingað sem varð þegar frjáls för launafólks frá nýjum aðildarríkjum ESB varð að lögum 1. maí sl. Frjálst flæði erlends vinnuafls á vinnumarkaðinn getur leitt til lækkunar launa. Staða þess starfsfólks sem þegar er komið til landsins verði könnuð, fjölskylduhagir og áform þeirra um framtíðarbúsetu á Íslandi. Þannig má spá fyrir um t.d. fjölgun skólabarna, þörf á kennslu í íslensku og annarri aðlögun.

Eftirlit og takmörkun væri einfaldari ef Ísland hefði nýtt sér fyrirvara sem mögulegur var vorið 2006. Við viljum reyna að takmarka á ný frjálst flæði launafólks frá nýjum ríkjum EES og tryggja þá hagsmuni bæði þeirra útlendinga sem hingað vilja koma og þeirra sem eru hér fyrir. Ekki er verið að tala um að loka landinu eða reka fólk á brott, heldur eingöngu lögð áhersla á að sökum smæðar þjóðarinnar er það okkur Íslendingum nauðsynlegt að stýra sjálfir flæði erlendra nýbúa til landsins.

Ég þakka landsmönnum stuðning við Frjálslynda flokkinn og óska öllum gæfuríks komandi árs.




- Áskrifendur EVE Online fóru yfir 150.000
- Starfsmenn CCP urðu tæplega 200 talsins
- CCP opnaði skrifstofur í Bandaríkjunum og Kína
- Það var gaman að vera tölvunörd ;)

Hin einstaka blanda af íslensku hugviti, metnaði og vinnugleði er auðlind framtíðarinnar sem við höfum verið svo farsæl að geta nýtt okkur.

Við óskum starfsfólki okkar og landsmönnum öllum farsældar á komandi ári og þökkum ómældan stuðning á árinu sem er að líða.

Kveðjur frá rafgeimum,
CCP

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar**

# Til móts við nýja tíma

Árið 2007 ber með sér vonir og væntingar um nýja tíma. Það liggur í loftinu að nú sé kominn tími til að breyta. Þessi áramót marka upphaf kosningaárs og síðasta kjörtímabil ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er senn á enda. Sú stjórn hefur lokið hlutverki sínu. Eftir kosningarnar í vor er tækifæri til að mynda nýja ríkisstjórn. Ég er sannfærð um að flestir vilja frjálslynda jafnaðarstjórn. Hún verður ekki til án Samfylkingarinnar.

## Þjóðin á betra skilið

Alvarleg mistök og röng forgangsröðun hafa einkennt þetta kjörtímabil. Siðferðisbrestur stjórnvalda í Íraksmálinu er óuppgerður, gömul hleranamál fást ekki upplýst, varnarviðræðurnar voru klúður frá upphafi til enda, valdi hefur verið misbeitt, hagstjórn setið á hakanum, átök við lífeyrisþega hafa verið árviss atburður, skattbyrði hefur þyngst hjá þorra fólks og misskipting auðs og tekna hefur aukist meira en í flestum öðrum löndum.

Hagstjórnarmistök hafa valdið miklum sveiflum í efnahagslífinu og flóttinn frá krónunni hefur sett svip sinn á nýliðið ár. Allir sem einhvers mega sín s.s. stórfyrirtæki og efnamenn taka sín lán í evrum eða öðrum erlendum myntum á hóflegum vöxtum. Eftir situr íslenskur almenningur með krónulán – ýmist vísitölutryggð eða á okurvöxtum. Höfuðstóll húsnæðislána hækkar ár frá ári vegna verðbólgunnar þó stöðugt sé greitt af lánunum. Þessi kostnaður vegna hagstjórnarmistaka mun fylgja húsnæðiskaupendum inn í framtíðina.

Einstaklingar og smáfyrirtæki sem ná ekki endum saman um mánaðarmót greiða þó hæsta reikninginn. Í nóvember sl. námu yfirdráttarlán til fyrirtækja um 112 milljörðum og til heimila 70 milljörðum. Af þessum lánum eru nú greiddir 21-23% okurvextir sem þýðir að vaxtabyrði fyrirtækjanna er um 24 milljarðar og heimilanna um 14 milljarðar. Ég fullyrði að það er engin betri kjarabót til fyrir íslenskan almenning en að losna undan verðtryggingu og því vaxtaokri sem fylgir íslensku krónunni. Raunvextir á evrusvæðinu eru 1.2-2.2%. Lægra skatthlutfall í tekjuskatti og virðisaukaskatti er hjóm eitt í þeim samanburði.

Þeir sem hafna allri umræðu um aðild að Evrópusambandinu verða að svara því af hverju íslenskur almenningur á að greiða fórnarkostnaðinn af því að halda hér uppi sjálfstæðri mynt.

## Erindi nýrrar ríkisstjórnar

Mikil verkefni bíða nýrrar ríkisstjórnar á sviði velferðarmála. Mikilvægast er að leysa vanda allra þeirra öldruðu hjúkrunarsjúklinga sem fá enga úrlausn eða þurfa að deila herbergi með öðrum á hjúkrunarheimilum. Þetta er vanvirðing við þá kynslóð sem byggði upp íslenskt velferðarsamfélag. Verkefnið þolir enga bið.

Hnattvæðingin hefur birst okkur Íslendingum með afgerandi hætti. Annars vegar með mikilli útrás íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði og hins vegar með verulegri fjölgun erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði. Hvort tveggja hefur stuðlað að verðmætasköpun og bætt lífskjör Íslendinga.

Hnattvæðingin er staðreynd og felur í sér ótal tækifæri fyrir íslenska þjóð ef við tökum skynsamlega á málum. Hún gerir hins vegar kröfur til þess að við fjárfestum umtalsvert í grunngerð samfélagsins – ekki síst samgöngum og menntun – og komum á því jafnvægi í atvinnu- og efnahagsmálum sem getur rennt stoðum undir atvinnulíf framtíðarinnar, hátækni og aðrar þekkingargreinar.

Félagsleg undirboð á vinnumarkaði og þ.a.l. lakari lífskjör geta fylgt auknu aðstreymi vinnuafls en raunhæfasta leiðin til að takast á við það er að tryggja innflytjendum og innfæddum sömu réttindi á vinnumarkaði og sömu laun fyrir sömu vinnu.

Íslenskt samfélag er ekki komið inn í 21. öldina í samgöngumálum. Þrátt fyrir stóraukna umferð á vegum landsins og 40% hækkun skatttekna ríkissjóðs af ökutækjum landsmanna hafa framlög til vegamála dregist saman um fjórðung á kjörtímabilinu. Mörg svæði á landsbyggðinni búa við skerta grunnþjónustu vegna skorts á samgöngum og öryggi á vegum úti er verulega ábótavant. Ný ríkisstjórn þarf að hefja stórsókn í vegamálum, svo jafna megi aðstöðu landsmanna óháð búsetu.



Vel menntað fólk er mikilvægasta auðlind hverrar þjóðar. Ísland á að vera í fremstu röð og verður þ.a.l. að fjárfesta skynsamlega í menntun til að mæta þörfum nýrra tíma. Samfylkingin hefur sett fram tillögur í menntamálum sem byggjast á þeirri grundvallarhugsun að allir geti lært og eigi að fá tækifæri til þess. Tillögurnar fela í sér átak gegn brottfalli, nýtt tækifæri fyrir fólk með litla formlega menntun, aukið frelsi í rekstri og námsframboði framhaldsskólanna, öflugra háskólastig og markvissan stuðning við rannsóknar- og þróunarstarf.

Síðast en ekki síst þarf þjóðin ríkisstjórn sem getur stuðlað að breiðri sátt um náttúruvernd og orkunýtingu. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa dregið taum stóriðju allan síðasta áratug og þeim er einfaldlega ekki treystandi til að skapa sátt milli andstæðra sjónarmiða í þessu mikilvæga hagsmunamáli okkar og komandi kynslóða. Samfylkingin tókst á við þetta erfiða verkefni og er eini flokkurinn sem hefur sett fram raunhæfar tillögur til sátta. Sú skýra stefna sem birtist í Fagra Íslandi er vegvísirinn sem við þurfum. Þar er lagt til að lokið verði gerð rammaáætlunar um náttúruvernd sem myndi tryggja að í fyrsta sinn lægju fyrir lykilupplýsingar um verðmæt náttúrusvæði í landinu, svo forða megi því að teknar séu ákvarðanir um að fórna fágætum náttúruperlum á grundvelli vanþekkingar.

## Breytingar í vor

Samfylkingin gengur bjartsýn til kosninga í vor vegna þess að hún hefur unnið heimavinnuna sína. Við höfum lausnir á þeim vandamálum sem blasa við. Við höfum skýra framtíðarsýn fyrir íslenskt samfélag með hugsjónir jafnaðarstefnunnar um frelsi, jafnrétti og samábyrgð að leiðarljósi. Við erum tilbúin að leiða nýja ríkisstjórn sem tekst á við krefjandi verkefni af ábyrgð og stjórnfestu

Við skynjum að kjósendur kalla á breytingar og nýjar lausnir. Við erum tilbúin!

Ég óska landsmönnum öllum árs og friðar, þakka samfylgdina á liðnu ári og hlakka til samstarfsins á því ári sem nú fer í hönd.

**Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokks**

# Róttækar umbætur

Ágætu landsmenn. Enn nálgast áramót og þá er tími til að skyggnast yfir árið sem er að hverfa og reyna að sjá inn í næstu framtíð. Það sem blasir við á Íslandi um þessar mundir er ótrúleg gróska í menningarlífi, listsköpun, hönnun, rannsóknum og menntun. Þessi gróska sýnir kraft og þor þjóðarinnar og um leið heilbrigðan og sterkan þjóðarmetnað.

Hið sama blasir við þegar litast er um á vettvangi viðskiptalífsins og atvinnulífsins. Í landinu er mikil velmegun og rífandi atvinna fyrir allar fúsar hendur og hugi. Við höfum ekki komist hjá að sjá vaxandi misskiptingu auðs og tekna, enda þótt þeir tekjulægstu hafi reyndar líka fengið miklar kjarabætur á síðustu árum. Til þess að mæta þessu þarf þjóðin að stefna að meira jafnvægi og varanlegum stöðugleika í hagþróuninni.

Og þetta hefur einmitt verið að gerast á síðara hluta ársins, eftir að aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þessa veru tóku að móta efnahagsframvinduna. Verðbólguhitinn er að hjaðna og þannig næst góð viðspyrna til umbóta.

Á árinu sem er að líða náði þjóðin þeim árangri undir forystu ríkisstjórnarinnar að gerðir voru víðtækir samningar við samtök aldraðra annars vegar og hins vegar við samtök á vinnumarkaði. Þessir samningar munu hafa mikil áhrif á samfélagsþróunina á næstu árum. Mjög róttækar umbætur hafa á þessum grundvelli verið gerðar á bóta- og velferðarkerfum landsmanna, og er þess að vænta að allur almenningur verði þessa var þegar kemur fram yfir áramótin.

Framundan á komandi ári eru síðan verulegar verðlækkanir á matvöru sem munu nýtast öllum almenningi sem veruleg kjarabót. Þessar kjarabætur allar nýtast vissulega öllum á einn og annan hátt, en umfram allt koma þessar umbætur þeim til góða sem minnst hafa og mest eru þurfandi.

Á árinu sem er að líða urðu miklar umræður og deilur um iðnaðarmál og raforkuvirkjanir á hálendinu. Sl. haust lagði auðlindalaganefnd alþingis og ríkisstjórnarinnar fram skýrslu sem boðar þjóðarsátt um þessi mikilvægu mál. Þar er bent á leiðir til þess að undirbúa og móta á næstu þremur árum heildaráætlun sem feli í senn í sér yfirlit um hugsanlega nýtingarkosti og nýtingarsvæði í landinu og einnig um þá staði og svæði sem ekki er talið koma til greina að raska af umhverfisástæðum.

Þess er að vænta að Alþingi afgreiði á vorþinginu lög um þessi mikilvægu mál. Öll viljum við sýna landinu okkar ást okkar og virðingu í verki, og með þessari væntanlegu löggjöf verða kaflaskil á þessu sviði. Á næsta vori verða einnig þau tímamót í stórframkvæmdunum á Austurlandi að framleiðsla hefst og fer að skila allri þjóðinni arði. Eru allar ástæður til að fagna þeim áfanga fyrir hönd allra landsmanna.

Mikilvægasta umbótasviðið til lengri tíma litið er framþróun þekkingarsamfélagsins og efling menntastofnana, rannsókna, tækniþróunar og vísinda. Þarna er vaxtarbroddur gróandi þjóðlífs í framtíðinni með fjölgandi og batnandi lífstækifæri fyrir komandi kynslóðir. Í þessu er mikilvægt að tryggja að engir samfélagshópar verði út undan og að allar byggðir í landinu njóti ávaxta af framþróuninni.

Allmörg mál sem snerta menningarmál og menntun verða á næstunni til umfjöllunar alþingis og stjórnvaldanna. Má þar nefna



málefni Nýsköpunarmiðstöðvar, Vísinda- og nýsköpunarráðs og fleiri.

Á árinu sem senn lýkur urðu miklar breytingar á ríkisstjórn Íslands. Margháttaðar breytingar hafa orðið á vettvangi stjórnmálanna. Og þess er að minnast að Framsóknarflokkurinn varð níutíu ára hinn 16. desember sl. en flokkurinn er elsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar. Við þetta tækifæri komu framsóknarmenn saman víða um landið og treystu samhug og flokksvitund til vasklegra átaka á komandi mánuðum.

Allt frá upphafi hefur Framsóknarflokkurinn verið framfarasinnaður umbótaflokkur svo sem uppruni hans og stefnuyfirlýsingar bera með sér. Þetta felur í sér að flokkurinn er fordómalaus um úrlausnir aðsteðjandi vandamála á hverjum tíma. Hann vill beita aðferðum þekkingar og vísinda til að ryðja framþróuninni braut á grundvelli þeirra þjóðfélagslegu gilda sem stefna hans byggist á. Hann hefur í starfi sínu lagt höfuðáherslu á að hver kynslóð leitist við að skila þeirri næstu betra þjóðfélagi en hún tók við, betra lífi, fleiri tækfærum og ríkari menningu, þjóðfélagi þar sem manngildið er metið meira en auðgildi og vinnan, þekkingin og framtakið látið vega meira en auðdýrkun og auðsöfnun.

Framsóknarmenn hafa mikilvægan málstað að verja og sækja. Við eigum mjög brýnt erindi við þjóðina og flokkurinn okkar styrkist með hverri nýrri kynslóð og tekur sér stöðu fremst í fylkingarbrjósti. Á komandi mánuðum mun reyna á kraftinn og áræðið mun sannast.

Ágætu landar. Kærar þakkir fyrir kynni og samstarf. Og hugheilar óskir um farsælt nýtt ár.

*á leyndum stað*
*í heiminum er*
*stórt demantsfj* **A** *ll – á hundrað ára*
*fresti kemur lítill fugl*
*og brýnir gogginn á*
*toppi fjallsins í andartak*
*– þegar fjallið er*
*niðursorfið er liðið*
*eitt augnablik*
*af eilífðinni*

# Stafir

## – samruni tveggja lífeyrissjóða

### Sjóðfélagar fá 5,7 milljarða króna í réttindaaukningu*

**Stafir lífeyrissjóður** varð til við samruna **Samvinnulífeyrissjóðsins** og **Lífeyrissjóðsins Lífiðnar**. **Stafir lífeyrissjóður** er afar öflugur sjóður með yfir 50.000 sjóðfélaga og heildareignir yfir 70 milljarða króna. Hann er því meðal stærstu lífeyrissjóða landsins. Nafn sjóðsins, Stafir, vísar til stuðnings, styrks og birtu auk grundvallareininga ritmálsins.

**Stafir lífeyrissjóður** starfrækir bæði sameignarsjóð og séreignarsjóð. Séreignarsjóðurinn tekur við viðbótarlífeyrissparnaði og er hægt að ávaxta hann í ýmsum sparnaðarleiðum hjá sjóðnum. Nánari upplýsingar fást á **www.stafir.is**

*5,7 milljarðar króna er upphæð umframeignar sem deilt er út til sjóðfélaga í hlutfalli við rétt þeirra til aukningarinnar.

STAFIR
LÍFEYRISSJÓÐUR

Stórhöfði 31 • 110 Reykjavík
www.stafir.is

**Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins**

# Einbeitt áfram til árangurs

Viðburðarríkt ár er að baki. Glæstir sigrar, vonbrigði, tækifæri, gleði og sorg – allt þetta hafa landsmenn upplifað með einhverjum hætti á árinu 2006. Þannig er lífið í öllum sínum fjölbreytileika og enginn stöðvar tímans þunga nið. Árið 2007 heilsar brátt með öllum þeim viðfangsefnum og áskorunum sem fylgja nýju ári. Ég vona að það verði okkur öllum farsælt.

Stjórnmálin hafa verið einkar fjörleg þetta árið, sveitarstjórnarkosningar á liðnu vori, breytingar í ríkisstjórn í sumar í kjölfar þess að Halldór Ásgrímsson ákvað að hverfa af vettvangi stjórnmálanna og síðan prófkjör flokkanna nú í haust til undirbúnings fyrir komandi alþingiskosningar. Þingkosningarnar í maí og aðdragandi þeirra mun án efa tryggja framhald líflegrar þjóðmálaumræðu.

Sumir halda að stjórnmál séu aðeins linnulaust karp um dægurmál, keppni í ræðumennsku þar sem sá vinnur sem talar hæst og mest fer fyrir. Þannig kann það raunar að virðast þeim fáu sem aðeins fylgjast með skvaldurþáttum fjölmiðla og bloggsíðum stjórnmálamanna eða misjafnlega spakviturra álitsgjafa. En stjórnmálin snúast auðvitað um annað og meira. Stjórnmálabaráttan er tæki til að þróa samfélagið áfram til betri vegar í þágu borgaranna allra. Það eru forréttindi að fá að taka þátt í þeirri vegferð.

Við Íslendingar erum lánsöm þjóð. Við búum í samfélagi þar sem vandamálin eru í raun flest smávægileg miðað við vanda ýmissa annarra þjóða. Vandamál okkar er flest hægt að líta á sem viðfangsefni til úrlausnar þar sem ágreiningur er fyrst og fremst um leiðir en ekki markmið. Athyglisvert er að nú er helst deilt í stjórnmálum á Íslandi um túlkun á tölum og samanburð milli manna – og milli þjóða. Íslenskt efnahagslíf hefur á skömmum tíma tekið algjörum stakkaskiptum og er nú fyllilega samkeppnisfært við þau lönd sem við viljum helst bera okkur saman við. Íslensk fyrirtæki láta til sín taka á sviðum sem óhugsandi hefði verið fyrir nokkrum árum að þau væru þátttakendur í og þeim vex ásmegin, að því er virðist, með degi hverjum. Við viljum gera fyrirtækjunum kleift að halda áfram á þessari braut því það er í atvinnustarfseminni sem þau verðmæti skapast sem þjóðin lifir af.



Í pólitískri umræðu er málum gjarnan skipt í flokka og vísað til þeirra sem harðra eða mjúkra. Velferðar- og fjölskyldumál falla þá jafnan í mjúka flokkinn en efnahags- og skattamál í hinn, svo dæmi séu tekin. Þetta er hins vegar ekki svona einfalt því mjúku og hörðu málin skarast. Efnahagsstaða þjóðarbúsins á hverjum tíma hefur þannig bein áhrif á afkomu fjölskyldnanna í landinu og sama er að segja um skattana. Ef þjóðarframleiðsan dregst saman fækkar atvinnutækifærum sem og möguleikum manna til að auka tekjur sínar. Ef verðbólga eykst og vextir hækka aukast útgjöld fjölskyldunnar. Þar með minnkar svigrúmið og erfiðara getur reynst að láta enda ná saman.

Öruggur hagvöxtur, lítil verðbólga og efnahagslegur stöðugleiki eykur hins vegar tækifæri fjölskyldunnar til að njóta lífsins í víðasta skilningi. Trygg atvinna og næg atvinnutækifæri eru undirstaða öryggis og hagsældar hverrar fjölskyldu. Öflugur kaupmáttur launatekna gefur fólki jafnframt tækifæri til að draga úr vinnuframlagi sínu og njóta betra jafnvægis vinnu og einkalífs. Jafnvægi og hagsæld í efnahagsmálum tryggir líka stöðugar tekjur ríkisins sem er undirstaða velferðarþjóðfélagsins og þess að unnt sé að veita sjúkum, öldruðum og öryrkjum þann stuðning sem þeir þurfa á að halda. Þess vegna er það eitt mikilvægasta verkefni stjórnmálanna á hverjum tíma að tryggja trausta efnahagslega undirstöðu.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur alla tíð lagt á það áherslu að skapa einstaklingunum frjótt umhverfi til athafna og framkvæmda. Síðastliðin tæp sextán ár hefur áhersla verið lögð á að lækka skatta, einfalda ríkisreksturinn og auka frelsi og samkeppni á öllum sviðum. Ég tel gríðarlega mikilvægt að við höldum einbeitt áfram þennan veg til árangurs. Með því að einfalda regluverk atvinnulífsins enn frekar og halda áfram að lækka opinberar álögur sköpum við skilyrði fyrir kröftugu atvinnulífi. Þannig styðjum við best frumkvöðla og nýsköpun um leið og við eflum þá atvinnustarfsemi sem fyrir er.

Í stjórnmálum eru viðfangsefnin síbreytileg. Dægurmál líðandi stundar munu hverfa en ný viðfangsefni koma stöðugt til sögunnar. Þannig er lýðræðið í verki og þannig færum við þjóðfélagið stöðugt fram á við. Við Íslendingar búum einnig við forréttindi að þessu leyti – okkar vandamál eru úrlausnarefni – og við stefnum öll að sama markinu, að gera okkar góða þjóðfélag enn betra. Þó er góður vilji ekki nægilegur til að ná settu marki. Það þarf líka að fara réttu leiðirnar.

Við sem höfum verið í forsvari í ríkisstjórn umliðin ár getum litið stolt yfir árangur nýliðinna ára, þótt verkefninu ljúki að sönnu aldrei. Við göngum til okkar verka af sama krafti og áður, staðráðin í því að halda áfram að gera okkar besta. Stjórnarandstaðan hefur að sama skapi það lýðræðislega hlutverk að gagnrýna og veita stjórnvöldum aðhald. Það er mikilvægt hlutverk og nauðsynlegt að því sé ávallt sinnt af ábyrgð.

Við áramót er siður að líta yfir farinn veg en búa sig jafnframt undir áskoranir framtíðarinnar. Hvað hefur áunnist og hvert ber að stefna? Hátt, segi ég, hátt ber að stefna – enn hærra en áður.

Ég þakka landsmönnum samfylgdina á liðnum árum og óska lesendum öllum velfarnaðar á komandi ári.





**Líf, heilsa, umhverfi, eignir**

Markmið Brunamálastofnunar og slökkviliðanna er að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi. Brunamálastofnun vinnur fyrir stjórnvöld, slökkvilið, almenning og aðra hagsmunaaðila að ráðgjöf, eftirliti og umbótum á sviði brunavarna.



Brunamálastofnun

Skúlagata 21
101 Reykjavík
Sími 591 6000
Fax 591 6001
brunamal@brunamal.is
www.brunamal.is

GARÐAR GUÐJÓNSSON / MÁTTURINN & DÝRÐIN 12.04

# KB banki heitir nú Kaupþing

*Starfsfólk Kaupþings óskar landsmönnum árs og friðar!*

KAUPÞING



Guðbjörg Jakobsdóttir starfar nú hjá Kaupþingi.
Valtýr Guðmundsson starfar nú hjá Kaupþingi.
Steinunn Ragna Hjartardóttir starfar nú hjá Kaupþingi.
Einar Pálsson starfar nú hjá Kaupþingi.
Guðrún R. Kristinsdóttir starfar nú hjá Kaupþingi.
María Elín Guðbrandsdóttir starfar nú hjá Kaupþingi.
Unnur Melsteð starfar nú hjá Kaupþingi.
Jón Emil Magnússon starfar nú hjá Kaupþingi.
Haukur Þór Hauksson starfar nú hjá Kaupþingi.
Björn Sigurðsson starfar nú hjá Kaupþingi.
Hafdís Hansdóttir starfar nú hjá Kaupþingi.
Elísabet Árnadóttir starfar nú hjá Kaupþingi.
Anna Kristín Kristjánsdóttir starfar nú hjá Kaupþingi.
Inga Lís Hauksdóttir starfar nú hjá Kaupþingi.
Björn Björnsson starfar nú hjá Kaupþingi.
Þórhalla Karlsdóttir starfar nú hjá Kaupþingi.
ENNEMM / SÍA / NM25281



Bergþóra P. Björnsdóttir starfar nú hjá Kaupþingi.
Bryndís Jónatansdóttir starfar nú hjá Kaupþingi.
Jóhann B. Garðarsson starfar nú hjá Kaupþingi.
Jón L. Árnason starfar nú hjá Kaupþingi.
Árni K. Jónsson starfar nú hjá Kaupþingi.
Árni Gunnarsson starfar nú hjá Kaupþingi.
Rósa Jennadóttir starfar nú hjá Kaupþingi.
Helga R. Thoroddsen starfar nú hjá Kaupþingi.
Júlía Rós Júlíusdóttir starfar nú hjá Kaupþingi.
Jón G. Sæmundsen starfar nú hjá Kaupþingi ásamt 1.276 öðrum.
Auðunn Steinn Sigurðsson starfar nú hjá Kaupþingi.
Elín Stefánsdóttir starfar nú hjá Kaupþingi.
Jónas Guðmundsson starfar nú hjá Kaupþingi.
Christian Staub starfar nú hjá Kaupþingi.
Birgir R. Rafnsson starfar nú hjá Kaupþingi.



**GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON ER 49 ÁRA Í DAG**

*Gaspur er hvimleiður fylgifiskur hins opna samfélags.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 31. DESEMBER 1879

## *Edison sýnir ljósaperuna*



Þennan dag árið 1879 sýndi Thomas Alva Edison tækninýjung sem olli byltingu í heiminum: Ljósaperuna. Reyndar hafði mönnum tekist að búa til ljósaperur 40 árum fyrr en pera Edisons var sú fyrsta sem logaði á lengur en örskotsstund. Hann tók upp á því að nota glóþráð úr kolum, sem dugði a.m.k. í nokkra klukkutíma. Uppfinningin vakti geysimikla athygli almennings. Edison var sjálfmenntaður og eiginlega birtingarmynd ameríska draumsins. Hann var heyrnarsljór og það átti nokkurn þátt í því hvaða stefnu líf hans tók. Hann varð ritsímavörður 16 ára og hóf strax að endurbæta þá tækni. Tuttugu og tveggja ára gamall helgaði hann sig uppfinningum og sjö árum seinna setti hann upp rannsóknarstofu sína í Menlo Park í New Jersey. Það var þar, árið 1877, sem hann datt niður á uppfinningu sem líka breytti heiminum: Grammófóninn. Ljósaperan sem kom tveimur árum seinna er enn í notkun, þótt efnið í glóþræðinum sé annað en Edison notaði og raunar átti rafmagnið hug hans allan seinni hluta ævinnar. Hann hannaði og setti upp fyrsta dreifikerfi rafmagns sem unnt er að kalla því nafni. Edison fékk samtals 1.093 einkaleyfi um ævina. Hann dó 1931.

## MERKISATBURÐIR

**1600** Elísabet Englandsdrottning veitir Austur-Indíafélaginu einkarétt til verslunar við nokkur Asíulönd.

**1791** Fyrsta áramótabrennan sem sögur fara af hérlendis, við Hólavallaskóla.

**1909** Ein glæsilegasta brú New York-borgar, Manhattanbrúin opnuð fyrir umferð.

**1914** Seinasta gamlárskvöld á Íslandi fyrir vínbann, sem gekk í gildi á miðnætti.

**1941** Bandaríkin banna króm á bílum. Sárafáir bílar til einkanota voru framleiddir allt til stríðsloka.

**1965** Ólafur Thors deyr í Reykjavík, 72 ára að aldri.

**1968** Rússar reyna nýja hljóðfráa farþegaþotu, Tupolev 144. Aðeins 100 voru teknar í almenna notkun.



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Sigmundsdóttir**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi að morgni 23. desember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 3. janúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.

**Ásgeir J. Guðmundsson**
**Sigmundur Ásgeirsson** **Kristín Ottesen**
**Guðmundur Ásgeirsson** **Helga Ólafsdóttir**
**Þóra Ásgeirsdóttir** **Þorvaldur Gíslason**
**Ásgeir J. Ásgeirsson** **Berglind Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Móðir mín, amma og langamma,*

**Kristjana Ragnheiður Ágústsdóttir**

frá Búðardal,

sem andaðist á Landspítala - háskólasjúkrahúsi föstudaginn 23. desember, sl. verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju 2. janúar nk. kl. 13.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Elísabet Magnúsdóttir, Íris Hrund Grettisdóttir, Magnús Þór Guðmundsson.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.



**EIRÍKUR KARLSSON** Var nýgenginn í Hjálparsveit skáta í Reykjavík þegar hún hóf sölu flugelda og hefur komið að sölunni alla tíð síðan.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

EIRÍKUR KARLSSON: HEFUR KOMIÐ AÐ FLUGELDASÖLU HSSR Í 38 ÁR

# Renndu blint í sjóinn

Hjálparsveit skáta í Reykjavík var fyrst hjálpar- og björgunarsveita á landinu til að hefja flugeldasölu. Eiríkur Karlsson var nýgenginn í hjálparsveitina þegar salan hófst árið 1968 og hefur komið að henni á hverju ári síðan. „Ég stóð við búðarborðið til að byrja með en hef svo komið að ýmsu öðru. Síðustu árin hefur hópurinn minn séð um auglýsingaskiltin,“ sagði Eiríkur.

Eiríkur segir hjálparsveitina hafa rennt nokkuð blint í sjóinn með flugeldasöluna til að byrja með. „Hjálparsveitin tók yfir rekstur Skátabúðarinnar þetta haust. Það var ákveðið að fara að selja flugelda og við byrjuðum af mikilli bjartstýni, að okkur fannst,“ sagði hann. „Þessu var stillt út í búðina, og svo sáum við það fljótlega að þetta myndi seljast upp,“ sagði Eiríkur. Leitað var logandi ljósi að fleiri flugeldum, en á þessum tíma voru flugeldaverksmiðjur á Akranesi og í Garðabæ. „Þetta endaði á því að það sem seldist ekki komst fyrir í einum skókassa,“ sagði Eiríkur.

Á þessum tíma segir Eiríkur það fyrst og fremst hafa verið verslanir á borð við Geysi, Ellingsen og Seglagerðina Ægi sem seldu flugelda. „Þær búðir voru allar að selja neyðarblys og rakettur fyrir skip og báta og voru þess vegna með tengslin sem til þurfti,“ sagði hann. Í dag eru hjálpar- og björgunarsveitir hins vegar ansi stór hluti af markaðnum. „Íþróttafélögin hafa líka verið með sölu í gegnum tíðina, og svo hafa ýmsir einkaaðilar skotið upp kollinum. Sumir hafa verið í stuttan tíma og aðrir hafa enst lengur og oft á tíðum verið mjög agressífir og að okkur finnst óbilgjarnir,“ sagði Eiríkur, en flugeldasalan er afar mikilvægur liður í fjáröflun hjálparsveitarinnar sem byggir rekstur sinn alfarið á sjálfsaflafé.

Eiríkur segir skotgleði landsmanna hafa tekið stakkaskiptum frá því að hann seldi fyrsta flugeldinn. „Eigum við ekki bara að segja að þetta sé eins og svart og hvítt,“ sagði hann og hló. „Ég veit ekki hvers konar mælikvarða maður ætti að nota á þetta, en ég myndi segja að þá hefðu flestir reynt að ná sér í eina rakettu, eitt blys og stjörnuljós fyrir börnin. Það voru fáir sem skutu miklu og engar tívolíbombur eða tertur til. Það voru bara rakettur með priki og stjörnuljós,“ sagði hann.

Flugeldasala Hjálparsveitar skáta stendur yfir til 16 í dag.

sunna@frettabladid.is


GOTT FÓLK McCANN




Njóttu listanna og styrktu gott málefni í leiðinni

Ljóð í sjóð er glæsilegt safn málverka og ljóða ásamt geisladiski með ljóðalestri og tónlist sem landslið íslenskra listamanna hafa gefið til styrktar MND félaginu, sjúklingum og aðstandendum þeirra. Listamenn hafa tekið höndum saman en nú er okkar að styrkja málefnið áfram. Bókin fæst á aðeins 3.000 krónur í Hagkaupum, Fjarðarkaupum, STUDIOos Rangárseli og á www.mnd.is

MND félagið styður við rannsóknir á taugasjúkdómnum MND sem og við þá sem fengið hafa sjúkdóminn og aðstandendur þeirra.

VIÐ VELJUM LÍFIÐ! FINNUM LÆKNINGU VIÐ MND www.mnd.is

Ljóð í sjóð



# Kraftmikil vetrardagskrá









## 8 vikna námskeið
**hefjast 8. janúar**

## KONUR ÁTAK

## KARLAR ÁTAK

## PEAK PILATES
- 1. og 2. stig
- **NÝBAKAÐAR MÆÐUR** með börnin með- sérhópur
- **ELDRI BORGARA**- sérhópur

## ROPE YOGA
- takmarkaður fjöldi

## JÓGA á meðgöngu
- takmarkaður fjöldi

## HERÞJÁLFUN
- Námskeið fyrir þá sem vilja meira en við hin

## CAPOEIRA *nýtt*
- Afrísk og brasilísk sjálfsvarnarlist

## 12 vikna námskeið
**hefjast 15. janúar**

## LÍKAMI FYRIR LÍFIÐ
- Fyrir konur
- **12 vikna námskeið** í World Class Laugum, Spöng og Húsi Orkuveitunnar. Bókin „Líkami fyrir lífið fyrir konur“ eftir Dr. Pamelu Peeke höfð til hliðsjónar.
- **Innifalið:** Hvatningarfyrirlestrar, næringarráðgjöf, kennsla á tæki, mælingar, aðhald, næringarfyrirlestur og heilsumappa. Bókin „Líkami fyrir lífið fyrir konur“ á sértilboði fyrir þátttakendur á námskeiðinu.

## SPORTSKÓLI WORLD CLASS
Íþróttaskóli fyrir börn frá tveggja til sex ára. Farið verður með börnunum í fjölbreytta og skemmtilega leiki þar sem hreyfigeta þeirra er örvuð. Þetta er frábært tækifæri fyrir börn til að fá holla hreyfingu, þroskast og dafna.

## DANSSTÚDÍÓ WORLD CLASS
Streetstyle, Jazz, Hip Hop, Freestyle og barnadansar.

**Skráning í Laugum í síma 553 0000 og Spönginni í síma 553 5000**

**Nú er hægt að ganga frá skráningu á öll námskeiðin á heimasíðu okkar www.worldclass.is**

**Ný og fjölbreytt stundaskrá tekur gildi 2. janúar sjá www.worldclass.is**

**Aðgangur að Laugardalslaug, tækjasölum og opnum tímum fylgir námskeiðum.**

World Class® ICELAND

Laugar s. 553 0000 - Spöngin s.553 5000 - Í húsi Orkuveitunnar s.562 6200

www.worldclass.is

» Sneisafullur helgarkafli í Fréttablaðinu frá blaðsíðu 28 til 59

# gamlársdagur




**LIFÐU AF PARTÍHÖLDIN**

*Hvernig á að losa líkamann við saltát og of mikið kampavín yfir hátíðirnar?* » 48



**TÍGULLAGA ÖLDUDALUR EYÞÓRS**

*Eyþór Arnalds horfir fram á veginn eftir dramatískt fall hans úr pólitíkinni.* » 32

**INNLENDAR FRÉTTAMYNDIR ÁRSINS 2006**



*Blaðaljósmyndarar Fréttablaðsins hafa valið þær myndir sem þeir telja helst lýsa fréttum ársins sem er að líða.* » 38



# GOÐSÖGN í lifanda lífi

**Magnús Þór Jónsson** er goðsögn í lifanda lífi og mýturnar um hann eru margar. Eftir áratuga feril í tónlist verður ekki annað sagt en að hann sé einn mesti tónlistarmaður sem Íslendingar eiga og einn mesti snillingur í textagerð þótt snilld hans sé umdeild. Megas er sérstök rödd í íslensku samfélagi, kímin og kaldhæðin, gagnrýnin og hvöss. Megas settist yfir bjór og sígó með ***Hönnu Björk Valsdóttur*** til að láta rekja úr sér garnirnar eins og hann orðaði það sjálfur.

Fimm plötur Megasar komu út á árinu sem er að líða. Endurútgefnar voru Drög að upprisu frá 1994, Þrír blóðdropar frá 1992 og Hættuleg hljómsveit & Glæpakvendið Stella frá 1990. Öllum þessum endurútgáfum fylgir aukaplata með áður óútgefnu aukaefni. „Ég á mikið af aukaefni en það er undir hælinn lagt hvort það er útgefanlegt.“ Upptaka á frábærum tónleikum á Púlsinum frá 1991 var gefin út í fyrsta sinn í tvöfaldri plötu og upptaka frá flutningi Megasar á Passíusálmunum í Skálholti frá 2001 var gefin út fyrr á árinu. Á páskunum í ár endurtók Megas svo tónleikana í Skálholti við góðan orðstír og aftur í Hallgrímskirkju og komust færri að en vildu á báðum stöðum. Þar að auki komu út tvær plötur þar sem aðrir listamenn spreyta sig á lögum hans, Pældu í því sem pælandi er í í flutningi ýmissa tónlistarmanna og Magga Stína syngur Megas þar sem Magga Stína syngur sín uppáhalds Megasarlög. Eftir áratuga feril verður ekki annað sagt en að Megas sé afkastamikill listamaður með ógrynni af efni í farteskinu.

VISA ferðir 2007







## Bilbao 13.-16. apríl

Afslöppuð helgarferð í mat og menningu. Heimsókn í Guggenheimsafnið og dagsferð til hinnar fögru San Sebastian. Íslensk fararstjórn.

**Verðdæmi. 49.900,-**

M.v. 2, gisting á Husa Jardines de Albia. ★★★★ Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 3 nætur með morgunverði og íslensk fararstjórn.

## Karíbahafið 2.-13. mars

Sigling um undraheima Karíbahafs á glæsifleyinu Explorer of the Seas með viðkomu á eyjunum Puerto Rico, St. Martin, St. Thomas og Bahamas. Flogið til Orlando og lagt upp frá Miami. Íslensk fararstjórn.

**Verðdæmi. 216.270,-**

M.v. 2 í klefa með svölum. Innifalið: Flug og flugvallarskattar, gisting í 4 nætur í Orlando, ferðir Orlando-Miami, sigling með fullu fæði og íslensk fararstjórn.

## Sardinía í sumar

Sardinía er nýr áfangastaður fyrir þá sem vilja komast í öðruvísi sólarlandaferð. Vertu meðal fyrstu Íslendinganna til að kynnast þessum frábæra áfangastað þar sem perluhvítar strendur mæta tærasta sjó sem völ er á við Miðjarðarhaf.

**Verðdæmi. 133.900,-**

M.v. 2 fullorðna og barn 26. júní - 3. júlí, í smáhýsi á Tanka Village Resort, 4 stjörnu hóteli við ströndina nærri Cagliari. Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting með hálfu fæði. Gisting í London ekki innifalin.

# Töfrar Indlands

## Glæsileg páskaferð í samvinnu við VISA og Kuoni Travel. Verðdæmi: 214.900,-

Ævintýraferð um frægustu staði Indlands með möguleika á aukaviku á ströndinni á Goa. Við heimsækjum Taj Mahal hofið, Shah Jahan, eyðiborgina Mughal og skoðum Royal Observatory, Maharajah höllina ásamt iðandi mannlífi á mörkuðum í Dehli. Gist er á fyrsta flokks hótelum í Dehli, Agra og Jaipur, en þeir sem vilja geta bætt við aukaviku í hinni einstöku strandparadís á Goa. Ferðin er skipulögð í samstarfi við Kuoni Travel, eitt þekktasta fyrirtæki í heimi á sviði ævintýra- og lúxusferða, og er því frábær leið fyrir Íslendinga til að upplifa töfra Indlands. Íslensk fararstjórn.

Innifalið: Flug, fyrsta flokks gisting m/morgunverði, 2 glæsilegir kvöldverðir, ferðir til og frá flugvelli erlendis, skoðunarferðir og íslensk fararstjórn.



VISA ferðir KUONI

Samstarf Úrvals-Útsýnar við VISA Ísland og alþjóðlegu ferðaskrifstofuna Kuoni gerir okkur kleift að bjóða afburða ferðir til framandi áfangastaða. Nú kynnum við fyrstu VISA ferðirnar árið 2007: Páskaferð til Indlands, sólarferðir til Sardiníu í sumar, menningar- og skemmtireisu til Bilbao og draumasiglingu um Karíbahafið. Sætaframboð er takmarkað í þessar eftirsóttu ferðir svo nú er um að gera að bóka strax - og muna eftir VISA kortinu!

Nánari upplýsingar í síma 585 4000 eða á www.urvalutsyn.is

ÚRVAL·ÚTSÝN



MEGAS Þegar fólk fær góða mýtu milli tannanna þá er tönglast á henni þótt hún sé löngu búin. Ég kann enga skýringu. Kannski var textagerð mín frá upphafi beittari en gerist og í kringum það var búinn til röff karakter þótt ég sé blíður og meinlaus.“

### Toppurinn á árinu

„Þorri fólks tortryggir mig, ég veit ekki um hvað ég er grunaður en það er einhver tortryggni í gangi,“ segir Megas um stöðu hans í þjóðfélaginu en hann hefur í gegnum tíðina þótt umdeildur tónlistarmaður og sögur af líferni hafa farið fyrir brjóstið á fólki. „En sem betur fer hef ég ekki lent í þeirri klisju að verkin mín séu gúdderuð fyrirfram,“ bætir hann við.

„Þjóðkirkjan var ekki alltof hrifin af því að ég væri að flytja Passíusálmana en það vakti mikla lukku þegar þetta komst inn í Skálholt. Hallgrímskirkja var líka alveg troðfull þegar við fluttum þetta þar. Þetta var ánægjulegt menningarsjokk fyrir það fólk sem var viðstatt. Það bara gerðist eitthvað,“ segir Megas og flestir voru sammála um að tónleikarnir hafi verið magnaðir. „Eins var ofsalega gaman þegar við fluttum þetta um páskana í Skálholti. Gamli Þeysarinn Hilmar Örn Agnarsson er organisti þar og við náðum því í einu laginu að allir Þeysararnir voru mættir. Við höfðum stúlknakór með okkur og þar á meðal var ein ung dama sem heitir María Sól og hún fékk þá rullu að syngja á móti mér og hún var svo klár á öllu að það alveg undrun sætti. Í fljótu bragði er ekkert á árinu sem toppar þessa tónleika.“

### Pældu í því

Megas benti á Maríu Sól á koverplötuna Pældu í því sem gefin var út í haust og þar söng hún Víðihlíðarlagið. Þetta er önnur platan þar sem ýmsir tónlistarmenn flytja lög Megasar. „Mér finnst það mjög skemmtilegt. Það voru ákveðnir toppar á plötunni þó ég vilji ekki nefna neina botna. Kvenfólkið og Trabant áttu toppana. Núna eru menn ekki eins hræddir við lögin mín og gera þetta með sínu nefi. Það er miklu skemmtilegra. Ég vil heyra aðra persónu syngja lögin og gera þau að sínum svona eins og Trabantstrákarnir gera. Þeir virkilega lifðu sig inn í þetta.“

Fleiri af ástsælustu tónlistarmönnum þjóðarinnar hafa tekið Megasarlög og gert að sínum. Þar má nefna Björgvin Halldórsson og Emilíönu Torrini sem bæði hafa sungið Tvær stjörnur. „Ég fór ekki að fá stefgjöld fyrr en Bjöggi tók Tvær stjörnur og svo kom Magga Stína með Fílahirðinn og þá hækkaði í stefgjöldunum. Fyrir mín eigin lög fæ ég ekki háar summur. Ég er ekki mikið spilaður í útvarpi.“

### Fílahirðirinn frá Súrín

Megas varð sextugur í fyrra. „Ég passaði mig á því að vera ekki á landinu og þá var hægt að halda fína tónleika í Austurbæ. Ég gat ekki hugsað mér að vera viðstaddur þannig að fólkið gæti skemmt sér, ég er nú nógu mikið böggaður þegar ekkert stendur til. Þetta hefði verið eins og að mæta í eigin jarðarför,“ segir hann og brosir. „Þar söng Magga Stína Fílahirðirinn frá Súrín, lag sem ég var nú flautaður útaf fyrir á sínum tíma. Þannig kviknaði sú hugmynd hennar að plötunni Magga Stína syngur Megas. Ég get ekki sagt annað en að útkoman hafi verið afskaplega flott.“

### Flautaður út af!

Platan Loftmynd kom út í tilefni af 101 árs afmæli Reykjavíkurborgar árið 1987 og er ein best selda plata Megasar og fyrsta platan sem seldist til jólagjafa. Á þeirri plötu er lagið um Fílahirðinn umdeilda. „Lagið er bara um dreng í Austurlöndum, þar er augljóslega karlkynsvera sem sungið er fallega til og það þótti einfaldlega ekki góð latína. Á bakhliðinni var líka mynd af fjölskyldu á Taílandi með mér, þetta var fín mynd en ég hélt utan um einn Taílendinginn. Það var búið að vara mig við því að ég yrði flæmdur út úr öllum stofum Reykjavíkurborgar.“ Sem og gerðist.

Árið eftir komu Höfuðlausnir sem innihélt fleiri lög sem ekki féllu í kramið. „Það þótti eitthvað tortryggilegt við þessi lög. Ég fór í stúdíó með Hilmari Erni Hilmarssyni og tók upp Drengirnir í Bangkok og þú getur ímyndað þér að það vakti ekki mikla lukku. Ég ætlaði ekki að gefa út fleiri plötur í bili en þá kom Bubbi til mín uppljómaður og vildi gefa út plötu með mér til að bjarga gamla Gramminu. Hann hafði selst í 15 þúsund eintökum árið áður og bjóst við að selja það sama jafnvel þótt ég væri með. En þar átti ég tvö lög sem settu mig algjörlega út úr þjóðfélaginu. Litlir sætir strákar hafa nú ekki ennþá fengið uppreisn æru en Tvær stjörnur komu allt í einu á sjónarsviðið í flutningi annarra og þótti hin besta músík.“

### Tekinn í sátt

Megas hikar þegar hann er spurður hvort hann hafi ekki verið tekinn í sátt í þjóðfélaginu í dag. „Ekki endilega ég, en börnin mín, lögin mín, hafa verið það, þau hafa öðlast nýtt líf.“

Megas gaf út plötu með Súkkat í fyrra en hann hefur spilað einna mest með Súkkat-mönnum undanfarið. „Sú plata lenti á biksvörtum lista. Ég var mjög ánægður með þá plötu en ég var einn af fáum. Ég hef ekki haft mikinn áhuga á útgáfu undanfarin ár. Alltaf þegar ég kem með eitthvað nýtt efni þá er það svo hryllilega vont að dómi allra. Ég hef afskaplega lítið þol í það að gefa út plötur sem eru rakkaðar niður í 15 ár en svo eru þær dásamaðar. Þessir Púlstónleikar sem voru gefnir út í ár þóttu ekki merkilegir á sínum tíma. En núna, 15 árum síðar, fáum við fimm stjörnur fyrir hljóðritunina. Gítarleikurinn hjá Guðlaugi Óttari sem hefur starfað með mér hvað lengst og söngurinn hjá Björk sem kemur þarna og öskrar og æpir sem aldrei fyrr þykir góð latína núna. Það er ekki þannig að við höfum verið á undan einu eða neinu. Mér finnst reyndar eins og ég sé alltaf á skjön við tímann.“

### Þanþol tungunnar

En heldurðu ekki áfram að semja? „Ég vakna ekki klukkan sjö á morgnana og byrja að semja,“ svarar hann og glottir. „En það er ýmislegt sem gerist í daglega lífinu sem ég þarf að losa mig við og geri það með lagi og texta. Það er kannski nothæft á tónleikum en ekki á plötum.“

Hvers vegna? „Það er kannski eitthvert háð sem maður er að leyfa sér. Ég hef gert talsvert mikið af „pólitískt röngum“ lögum núna upp á síðkastið. Það er eitthvað kirfilega gallað við „pólitískt réttlæti“,“ segir hann með brosi. „Ég hef skemmt mér við það að reyna á þanþol tungunnar. Oft kem ég með texta þar sem eru orð sem ekki finnast í orðabókum. En þá gapa menn og heimta skilning en sinna ekkert um skynjunina. Þá segja menn bara pass og skilja ekki neitt.“

### Sterkasta vopnið

Megas vann árið 2000 verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu og kom það mörgum á óvart. „Mér finnst einna skemmtilegast að glíma við íslenskuna. Þetta er bara mín prívat íþrótt. Sem krakki fór ég þegar allir voru farnir af leikvöllunum og keppti við sjálfan mig í rólustökki. Málið var að komast aðeins lengra en daginn áður. Ég var orðinn mjög djarfur í þeim efnum og henti mér út úr rólunum. Það er mjög sambærilegt með textagerð og lagagerð. Það endar með því að maður er kominn út úr öllum víddum sem umhverfið vill gúddera.“

> „Lagið er um dreng í Austurlöndum sem sungið er fallega til og það þótti einfaldlega ekki góð latína. Það var búið að vara mig við því að ég yrði flæmdur út úr öllum stofum Reykjavíkurborgar.“

Textarnir þínir eru samt sterkasta vopnið, ekki satt? „Það er einkennilegt með það. Þetta vopn mitt hefur svo oft snúist í höndunum á mér og því hefur verið beint gegn mér. Í öllum þjóðfélögum eru einhverjir sem þurfa að vera svörtu sauðirnir. Ég held ég hafi verið ofvirkt barn þannig að ég var erfiður nemandi. Ég hef alltaf þessa tilhneigingu til að hljóma á skjön við kórinn, ef ég syng í kór þá kemur eitthvað sem rímar ekki alveg við,“ útskýrir Megas og glottir.

### Ótímabær dauði

Megasi finnst best að vera í borginni og segist eiga sterkar rætur í malbikinu. Ansi margar sögur hafa farið af líferni hans á löngum ferli og einu sinni átti hann að vera dauður. „Já, menn höfðu það frá fyrstu hendi. Það vantar aldrei heimildir. Þetta eru samansafnaðar fabúlur af ferlinum sem hefur haft tilhneigingu til að vera röff og hefur ekkert fegrast neitt að ráði með árunum.“

Það eru örugglega margir sem velta því fyrir sér hvernig lífi Megas lifir. „Ég lifi bara því lífi sem mér þóknast og nenni ekki að standa í því að búa til eitthvað „front“ líf fyrir fólk að horfa á. Ég er bara eins og hver annar einstaklingur sem á fjölskyldu þó ég hafi reynt að halda henni frá mér. Ég á tvo syni frá því í gamla daga og þeir eru báðir í tónlist en leyfist sem betur fer að lifa sínu eigin lífi og hefur tekist að losa sig við allt illt umtal. Þeir hafa líka forðast alla þá drullupytti sem ég er iðinn við að sökkva mér í. Þegar fólk fær góða mýtu milli tannanna þá er tönglast á henni þótt hún sé löngu búin. Ég kann enga skýringu. Kannski var textagerð mín frá upphafi beittari en gerist og í kringum það var búinn til röff karakter þótt ég sé blíður og meinlaus.“

### Munaðarleysingjahæli

Megas er tímaritasafnari mikill og eyðir bróðurparti úr deginum í að sortera gömul tímarit til varðveislu. „Ég er með munaðarleysingjahæli þar sem ég tek til mín munaðarlaus tímarit sem eiga að fara í Sorpu og hýsi þau. Ég var búinn að byggja mig út úr íbúðinni þegar ég fékk húsnæði vestur í bæ. Ég hef alltaf verið mikið að gramsa í gömlum bókum. Ég átti blöð sem mér fannst falleg tímarit og falleg hönnun og svo jókst það að ég fór að safna þeim. Það er ekki nóg að friða náttúruna, það þarf líka að friða mannanna verk. Ég er ekkert að spá í hvort tímaritin séu sæmandi til geymslu. Allt prentað mál segir einhverja sögu.“

### Á skjön við tímann

Þegar Megas er spurður út í íslenska tónlist er svarið að meðalmennska ríki hér eins og annars staðar. „Allar tilraunir eru litnar tortryggilegum augum nema þau hljóti blessun erlendis.“ En hann segist fylgjast með því sem er að gerast í íslenskri tónlist í dag. „Það eru alltaf einhverjir að koma sem slá mann alveg kirfilega. Mér finnst ofboðslega gaman af Mugison og svo er það stúlkan sem kom núna, hún Lay Low. Hún er mjög skemmtileg. Það er kvenfólkið sem á bestu kraftana í tónlistinni í dag. Þær eru sjálfstæðar og flottar.“

Ungt tónlistarfólk hefur tekið Megas í hálfgerða guðatölu og er hann talinn snillingur af yngri kynslóðum í tónlist sem lítur upp til hans. „Ég hef aldrei fengið krítík frá yngra fólki um að ég sé óskiljanlegur, það hefur bara komið frá eldra fólki.“

### Árið fram undan?

Framtíðin er mjög svipuð fortíðinni svarar Megas þegar hann er spurður út í nýja árið. „Ég er að byrja núna að semja lög við leikrit eftir Þorvald Þorsteinsson. Þetta er fyrir Nemendaleikhúsið en verður flutt í Leikhúsinu á Akureyri og Magnús Geir leikhússtjóri féllst á það að ég gerði lög fyrir þetta leikrit. Þannig að það verður allavega næsti mánuður.“ Lengra sér hann ekki inn í framtíðina. En ef fortíðin hefur eitthvað um framtíðina að segja mun hann halda áfram að skifa beitta texta, ögra samfélaginu, semja ódauðlega tónlist og hafa gaman af. Hann er reffilegur að sjá þegar hann gengur í burtu í svörtum frakka, aldurinn virðist ekkert hafa fengið á hann og hann er í fantaformi.■




# GLEÐILEGT NÝTT ÁR!

Við óskum landsmönnum nær og fjær allra heilla og öryggis á nýju ári og þökkum ánægjuleg samskipti á árinu sem senn er á enda. Förum varlega um áramótin sem endranær og njótum þess að ganga saman á vit nýs árs – viðbúin hverju því sem að höndum ber.

SJÓVÁ

GOTT FÓLK McCANN



**EYÞÓR ARNALDS** vill ekki tjá sig um áfengismeðferðina sem slíka enda tengist hún starfi AA og þar ríkir nafnleynd. „ Þetta er í grunninn mannrækt.“

# Tígullaga öldudalur Eyþórs

„Já, það má eiginlega segja að árið 2006 hafi verið tígullaga öldudalur. Fyrst þú spyrð,“ segir **Eyþór Arnalds** stjórnmála- og tónlistarmaður í samtali við *Jakob Bjarnar Grétarsson*. Hann horfir nú um öxl en einnig fram á veginn. Dramatískt fall hans eftir að hafa farið með himinskautum í pólitíkinni í Árborg er eitt af eftirminnilegum atburðum ársins en einnig glæsileg endurkoma Eyþórs á tónlistarsviðið með Todmobile.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Eyþóri Arnalds tónlistar- og stjórnmálamanni var hann staddur í Marokkó í Afríku en hann og unnusta hans, Dagmar Una Ólafsdóttir, ákváðu að taka sér frí og dvelja þar yfir áramótin. Þau eru væntanleg til landsins fljótlega á nýju ári. Eyþór mun því horfa á Áramótaskaupið á netinu staddur í Afríku. „Já, það eru allar líkur á því.“ Eyþór segist aðspurður gera ráð fyrir því að grínararnir muni gera sér mat úr hinu fræga atviki þegar hann var gripinn ölvaður eftir að hafa keyrt á staur. Í miðri kosningabaráttu í síðustu bæjarstjórnarkosningum. „Nei, ég kvíði því svo sem ekki. Held að það gangist ekkert.“

En áður en Eyþór er inntur eftir því hvaða augum hann lítur það örlagaríka atvik er ráð að heyra ofan í hann um nýja plötu sem Todmobile sendi frá sér nú fyrir jólin. Ópus 6 er fyrsta hljóðversplata Todmobile í heil tíu ár og vísar til þess að hér er um að ræða sjöttu hljóðversskífuna sem Todmobile sendir frá sér á 18 ára ferli en hljómsveitin var stofnuð árið 1988.

### Eyþór snýr aftur

„Platan var unnin á þessu ári,“ segir Eyþór. „Þorvaldur Bjarni hafði gengið með mörg þessara laga í maganum í talsverðan tíma. Enda eru 13 ár síðan við þrjú gerðum saman plötu. Sú síðasta af því taginu var platan Spillt og umslagið gert af Halldóri Baldurssyni teiknara. Þetta var margverðlaunuð plata en reyndist svanasöngur okkar þá. Við héldum hvert í sína áttina. Ég kom ekki nálægt tónlist í sjálfu sér í rúm tíu ár eða allt þar til við komum saman með Sinfóníunni.“

Ekki var betur á Eyþóri að skilja á þeim tíma en að hann væri hættur afskiptum af tónlist. Og reyndist það nokkurt áfall hinum fjölmörgu aðdáendum Todmobile. En hann hafði snúið sér að öðru, viðskiptum og stjórnmálum, en Eyþór segist svo sem aldrei gefið út neinar yfirlýsingar þess efnis að útilokað væri að þau þrjú sem skipa Todmobile, Eyþór, Þorvaldur Bjarni og Andrea Gylfadóttir, kæmu saman aftur.

„En það er rétt. Það var ekki á dagskránni. Svo var svo gaman með Sinfóníunni að til tals kom að gera plötu.“

### Byrjar í myrkri og endar í ljósi

Öll voru þau upptekin við hin ýmsu verkefni en til að fá frið var farið til Barcelona á Spáni til að taka upp Ópus 6 síðastliðið haust.

„Við vorum þar í tvær vikur og fengum með okkur hljóðfæraleikara. Svo hefur tæknin í sjálfu sér frelsað fólk að því leytinu til að hægt er að taka upp nánast hvar sem er. Tölvutæknin er þannig að hægt er að fara með stúdíó og setja upp hvar sem er. Við vorum í nokkur hundruð ára íbúð í gamla hverfinu í Barcelona. Það gaf plötunni kannski svona gothneskan blæ. Já, það má alveg segja að einhver gothnesk ára hafi sett svip sinn á margt sem við höfum gert. Öll höfum við klassískan bakgrunn, eitthvert flúr fylgir því og kannski dýpri pælingar en hjá öðrum hljómsveitum sem felast í því að sameina popp og klassík.“

Eyþór segir plötuna óvenjulega að því leytinu að hún hefst á þyngri lögum en svo léttist platan þegar á líður. Venjulega tjalda tónlistarmenn léttmetinu fremst. „Þetta byrjar í myrkri og endar í ljósi.“

### Tónleikar fyrirhugaðir í Barcelona

Eyþór segir þetta verkefni hafa verið ákaflega skemmtilegt. Ekki síst það að syngja en hann hefur ekki sungið lengi. „Það var mjög gaman að takast á við þetta. Lögin eru fjölbreytileg eins og oft er á Todmobile-plötum. Þung lög yfir í léttari ballöður. Kannski hefur maður lært eitthvað af því að þegja?“

Todmobile hefur lítt fylgt plötunni eftir en einir eru þó útgáfutónleikarnir sem teknir voru upp í sjónvarpssal og Eyþór segir hugsaða sem baðstofutónleika – fyrir alla heima í stofu.

„En engir aðrir tónleikar og engin myndbönd. En við höfum hug á að halda tónleika í Barcelona þar sem við tókum upp plötuna. Vera má að það tengist einhverjum öðrum viðburði eins og til dæmis knattspyrnuleik. Já, hugmyndin er að þegar tekur að hitna í Barcelona verði haldnir tónleikar þar og þá.“

Allt er þetta á hugmyndastigi en ætla má að einhver ferðaskrifstofa komi að málum.

### Lært af reynslunni

Í vor ákvað Eyþór að gefa kost á sér að leiða lista sjálfstæðismanna í Árborg í þá komandi sveitarstjórnarkosningum. Og það gekk eftir, Eyþór sigraði glæsilega í prófkjörinu, hlaut 593 atkvæði í fyrsta sætið en alls kusu 1.087, og í kjölfarið leiddu skoðanakannanir í ljós að aldrei hafði verið eins mikill byr í segl sjálfstæðismanna og fyrir kosningarnar. En áður en til þeirra kemur er frá því greint í fréttum að Eyþór hafi verið gripinn, ásamt unnustu sinni, af lögreglu í Ártúnsbrekku, drukkinn eftir að hafa ekið á ljósastaur á Sæbraut við Kleppsveg í Reykjavík.

Þegar Eyþór horfir til baka, til hinnar örlagaríku nætur, aðfaranætur sunnudags 14. maí, velkist hann ekki í vafa um að varla sé hægt að gera nokkuð eins heimskulegt og þetta.

„Hvort sem maður er í framboði eða ekki á enginn að setjast undir stýri undir áhrifum. En það sem er mikilvægast er að gera sér grein fyrir því að þetta voru klárlega mistök. Fyrsta skrefið er að viðurkenna mistökin. Síðan er það, að reyna að læra af mistökunum. Sagt er að menn læri af reynslunni og vonandi get ég lært sem allra mest af þessum mistökunum. Að minnsta kosti lagði ég á það áherslu strax að gera svo. Í raun og veru er við engan annan að sakast en mig sjálfan í slíku. Með því að læra af mistökunum er maðurinn að bæta sig.“

### Dramatískur vendipunktur

Margur stúturinn undir stýri hefur verið gripinn, jafnvel þótt um stjórnmálamann sé að ræða, án þess að það hafi komist í hámæli. Áætlað er að hátt í 2.000 manns séu teknir árlega ölvaðir við akstur. Hins vegar er það tímasetningin sem verður til að gera þetta atvik allt hið dramatískasta, að oddviti lista sé korteri í kosningar gripinn fyrir ölvun við akstur.

„Ég dró mig í hlé sem var það eina rétta í stöðunni, dró mig út úr kosningabaráttunni. Hið jákvæða var að þetta atvik eyðilagði ekki kosningabaráttuna. Sjálfstæðisflokkurinn vann stóran sigur, hlaut 42 prósent atkvæða, sem er stærsti sigur flokksins þar um slóðir.“

Aðspurður segir Eyþór ómögulegt að segja til um hvernig hefði farið ef atvikið hefði ekki komið upp en um 20 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins strikaði yfir nafn hans á kjörseðli. Eyþór lýsti því þá yfir að gott væri að hann væri látinn gjalda mistaka sinna en ekki flokkurinn.

„Miklu meira álag var á félaga mína á framboðslista vegna þessa og stuðningsmenn. En þeir stóðu sig vel.“

### Flokksforystan kemur að málum

Í þessum mikla darraðardansi er áhugavert að vita um viðbrögð flokksforystunnar og Eyþór dregur ekki dul á að þar á bæ hafi menn haft af þessu áhyggjur. „Tímasetningin var slæm en allir lögðust á eitt við að vinna úr þessu máli saman. Já, ég er ánægður með hvernig flokkurinn kom að þessu. Farið var yfir þessi mál í sameiningu með formanni, varaformanni, framkvæmdastjóra og svo fjölmennum hópi í Árborg. Menn komust að sameiginlegri niðurstöðu. Við héldum vel sóttan fund í Tryggvaskála á Selfossi eftir að niðurstaðan lá fyrir: Að ég ætlaði að taka mér frí auk þess að fara í áfengismeðferð. Allir voru með í þessu ferli og ég held að það hafi skipt miklu máli.“

### Áfengismeðferð er mannrækt

Eyþór missti bílprófið en fær það nú eftir áramót. Hann hefur ekki hug á að tjá sig um meðferðina sem slíka enda tengist hún starfi AA og þar ríkir nafnleynd. „Ég held að SÁÁ og AA séu að vinna afar merkilegt starf hér á Íslandi. Þetta er í grunninn mannrækt. Og ég held að enginn hafi nema gott af því að rækta sjálfan sig. Hvort sem það er með 12 spora kerfinu eða fara yfir stöðu sína almennt. Ég held að enginn hefði slæmt af því að fara í gegnum meðferð, hvort heldur er vegna áfengis eða annarra mála. 12 spora kerfið hefur verið notað við ýmsum vandamálum svo sem átröskun eða annars konar fíkn. Allt er þetta af sama meiði – mannrækt. Að horfast í augu við mannlega bresti og takast á við þá. Má segja að Íslendingar séu mjög framarlega í þessu. Í mörgum öðrum þjóðfélögum er þetta meira falið og AA ekki eins stór og virt hreyfing.“

Eyþór segir bjart fram undan. Hann hyggst snúa til baka í stjórnmálin, koma inn strax í vor, í pólitíkina í Árborg. Hann segir fyrirliggjandi sömu málin og síðast. Úrlausnarefnin hafa ekkert farið: „Fyrst og fremst þarf að taka á móti fjölguninni sem orðið hefur að undanförnu. Taka á móti henni með sómasamlegum hætti.“■

> Hvort sem maður er í framboði eða ekki á enginn að setjast undir stýri undir áhrifum. En það sem er mikilvægast er að gera sér grein fyrir því að þetta voru klárlega mistök.



1. Brjóttu ferhyrnt blað saman hornanna á milli.



2. Brjóttu efra hornið að miðju.



3. Brjóttu neðra hornið að efri brún.



4. Brjóttu eftir punktalínunum.



5. Brjóttu eftir punktalínunum.



6. Brjóttu eftir punktalínunum.



Við óskum öllum gleðilegs árs og friðar.
Munum að gleðja hvert annað á nýju ári,
það þarf oft svo lítið til.

VISA

# Við lítum með stolti yfir árangur viðskiptavina okkar á árinu

Landsbankinn þakkar ánægjulegt, gjöfult og einstaklega árangursríkt samstarf á árinu 2006, jafnt á innlendum sem erlendum vettvangi. Við lítum björtum augum til ársins 2007 og horfum með tilhlökkun til verkefna, samstarfs og tækifæra sem það ber í skauti sér.

Landsbankinn óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum farsældar og velgengni á nýju ári.

## Avion Group

**Starfsemi:** Samgöngu- og flutningafyrirtæki
**Verkefni:** Frumskráning hlutabréfa í kauphöll
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** ISK 10 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Janúar 2006

## Eskja hf.

**Starfsemi:** Útgerð og fiskvinnsla
**Verkefni:** Kaup á Aðalsteini Jónssyni SU-11
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Janúar 2006

## Toyota á Íslandi hf.

**Starfsemi:** Bílaumboð
**Verkefni:** Kaup Smáeyjar ehf. á Toyota á Íslandi hf.
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og ráðgjöf
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Janúar 2006

## Iceland Foods

**Starfsemi:** Matvöruverslanakeðja
**Verkefni:** Endurfjármögnun
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** GBP 180 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Febrúar 2006

## Weetabix

**Starfsemi:** Matvælaframleiðandi
**Verkefni:** Endurfjármögnun félagsins
**Hlutverk bankans:** Þátttaka í sambankaláni
**Umfang verkefnis:** GBP 17 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Mars 2006

## Avion Group

**Starfsemi:** Samgöngu- og flutningafyrirtæki
**Verkefni:** Fjármögnun
**Hlutverk bankans:** Útgáfa skuldabréfa, sölutrygging og sala
**Umfang verkefnis:** ISK 10 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Mars 2006

## CONDUIT

**Starfsemi:** Upplýsingaveita
**Verkefni:** Yfirtaka Infonxx á Conduit
**Hlutverk bankans:** Merrion | Landsbanki var ráðgjafi
**Umfang verkefnis:** EUR 98 milljónir
**Land:** Bandaríkin
**Hvenær:** Mars 2006

## FL Group

**Starfsemi:** Fjárfestingarfélag
**Verkefni:** Fjármögnun
**Hlutverk bankans:** Útgáfa skuldabréfa og sala
**Umfang verkefnis:** ISK 15 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Mars 2006

## IGD

**Starfsemi:** Fasteignafyrirtæki
**Verkefni:** Sala á hlut í félaginu til fagfjárfesta
**Hlutverk bankans:** Kepler | Landsbanki var ráðgjafi IGD
**Umfang verkefnis:** EUR 13 milljónir
**Land:** Ítalía
**Hvenær:** Júní 2006

## Ottakar's plc.

**Starfsemi:** Bóksali
**Verkefni:** Yfirtökutilboð frá HMV plc.
**Hlutverk bankans:** Teather & Greenwood | Landsbanki var ráðgjafi Ottakar´s
**Umfang verkefnis:** GBP 63 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Júlí 2006

## Zenergy Power plc.

**Starfsemi:** Framleiðsla háhitaofurleiðara
**Verkefni:** Skráning bréfa á AIM markaðinn
**Hlutverk bankans:** Teather & Greenwood | Landsbanki sá um ráðgjöf og miðlun
**Umfang verkefnis:** GBP 30 milljónir
**Land:** Þýskaland
**Hvenær:** Ágúst 2006

## eircom

**Starfsemi:** Fjarskiptafyrirtæki
**Verkefni:** Sala á Babcock & Brown Capital Ltd.
**Hlutverk bankans:** Merrion | Landsbanki var ráðgjafi starfsmanna
**Umfang verkefnis:** EUR 4,4 milljarðar
**Land:** Írland
**Hvenær:** Ágúst 2006

## Marel

**Starfsemi:** Þróar og framleiðir tæki fyrir matvælaiðnað
**Verkefni:** Hlutafjárútboð
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** ISK 5,5 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** September 2006

## Blagden Packaging

**Starfsemi:** Framleiðsla og dreifing á stáltunnum
**Verkefni:** Yfirtaka stjórnenda á félaginu
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** Um EUR 275 milljónir
**Land:** Belgía
**Hvenær:** Október 2006

## Eimskipafélag Íslands ehf.

**Starfsemi:** Flutningar
**Verkefni:** Fjármögnun
**Hlutverk bankans:** Útgáfa skuldabréfa og sala
**Umfang verkefnis:** ISK 6,8 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Október 2006

ÍSLENSKA/SIA.IS LBI 35522 12/06

## M2 Communications

**Starfsemi:** Birting frétta á netinu
**Verkefni:** Kaup Framtíðarsýnar á M2
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf, fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** USD 2 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Febrúar 2006

## Marel

**Starfsemi:** Þróa og framleiða tæki fyrir matvælaiðnað
**Verkefni:** Fjármögnun
**Hlutverk bankans:** Útgáfa skuldabréfa, sölutrygging og sala
**Umfang verkefnis:** ISK 6 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Febrúar 2006

## Sterile Technology Group

**Starfsemi:** Úrgangseyðing
**Verkefni:** Sala til Stericycle
**Hlutverk bankans:** Merrion | Landsbanki var ráðgjafi
**Umfang verkefnis:** EUR 120 milljónir
**Land:** Írland
**Hvenær:** Febrúar

## BTC

**Starfsemi:** Símafélag í Búlgaríu
**Verkefni:** Kaup Carrera á BTC
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** EUR 175 milljónir
**Land:** Búlgaría
**Hvenær:** Mars 2006

## Samson eignarhaldsfélag ehf.

**Starfsemi:** Fjárfestingarfélag
**Verkefni:** Fjármögnun
**Hlutverk bankans:** Útgáfa skuldabréfa og sala
**Umfang verkefnis:** ISK 5 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Apríl 2006

## AEW
### Thurne and Delford Sortaweigh

**Starfsemi:** Þróar og framleiðir tæki fyrir matvælaiðnað
**Verkefni:** Kaup Marel á félaginu
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf
**Umfang verkefnis:** GBP 14 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Apríl 2006

## Elkhart Plastics

**Starfsemi:** Hverfissteyptar plasteiningar
**Verkefni:** Yfirtaka Promens á Elkhart Plastics
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf, fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál
**Land:** Bandaríkin
**Hvenær:** Apríl 2006

## TDC

**Starfsemi:** Stærsta fjarskiptafyrirtæki í Danmörku
**Verkefni:** Yfirtaka Nordic Telephone Company á TDC
**Hlutverk bankans:** Sölutrygging og þátttaka
**Umfang verkefnis:** EUR 75 milljónir
**Land:** Danmörk
**Hvenær:** Apríl 2006

## Scanvægt International

**Starfsemi:** Þróar og framleiðir tæki fyrir matvælaiðnað
**Verkefni:** Kaup Marel á Scanvægt
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf
**Umfang verkefnis:** EUR 109 milljónir
**Land:** Danmörk
**Hvenær:** Ágúst 2006

## eircom

**Starfsemi:** Stærsta símafyrirtæki Írlands
**Verkefni:** Yfirtaka BCM á eircom
**Hlutverk bankans:** Þátttaka í sambankaláni
**Umfang verkefnis:** GBP 30 milljónir
**Land:** Írland
**Hvenær:** September 2006

## Danish Bacon Company

**Starfsemi:** Heildsala með matvöru
**Verkefni:** Kaup Woodward Foodservice á Danish Bacon Company
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun
**Umfang verkefnis:** GBP 43 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** September 2006

## Cheshire Guernsey Ltd.

**Starfsemi:** Innlánastofnun á Guernsey
**Verkefni:** Kaup Landsbankans á bankanum
**Hlutverk bankans:** Kaupandi
**Umfang verkefnis:** GBP 21 milljón
**Land:** Guernsey
**Hvenær:** September 2006



### Aer Lingus

**Starfsemi:** Flugfélag
**Verkefni:** Einkavæðing og skráning í kauphöll
**Hlutverk bankans:** Merrion | Landsbanki tók þátt í skráningu og sölutryggði hluta bréfanna
**Umfang verkefnis:** EUR 750 milljónir
**Land:** Írland
**Hvenær:** Október 2006

### Haugen Gruppen

**Starfsemi:** Matvæladreifing
**Verkefni:** Kaup HG Nordic á Haugen Gruppen
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál
**Land:** Noregur, Svíþjóð, Danmörk
**Hvenær:** Október 2006

### Yell

**Starfsemi:** Gagnavinnsla fyrir verslun og þjónustu
**Verkefni:** Endurfjármögnun
**Hlutverk bankans:** Þátttaka í sambankaláni
**Umfang verkefnis:** GBP 10 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Nóvember 2006

### Debenhams

**Starfsemi:** Keðja smásöluvöruhúsa
**Verkefni:** Endurfjármögnun
**Hlutverk bankans:** Þátttaka í sambankaláni
**Umfang verkefnis:** GBP 10 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Nóvember 2006

### Nýsir UK Ltd.

**Starfsemi:** Fasteignafélag
**Verkefni:** Fjárfestingar í Bretlandi
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Nóvember 2006

### Meridian Technologies

**Starfsemi:** Framleiðir íhluti úr magnesium í bíla
**Verkefni:** Kaup Estatia AG á félaginu
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og fjármögnun
**Umfang verkefnis:** CAD 213 milljónir
**Land:** Kanada
**Hvenær:** Desember 2006

### Polimoon AS

**Starfsemi:** Framleiðir umbúðir úr plasti
**Verkefni:** Kaup Promens á félaginu og afskráning þess úr kauphöll
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** EUR 298 milljónir
**Land:** Noregur
**Hvenær:** Desember 2006

### West Ham United plc.

**Starfsemi:** Knattspyrnufélag í ensku úrvalsdeildinni
**Verkefni:** Kaup WH Holding á West Ham United
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf
**Umfang verkefnis:** GBP 105 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Desember 2006



### Sonas Automotive

**Starfsemi:** Málmstönsun
**Verkefni:** Kaup Sonas á deild úr Wagon plc.
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** EUR 37 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Desember 2006

### Longford Cables Ltd.

**Starfsemi:** Framleiðsla á koparleiðurum
**Verkefni:** Yfirtaka hluthafa í Manchester Cables á Longford
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** EUR 19 milljónir
**Land:** Írland
**Hvenær:** Desember 2006

### Austin Reed Group plc.

**Starfsemi:** Fataverslanir
**Verkefni:** Yfirtaka af markaði
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** GBP 10 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Desember 2006

### Brainjuicer Group plc.

**Starfsemi:** Markaðsrannsóknir á netinu
**Verkefni:** Skráning á AIM markaðinn og sala hlutafjár til fagfjárfesta
**Hlutverk bankans:** Teather & Greenwood | Landsbanki var miðlari og ráðgjafi
**Umfang verkefnis:** GBP 14 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Desember 2006

### NATIXIS

**Starfsemi:** Banki
**Verkefni:** Hlutabréfaútboð
**Hlutverk bankans:** Kepler | Landsbanki hafði umsjón með útgáfunni
**Umfang verkefnis:** EUR 5,3 milljarðar
**Land:** Frakkland
**Hvenær:** Desember 2006

### Pacific Andes

**Starfsemi:** Alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki
**Verkefni:** Fjárfestingarlán
**Hlutverk bankans:** Lánveitandi
**Umfang verkefnis:** USD 30 milljónir
**Land:** Singapúr
**Hvenær:** Desember 2006

### China Fisheries International Ltd.

**Starfsemi:** Alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki
**Verkefni:** Rekstrarfjármögnun
**Hlutverk bankans:** Lánveitandi
**Umfang verkefnis:** USD 30 milljónir
**Land:** Singapúr
**Hvenær:** Desember 2006

### Aer Lingus

**Starfsemi:** Flugfélag
**Verkefni:** Varnir gegn óvinveittri yfirtöku Ryanair
**Hlutverk bankans:** Merrion | Landsbanki er ráðgjafi félagsins
**Umfang verkefnis:** EUR 1,5 milljarðar
**Land:** Írland
**Hvenær:** Yfirstandandi

ÍSLENSKA SIA.IS / LBI 35522 12/06

### Dr. TH. Böhme KG

**Starfsemi:** Framleiðsla á efnalitum
**Verkefni:** Eignatryggt lán vegna rekstrar
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** EUR 14 milljónir
**Land:** Þýskaland
**Hvenær:** Nóvember 2006

### Lambert Howarth Group plc.

**Starfsemi:** Hönnun og dreifing á smásöluvörum
**Verkefni:** Endurfjármögnun með eignatryggðu láni
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** GBP 13 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Nóvember 2006

### Urriðakot

**Starfsemi:** Fasteignafélag
**Verkefni:** Nýtt verslunarhús fyrir IKEA í Garðabæ
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun
**Umfang verkefnis:** ISK 2 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Nóvember 2006

### Dagsbrún hf.

**Starfsemi:** Fjarskipta- og fjölmiðlafyrirt.
**Verkefni:** Endurskipulagning félagsins og skipting í 365 hf. og Teymi hf. Skráning Teymis í Kauphöll
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Nóvember 2006

### House of Fraser

**Starfsemi:** Keðja smásöluvöruhúsa
**Verkefni:** Yfirtaka Baugs og fleiri aðila á félaginu
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun greiðslukortahluta
**Umfang verkefnis:** GBP 23 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Desember 2006

### 20:20 Mobile Group

**Starfsemi:** Dreifing síma og símaíhluta
**Verkefni:** Yfirtaka Chicago Beta Ltd. á félaginu
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun
**Umfang verkefnis:** GBP 20 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Desember 2006

### BCA

**Starfsemi:** Uppboðsaðili fyrir notaða bíla
**Verkefni:** Endurfjármögnun
**Hlutverk bankans:** Þátttaka í sambankaláni
**Umfang verkefnis:** GBP 15 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Desember 2006

### Venere

**Starfsemi:** Evrópsk hótel-bókunarþjónusta
**Verkefni:** Kaup Advent á Venere
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** EUR 22 milljónir
**Land:** Ítalía
**Hvenær:** Desember 2006



# Innlendar fréttamyndir



**STIGIÐ NIÐUR AF SVIÐINU** Halldór Ásgrímsson lét af þingmennsku og ráðherradómi á árinu eftir áratuga stjórnmálaþáttöku. Hann flutti kveðjuræðu á flokksþingi framsóknarmanna í ágúst og var hylltur að henni lokinni. Halldór tekur við starfi framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar um áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**GÚSSÍ, BÚSSÍ, DÚSSÍ** Íslendingur númer þrjú hundruð þúsund fæddist í byrjun árs. Var það drengur og völdu foreldrar hans, þau Erla María og Haraldur, honum nafnið Andrés Kristinn. Þeim stutta lá á í heiminn og þurfti hann því svolítinn tíma til að átta sig á lífinu og tilverunni. Í dag er Andrés Kristinn hinn hressasti. Hann er farinn að standa upp og kann að segja mamma. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra heilsaði upp á fjölskylduna á fæðingardeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GAMLI GÓÐI VILLI, VILTU VERA MEMM?** Björn Ingi Hrafnsson og Ólafur F. Magnússon brosa hlýtt til Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar þegar fyrstu tölur úr borgarstjórnarkosningunum í vor lágu fyrir. Vilhjálmur valdi Björn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**STANGIRNAR MUNDAÐAR** George Bush eldri, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, kom til Íslands í sumar og renndi fyrir lax. Forsetahjónin Ólafur Ragnar og Dorrit buðu Bush í heimsókn á Bessastaði og gáfu honum veiðistangir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Á HEIMSTÍMINU** Hvalveiðar hófust á árinu og fönguðu skipverjar á Hval 9 sjö langreyðar á vertíðinni. Deilt er um hvort veiðarnir skaði orðspor Íslendinga á erlendri grundu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




**SIGURVISS** Silvía nótt hélt til Aþenu í maí til þess eins að sigra í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Það fór á annan veg. Myndin er tekin á útleiðinni en áð var í flughöfninni í Lundúnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ársins 2006

Fréttir yrði leiðinlegra að lesa, ef ekki fylgdu fréttamyndirnar. Blaðaljósmyndarar Fréttablaðsins hafa því valið þær myndir sem þeir telja helst lýsa fréttum ársins 2006, í myndum.



**MIG BARA SVIMAR** Geir H. Haarde varð forsætisráðherra um miðjan júní þegar Halldór Ásgrímsson sagði skilið við stjórnmálin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BISKUP DREPUR RIDDARA Á ARA FJÓRUM** Stórmeistararnir Friðrik Ólafsson og Boris Spassky mættust í tveggja skáka einvígi í höfuðstöðvum Landsbankans í febrúar. Báðum skákunum lyktaði með jafntefli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**MAGNI** Það þarf ekki að segja meira. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






**ÉG MÓTMÆLI** Andvígismaður álvers í Reyðarfirði kom sér makindalega fyrir á toppi byggingakrana á vettvangi í ágúst. Talsverðan viðbúnað þurfti til að koma honum niður á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**EKKERT SLEIFARLAG HÉR** Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, slasaðist illa þegar bíll hans valt í Húnavatnssýslu í janúar. Viðbein og þrettán rifbein brotnuðu og lunga féll saman. Megin áverkarnir voru vinstra megin. Steingrímur var furðu brattur þegar hann talaði við blaðamenn þremur dögum eftir slysið og þakkaði ágætu líkamlegu formi að ekki fór verr. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HRESSIR** Hluti ríkisstjórnarinnar við undirskrift þess sem sagt var samkomulag við eldri borgara um kjör þeirra. Síðar könnuðust eldri borgarar ekki við að hafa undirritað samkomulag. Þeir höfðu skrifað undir viljayfirlýsingu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÞAÐ HÆKKAR** Ómar Ragnarsson og Sigurður Grímsson sigldu um á nýfylltu Hálslóni í september. Ómar hætti að flytja fréttir á árinu og helgaði líf sitt baráttu fyrir umhverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Á HVOLFI** Lögreglubíll valt nærri álverinu í Straumsvík í sumar. Óskað var aðstoðar lögreglu við að sætta menn sem áttu í orðaskaki í húsi Skrautdúfufélagsins í Hafnarfirði og flýttu lögregumennirnir sér svo mikið á vettvang að þeir enduðu á hvolfi. Þeir sluppu ómeiddir. Aðrir lögreglumenn voru sendir í hús skrautdúfufélagsins og komu þar á friði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ER GAMAN Í VINNUNNI?** Kristinn H. Gunnarsson Framsóknarflokki stundar sjónæfingar undir enn einni ræðunni í þinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## ALLT HITT

[ ÁRAMÓT ]

**Guðþjónusta** á netinu. Bústaðarkirkja hefur um árabil sent út jólaguðsþjónustu út á netinu. Í ár verður einnig guðþjónusta um áramót í samstarfi við Opin kerfi og tonlist.is. Sérstaklega er þetta ætlað Íslendingum erlendis. Útsendingin fer fram á slóðinni www.kirkja.is, eða www.tonlist.is þar sem hægt verður að sjá og heyra íslensku guðsþjónustuna.



**Áramótbrenna.** Á gamlárskvöld býður Björgunarfélag Akraness til áramótabrennu í landi Kross í Hvalfjarðarsveit skammt innan við Akranes. Kveikt verður í brennunni kl. 20:30 stundvíslega og er ljóst að þarna verður um myndarlegan bálköst að ræða því hleðsla brennunnar er komin vel á veg og er hún þegar orðin geysistór. Góð aðstaða er til brennuhalds á svæðinu og gott aðgengi fyrir áhorfendur.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er sunnudagurinn 31. desember, 365. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.20 | 13.31 | 15.42 |
| Akureyri | 11.34 | 13.15 | 14.57 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Þórhallur ætlar að skjóta upp nokkrum flugeldum en finnst að það eigi ekki að gera nema á réttum áramótadegi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Rauðir og grænir flugeldar sjást mun betur en bláir

***Áramótin eru spennandi í augum margra barna, einkum þó flugeldarnir þó hávaðinn geti stundum farið út í öfgar.***

Þórhallur Tryggvason að verða átta ára og hlakkar til áramótanna af ýmsum ástæðum. „Það á að skíra litla frænda minn sem var að fæðast. Ég veit ekkert hvað hann á að heita, örugglega ekki Þórhallur. Ég held að hann muni heita Tómas.“

Þórhallur er ekki í vafa um hvað er skemmtilegast á áramótunum. „Mér finnst gaman að sjá flugeldana springa uppi í loftinu. Mér finnst bara rosalega óþægilegt að heyra hávaðann. Ljósin eru skemmtilegri. Fáir flugeldar eru bláir því þeir sjást ekki á svörtum himni en rauðir flugeldar eru mjög flottir og grænir líka.“

Þórhallur hefur mjög ákveðnar skoðanir á því hvenær má kaupa og skjóta upp flugeldum. „Það má ekki kaupa þá á degi sem er ekki réttur áramótadagur. Maður veit ekkert hvar maður á að geyma flugeldana. Kannski ef maður á barn og geymir flugeldana inni í geymslu þá getur barnið bara farið inn í geymsluna og tekið flugeldana. Það er alveg stórhættulegt og svolítið erfitt.Í fyrra vorum við Mikael og ég úti og sáum fullt af flugeldadóti og vorum að reyna að rífa það og stíga ofan á það og hreinsa til. Það kemur mikið drasl eftir flugeldana.“

Hann horfir ekki mikið á sjónvarpið um áramótin. „Ég og frændi minn leikum okkur saman á gamlárskvöld. Ég horfði á áramótaskaupið daginn eftir í fyrra. Mér fannst það nú ekkert mjög fyndið.“

Þórhallur er ekki alveg með á hreinu hvað áramótaheit er en finnst að allir ættu að hætta að reykja. „Mér finnst dáldið erfitt þegar systir mín er að reykja. Hún veit alveg hvað það er vitlaust. Hún fer líka mikið í partí og ég held að hún fari líka á gamlárskvöld. Ég held að ég geti ekki hjálpað henni að hætta að reykja. En það er hægt að nota sígarettur til að kveikja í sprengjum og flugeldum. Ég hef séð það í sjónvarpinu,“ segir Þórhallur Tryggvason og tekur svo forskot á sæluna með því að stilla sér upp með stjörnuljós úti á svölum. Að sjálfsögðu er hann með hlífðargleraugu sem verða föst á nefinu á honum um áramótin.


# Hundagallerí

## Smáhundarræktun

Hundaræktin að Dalsmynni óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða megi guð og gæfan fylgja ykkur.



Við ræktum: Papillon, Chihuahua, Pomeranian, Japanese Chin, Pug, French bulldog, Cavalier King Charles, Spaniel, Miniature Pinscher, Miniature Púðli, Pekingese, Silky Terrier

Dalsmynni *116 Reykjavík, Sími:566-8417 Fax:5668457 hundagalleri@simnet.is, www.dalsmynni.is

**Kærleikurinn** ætti að vera í hávegum hafður á gamlárskvöld. Nágrannaerjur og aðrar erjur á að leggja til hliðar og fallast frekar í faðma um leið og öllum er óskað árs og friðar.



Við óskum landsmönnum gleðilegs árs og þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.



DU PAREIL... au même
Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750

# Mímósa og Nordica

***Fá kvöld ársins einkennast eins mikið af glamúr líkt og gamlárskvöld. Allir eru í sínu fínasta, litríkt skraut eru úti um allt, skrautlegir flugeldar sprengdir og allt í fljótandi veigum. Kampavín er líklegast þekktasti áramótadrykkurinn en auðvitað er margt annað á boðstólum.***

Fréttablaðið ákvað að leita til Íslandsmeistara barþjóna, Guðmunds Sigtryggssonar, til þess að fá nokkrar hressilegar áramótauppskriftir. Guðmundur tók vel í það og var ekki lengi að snara fram nokkrum vel völdum kokteiluppskriftum.



Guðmundur Sigtryggsson, barþjónn á Nordica hóteli, með áramótakokteila sína. Einn þeirra, Harpa, er einmitt sigurdrykkur Guðmundar frá síðasta Íslandsmeistaramóti barþjóna. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**NORDICA** (ÓÁFENGUR DRYKKUR)

6 cl. Trönuberjasafi
6 cl. Appelsínusafi

*Hristur og skreyttur með appelsínusneið.*



**COSMOPOLITAN** (SÆTUR KOKTEILL)

4 cl. Vodka
2 cl. Cointreau
3 cl. Trönuberjasafi
1 cl. Lime safi

*Hristur og skreyttur með limesneið.*



**HARPA** (LONG-DRINK)

3 cl. Finlandia Cranberry
2 cl. Passoa líkjör
1 cl. Midori Melon líkjör

*Fylltur upp með trönuberjasafa. Skreyttur með jarðarberi og myntulaufi. Drykkurinn er lagaður beint í glasið sem er fyllt áður, rúmlega hálft, af muldum klaka og allt hrært vel saman.*



**MÍMOSA** (KAMPAVÍNSKOKTEILL)

1/3 Appelsínusafi
2/3 Freyðivín eða kampavín

**KIR ROYAL** (KAMPAVÍNSKOKTEILL)

1 cl. Cremé de Cassis líkjör

*Fylltur upp með kampavíni. Endilega prufið með öðrum líkjörum sem þið eigið.*



Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




## Húsið skreytt á tíu mínútum

**1.** Glimmer. Áramótalegasta skraut allra tíma er glimmer. Því er hægt að strá yfir, borð, gólf og húsgögn og heimilið glitrar sem aldrei fyrr. Svo er það bara ryksugað upp, reyndar getur það tekið nokkrar vikur að ná öllu upp.

**2.** Pappírsskraut. Í hverjum flugeldapakka eru litlar plastflöskur með pappírskrauti. Einfalt er að skjóta því út um allt og voila!, áramótabragur er kominn á heimilið.

**3.** Kertaljós. Kertin klikka aldrei. Ef maður lumar á glimmerúða er hægt að úða glimmeri á kertin. Að sjálfsögðu verður maður að passa hvar þeim er komið fyrir og aldrei að fara frá logandi kerti.

**4.** Ljósmyndir. Með ljósmyndum ársins og kennaratyggjói er hægt að búa til annál heimilisins á svipstundu. Maður þarf bara að finna auðan vegg og hefjast svo handa. Þetta gæti reyndar tekið meira en 10 mínútur.




**5.** Ísmolar og flotkerti. Ísmolum, flotkertum og eplum er hægt að koma fyrir í fallegri fötu eða íláti og látið standa á borði eða úti við. Virkilega fallegt.




Nýárskortin frá Borgarskjalasafninu eru af eldri gerðinni.

# Flugeldafár í yfir þúsund ár

***Hér verður uppruni flugelda rakin.***

Kínverjar fengu upphaflega hugmyndina að flugeldum fyrir meira en 1000 árum síðan, í framhaldi af uppfinningu púðursins.

Upphaflega bjuggu sérstakir flugeldameistarar flugeldana til og nutu töluverðrar virðingar fyrir þá flóknu tækni sem var bjó að baki áhrifamiklum sjónarspilum, sprengingum og látum.

Nú eru flugeldar framleiddir á færibandi og gefst almenningi færi á að kaupa og sprengja sína eigin flugelda. Þá nota framleiðendurnir önnur, kraftmeiri efni en áður við gerð flugelda, með þeim afleiðingunum að litadýrðin og sprengjulætin verða meira.

Tiltölulega snemma var farið að halda flugeldasýningar við hátíðleg tilefni. Sumsstaðar tengjast þær til að mynda nýársfögnuðum órjúfanlegum böndum, á það ekki síst við hérlendis þar sem aðkomumenn standa gjarnan á öndinni yfir öllum sprengjgulátunum.

*(Heimild: www.visindavefur.is)*



Flugeldar eru ekki nýnæmi en njóta sífelldra vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nýárskort á netinu

***Borgarskjalasafn Reykjavíkur býður öllum að senda vinum og ættingjum nýárskort á netinu, sér að kostnaðarlausu.***

Það eru gömul falleg kort úr stóru póstkortasafni Borgarskjalasafnsins sem fólk getur glatt vini sína með og óskað þeim gleðilegs árs. Þau er að finna á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is.

Eins og um fyrri jól bauð Borgarskjalasafn upp á jólakort á netinu og voru viðtökur við þeim góðar. Mikill fjöldi fólks sendi vinum og ættingjum hér heima og erlendis jólakveðjur á þeim enda hægt að senda þær á yfir 25 tungumálum.

## Glamúr og meiri glamúr

ÁRAMÓTIN ERU TÍMINN TIL AÐ FRÍKA GJÖRSAMLEGA ÚT Í FATAVLAI FYRIR ALLT ÁRIÐ.

Áramótin eru tími fyrir glimmer og glans og nóg af litríkum aukahlutum. Lykilatriði á áramótunum er að klæðast síðkjól sem þarf ekki að vera mjög áberandi. Flottur, dökkur síðkjóll er klassískur og þess vegna hægt að nota einhvern fyrir er í skápnum. En aukahlutirnir - það er önnur saga. Glimmer, fjaðrir, pallíettur og hvað sem þér getur dottið í hug og þú fundið verða að fylgja mesta sprengi- og glyskvöldi ársins.

Ekki hika við að klæða þig upp þetta kvöld og líða eins og kvikmyndastjörnu - einu sinni á ári!



Purga-T
sjálfvirku slökkvitækin fyrir sjónvörp
• Alltaf á vakt
• Slekkur eldinn strax
• Fullkomlega öruggt
• Fæst í verslunum um land allt
H. Blöndal ehf.
Sími 517 2121 / www.hblondal.is

Alvöru FLUGELDAR á alvöru VERÐI
Margverðlaunaðir flugeldar
Tryggðu þér gæða risapakkann sem inniheldur m.a.
11 alvöru rakettur, 2 tertur, gos og margt fleira!
Í Risapakkanum eru 89 stykki



Risa pakkinn
7.900 kr. stk.
Við tryggjum þér BETRA VERÐ
Verslaðu þar sem úrvalið er mest!

| | | |
|---|---|---|
| Suðurlandsbraut 14, Rvk. Einar s. 899-6005 | Smiðshöfði 19, Rvk. v/Gullinbrú, Stórhöfða megin Rúnar s. 660-0565 | Reykjavíkurvegur 45, Hfj. Guðni s 660-0560 |
| Brautarholt 16, Rvk. hjá Kistufelli Arnar s. 690-7484 | Smiðjuvegur 4e, Kóp. Gamla bakaríið fyrir neðan BYKO. Hrafnhildur s. 662-2046, Hilmar s. 847-4732 | Grandagarður 9, Rvk. Emil s. 694-4150 |
| Hjallahraun 11, Hfj. Óli s. 692-8770, Pálmi s. 698-3521 | Iðufelli 14, Rvk. við hliðina á Bónus Stefán s. 663-7686 www.flugeldar.com | Malarhöfði 2, Rvk. Hlynur s. 823-0303 |
| Smiðshöfði 17, Rvk. Stórhöfða megin Hrafn s. 866-5354 | Hamraborg 3, Kóp. Jói s. 617-6031, Raggi s. 617-6029 | Söluskúr á Garðaflöt 16-18, Garðabæ Jón s. 693-0200 |

Opið í dag til kl. 16:00.

# Himnesk súkkulaðikaka

*Signý Jóna Hreinsdóttir matgæðingur lumar á ljúffengri kökuuppskrift, sem nýtist henni ávallt vel um áramótin.*

„Ég kalla kökuna einfaldlega himneska súkkulaðiköku," segir Signý og bætir við að uppskriftin að henni sé blanda nokkurra uppskrifta, sem hún hafi kynnt sér í gegnum tíðina.

Signý viðurkennir að hún hafi þó breytt uppskriftinni að kökunni lítillega að þessu sinni,



Himnesk súkkulaðikaka er ekki aðeins gómsæt heldur er einfalt og fljótlegt að búa hana til.

með því að bæta hrásykri út í hana. Það hafi gefið góða raun þar sem kakan hafi orðið karamellukenndari fyrir vikið.

„Þegar kakan hefur verið bökuð í ofninum er síðan alveg tilvalið að binda gylltan borða í slaufu utan um hana," heldur Signý áfram. „Það myndar fallega litasamsetningu með súkkulaðinu og jarðarberjunum, sem hún hefur verið skreytt með. Svo er hún borin fram á stórum kökudiski. Með slíkri framsetningu verður kakan augnakonfekt, sem stendur undir nafni."

Himnesk súkkulaðikaka nýtur ómældra vinsælda hjá fjölskyldu Signýjar og hefur að hennar sögn skapast hefð fyrir því að bera hana fram á gamlársdag. „Fyrir utan gott bragð hefur framsetningin hitt beint í mark," útskýrir Signý. „En að slaufunni undanskilinni má stinga stjörnuljósi ofan í kökuna, sem gerir hana enn hátíðlegri. Helsti kosturinn við himnesku kökuna er þó sá hversu einfalt og fljótlegt er að búa hana til."

Máli sínu til stuðnings lét Signý uppskriftina að kökunni fylgja með.

**Himnesk súkkulaðikaka**
1 dl sterkt lagað kaffi
100 g hrásykur
100 g sykur
200 g smjör
300 g suðusúkkulaði í bitum (má vera 70%)
4 egg
1 dl hveiti

Setjið kaffið í pott og hitið aðeins. Blandið sykri, súkkulaði og smjöri saman við og bræðið allt saman á vægum hita þannig að blandist vel.

Hrærið eggjum vel saman við blönduna. Að síðustu er hveitið sett út í.

Klæðið lausbotna kökuform (um það bil 22 sm í þvermál) með bökunarpappír. Hellið blöndu í formið og bakið kökuna í um það bil klukkutíma við 170 gráður.

Kakan er frekar blaut í sér og bæði góð volg sem köld. Gott er að bera ávexti og þeyttan rjóma fram með henni. Verði ykkur að góðu og gleðilegt nýtt ár.

*roald@frettabladid.is*



Signý hefur unun af eldamennsku og hefur gefið út tvær matreiðslubækur á vegum Símans.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


BOX



BOX

7. Íslandsmeistaratitlar og 5. silfur
á síðasta Íslandsmeistaramóti

Nýtt tímabil að hefjast !

Villtu koma þér í gott form, breyta til eða keppa?
Við hjá Hnefaleikafélagi Reykjavíkur bjóðum upp á allt
þetta fyrir börn og fullorðna, byrjendur og lengra komna.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu okkar
www.hnefaleikar.com - sími: 426-9464


# Engar tertur í tunnur

*Mikið fellur til af sorpi á nýársnótt og því þarf að farga á réttan hátt.*

Skotkökur, risatertur, flugeldasýningakassar og bardagatertur ásamt rakettum sem þutu upp en féllu svo aftur niður munu væntanlega liggja eins og hráviði um borgina að morgni nýs árs.

Gert er ráð fyrir því að eigendur flugelda fari sjálfir með umbúðirnar á endurvinnslustöðvar Sorpu.

Starfsmenn Sorphirðu Umhverfissviðs Reykjavíkur kepptust við milli jóla og nýárs að tæma hverja einustu tunnu einu sinni. Verkið hófst strax á annan í jólum og lauk í gær.

Alls ekki er ætlast til að sundurskotnar terturnar fari í ruslatunnur heldur á fólk að sjá um að hirða upp eftir sig. Fólk er hvatt til að koma með terturnar til endurvinnslu strax 2. janúar en mikið af því rusli sem kemur undan vetri á vorin eru vegna áramótanna.



Mikið sorp safnast á götur eftir áramótin.


FLUGELDAR
Malarhöfða 2a
20KG. KAKA
MEÐ FJÖLBREYTTUM ÚTKOMUM!
Á AÐEINS:
10.900-KR.
Við styðjum Björgina, félag geðfatlaðra!
www.haamyri.com

# MÁ BJÓÐA ÞÉR NÝTT STARF Á NÝJU ÁRI ?

– HugurAx er eitt af leiðandi fyrirtækjum landsins á sviði hugbúnaðargerðar, hugbúnaðarþróunar og innleiðingu hugbúnaðarlausna. Fyrirtækið sinnir bæði stórum og smáum fyrirtækjum í flestum atvinnugreinum landsins.

– Hjá HugAx starfa nú yfir 130 starfsmenn. HugurAx býður starfsmönnum sínum úrvals starfskjör og möguleika á að þroskast og þróast í starfi.

– Höfuðstöðvar HugarAx eru í nýju og glæsilegu húsnæði að Guðríðarstíg í Grafarholti í Reykjavík, þar sem kappkostað hefur verið að gera vinnuaðstöðu starfsmanna eins vel úr garði og kostur er. HugurAx rekur jafnframt starfsstöðvar á Akureyri, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum.

## RÁÐGJAFAR Á SVIÐI ORKULAUSNA

Ráðgjafar á sviði orkulausna sinna krefjandi verkefnum fyrir raforkufyrirtæki á Íslandi, en HugurAx hefur um árabil verið samstarfsaðili íslenskra orkufyrirtækja. Verkefnin snúa að ráðgjöf og verkefnastjórnun varðandi ýmsa þætti í starfsemi raforkufyrirtækja, s.s. ferlið frá mælingu að reikningagerð, utanumhald mæligagna, ferlagreiningar og skeytasamskipti. Störfin krefjast mikils samstarfs við sérfræðinga erlendis og fer þekkingaruppbygging og þjálfun að hluta til fram erlendis.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi háskólapróf á sviði verk- eða tæknifræði, tölvunar- eða kerfisfræði og/eða viðskiptafræði. Framhaldsmenntun er æskileg. Þekking á raforkugeiranum er kostur ásamt marktækri þekkingu og reynslu á sviði tölvu- og upplýsingatækni. Áhersla er lögð á góða samskiptahæfileika, sjálfstæð og fagmannleg vinnubrögð, áhugasemi og metnað til árangurs í starfi.

## HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR MICROSOFT DYNAMICS AX

Hugbúnaðarsérfræðingur starfar á viðskiptalausnasviði fyrirtækisins og annast þarfagreiningu, hönnun, forritun, ráðgjöf og innleiðingu á Microsoft Dynamics AX viðskiptahugbúnaði. Fjöldi áhugaverðra verkefna eru fyrirliggjandi.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða sambærilega menntun. Reynsla af forritun og innleiðingu á Microsoft Dynamics kerfum er nauðsynleg. Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð, metnað til árangurs, lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hópi.

Í boði er áhugavert starf fyrir öflugan og metnaðarfullan einstakling.

## SÖLU- OG MARKAÐSRÁÐGJAFI ÓPUSALLT

Sölu- og markaðsráðgjafi hefur umsjón með söluverkefnum á Ópusallt.NET viðskiptalausn, sem hefur í áratugi verið ein vinsælasta viðskiptalausn landsins, kynningum og tilboðsgerð auk þess að annast gerð og frágang samninga. Hann tekur þátt í áætlanagerð auk þess að sjá um gerð og viðhald markaðsefnis.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu á sviði sölu- og markaðsmála, þekkingu á sviði viðskiptalausna og háskólamenntun er nýtist í umræddu starfi. Áhersla er lögð á gott vald á íslensku í ræðu og riti, fagleg og skipuleg vinnubrögð, hæfni í mannlegum samskiptum og metnað til árangurs í starfi.

Í boði er áhugavert starf, sem krefst frumkvæðis og sjálfstæðis, en um þessar mundir er að hefjast dreifing og sala á nýrri kynslóð Ópusallt, sem byggir á nýjustu tækni í hugbúnaðargerð.

## VERKEFNASTJÓRI / RÁÐGJAFI Á SVIÐI COGNOS VIÐSKIPTAGREINDAR OG STJÓRNENDAUPPLÝSINGA

Verkefnastjóri / ráðgjafi veitir stjórnendum íslenskra fyrirtækja ráðgjöf er varðar lykiltölur reksturs, greiningu og framsetningu upplýsinga til ákvarðanatöku um rekstur fyrirtækja. Hann annast einnig verkefnastjórn í innleiðingarverkefnum fyrir stjórnendaupplýsingalausnir. Verkefnastjóri / ráðgjafi tekur jafnframt þátt í verkefnaöflun og áframhaldandi uppbyggingu þessa sviðs innan HugarAx.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi haldbæra reynslu og þekkingu á sviði fjármála, reksturs, áætlanagerðar og upplýsingatækni. Háskólamenntun er skilyrði og framhaldsmenntun kostur. Áhersla er lögð á sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð, marktæka innsýn á sviði viðskipta- og markaðsmála, skilvís vinnubrögð, styrk í mannlegum samskiptum og metnað til framkvæmda.

Í boði er afar áhugavert starf fyrir metnaðarfullan og áhugasaman einstakling, sem vill öðlast þekkingu á Cognos hugbúnaðinum og reynslu til að geta beitt þeim lausnum til að fullnægja þeim kröfum er gerðar eru til upplýsinga, skýrslugerðar og greiningar.

---

Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar nk., vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI, Suðurlandsbraut 6, sími 588 3031, www.stra.is.
Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Guðný Harðardóttir og Hrund Þorgeirsdóttir hjá STRÁ MRI veita nánari upplýsingar, en viðtalstími er frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til stra@stra.is ásamt viðeigandi prófgögnum.

STRÁ MRI WORLDWIDE

HUGUR / AX

www.hugurax.is

## Skrifstofustarf

Fiskvinnslu- og útflutningsfyrirtæki í Hafnarfirði óskar eftir vönum starfskrafti á skrifstofu.

Starfið felst í gerð tollskjala, almennri bókhaldsvinnu, launaútreikningum og fleiru.

Áhugasamir sendi upplýsingar um reynslu, mentun, aldur og fyrri störf á netfangið **laufey@hamrafell.is**

## Völuskrín óskar eftir að ráða starfsfólk

til framtíðarstarfa í verslun sinni. Vinnutími er frá 11-18 virka daga og einstaka laugardaga skv. samkomulagi frá kl. 12-16. Einnig kemur til greina að ráða tvo starfsmenn sem skipta deginum á milli sín og starfa frá 11-16 tvo daga vikunnar og 14-18 þrjá daga vikunnar. Þá óskum við eftir bókara í hlutastarf ca. 1 dag í viku og sölumann í hlutastarf í heildverslun okkar. Við leitum eftir sjálfstæðum, drífandi, traustum og ábyrgum einstaklingum sem hafa gaman af náttúrulegum leikföngum og spilum.

Umsóknir óskast sendar á box@frett.is merkt
"Völuskrín"
eða til Fréttablaðsins.

## Bílstjóri óskast!

VAKA

Vegna aukinna verkefna óskar Vaka ehf eftir bílstjóra til starfa sem fyrst. Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur, stundvís og hress morgunhani. Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum eru miklir kostir. Einnig er sjálfstæði mikils metið. Starfið felst í flutningum á bílum, smávélum, lyfturum og öðrum farartækjum. Vinnutími er frá 08 - 18:30 virka daga. Fjórðu hverja viku er frí á daginn og bakvakt frá 18-08. Krafa er um gilt meirapróf. Óskað verður eftir meðmælum.

Áhugasamir geta haft samband við Bjarna Hálfdán, deildarstjóra akstursdeildar, í s. 567-6700. Einnig má senda tölvupóst á netfangið bjarnih@vakaehf.is.

TE & KAFFI

Kaffiheimur er framsækið fyrirtæki í rekstri kaffibara sem starfar undir merkjum Te & Kaffi. Kaffiheimur leggur metnað sinn í að vera með stílhreina kaffibari þar sem áhugi á te og kaffi fær að dafna.

Núna vantar gott áhugasamt fólk í vinnu bæði hlutastörf og fullt störf í boði. Starfsstöðvar Smáralind og miðbær Reykjavíkur.
Nánari upplýsingar veitir Laufey í síma 8649661

Og einnig er hægt að senda inn umskókn á
**laufey@kaffiheimur.is**

## Rafvirkjar, Rafeindavirkjar, Símvirkjar

**Vegna aukinna umsvifa leitar Securitas að öflugu starfsfólki**

Securitas óskar að ráða öflugt fólk til starfa á tæknisvið fyrirtækisins. Á sviðinu starfa um 80 manns sem sinna tækniþjónustu á fjölbreyttu sviði tæknikerfa s.s. aðgangsstýrikerfum, myndeftirlitskerfum, innbrotavarnarkerfum, brunavarnarkerfum ofl., bæði til einstaklinga og fyrirtækja.

**Ef þú:**
Hefur metnað og vilt ná árangri fyrir þig og fyrirtækið. Ert með jákvætt og skemmtilegt viðmót. Hefur áhuga á að bæta við þig aukinni þekkingu.

**Þá býðst þér:**
Áhugavert og krefjandi starf í hópi öflugra tæknimanna. Traustur vinnustaður. Góð starfsskilyrði, snyrtilegt vinnuumhverfi og frábær vinnuandi. Samkeppnishæf laun.

Umsóknir óskast fylltar út á www.securitas.is fyrir 8. janúar nk.
Upplýsingar veitir Gunnhildur Arnardóttir starfsmannastjóri.
Netfang: gunnhildur@securitas.is.

Securitas er leiðandi fyrirtæki á sviði öryggismála með 27 ára reynslu í forvarnarstarfi með það að markmiði að auka öryggi viðskiptavina sinna og koma í veg fyrir að þeir verði fyrir tjóni.

Öryggisgæsla Securitas nær til allra þátta öryggismála. Félagið býður varnir og eftirlit við bruna, vatnstjón, innbrot, kemur fyrir vöruverndarhliðum og myndavélum í fyrirtækjum og stofnunum.

SECURITAS
Síðumúla 23 · 108 Reykjavík
Sími 580 7000 · Fax 580 7070

## TRÉSMIÐIR ÓSKAST




ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.
ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

### Trésmiðir

Vegna aukinna verkefna óskar ÍSTAK eftir að ráða trésmiði til starfa.
Um er að ræða framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu.
Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja starfsreynslu.
Möguleiki er á húsnæði fyrir utanbæjarfólk.
Næg vinna í boði.

**Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

ÍSTAK

actavis

## SAMSTÆÐUUPPGJÖR

Actavis Group óskar eftir starfsmanni í hóp sérfræðinga í samstæðuuppgjör.

Actavis sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu á hágæða samheitalyfjum. Actavis er það samheitalyfjafyrirtæki, sem hefur vaxið hvað hraðast í heiminum hin síðari ár, og greiningardeildir erlendra banka hafa sent frá sér yfirlýsingar um að Actavis sé eitt allra áhugaverðasta félagið á sviði samheitalyfja. Hjá fyrirtækinu starfa 11.000 starfsmenn í yfir 30 löndum.

**Starfssvið**
- Gerð samstæðureikningsskila
- Uppgjör alþjóðafyrirtækis
- Greining stjórnendaupplýsinga
- Samskipti við dótturfélög
- Ýmsar greiningar fjárhagsupplýsinga

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í viðskiptafræði
- Reynsla af uppgjörum
- Reynsla af störfum á endurskoðunarskrifstofu kostur
- Þekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum kostur
- Góð ensku kunnátta
- Góð Excel kunnátta

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

Gleðilegt ár

Kveðja vinna.is

actavis

# DEILDARSTJÓRI UPPLÝSINGAKERFA

## Director IT – Management Information System

Actavis sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu á hágæða samheitalyfjum. Actavis er það samheitalyfjafyrirtæki, sem hefur vaxið hvað hraðast í heiminum hin síðari ár, og greiningardeildir erlendra banka hafa sent frá sér yfirlýsingar um að Actavis sé eitt allra áhugaverðasta félagið á sviði samheitalyfja. Hjá fyrirtækinu starfa 11.000 starfsmenn í yfir 30 löndum.

Actavis Group leitar að deildarstjóra upplýsingakerfa. Deildarstjóri mun vinna náið með framkvæmdastjóra fjármálasviðs (CFO) og öðru lykilstarfsfólki á fjármálasviði. Viðkomandi mun vera með 7 starfsmenn á Íslandi og í Bretlandi.

**Starfssvið**
- Stjórnun og rekstur sviðsins
- Stefnumótun við innleiðingu svæðisbundinna gagnagrunna
- Uppbygging og rekstur vöruhúss gagna
- Samskipti við lykilstjórnendur Actavis
- Áætlanagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Tækni- , Verk-, og/eða Tölvunarfræði
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af innleiðingu og rekstri vöruhúsa gagna
- Reynsla af innleiðingu og rekstri upplýsingakerfa
- Þekking á Cognos og/eða Oracle kostur
- Mjög góð hæfni í talaðri og ritaðri ensku
- Mikil hæfni að vinna með fólki
- Leiðtogahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# GLEÐILEGT NÝTT ÁR

Óskum viðskiptavinum okkar velfarnaðar á nýju ári og þökkum gott samstarf á árinu sem er að líða.

Kveðja frá starfsfólki Capacent Ráðninga.

capacent RÁÐNINGAR



Reykjavíkurborg



# Skólastjóri Vogaskóla

## Laus er staða skólastjóra við Vogaskóla í Reykjavík.

Í skólanum eru 390 nemendur í 1. - 10. bekk og við hann starfa tæplega 60 starfsmenn. Vogaskóli hóf starfsemi sína 1958. Verið er að byggja við skólann og stefnt er að því að taka nýbygginguna hans í notkun í lok þessa skólaárs. Nýbyggingin er hönnuð út frá hugmyndum um einstaklingsmiðað nám þar sem opin rými, samvinna, samkennsla og öflugt samstarf verður kjarni skólastarfsins.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla. Í Vogaskóla er sérstök áhersla lögð á vellíðan nemenda, góðan námsárangur og lýðræðislega þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra í skólastarfinu. Vogaskóli er móðurskóli í nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindafræðslu. Í haust hófst þar vinna við innleiðingu Olweusaráætlunarinnar gegn einelti.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Vera leiðtogi skólans og veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans

**Menntunar- og færnikröfur:**
- Kennaramenntun
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Staðan er laus frá og með 1. mars 2007

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar.

**Umsóknarfrestur er til 8. janúar 2007.**

Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða með tölvupósti á starfsumsoknir.menntasvid@reykjavik.is.

Nánari upplýsingar gefa Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri ingunn.gisladottir@reykjavik.is og Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, anna.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is, í síma 411-7000.

Laun eru skv. kjarasamningi KÍ og Launanefndar sveitarfélaga.

Frekari upplýsingar um skólann og skólastarfið er að finna á heimasíðu Vogaskóla á http://www.vogaskoli.is/

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

SEÐLABANKI ÍSLANDS

# Störf sérfræðinga á fjármálasviði Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands auglýsir laus til umsóknar störf sérfræðinga á fjármálasviði bankans. Sviðið leitast við að efla hæfni bankans til að sinna markmiðum sínum, sérstaklega hvað varðar virkt og öruggt fjármálakerfi. Starfsemi sviðsins skiptist í þrjár einingar sem lúta að fjármálastöðugleika, þ.e. fjármálakerfi, greiðslukerfi og viðbúnað en einnig heyra fjárhirslur undir fjármálasvið.

## Starf sérfræðings í fjármálastöðugleika

Sérfræðingnum er ætlað að vinna að verkefnum fjármálakerfa en þau eru m.a. undirbúningur ritsins Fjármálastöðugleiki, greining á áhættu fjármálafyrirtækja og rannsóknir á mikilvægustu þáttum sem varða stöðugleika fjármálakerfisins.

**Starfssvið:**
- Almennar rannsóknir er lúta að áhættu fjármálakerfisins
- Þátttaka í gerð álagsprófa fyrir fjármálakerfið
- Framþróun á gagnagrunnum bankans í samvinnu við önnur svið
- Samskipti við erlendra seðlabanka á sviði fjármálastöðugleika
- Skrif í rit bankans og þátttaka í kynningum

Leitað er eftir vel menntuðum einstaklingi með gott vald á aðferðum hagrannsókna og hæfileika til að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt, bæði á íslensku og ensku. Æskilegt er að viðkomandi hafi a.m.k. meistarapróf í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða sambærilegt próf. Krafa er gerð um frumkvæði, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum, auk góðra samskiptahæfileika og hæfni til að vinna í hóp.

## Starf sérfræðings í greiðslukerfum

Sérfræðingnum er ætlað að vinna að verkefnum greiðslukerfa en þau eru m.a. stefnumótun á sviði greiðslumiðlunar, mótun reglna um greiðslu- og uppgjörskerfi, eftirfylgni, mat á virkni og öryggi auk yfirsýnar með þýðingarmestu greiðslu- og uppgjörskerfum landsins.

**Starfssvið:**
- Mat og samanburður á tæknilegri uppbygging greiðslu- og uppgjörskerfa í samræmi við alþjóðlega staðla og reglur
- Tölfræðileg greining, eftirlit, úrvinnsla gagna og miðlun þeirra
- Þátttaka í verkefnum sem tengjast yfirsýn og þróun greiðslu- og uppgjörskerfa
- Samskipti við erlenda seðlabanka á vettvangi greiðslumiðlunar

Leitað er eftir vel menntuðum einstaklingi með þekkingu á greiðslu- og uppgjörskerfum og hæfileika til að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt, bæði á íslensku og ensku. Æskilegt er að viðkomandi hafi framhaldsmenntun á sviði verkfræði, kerfisfræði, tölfræði eða stærðfræði. Krafa er gerð um frumkvæði, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum, auk góðra samskiptahæfileika og hæfni til að vinna í hóp.

**Nánari upplýsingar veitir Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, í síma 569 9647. Umsóknum skal skilað fyrir 9. janúar 2007 til rekstrarstjóra Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.**

---

SKÓGARBÆR

Árskógum 2. Breiðholti / Mjódd

*Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn.*

## Sjúkraliðar

Laus er til umsóknar staða sjúkraliða í verkefnastjórastöðu svo og almennar stöður sjúkraliða
Starfshlutfall 60 - 80% eða eftir samkomulagi.
Nánari upplýsingar gefur hjúkrunarforstjóri í síma 510-2100
Netfang: kolbrun@skogar.is. eða hrafnhildur@skogar.is.

---

SKÓGARBÆR

Árskógum 2. Breiðholti / Mjódd

*Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn. Skógarbær er kjörinn vinnustaður fyrir fólk sem vill vinna við gefandi störf í vinalegu umhverfi nálægt heimili sínu.*

## Starfsfólk óskast í umönnun

Sveigjanlegur vinnutími.
Starfshlultfall er samkomulagsatriði.
Lengd vakta getur verið frá 4. klukkustundum í 8,5 klukkustundir allt eftir samkomulagi.
Stuttar morgunvaktir kl. 08-13 fyrir þá sem ekki geta unnið á kvöldin og um helgar.
Stuttar kvöldvaktir fyrir skólafólk frá kl. 18-22.

Upplýsingar gefur hjúkrunarforstjóri í síma 5102100
Netfang: kolbrun@skogar.is eða hrafnhildur@skogar.is

---

ÍSLANDSMÓT

*Ráðstefnu, viðburða og fundaþjónusta*

## SPENNANDI ÍSLANDSMÓT!

***Starf við ráðstefnu, viðburða og fundaþjónustu!***

Við leitum að verkefnastjóra til starfa hjá spennandi fyrirtæki, Íslandsmót ehf sem starfar sem skipuleggjandi ráðstefna, viðburða og funda. Íslandsmót reka einnig sýningadeild sem starfar að skipulagningu vörusýninga og kaupstefna undir vörumerkinu ICEXPO og ICEMAN / Iceland Convention Event Management sem er vörumerki á erlendum mörkuðum.

Hæniskröfur umsækjanda:

- Háskólamenntun
- Skipulagshæfni, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að geta unnið undir álagi.
- Þjónustulund og samstarfshæfni
- Góð íslenskukunnátta, þekking á einu norðurlandamáli og góð enskukunnátta í töluðu og skrifuðu máli nauðsynleg
- Starfsreynsla á sviði ráðstefnuþjónustu æskileg

Við leitum að jákvæðum einstaklingi sem langar að vinna í góðu teymi að spennandi verkefnum.

**FULLUM trúnaði heitið** og æskilegt að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfsumsóknir ásamt ferilskrá sendist á rafrænu formi til haukur@islandsmot.is

og/eða til Fréttablaðsins merkt "Atvinnuumsókn - Íslandsmót" fyrir 10. janúar 2007.

ÞÓRSAFL HF

Óskum eftir trésmiðum og kranamanni
Mikil og fjölbreitt vinna framundan.
Uppl. í s: 511-7050 eða á sls@thorsafl.is



KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Sundlaug Kópavogs:**
- Starfsmaður

**Gullsmári - félagsheimili aldraða**
- Matráður

**Íþróttamiðstöðin Versalir:**
- Afgr./baðvarsla kvenna 70%
- Afgr./baðvarsla karla, helgarvinna

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Starfsmaður þjónustuíbúða-kjarna geðfatlaðra
- Aðstoð við heimilisstörf

**GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:**

**Hjallaskóli:**
- Dönskukennari 40%
- Umsjónarkennari á yngsta stig

**Kársnesskóli:**
- Dægradvöl/starfsmaður 50%

**Kópavogsskóli:**
- Dægradvöl/starfsmaður 50%

**Salaskóli:**
- Íþróttakennari v/foreldraorlofs

**Smáraskóli:**
- Stuðningsfulltrúi 70%
- Matráður 100% jan. og febrúar
- Íþróttakennari v/foreldraorlofs

**LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:**

**Álfatún: 564 6266**
- Leikskólak. /leiðbeinandi
- Deildarstjóri
- Matráður

**Dalur: 554 5740**
- Deildarstjóri 50%
- Leikskólakennari 100%

**Efstihjalli: 554 6150**
- Leikskólakennari
- Sérkennsla

**Fagrabrekka: 554 2560**
- Leikskólakennari

**Fífusalir: 570 4200**
- Leikskólakennarar
- Matráður
- Aðstoð í eldhús 75%

**Marbakki: 564 1112**
- Leikskólakennarar til lengri eða skemmri tíma

**Núpur: 554 7020**
- Leikskólakennarar

**Rjúpnahæð: 570 4240**
- Leikskólakennarar
- Starfsmaður í sérkennslu
- Sérkennslustjóri 75%

**Smárahvammur: 564 4300**
- Leikskólakennari f.hádegi
- Leikskólakennarar

***Nánari upplýsingar á: www.kopavogur.is og www.job.is***



# ATVINNA

Starfsfólk óskast í skólamötuneyti Garðaskóla í Garðabæ. Vinnutíminn er frá 8-14 alla virka daga.

Matreiðslumaður óskast í aðalstöðvar fyrirtækisins í Reykjanesbæ.

Nánari upplýsingar í síma 421-4797 (fannya@simnet.is).

MATARLYST ATLANTA



ÓSKUM EFTIR VÖNUM LYFTARAMANNI OG VERKAMÖNNUM Í PORT

VAKA

Viltu koma í vinnu hjá stærstu sölu notaðra varahluta og bílaförgun landsins.
Hafðu samband við skrifstofu í síma 567-6700.



# Skeljungur leitar að öflugum starfsmönnum

Skeljungur hf.

*Skeljungur hf. er olíufélag sem leggur áherslu á eldsneytissölu, verslunarrekstur og góða þjónustu undir vörumerkjum Shell. Starfsfólk er um 250 og starfar á Shell- og Selectstöðvum, við eldsneytisdreifingu í Örfirisey, á Reykjavíkurflugvelli og víða á landsbyggðinni. Skrifstofur félagsins eru að Hólmaslóð 8. Áhersla er lögð á að starfsfólk nýti sína hæfileika í daglegum störfum, hafi ánægju af störfum sínum og taki virkan þátt í að móta vinnuumhverfið. Markmiðið er að hafa ætíð á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki þar sem áhersla er lögð á markviss vinnubrögð og skýra ákvarðanatöku.*

www.skeljungur.is

Shell umboð

## Vörustjóri

Skeljungur hf. óskar eftir að ráða háskólamenntaðan einstakling með brennandi áhuga á innkaupum, vörustjórnun og verðlagsmálum. Um er að ræða áhugavert og umsvifamikið starf á neytendasviði.

**Starfssvið**
- Innkaupastjórnun og vöruþróun fyrir neytendasvið
- Vörustýring og verðlagsmál hjá Shell- og Selectstöðvum
- Eftirlit með framlegð, veltuhraða og aldursgreiningu birgða og gerð birgðaskýrslna
- Samningar og samstarf við birgja um vöruval
- Ábyrgð og eftirlit með vöruhúsa- og flutningasamningum innanlands

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun – t.d. viðskiptafræði með áherslu á vörustjórnun
- Góðir samskiptahæfileikar
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla æskileg en ekki skilyrði

## Verkefnastjóri

Skeljungur hf. óskar eftir að ráða byggingarverkfræðing eða byggingartæknifræðing með víðtæka reynslu í undirbúningi og stjórnun framkvæmda. Um er að ræða umsvifamikið stjórnunarstarf á rekstrarsviði.

**Starfssvið**
- Undirbúningur og umsjón með nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum
- Áætlanagerð, kostnaðareftirlit, gæðastjórnun og samanburður á valkostum
- Samningar við verktaka og þjónustuaðila
- Samskipti við opinbera aðila
- Skoðun og mat á ástandi eigna
- Verkefnastjórnun með framkvæmdaverkefnum
- Byggingaeftirlit

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun, verkfræði eða tæknifræði
- Góðir samskiptahæfileikar
- Leiðtogahæfileikar
- Fagleg vinnubrögð

## Rekstrarstjóri

Skeljungur hf. óskar eftir að ráða háskólamenntaðan einstakling með áhuga á rekstri, stjórnun og vörustýringu. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi stjórnunarstarf á rekstrarsviði.

**Starfssvið**
- Dagleg umsjón og eftirlit með rekstri olíustöðvarinnar í Örfirisey
- Stjórnun dreifingar eldsneytis
- Starfsmannastjórnun
- Öryggis- og umhverfismál
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Tæknimál og tækninýjungar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun – verkfræði, tæknifræði eða viðskiptafræði
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Góðir samskiptahæfileikar
- Þekking á tækni og tækninýjungum
- Leiðtogahæfileikar

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 8. janúar nk. Upplýsingar veita Ari Eyberg og Katrín S. Óladóttir. Netföng: ari@hagvangur.is og katrin@hagvangur.is

HAGVANGUR
*- við ráðum*

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

# LUSH

NATURAL FRESH HANDMADE COSMETICS

Okkur vantar gott fólk í verslanir okkar á Laugavegi og í Kringlunni.

- Hefurðu góða þjónustulund?
- Ábyrg og reyklaus?
- Getur þú unnið sjálfstætt?
- Hefur þú skipulagshæfileika?
- Hefur þú áhuga á ilmkjarnaolíumeðferðum?
- Þekkirðu til náttúruvaranna frá Lush?
- Hefur þú reynslu af afgreiðslu- / sölustörfum?

Ef þú hefur það sem til þarf sendu okkur þá umsókn á upplysingar@lush.is eða skilaðu inn umsókn í verslun okkar í Kringlunni, 1. hæð.
Umsóknarfrestur er til fimmtudagsins 4. janúar.

Lush framleiðir og selur ferskar og náttúrulegar snyrtivörur í rúmlega 400 sérverslunum um allan heim.
Lush forðast í lengstu lög að nota gerviefni við framleiðsluna og er alfarið á móti tilraunum á dýrum.
Lush hefur starfað á Íslandi í 4 ár

# VAKA

## Verslunarstjóri

Vaka ehf Björgunarfélag óskar eftir verslunarstjóra fyrir varahlutaverslun. Nauðsynlegt er að verslunarstjóri hafi vit á viðgerðum, varahlutum í bíla og geti unnið á tölvu vegna útgáfu reikninga.

Verslunarstjóri heyrir beint undir framkvæmdarstjóra og ber ábyrgð á afkomu varahlutasölu og dekkjaverkstæðis. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Vaka er þjónustufyrirtæki fyrir bíla og starfrækir varahlutaverslun með notaða varahluti, dekkjaverkstæði, bílaflutningsþjónustu, förgun bíla og er með uppboð á vegum sýslumanns og tryggingafélaga.

# Reykjavíkurborg

## MENNTASVIÐ REYKJAVÍKUR

### Laus störf í leikskólum

#### Deildarstjóri

- Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135.
- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350.
  Um er að ræða tvær stöður frá 1. apríl 2007.

#### Leikskólakennari/leiðbeinandi

- Austurborg, Háaleitisbraut, 70, sími 588-8545.
- Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135.
- Brákarborg, Brákarsund 1, sími 553-4748.
- Brekkuborg, Hlíðarhúsum 1, sími 567-9380.
- Garðaborg, Bústaðavegi 81, sími 553-9680.
- Gullborg, Rekagranda 14, sími 562-2455.
- Hálsakot, Hálsaseli 29, sími 557-7275.
- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350.
- Holtaborg, Sólheimum 21, sími 553-1440.
- Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870 og 693-9856.
- Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970.
- Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185.
- Sólborg, Vesturhlíð 1, sími 551-5380.
- Suðurborg, Suðurhólum 19, sími 557-3023.
- Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810.
- Öldukot, Öldugötu 19, sími 551-4881.
  Um er að ræða 100% stöðu og 50% stöðu fyrir hádegi sem er tímabundin vegna veikinda.

#### Sérkennsla

- Hálsakot, Hálsaseli 29, sími 557-7275.

#### Yfirmaður í eldhúsi

- Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870 og 693-9856.
- Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970.

#### Aðstoð í eldhúsi

- Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135.
- Fálkaborg, Fálkabakka 9, sími 557-8230.
- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350.
- Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870 og 693-9856.
- Sæborg, Starhaga 11, sími 562-3664.
  Um er að ræða 50% stöðu eftir hádegi.

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir Starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á www.menntasvid.is

### Laus störf í grunnskólum

**Álftamýrarskóli,** sími 570-8100.
- Kennari í líffræði og eðlisfræði ásamt umsjón á unglingastigi.
- Starfsmaður í 100% stöðu í mötuneyti frá áramótum.

**Ártúnsskóli,** sími 695-4822/868-2871.
- Skólaliði í hlutastarf. Vinnutími frá kl.12-16.

**Borgaskóli,** sími 577-2900.
- Kennari til að kenna valgrein í 2 kennslustundir í viku á vorönn.

**Háteigsskóli,** sími 530-4300.
- Kennari í móttökudeild og sérkennslu. Um er að ræða 80-100% stöðu.
- Umsjónarkennari á miðstig.
- Stuðningsfulltrúar. Um er að ræða 50 og 60% stöðu.
- Skólaliðar. Um er að ræða 50-100% stöður.

**Hólabrekkuskóli,** sími 557-4466/664-8235.
- Kennari á miðstig frá áramótum.
- Deildarstjóri sérkennslu.
- Skólaliðar

**Langholtsskóli,** sími 553-3188.
- Kennari í 6. bekk og náttúrufræði á unglingastigi frá áramótum.
- Stuðningsfulltrúi
- Skólaliði

**Laugalækjarskóli,** sími 588-7500.
- Heimilisfræðikennari.

**Víkurskóli,** sími 545-2700 og 664-8345.
- Bókasafnskennari
- Skólaliði

Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti er að finna á heimasíðu Menntasviðs, www.menntasvid is. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

**Öll laus störf í leik-og grunnskólum eru auglýst á www.menntasvid.is**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Lausar stöður

**Áslandsskóli** (585 4600 leifur@aslandsskoli.is) Kríuási 1
Myndmenntakennari/textilkennari v/barnsburðarleyfis

**Engidalsskóli** (555 4433/664 5867 audur@engidalsskoli.is) v/Breiðvang
Kennsla yngri nemenda vegna forfalla

**Hraunvallaskóli** (590 2800 hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is) Drekavöllum 9
Almenn kennsla á yngsta stigi
Almennt starfsfólk skóla
Um er að ræða hlutastörf og heilar stöður
(sjá heimasíðu skólans)

**Hvaleyrarskóli** (565 0200 helgi@hvaleyrarskoli.is) Akurholti 1
Skólaliði (50%)
Starfsmaður í frístundaheimili (50%)

**Lækjarskóli** (664 5877/664 5875 haraldur@laekjarskoli.is) v/Sólvangsveg
Skólaliði
Stuðningfulltrúi
Þroskaþjálfi

**Setbergsskóli** (565 1011 gudosk@setbergsskoli.is) v/Hlíðarberg
Skólaliði

**Víðistaðaskóli** (595 5800 sigurdur@vidistadaskoli.is) v/Hrauntungu
Kennsla í sérdeild
Skólaliði

**Arnarberg** (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Haukahrauni 2
Leikskólakennarar
Almennt starfsfólk

**Álfaberg** (555 3021 alfaberg@hafnarfjordur.is) Álfaskeiði 16
Leikskóli fyrir 5 ára börn
Leikskólakennari
Annað uppeldismenntað starfsfólk

**Álfasteinn** (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Háholti 17
Leikskólakennari með áherslu á elstu börnin
Annað uppeldismenntað starfsfólk
Aðstoð í eldhúsi f. hádegi

**Hlíðarberg** (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Hlíðarbergi 1
Leikskólakennari

**Hvammur** (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)
Staðarhvammi 23
Leikskólakennarar

**Hörðuvellir** (664 5845 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Tjarnarbraut 30
Leikskólakennari

**Smáralundur** (565 4493 smaralundur@hafnarfjordur.is)
Smárabarði 1
Leikskólakennarar/uppeldismenntað starfsfólk

**Vesturkot** (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Miklaholti 1
Leikskólakennarar
Starfsmenn með aðra uppeldismenntun

**Víðivellir** (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is)
Miðvangi 39
Leikskólakennarar

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla.
Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SÁÁ

Sérfræðingur og deildarlæknir

**Staða sérfræðings við Sjúkrahúsið Vog er laus til umsóknar**
sérmenntun í geðlækningum, lyflækningum eða heimilislækningum æskileg. Ennfremur er laus til umsóknar staða deildarlæknis.
Nánari upplýsingar veitir forstöðulæknir á staðnum eða í síma 824 7600.

Umsóknir sendist SÁÁ Stórhöfða 45, 110 Reykjavík merktar "læknir".

HÁRSAGA

# HÁRSAGA

**Óskar eftir hársnyrtifólki**
**í Austurstræti og Radinson SAS Saga Hotel.**
**Einnig óskum við eftir fólki í móttöku.**

Upplysingar gefur Sigrún 8968562 & einnig á stofunum.

**Hársaga**
Austurstræti 8-10
101 reykjavík
sími 5521790
www.harsaga.is
harsaga@harsaga.is

**Hársaga**
Radinsson Sas Saga hotel
Hagatorg 1 107 Reykjavík
sími 5521690
www.harsaga.is
harsaga@harsaga.is

**Matreiðslumaður í mötuneyti óskast**
Aðallega dagvinna. Umsóknir sendist á box@frett.is eða til afgreiðslu Fréttablaðsins merkt " Matreiðslumaður - 15"

KÓPAVOGSBÆR

**Leikskólinn Álfatún**

- **Deildarstjóri óskast á deild 3 ára barna.** Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun áskilin.

*Álfatún er 5 deilda leikskóli með um 80 börn. Leikskólinn er þátttakandi í Comenius-Sokrates áætlun Evrópusambandsins og er í samstarfi við fjóra evrópska leikskóla. Einnig er skólinn í þróunarvinnu með skilvísa málörvun.*

Vinnutími eftir samkomulagi. Þarf að geta byrjað fljótlega.

Laun samkv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 564 6266 og 863 9111.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

**www.kopavogur.is - www.job.is**

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

# Námsstyrkir

Viðskiptaráð Íslands auglýsir eftir umsóknum um þrjá styrki til framhaldsnáms erlendis. Einn styrkjanna er veittur úr Námssjóði Viðskiptaráðs um upplýsingatækni en hinir tveir úr Námssjóði Viðskiptaráðs.

1. Styrkirnir eru veittir til framhaldsnáms við erlenda háskóla eða aðra sambærilega skóla í greinum sem tengjast atvinnulífinu og stuðla að framþróun þess. Ein styrkveitingin gerir kröfu um nám á sviði upplýsingatækni.

2. Skilyrði styrkveitingarinnar er að umsækjendur hafi lokið háskólanámi eða öðru sambærilegu námi.

3. Hver styrkur er að fjárhæð kr. 300.000 og mun Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra afhenda styrkina á Viðskiptaþingi, 8. febrúar 2007.

Umsóknir þurfa að hafa borist skrifstofu Viðskiptaráðs Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fyrir kl. 16:00 föstudaginn 19. janúar 2007.

Umsóknum þarf að fylgja afrit af prófskírteini, vottorð um skólavist erlendis og ljósmynd af umsækjenda. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Viðskiptaráðs, www.vi.is.

**Viðskiptaráð Íslands**




*María Haraldsdóttir* Sölustjóri / maria@101.is Gsm 820 8103
*Helgi J. Jónsson* Sölumaður / helgi@101.is Gsm 820 8104
*Leifur Aðalsteinsson* Framkvæmdastj./Sölum. / leifur@101.is Gsm 820 8100
*Sigtryggur Jónsson* Lögg. fasteignasali / sigtryggur@101.is Gsm 863 2206
*Hrafnhildur Guðmundsdóttir* Skrifstofustjóri / hrafnh@101.is

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA ER MEÐLIMUR Í FÉLAGI FASTEIGNASALA

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA • Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

RE/MAX LIND

# Gleðilegt ár!

TOPPÞJÓNUSTA HJÁ REMAX LIND:

- Þú færð eign þína verðmetna.
- Þú færð eign þína ljósmyndaða af fagljósmyndara.
- Þú færð vandaða möppu með ljósmyndum og upplýsingum um eign þína og næsta nágrenni hennar.
- Þú færð eign þína auglýsta á áberandi hátt.
- Við mætum alltaf og sýnum eign þína.
- Við höfum opið hús og fylgjum eftir fyrirspurnum.
- Við hjálpum þér að finna eign, sem hentar.
- Við seljum hratt og örugglega.

**Hafðu samband strax í dag og bókaðu frítt verðmat!**



**Hannes**
Steindórsson
Sölufulltrúi
Sími 699 5008
hannes@remax.is



**Gylfi**
Gylfason
Sölufulltrúi
Sími 693 4085
gylfi@remax.is



**Þórarinn**
Jónsson
Löggiltur fasteignasali

RE/MAX LIND
Bæjarlind 14 - 16 • 201 Kópavogur

---

FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI
Fyrirtækjasala Íslands

**Björgvin Ó. Óskarsson**
Löggiltur leigumiðlari
og eignaskiptalýsandi
**Óskar Mikaelsson,**
ráðgjafi, atvinnuhúsnæði
og fyrirtæki
**Valgeir Kristinsson,**
Hrl., Lögg. faseignasali

**Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.fyrirtaekjasala.is**



***Fyrirtækjasala Íslands, Síðumúla 35,***
***þakkar viðskiptavinum sínum ánægjuleg viðskipti á árinu.***
***Nýjir eigendur þakka einnig mjög góðar viðtökur og óska öllum árs og friðar.***



# VÉLAR MEÐ REYNSLU!

Eigum eftirfarandi vélar tilbúnar til afhendingar ef réttur kaupandi býður sig fram.


Komatsu PC600LC-7 Árg. 2003. Vinnustundir 4700. Verð 253.270 evr.


Komatsu, PC240LC-7. Árg.2003. Vinnustundir 6156. Verð 93.950 evr.


Komatsu, PC210LC-7. Árg.2003. Vinnustundir 3962. Verð 82.200 evr.


Komatsu, PC450LC-7. Árg. 2004. Vinnustundir 2611. Verð 220.000 evr.


Komatsu, PC240LC-7 Árg. 2005. Vinnustundir 1633. Verð 138.890 evr.


Dynapac CA252. Árg. 2006. Vinnustundir 200. Verð 64.000 evr.


Komatsu PW150. Árg. 1998. Vinnustundir 8410. Verð 48.387 evr.


Komatsu PW160. Árg. 2005. Vinnustundir 1511. Verð 103.665 evr.


Komatsu PC240LC-7. Árg. 2003. Vinnustundir 5925. Verð 93.900 evr.


Komatsu PC340LC-7. Árg. 2003. Vinnustundir 5827. Verð 121.000 evr.


Komatsu PC240LC-7. Árg. 2003. Vinnustundir 2200. Verð 98.000 evr.


Komatsu PC210LC-7. Árg. 2005. Vinnustundir 1550. Verð 122.000 evr.


Komatsu WB97R-2. Árg. 2003. Vinnustundir 1294. Verð 48.387 evr.


Komatsu D61PX-12. Árg. 2003. Vinnustundir 6252. Verð 112.000 evr.


Komatsu BR350. Árg. 2001. Vinnustundir 5326. Verð 144.000 evr.

Þökkum viðskiptin á liðnu ári og óskum landsmönnum öllum gæfu og gengis á því nýja.

## ÞRJÁR NÝJAR OG FERSKAR SEM BÍÐA EFTIR ÞREMUR HEPPNUM!


Komatsu D61PX


Komatsu PC160 til PC450


Komatsu PW160

Kraftvélar ehf. - Dalvegi 6-8 - 201 Kópavogi - Sími 535 3500 - Fax 535 3501 - www.kraftvelar.is

KRAFTVÉLAR



# NÝR BÍLL – BETRI DÍLL



Nýr M.Benz E 320 CDI Avantgarde. 204 hö., leður, Xenon, rafknúin sæti, stærri eldsneytis tankur, sjálfvirk loftkæling ofl. Til sýnis á staðnum. Síðasti bíllinn á þessu verði. Listaverð um 8.600 þús. Okkar verð 6100 þús.



Nýir Dodge Ram 2500 Pallbílar 5,9 L Cummins Disel, nýtt útlit, með „Laramie" búnaði. Km. mælir. Til sýnis á staðnum. Tveggja ára ábyrgð, þjónustaður af Ræsi. Ath! Hraðatakmarkanir verða settar í þessa bíla frá 1. jan. Fáránlega lágt verð 4.400 þús.



Nýr Jeep Grand Cherokee SRT8 Hraðasti jeppinn á markaðinum í dag. 6,1 L vél, 5 sec. í 100 km. „Brembo" bremsur, 20" álfelgur, sportsæti, sport fjöðrun og púst. Km. mælir. Full ábyrgð, þjónustaður af Ræsi. Svartur til á lager. Verð aðeins 6.490 þús.



Nýir Jeep Grand Cherokee Ltd. 3.0 Disel. Ný Benz vél. Eyðsla 10,2 L í blönduðum akstri. Allur fáanlegur aukabúnaður. Þrír litir til á lager. Silfur, svartur og dökkgrár. Full ábyrgð, þjónustaður af Ræsi. Okkar verð 5.790 þús.



Nýr 2007 Mazda Cx-7 Grand Touring 4x4 , Svartur, svart leður, topplúga, Sjálfskiptur, allt rafknúið, Xenon, Bose hljómkerfi, ofl til sýnis á staðnum. Okkar verð 4.590 þús.



Nýr Chrysler Grand Voyager Disel. Eyðsla 8,4 L í blönduðum akstri, 7 manna, leður, allt rafknúið, sæti fellanleg niður í golf, álfelgur, samlitur, full ábyrgð, þjónustaður af Ræsi. Milljón kr. afsláttur frá listaverði. Okkar verð 4.490 þús.

## Við óskum öllum landsmönnum farsæls komandi árs og þökkum viðskiptin á liðnu ári.



Ódýrasti og best búni sjálfskipti dísel jeppin í dag. Nýir 2006 Landrover Freelander dísel. Leður / Alcantara innrétting, sjálfskipting, lofkæling, bakkskynjarar, álfelgur, ofl. eyðsla 8,6 blandað, 4 litir í boði. Til sýnis á staðnum. Verð 3.490 þús. Með topplúgu 3.590 þús.



Nýr M.Benz E 320 CDI Avantgarde. 204 hö., leður, Xenon, rafknúin sæti, stærri eldsneytis tankur, sjálfvirk loftkæling ofl. Full ábyrgð þjónustaður af Ræsi. Til sýnis á staðnum. Síðasti bíllinn á þessu verði. Listaverð um 8.600 þús. Okkar verð 6100 þús.



Nýr M.Benz R 350 langur 4x4. 6 manna, 7 þrepa sjálfskipting, leður, Panorama glerþak, stillanleg loftpúðafjöðrun, 18" álfelgur, ofl.ofl. Aukahlutir fyrir 2,4 milljónir. Full ábyrgð þjónustaður af Ræsi. Okkar verð 7.900 þús.



2007 M.Benz ML 320 CDI Disel. Eigum nokkra bíla í svörtu, silfur og dökkgráu. Sjá nánar á www.sparibill.is Bílarnir eru allir mjög vel útbúnir. Þessir bílar eru uppseldir allstaðir í heiminum. Verð 7.138 til 8.086 þús. sem er langt undir listaverði.



Nýr 2007 BMW X5 Getum pantað strax nýja BMW X5 3,0 eða 4,8. Algerlega nýr bíll í útliti. Val um liti að innan sem utan. Vel útbúnir bílar með leðri, lúgu, og öllum helsta búnaði. Sjá nánar á heimasíðu okkar www.sparibill.is Verð á 3,0 er 7.210 þús. Verð á 4,8 er 8.470 þús.



Nýr 2007 Renault Trafic 2 disel. Bílarnir eru búnir nýjum 2,0L diselvélum og breyttu útliti. Getum pantað nokkrar vélastærðir og mismunandi búnað. Listaverð á 2007 modeli ekki fáanlegt en 2006 model kostar: 1.943 þús.án vsk. Okkar verð á 2007 1.757 þús. án vsk.

## Nýlegir lítið notaðir bílar á frábæru verði



Nýr 2007 Renault Master millilangur háþekju. Bílarnir eru búnir nýjum diselvélum. Getum pantað nokkrar vélastærðir og mismunandi búnað. Listaverð á 2007 modeli ekki fáanlegt en 2006 model með sama búnaði kostar 2.867 þús. án vsk. Okkar verð á 2007 er 2.417 þús. án vsk.



2006 M.Benz ML 350 Silfur, svart leður, sport pakki, 19" krómfelgur, loftpúðafjöðrun, leiðsögubúnaður, Xenon ljós, lúga, Harman/ Kardon stereo, ofl. ekinn 10 þús. km. Listaverð yfir 10 milljónir. Okkar verð 7.190 þúsund.



Porsche Boxter S f.skr. 03/2006, 260 hö. ekinn 2 þús km. svartur, svart leður, rafm. í öllu, minni á sætum, Xenon ljós, fjarlægðarskynjarar, ofl. Listaverð á nýum bíl er yfir 8 milljónir. Okkar verð 5.990 þúsund.



2005 Landrover Discovery HSE 7 manna með öllum búnaði sem fáanlegur er. Kostar nýr yfir 10 milljónir. Bílarnir eru eknir um 20 þús. km. Yfirfarnir og uppfærðir af Landrover. 43% afsláttur. Verð 5.750 þúsund.



Ford Mondeo 2,0 L Giha 3/2006. Ekinn 3 þús. km., sjálfskiptur, 16" álfelgur, allt rafdrifið, loftkæling, ofl. Kostar nýr hjá Brimborg 2.890 þús. Þú sparar 600 þús. Okkar verð 2.290 þús.



2006 Range Rover Vouge. Eigum von á bílum í byrjun næsta árs. Bílarnir eru mjög vel útbúnir eknir um 10 þús. km. Nýjasta útlitið. Kosta nýir um 14 milljónir. Afsláttur um 5 milljónir. Okkar verð: 8.900 þús.

SPA R bíll

Skúlagötu 17 · Sími 577 3344

# www.sparibíll.is

SPA R bíll

Skúlagötu 17 · Sími 577 3344

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

# Nýir bílar á lægra verði

# TOPP 5: ÁRAMÓTAMYNDIR

Áramótamyndir eru líkt og jólamyndir ekki ein tegund kvikmynda, eins og hrollvekjur, spennu- og gamanmyndir heldur hverfast með einum eða öðrum hætti um áramót. Nýársfögnuður verður ósjaldan sögusviðið þar sem atburðarásin hefst oft eða lýkur. Persónur á tímamótum horfa yfir farinn veg og breyta annað hvort um stefnu í lífinu eða hjakka áfram í sama farinu. Fullt af fortíðarþrá, uppgjörum, gamani og drama áður en yfir lýkur.

1. Strange Days (1995). Fyrrverandi lögreglumaður sviptir hulunni af glæpastarfsemi á gamlárskvöldi fyrir síðustu aldamót. Frábær spennumynd, með gæðaleikurunum Ralph Fiennes og Angelu Bassett í helstu hlutverkum, þar sem dregin er upp heldur dökk mynd af framtíðinni. Einnig úrvalstónlist.

2. When Harry met Sally (1989). Vinirnir Harry og Sally fella hugi saman í nýársfögnuði eftir að hafa staðist freistinguna árum saman. Ein af velheppnaðri rómantískum myndum sem er í seinni tíð helst eftirminnileg fyrir fullnæginguna sem Sally (Meg Ryan) gerir sér upp á veitingahúsi.



Ralp Fiennes og Angela Bassett fara á kostum í kvikmyndinni Strange Days (1995), sem á að gerast um aldamótin 2000.

3. Diner (1982). Vinir hittast um áramót og hugleiða þá stefnu sem líf þeirra hefur tekið. Um tíma leit út fyrir að myndin yrði aldrei sýnd almenningi þar sem framleiðendurnir óttuðust að hún fengi enga aðsókn. Þeir skiptu um skoðun eftir að jákvæður dómur um hana birtist í New Yorker. Restin er flestum kunn.

4. Bridget Jones´s Diary (2001). Bridget Jones strengir áramótaheit í nýársfögnuði um að halda dagbók og tekur líf hennar stakkaskiptum í kjölfarið. Á köflum bráðfyndin mynd sem byggir á samnefndri skáldsögu Helen Fielding um ævintýri hinnar ólánsömu Bridget. Tilvalin til að komast í stuð.

5. 200 Cigarettes (1999). Samtvinnaðar sögur ungra New York-búa á leið í nýársfögnuð. Myndin á að gerast árið 1981 en ef vel er að gáð eru alls kyns tímaskekkjur í myndinni: Seinni tíma bílaárgerðir sjást, barmmerki merkt hljómsveit frá tíunda áratugnum og bjór sem var ekki framleiddur fyrr en seinna. Það má samt hafa gaman af henni.

## VISSIR ÞÚ...

... að núverandi áramót með 1. janúar sem nýársdag þekktust ekki á Íslandi fyrr en kom fram á 16. öld?
... að fram að þeim tíma, eða frá kristnitöku til siðaskipta, töldu Íslendingar jól og áramót eitt og hið sama?
... að í raun var sumardagurinn fyrsti talinn einskonar nýársdagur?
... að þess vegna var aldur manna talinn í árum?
... að ekki er vitað hversu gömul orðin gamlárskvöld og gamlársdagur eru í tungumálinu?
... að þessi orð sjást fyrst í rituðu máli í dagbókum Sveins læknis Pálssonar árið 1791?
... að áður en 1. janúar fór að heita nýársdagur hét hann áttundi, sem vísaði til áttunda dags jóla?
... að elstu heimildir sem fundist hafa um áramótabrennu á Íslandi er frá Reykjavík árið 1791?
... að það voru piltar úr Hólavallaskóla sem stóðu að brennunni?
... að ekki er ólíklegt að strákarnir hafi flutt siðinn með sér frá Skálholti þar sem skólastarfsemi Hólavallaskóla var áður?
... að fyrsti álfadansinn sem heimildir eru til um var á Tjörninni í Reykjavík á gamlárskvöld árið 1871?
... að tilefni dansins var frumsýning pilta í Lærða skólanum á verkinu Nýársnóttin sem þeir frumsýndu milli jóla og nýárs?
... að við sama tækifæri var eitt þekktasta áramótakvæði Íslendinga, Máninn hátt á himni skín, frumsungið?
... að kvæðið er eftir Jón Ólaffson og samdi hann það tvítugur að aldri?
... að fyrir tíma flugeldanna reyndu margir að búa til læti á áramótunum með því að búa til sprengjur eða skjóta úr byssum í loftið?
... að á stöku stöðum voru notaðar litlar fallbyssur sem meðal annars mátti finna í Vestmannaeyjum og á Seyðisfirði?
... að engar brennur voru skipulagðar í kaupstöðum meðan landið var hersetið á árum síðari heimsstyrjaldar?
... að það var ekki gert til að vísa ekki óvinaflugvélum leið með ljósagangi í myrkrinu?
... að á fyrstu árunum eftir stríðslok urðu mikil ólæti í miðborg Reykjavíkur um áramótin þar sem fólk sprengdi heimatilbúnar sprengjur sem leiddu til mikilla skemmda og slysa?
... að bæjarstjórn Reykjavíkur tók þá ákvörðun árið 1949 að skipuleggja sjálf og leyfa undir eftirliti stórar brennur á nokkrum opnum svæðum til að lokka unglinga frá miðbænum?
... að þetta þróaðist í að unglingar mismunandi hverfa kepptust við að gera sína brennu flottasta og skiptust á að vakta hana svo ekki yrði kveikt í henni of snemma?
... að þetta varð upphafið að því brennuformi sem við þekkjum í dag?

*Heimild: Saga jólanna eftir Árna Björnsson*


HREYFI GREINING

- Fagleg heilsurækt
- Frábær aðstaða
- Frábær lífsstíls námskeið
- Frábær staðsetning

Viltu komast í form?



Talya Freeman, Jógakennari Joga flæði

Arna Hrönn Aradóttir, Rope-Yoga kennari

Gígja Þórðardóttir, sjúkraþjálfari BSc

Harpa Helgadóttir, sjúkraþjálfari BSc, MTc, MHSc

Haukur Guðmundsson, leiðbeinandi

Sandra Dögg Árnadóttir, sjúkraþjálfari BSc

Ný námskeið eru að hefjast

**Breiðu bökin**
Betri líðan í hálsi, herðum og baki. Skráning í síma: 897 2896. www.bakleikfimi.is

**Í formi til framtíðar**
Bókanir eru hafnar í þessi vinsælu aðhalds- og lífsstílsnámskeið fyrir konur. 8 eða 16 vikur.

**Rope Joga**
hjá Örnu Ara. Námskeið eru að hefjast. Skráning í síma 895 7275. www.arnaara.com

**Joga Flæði**
Talya Freeman heldur þessi Joga námskeið þar sem öndun og hreyfing flæða saman. Námskeið hefjast á helgarnámskeiði þann 15. janúar.

**Einkaþjálfun**
Fagleg þjónusta, markviss og örugg einkaþjálfun hjá sjúkraþjálfurum.

**Bumban burt**
Lokuð námskeið fyrir karla sem vilja ná árangri. 8 vikna námskeið.

**Móðir og barn**
Bókanir eru hafnar í fimm vikna námskeið Söndru Daggar Árnadóttur. Námskeiðið byrjar 9. jan.

**Líkamsrækt**
Frábær aðstaða til að æfa á eigin vegum á þægilegum stað. Opnir tímar. Stundaskrá: www.hreyfigreining.is

Nánari upplýsingar um fleiri námskeið og stundaskrá fyrir vorið 2007 á www.hreyfigreining.is

HREYFI GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

KEYPTU ÁSKRIFT MEÐ EINUM SMELLI Á WWW.STOD2.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

Fyrsta kvöld ársins 2007 hefst á því þegar sýnd verður upptaka frá tónleikum Björgvins Halldórssonar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þar sem hinn goðsagnakenndi Bó sýndi allar sínar bestu hliðar. Síðar um kvöldið sýnum við hina geysivinsælu mynd Ocean's Twelve sem segir frá þremur ránum stórs hóps af þjófum og svikahröppum vísðvegar um heiminn.

NÝÁRSFAGNAÐUR

Nýja árið byrjar vel með söng og hasar







GOTT FÓLK McCANN







**BEST BEINT ÚR BÚINU** Þorsteinn Sigmundsson hefur mjög gaman af býflugnaræktinni og segir afar skemmtilegt að fylgjast með samfélaginu í búunum. Hér sést Þorsteinn við störf með býflugunum, fallega býlið á Vatnsenda og Þorsteinn heldur hér á krukku af hunangi en hann pakkar því beint úr búinu til að gæðin haldist sem mest.

# Ræktar býflugur við Elliðavatn

Býflugnarækt er tiltölulega ný búgrein hér á landi enda varla hægt að segja að hér séu kjöraðstæður fyrir slík skordýr. **Þorsteinn Sigmundsson** í Elliðahvammi við Vatnsenda er einn þeirra sem ræktar býflugur og sagði *Sigríði Hjálmarsdóttur* frá ræktun sinni.

Það liggur beint við að spyrja Þorstein að því hvernig honum hafi dottið í hug að rækta býflugur á Íslandi. "Það er kannski nokkuð sem er sameiginlegt með mér og Kjarval að vera náttúrubörn, en ég trúi á náttúruna eins og hann," segir Þorsteinn og brosir. "Ég hef alltaf haft áhuga á því fyrirbrigði og líður mjög vel úti í náttúrunni," bætir hann við en hann kynntist býflugnaræktinni þegar nágranni hans flutti heim frá Svíþjóð fyrir nokkrum árum með býflugur með sér. "Hann hafði lært býflugnaræktina sem áhugamál meðan hann bjó úti í tíu ár en ég kynntist honum þegar hann flutti í nágrennið. Síðan stofnuðum við Hið íslenska býflugnaræktarfélag og nú erum við um það bil tíu sem ræktum flugur á landinu."

Þorsteinn segir ræktunina hafa gengið sæmilega en enn séu ræktendur að læra á aðstæðurnar sem landið hefur upp á að bjóða. "Veturinn er mjög sveiflukenndur og við þurfum að læra hvernig best sé að útbúa flugurnar fyrir veturinn þannig að þeim líði vel en sumarið er ekki vandamál," segir Þorsteinn.

"Við erum að rækta hér upp stofn sem er með minni árásarhneigð en gengur og gerist. Við viljum hafa ljúfari flugur sem eru ekki eins gjarnar á að stinga og sumar eru," segir Þorsteinn sem var óvenju mikið stunginn síðastliðið sumar. "Það var reyndar bara af kæruleysi í mér og það er að vissu leyti mjög gott fyrir suma að vera stungnir því það er mjög gott við liðagigt. Víða í heiminum eru býflugur notaðar sem lækningaráð við slíku og sjálfur hef ég aldrei verið betri í skrokknum."

Hver fluga stingur þó bara einu sinni og endar líf sitt á því. Þorsteinn segir ákveðinn hóp flugna í hverju búi sem séu eingöngu í því að vernda búið og stingi bara ef þær hafa hugboð um að verið sé að ráðast á heimili þeirra.

**Drepa karlana**

Markmiðið hjá Þorsteini er að þróa ræktunina áfram, fjölga búunum og framleiða hunang. "Ég held því í miklu hófi að taka frá þeim hunangið af því ég er að fjölga búunum og tek um tuttugu kíló á ári. Þá pökkum við því og seljum það beint úr búinu en þannig eru gæðin mest," segir Þorsteinn en hann flutti flugurnar hingað frá Noregi. "Það þarf að vanda verulega til við innflutninginn á býflugunum til að fá ekki með þeim sjúkdóma."

Flugurnar eru í dvala yfir veturinn og eru þá með forða í búunum, annað hvort hunang eða sykur sem þær nota það til að nærast yfir veturinn og halda uppi hita í búinu. "Þær hnappa sig saman inni í búinu og halda sérstaklega hita á drottningunni því hún er það mikilvægasta í búinu. Það má ekki frjósa inni í búinu þannig að flugurnar eru í einangruðum kössum yfir veturinn. Þær eru mjög veðurglöggar og fara ekkert út úr búinu ef þær sjá fram á að það verði kalt, heldur bara ef það er sól og hiti," segir Þorsteinn og bætir við að þær séu eiginlega öruggari en veðurfræðingarnir hvað varðar veðurspánna.

"Flugurnar eru félagsdýr og hafa sitt samfélag eða þorp inni í búinu. Það eru ákveðnar flugur í hreingerningu, aðrar eru í því að fara út með dauðar flugur og enn aðrar eru ljósmæður og hugsa um eggin og lirfurnar. Karlarnir geta verið nokkuð margir yfir sumarið en þeirra eini tilgangur er að frjóvga drottninguna, sem þeir gera bara einu sinni hver en drottningin getur orðið allt að átta ára gömul," segir Þorsteinn og heldur áfram: "Þegar flugurnar undirbúa búið fyrir haustið þá drepa þær karlana því þeir eru óþarfir en skilja einhverja eftir til öryggis ef illa skyldi fara."

**Langar í fleiri bú**

Þorsteinn er með fjögur bú núna en myndi gjarnan vilja eiga tíu eða tuttugu en það þarf ákveðin tíma til að búa til ný bú. "Til þess þarf góð sumur en sumarið á Íslandi er náttúrlega mjög stutt. Þetta er þónokkur vinna yfir sumarið ef maður ætlar að hugsa vel um búin. Það þarf að fara einu sinni í viku í búið, opna það og fylgjast með því hvað flugurnar eru að gera." Meðal þess sem þarf að fylgjast með segir Þorsteinn vera hvort drottningin sé dugleg að leggja og hvort búið sé að stækka en þá eru flugurnar að fjölga sér. "Þegar þeim fjölgar mikið þá þrengist í búinu hjá þeim og þær byrja að undirbúa að skipta því upp. Þá leggja þær til og framleiða aðra drottningu og á nokkrum tíma þroskast sú drottning og ákveðinn hópur fer úr búinu með henni að reyna að finna nýtt heimili." Þorsteinn segir að það þurfi að fylgjast vel með þessu og stækka rýmið jafn óðum. "Það þarf að passa upp á að leyfa þeim ekki að búa til nýja drottningu nema maður vilji það," segir hann.

> Víða í heiminum eru býflugur notaðar sem lækningaráð við slíku og sjálfur hef ég aldrei verið betri í skrokknum



**UMKRINGDUR** Það þarf líklega ákveðið umburðarlyndi til að standa rólegur innan um suðandi býflugur en Þorsteinn er sallarólegur enda orðinn vanur flugunum.

**Best beint frá flugunni**

Þorsteinn segir flugurnar verka hunangið sjálfar í búinu en þær koma inn með blómasykurinn og ná niður rakanum í hunanginu með loftræstingu sem þær búa til með vængjunum. "Þær eru mjög ratvísar og geta farið allt að fimm til átta kílómetra frá búunum og koma svo til baka aftur. Ef ein fluga finnur til dæmis góðan akur þá kemur hún aftur og segir hinum flugunum frá því hvar hann er en það gefur hún til kynna með ákveðnum dansi. Þá fer hópur úr búinu á þennan akur að sækja blómasykur, þannig að þetta er heilmikið skipulag," segir Þorsteinn og bætir því við að það finnist á lyktinni á hunanginu hvert þær sækja blómasykurinn en það er meðal annars í beitilyng og fleira í umhverfinu. Þannig að lyktin af íslenskri náttúru finnst í hunanginu.

"Á haustin höldum við uppskeruhátíð í Húsdýragarðinum þar sem allir býflugnabændurnir koma með sitt hunang og hægt er að smakka á öllum tegundunum. Til dæmis er hunangið sem er ræktað í Húsdýragarðinum mjög sætt og svolítil blómalykt af því enda er svo mikið af blómum í laugardalnum. Hjá mér er það sterkara af því þær sækja meira í greni og furu og víði og ösp og fleiri plöntur sem gera sterkari lykt," segir Þorsteinn sem sjálfur fær um það bil tuttugu kíló af hunangi úr búunum sínum á ári. "Ég hef yfirleitt látið mér nægja að taka hunangið bara á haustin en það má alveg taka það oftar. Best er náttúrlega að taka hunangið bara beint í lófann úr búinu og stinga því upp í sig. Þá er það svo volgt og gott. Maður ýtir bara flugunum frá og setur það upp í sig," segir býflugnabóndinn og hlær. ■

EXISTA

Exista óskar hluthöfum, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gæfuríks nýs árs með þökkum fyrir góðar viðtökur og ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða.

Nýtt ár boðar ný verkefni og ný tækifæri.

# Vendipunktar ársins *í skopmyndum*

## JANÚAR




Þann 25. janúar gengu Palestínumenn til þingkosninga og fengu Hamas samtökin hreinan meirihluta atkvæða, en þetta eru herská samtök sem Bandaríkjamenn fordæma og líta á sem hryðjuverkasamtök. Ísraelar hættu umsvifalaust öllum friðarviðræðum og þverneituðu að ræða við samtök sem hefðu það á stefnuskrá sinni að þurrka landið af kortinu.

## FEBRÚAR




Þann 22. febrúar sprengdu íraskir uppreisnarmenn, taldir súnníar tengdir al-Kaída, upp Gullnu moskuna í Samarra, en hún var einn helgasti staður shía múslima. Síðan þá hefur gengið á með morðum og hryðjuverkum milli súnnía og shía og líta margir svo á að borgarastyrjöld geisi í Írak.

## MARS




George W. Bush var í opinberri heimsókn á Indlandi þann 1. og 2. mars, þar sem hann og Manmohan Singh forsætisráðherra skýrðu frá samkomulagi um að Bandaríkjamenn myndu á ný hefja sölu á kjarnorkubúnaði til Indverja, en sölunni var hætt eftir að Indverjar sprengdu fyrstu kjarnasprengju sína árið 1998. Tilkynningin kom í beinu framhaldi af ýfingum Indverja og Pakistana og áhyggjum Bandaríkjamanna af fyrirætlunum Írana um að smíða kjarnavopn.

## APRÍL




Þann 11. apríl skýrðu Íranir frá því að þeir hefðu auðgað lítið magn úrans og tilkynntu samtímis að þeir væru fullgildir meðlimir kjarnorkuklúbbsins. Íranir sögðu að markmið þeirra væri einungis að framleiða eldsneyti fyrir kjarnaofna, en Bandaríkjamenn og ýmsir fleiri héldu því fram að tilgangurinn væri að smíða kjarnasprengju.

## MAÍ




Þann 20 maí særðist Tareq Abu Rajab æðsti maður palestínsku leyniþjónustunnar, alvarlega í sprengingu í höfuðstöðvum leyniþjónustunnar. Rajab tengist Fatah en talið var að Hamas samtökin hefðu staðið að baki sprengingunni, en þessar hreyfingar hafa barist um völdin í Palestínu. Í kjölfar tilræðisins brutust út bardagar milli Fatah og Hamas, sem stóðu í marga daga.

## JÚNÍ




Heimsbyggðin var upptekin við að fylgjast með Heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu megnið af júnímánuði, en keppninni lauk 9. júlí með sigri Ítala. Í Bandaríkjunum er hins vegar enn litið á knattspyrnu sem jaðarsport og keppnin fór að mestu framhjá heimamönnum.


Björgum áramótunum
ALDREI MEIRA ÚRVAL
Flottustu kapparnir
Svakalegar vopnaraketttur
Mögnuð brennugos
Njálsbrenna sjón er sögu ríkari!
FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA
– troðfullir sölustaðir um allt land
Stærsti fjölskyldupakkinn
Rosalegustu bardagaterturnar
Flugeldasala er mikilvægasta fjáröflun björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
Þessi er 25 kg (sem er mesta leyfilega þyngd)

# Vendipunktar ársins *í skopmyndum*

## JÚLÍ




Þann 2. júlí kom í ljós að íhaldsmaðurinn Felipe Calderone hafði sigrað populist Andres Manuel Lopez Obrador, naumlega í forsetakosningunum í Mexíkó. Ásakanir um kosningasvindl fylgdu í kjölfarið, ásamt umdeildri endurtalningu. Obrador og fylgismenn hans viðurkenna ekki niðurstöður kosninganna.

## ÁGÚST



Þann 24. ágúst samþykkti alþjóðleg ráðstefna stjörnufræðinga á fundi í Prag, að endurskilgreina Plútó sem dvergplánetu á borð við halastjörnur og smástirni, í stað alvöru plánetu. Ákvörðuninni var misjafnlega vel tekið og sumir gerðu gys að henni.

## SEPTEMBER




Benedikt páfi sextándi flutti langa ræðu þann 12. september þar sem hann vitnaði stuttlega í orð Manuels II keisara í Miklagarði á 15. öld þar sem hann lýsti kenningum Múhameðs sem illum og ómannlegum. Ummælin ollu uppþotum víða um hinn múslimska heim og höfðu talsmenn páfagarðs ekki undan að biðjast afsökunar á orðum páfa.

## OKTÓBER




Þann 8. október sprengdu Norður-Kóreumenn kjarnasprengju neðanjarðar, og gáfu þar með allri heimsbyggðinni langt nef, sem reyndi að fá þá ofan af fyrirætlunum sínum um þróun kjarnavopna. Tilrauninni var mótmælt víða og óttast menn vopnakapphlaup í Austur-Asíu í kjölfarið.

## NÓVEMBER




Þann 23. nóvember lést fyrrum rússneski njósnarinn Alexander V. Litvinenko í Lundúnum af völdum banvænnar geislunar, en Litvinenko hafði snúið baki við rússneskum stjórnvöldu og bjó í útlegð í Lundúnum. Á banabeði sínu sakaði Litvinenko Putin Rússlandsforseta um aðild að samsæri gegn lífi sínu. Putin neitaði því, en í hugum margra rifjaði þetta upp verstu tíma kalda stríðsins og menn fóru að efast um heilindi ríkisstjórnar Putins.

## DESEMBER




Þann 31. desember hættir Kofi Annan sem framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna eftir að hafa setið tvö kjörtímabil. Eftirmaður hans verður Ban Ki-Moon frá Suður-Kóreu.


Um leið og við þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða,
óskum við landsmönnum öllum
árs og friðar.
Gleðilegt ár fyrir alla!
Opið í dag, gamlársdag
9.00 til 15.00
Opnum þriðjudag 2. janúar 12.00
Bónus býður betur!
EKKERT BRUÐL
www.bonus.is
bonus.is



**ENGIN GERFIEFNI** Benedikta Jónsdóttir starfar hjá Manni lifandi í Borgartúni og ráðleggur þar fólki með að sneiða hjá kemískum efnum sem eru orðin svo algeng í matvælum í dag.

# Mikilvægt að hreinsa líkamann

**Benedikta Jónsdóttir** kennir fólki að forðast þessi slæmu kemísku efni sem eru í svo mörgum matvælum í dag en hún hefur starfað við heilsufæðisgeirann í sjö ár. Í samtali við *Sigríði Hjálmarsdóttur* gefur hún ráð til að hreinsa líkamann eftir ofátið yfir hátíðirnar.

Nú er að koma tími á að taka úthreinsanirnar," segir Benedikta og bætir því við að ensím geti hjálpað fólki mikið á meðan það er enn í átveislunum enda eru áramótin enn eftir. "Góð ensím í töfluformi hjálpa til við að brjóta fæðuna fyrr niður en það einmitt það sem við þurfum. Það er svo slæmt þegar hún safnast fyrir og verður að stíflum út um alla þarma," bætir hún við.

Benedikta segir það hafa mjög slæm áhrif á líkamann að innbyrða svo mikinn mat á skömmum tíma og þá sérstaklega ef mikið af óæskilegum efnum er í matnum. "Fæðan sem fólk borðar í dag orsakar stíflur út um allt og þar að auki þá er gerfisykur eins og aspartam mjög víða þannig að þeir sem innbyrða mikið af slíku eru í mjög slæmum málum," segir hún en gerfiefnin hindra að líkaminn vinni eins og hann á að vinna. "Það er mikið af fæðu sem stoppar í maganum og verður eins og lím eða steypa til dæmis allt úr hveiti. Þá er þetta venjulega morgunkorn sem margir borða ekki gott fyrir líkamann og orsakar harðar hægðir vegna gerfijárnsins sem er sett í það."

## Hægðir þrisvar á dag

Benedikta segir að eðlilegt fólk eigi að hafa hægðir að minnsta kosti þrisvar á dag en þá sé það í verulega góðum málum. "Einu sinni á dag er alveg nauðsynlegt og algjört lágmark en tvisvar á dag er í lagi. Fólk er fljótt að finna muninn á hægðunum þegar það skiptir yfir í heilsufæðið," segir Benedikta en hún mælir með því að taka góðar hreinsanir eftir allt átið yfir hátíðirnar. "Það þarf að hreinsa þarmana og ristilinn en það er til dæmis hægt að gera með Epsom saltblöndunni, sem er í raun magnesíum. Því er blandað við sítrónusafa og vatn og drukkið. Síðan situr maður á prívatinu í einn eða tvo daga með mikinn niðurgang en þetta er algjör hreinsun," segir Benedikta en með þessum kúr er í lagi að vera á léttu mataræði. Hún játar því að sumum finnist Epsom blandan vera full harkaleg aðgerð og bendir þá á Oxytarm töflurnar sem eru samsettar úr magnesíum og súrefni. "Þá getur maður ráðið hvort maður drífur þetta af á einni helgi eða tekur færri töflur á lengri tíma. Þetta virkar eins og djúphreinsun eða stíflueyðir." Benedikta segir fólk alveg geta verið með tvö kíló af gömlum hægðum í ristlinum án þess að hafa hugmynd um það og þá sé það ekki endilega feitt fólk.

"Leirinn frá Sunnanvindum í Hveragerði er mjög góður til að hreinsa ristilinn en hann er blandaður út í vatn eða te og drukkinn. Í honum eru ýmis fræ og fleira sem maður drekkur í viku til tíu daga en á eftir tekur maður svokallaðan ristilhvata til að ristillinn verði ekki latur."

## Stólpípan virkar vel

Fjórða leiðin sem Benedikta nefnir til að hreinsa ristil og þarma er að fara í stólpípumeðferð. "Stólpípurnar eru orðnar mjög þægilegar og fínar í dag og eru ekki eins og í gamla daga þegar þetta var mjög óþægilegt. Í dag er þetta ekkert mál og tekur um klukkutíma," segir hún og bætir við: "Það er hægt að fylgjast með því hvað kemur út úr ristlinum eins og margir hafa séð í þáttum Dr. Gillian. Eftir stólpípuna eru maginn og lifrin nudduð til að örva og hreinsa en þetta eru heilmikil fræði," segir Benedikta og mælir eindregið með því að fólk taki slíka hreinsun enda þurfi oft margar hreinsanir til að ná því sem situr sem fastast í þörmum og ristli.

Benedikta er alls ekki hrifin af auknum gerfiefnum í venjulegri fæðu. "Líkaminn er svo sniðugur að vinna úr því sem hann fær en þegar hann fær mikið af gerfiefnum þá fer allt kerfið að ruglast. Þá vinnur líkaminn ekki eins og hann á að vinna og fólk byrjar að veikjast og fá sjúkdóma. Flestallir sjúkdómar byrja í þörmunum því vandamálin byrja þar. Svo færist þetta upp," segir hún og bendir á að venjulegur matur sé jafnan orðinn svo mikið unninn og með svo miklu af gerfiefnum að hann sé orðinn verulega næringarsnauður. "Síðan borðar hinn venjulegi Íslendingur ekki nægilega mikið af grænmeti, berjum og fleiri matvælum eins og á að gera. "Allt of marga vantar hollar olíur, amínósýrur, ómega fitusýrur og fleira þannig að þá verður mikill skortur og fólk fer að veikjast."

## Götóttir þarmar

Það þarf líka að taka aðrar hreinsanir, að sögn Benediktu. "Til þess eru til ýmis góð te og fleira. Birkisafi er til dæmis mjög góður til að hreinsa blóðið og nýrun en einnig Pure Plan sem hreinsar líka mjög vel. Þá er til nokkuð sem kallast A. Vogel og er líka mjög gott hreinsijurtaprógramm til að hreinsa blóðið og nýrun," segir Benedikta og bætir því við að algengt sé að fólk fái bjúg ef ekki er hreinsað vel út. "Þá eru hin ýmsu te góð í að hreinsa vökva og óhreinindi úr líkamanum eins og grænt te, gullris og detox te auk birkiösku."

Að lokum bendir Benedikta á mikilvægi þess að losa stíflur og gömul óhreinindi úr ristli og þörmum. "Þegar allt situr þar fast fá margir glútenóþol því það koma göt á þarmana og það byrjar að leka úr þeim, einfaldlega af því þeir ráða ekki við þetta. Þá flæðir þetta út í blóðið og um allan líkamann. Það segir sig sjálft að þegar slíkt gerist þá er líkaminn ekki að vinna eins og hann á að gera. Þetta fer jafnvel upp í höfuðið og fólk verður ekki eins skýrt í kollinum og það ætti að vera," segir Benedikta og bætir við að allt of margir sjúkdómar byrji út frá slíku á Vesturlöndum í dag. ■

## Hvernig fara stjörnurnar að þessu?



Fegurðardísir eins og **Kate Moss**, **Sienna Miller**, **Jade Jagger** og **Paris Hilton** eru alltaf jafn ferskar þó að líf þeirra einkennist af stanslausum partíhöldum. Hvaða töfrabrögð nota þær? Það er góð hugmynd að vera með galdratæki eins og krem sem gefa húðinni ljóma og góða hyljara fyrir bauga í pennaformi eins og hinn fræga **Yves Saint Laurent Touche Eclat**. Ef þú ert í slæmu formi er ekkert vitlaust að bóka þig í andlitsbað til að vekja upp líflausa húð sem hefur andað að sér of miklum reyk eða innbyrgt of mikið kampavín. Samkvæmt förðunarmeistaranum **Sharon Dowsett** þá segir hún að djammdrottningin Kate Moss sé snillingur í að mála sig án þess þó að líta út fyrir að vera of máluð. „ Hún setur smá sólarpúður yfir allt andlitið, og bætir svo roða í kinnarnar með fljótandi kinnalit. Hún skellir svo smá kohl eyliner og maskara, varaglossi og lítur frábærlega út." Förðunarfræðingurinn **Ruby Hammer** segir að þessar stúlkur séu líka duglegar að lifa heilbrigðu lífi inn á milli partýstands. „ Kate Moss og **Sadie Frost** taka mikla heilsuspretti inn á milli. Fara í allskonar heilsukúra og taka húðina á sér í gegn." Ef þú hefur tíma til að fríska upp á þig eftir of mikið kampavín á gamlársdag og stórt ball framundan á nýjárs þá skaltu reyna að liggja lengi í heitu baði með andlitsmaska framan í þér. Ef augun eru bólgin, settu kælandi augnmaska á þau líka eða notaðu að minnsta kosti bómullarhnoðra vætta upp úr köldu vatni eða köldu kamillute. Passaðu þig svo að hylja ekki andlitið með meiki, notaðu frekar góðan baugahyljara og vertu óspör á rósrauðan kinnalit. Drekktu fullt af grænu tei sem ætti að losa þig við bjúg úr andlitinu og fáðu þér frekar holla súpu í magann heldur en að koma við á næsta hamborgarastað. **- amb**




STARFSFÓLK ÖSSURAR SENDIR VIÐSKIPTAVINUM, HLUTHÖFUM OG LANDSMÖNNUM ÖLLUM HUGHEILAR ÁRAMÓTAKVEÐJUR OG ÞAKKAR ÁRIÐ SEM ER AÐ LÍÐA.

bionic
TECHNOLOGY BY OSSUR

ÖSSUR

*Líf án takmarkana*

# Árinu bjargað á endasprettinum

**Bíóárið 2006** var í meðallagi gott og þó nokkur fjöldi prýðilegra mynda hafi ratað í íslensk kvikmyndahús einkennist árið ef til vill fyrst og fremst af því að þegar frá líður eru óvenju fáar myndir eftirminnilegar og stórmyndir sem miklar vonir voru bundnar við brugðust. *Kvikmyndagagnrýnendur Fréttablaðsins* hafa tekið saman sína lista yfir tíu bestu myndir ársins og þar ber myndir á borð við Borat, The Departed og Casino Royale einna hæst. Allt myndir sem voru frumsýndar á seinni hluta ársins.

Bíóárið byrjaði, venju samkvæmt ágætlega, með þeim myndum sem kepptu hvað harðast um Óskarsverðlaunin í helstu flokkum. Brokeback Mountain, Capote, Munich og Good Night and Good Luck.

Sumarmyndirnar þetta árið ollu ákveðnum vonbrigðum þar sem tvö krosstré brugðust algerlega en The Da Vinci Code og The Pirates of The Carribean: Dead Man´s Chest stóðu engan veginn undir væntingum. Báðar myndirnar voru þvældar og á köflum beinlínis leiðinlegar en það kom þó ekki að sök í miðasölunni þar sem þær möluðu báðar aðstandendum sínum gull.

Sumarið hefur undanfarin ár verið blómatími ofurhetjanna þar sem Spiderman og Batman hafa verið að gera það ákaflega gott. Báðir þessir kappar voru fjarri góðu gamni í ár þannig að gamli góði Superman átti sviðið. Superman Returns er góðra gjalda verð og Bryan Singer tókst með ágætum að blása lífi í staðnaðan stálmanninn þó myndin hafi engan veginn náð þeim hæðum sem Spiderman og Batman hafa gert.

Allt glæddist þetta með haustinu þar sem tvær kvikmyndahátíðir, Iceland Film Festival og Reykjavik International Film Festival, settu skemmtilegan svip á haustmánuðina en á báðum hátíðum var boðið upp á kræsingar úr öllum heimshornum. Þá er ekki hægt að tala um annað en góðæri þegar kemur að íslenskum kvikmyndum og stærstu tíðindi bíóársins hér heima eru tvímælalaust glæsilegur árangur Mýrarinnar eftir Baltasar Kormák sem er orðin aðsóknarmesta íslenska myndin frá upphafi og sú mynd sem dró flesta í bíó á Íslandi þetta árið en þegar þetta er skrifað hafa yfir 80 þúsund manns séð hana í kvikmyndahúsi.

Börn í leikstjórn Ragnars Bragasonar fékk öllu minni aðsókn er var ausin lofi gagnrýnenda og er eina íslenska myndin sem kemst hér á blað yfir 10 bestu myndir ársins. Íslenska bíóárinu lauk svo með frumsýningu glæpamyndarinnar Köld slóð í vikunni.

Þrjár skemmtilegustu, bestu og eftirminnilegustu myndir ársins 200g hrúguðust svo í bíó undir lok árs en það má segja að Martin Scorsese, Borat og James Bond hafi rifið bíóstemninguna upp úr ákveðinni ládeyðu enda má með sanni segja um þessar myndir að ef þú ætlar aðeins að sjá þrjár myndir í bíó á árinu þá eru það The Departed, Borat og Casino Royale. Scorsese segir hressilega glæpasögu í The Departed með miklum tilþrifum og frábærum leikurum. Borat er einfaldlega fyndasta mynd ársins og Daniel Craig er sigurvegari ársins en með frammistöðu sinni í Casino Royale kæfði hann allar efasemdaraddir um að hann væri ekki rétti maðurinn til að leika njósnara hennar hátignar.



**ÁRIÐ HANS BORATS** Breski grínistinn Sacha Baron Cohen kom, sá og sigraði með gamanmynd sinni um Ameríkuævintýri sjónvarpsmannsins Borats frá Kasakstan.



## Þórarinn Þórarinsson

**1. THE DEPARTED** Scorsese er bestur þegar hann fetar glæpabrautina og skilar af sér frábærum krimma þar sem Jack Nicholson fer fyrir firnasterkum leikhópi.

**2. UNITED 93** Magnþrungin mynd um örlög þeirra sem voru um borð í fjórðu flugvélinni sem notuð var við hryðjuverkin 9. september.

**3. CASINO ROYALE** Ekki bara besta Bond-mynd síðustu áratuga heldur einfaldlega hörkufín spennumynd. Daniel Craig er frábær Bond.

**4. BORAT** Fyndasta mynd síðustu ára ef ekki áratuga. Grínið er groddalegt og smekklaust en öðlast magnaða vigt þar sem undir öllu kraumar baneitruð samfélagsádeila.

**5. VOLVER** Falleg og tilfinningarík mynd frá Almodovar sem nýtur sín best þegar hann segir sögur af konum. Ekki hans besta verk en ber samt af flestu sem rataði í íslensk kvikmyndahús á árinu.

**6. CAPOTE** Philip Seymour Hoffman er frábær leikari og er alltaf góður en hér er hann algjöru toppformi og gerir Truman Capote dásamleg skil í áhugaverðri og þéttri sögu sem rígheldur.

**7. GOOD NIGHT, AND GOOD LUCK** Afskaplega áferðarfögur og vel leikin mynd um nornaveiðar McCarthys sem kallast skemmtilega á við samtímann.

**8. THANK YOU FOR SMOKING** Lobbýismi, sú fyrirlitlega iðja sem mun steypa mannkyninu í glötun, er tekin í gegn í frábærri ádeilu.

**9. THE PROPOSITION** Firnasterkur ástralskur spaghettívestri. Flottar tökur og sterkur leikur gefa viðbjóð myndarinnar ljóðræna fegurð.

**10. HOSTEL** Þetta er ekki góð mynd samkvæmt hefðbundnum mælistikum. Illa leikin og klisjukennd en þannig eiga hryllingsmyndir að vera. Besti hrollur ársins og viðbjóðslegasta mynd sem ratað hefur í almennar sýningar árum saman.



## Freyr Gígja Gunnarsson

**1. THE DEPARTED** Martin Scorsese er í fantaformi og snýr aftur til þess umhverfis sem hann þekkir best; spilltar löggur, klókir glæpaforingjar og vel útfærður söguþráður. Ekki besta mynd leikstjórans en stendur upp úr á árinu sem segir sitthvað um Martin Scorsese. Óskarinn, já takk.

**2. WALK THE LINE** Joaqhin Phoenix umbreytist í Johnny Cash í þessari vel útfærðu mynd um skrautlegt upphaf á glæstum ferli sveitasöngvarans. Reese Witherspoon er frábær í hlutverki June Carter.

**3. CASINO ROYALE** James Bond snýr aftur og Daniel Craig stígur vart feilspor í hlutverki James Bond og fær mann til að bíða spenntan eftir næsta leik.

**4. SYRIANA** Myndin bregður upp dökkri mynd af olíuviðskiptum stórveldanna þar sem virðing fyrir mannslífum er engin.

**5. INSIDE MAN** Snilldarlegt plott kemur myndinni í hæstu hæðir. Ekki skemmir fyrir að valinn maður er í hverju rúmi þótt Clive Owen og Jodie Foster skyggi á aðra.

**6. SUPERMAN RETURNS** Bryan Singer tekst nánast hið ómöglega, að koma stálmanninum aftur upp á lappirnar.

**7. MUNICH** Myndin hefur vissulega sína galla en í heild varpar hún góðu ljósi á hvernig hefndarþorstinn getur farið með mannskepnuna.

**8. LUCKY NUMBER SLEVIN** Mynd sem fór framhjá alltof mörgum. Bruce Willis og Josh Hartnett fara fyrir fríðum leikhópi og söguþráðurinn kemur flestum í opna skjöldu.

**9. THE QUEEN** Helen Mirren sýnir sannkallaðan stjörnuleik. Myndin er bæði fyndin og dramatísk í senn.

**10. BÖRN** Kvikmynd Ragnars Bragasonar og Vesturports verðskuldar þetta „heiðurssæti“ en Börn varpar einstöku ljósi á líf þeirra sem minna mega sín. Leiksigrar í hverju horni.



## Bergsteinn Sigurðsson

**1. CAPOTE** Gífurlega sterk frumraun og gerð af stöku listfengi; hæglát á yfirborðinu en keyrð áfram af þungri undiröldu. Philip Seymour Hoffman er óaðfinnanlegur í titilhlutverkinu.

**2. UNITED 93** Hrollvekjandi í raunsæi sínu og á köflum yfirþyrmandi. Mynd sem leitar á mann lengi.

**3. TRISTRAM SHANDY: A COCK AND BULL STORY** Hvernig á að gera kvikmynd eftir bók sem ekki er hægt að kvikmynda? Einmitt svona. Enn ein fjöðrin í hatt Michael Winterbottoms þar sem gengið á bak við 24Hour Party People, með Steve Coogan í fararbroddi, leiðir hesta sína saman á ný.

**4. BÖRN** Saga, leikur og umgjörð leggjast á eitt og skapa eftirminnilega mynd um laskaðar manneskjur. Á pari við það besta sem kemur utan frá.

**5. VOLVER** Almodovar í essinu sínu og dregur það besta fram hjá Penelopé Cruz sem hefur sjaldan eða aldrei verið betri.

**6. GOOD NIGHT AND GOOD LUCK** George Clooney hefur sannað sig sem mun betri leikstjóri en leikari og slær varla feilnótu í frábærri mynd um aðkallandi efni.

**7. BORAT** Fyndnasta mynd síðari tíma, hárbeitt og afhjúpandi satíra.

**8. THANK YOU FOR SMOKING** Innan við þrítugt sannar Jason Reitman sig sem föðurbetrung og einn efnilegasta leikstjóra Hollywood. Aaron Eckhart er í senn sjarmerandi og ógeðfelldur í þessari snjöllu mynd.

**9. THE WIND THAT SHAKES THE BARLEY** Ken Loach staðfestir enn og aftur að hann er einn áreiðanlegasti kvikmyndagerðarmaður sinna tíma.

**10. DIREKTÖREN FOR DET HELE** Lars Von Trier leyfir galgopanum í sér að rasa út í meinfyndinni mynd þar sem Benedikt Erlingsson fer á kostum.


GLEÐILEGT
REYKLAUST ÁR
Nicotinell
Mint
Nicotinell
ruit
Nicotinell
lassic
Nicotinell
krids
NÝTT ÚTLIT - SAMA BRAGÐ
20%
afsláttur
af Nicotinell nikótíntyggigúmmíi í 84, 96 og 204 stk pakkningum
í öllum apótekum
Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið.Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

# Bestu og verstu plötuumslögin

Núna þegar árslistar tónlistargagnrýnenda birtast í öllum fjölmiðlum tók Fréttablaðið saman hvaða íslensku plötukápur þóttu bestar og verstar árið 2006 og fengu til þess einvalalið grafískra hönnuða og tónlistargagnrýnenda.

Hönnun á plötukápum er háð tískusveiflum eins og allt annað og í dag eru allir að keppast við að búa til eiguleg hulstur. Á tímum þar sem tónlist er halað niður af netinu, brennd á diska og flestir hlusta á mp3-fæla þá reyna tónlistarmenn að gefa út heildstæðan pakka með diskunum sínum. Plasthulstrin eru á undanhaldi og flestir gefa út í pappírskápum sem eru líkari bókum, og gera diskinn bæði eigulegri og gjafavænni. Almennt séð er hönnun á plötukápum á Íslandi í góðum höndum og mikill metnaður lagður í hönnunina þannig að álitsgjafarnir áttu erfiðara með að velja verstu kápurnar.

Flestar plötukápur skiptast í tvo flokka: Annað hvort eru þetta misvelheppnaðar portrettmyndir eða hópmyndir af listamönnunum og hins vegar mjög einfaldar og krúttlegar kápur þar sem naívismi í útlitshönnun fær að njóta sín. Þetta er einfaldar teikningar, skrautlegar og litríkar kápur. Örfáar plötukápur nota grafískt útlit.




**BESTA PLÖTUKOVER ÁRSINS** að mati álitsgjafa fréttablaðsins er sería með skúla sverrissyni.

## 7 BESTU ÍSLENSKU PLÖTUKÁPURNAR



**1. Skúli Sverrisson: Sería** „Ótrúlega smekkleg hönnun. Framhliðin, bakið, kjölurinn, bókin og diskurinn sjálfur mynda heild. Smekkleg hönnun í öllu saman. Ein af fáum kápum sem er ekki með ljósmynd eða einfaldri teikningu." „Sniðugar umbúðir sem breyta um lit. Fallegt og einfalt. Alltaf skemmtilegt þegar lagt er extra í umbúðirnar!"



**2. Skakkamanage: Lab of Love** „Lyktin af samtímanum skín í gegn – beinskeytt myndmál." „Brothætt. Súrt og sætt. Innilegt en fer ekki að grenja." „Gott dæmi um næva hönnun, einföld smekkleg teikning sem tengir við titil plötunnar."



**3. Barði Jóhannsson: Haxan** „Hinn ný-gotneski blær og stemning er vel leyst. Glæsileg skrift og meðferð á ljósmyndum leyst af smekkvísi." „Eins og Barði er nú sakleysislegur í útliti þá er hann meira en lítið skuggalegur á þessu kóveri. Djöflastyttan í bakgrunninum er líka hrikalega draugaleg. Þrátt fyrir að að plötuumslagið sé allt svart-hvítt þá bregður fyrir ákveðnum litatónum sem erfitt er að lýsa. Án efa eitt veglegasta plötuumslag ársins."

**4. Ghostigital: In Cod We Trust**




„Flott myndskreyting. Flott hönnun sem er mjög grípandi og flott lúkk. Stóð út úr í hillunni." „Mér finnst að góð plötuumslög eigi að endurspegla innihaldið og hér tekst það. Töff grafik og forsíða."

**5. Evil Madness: Demon Jukebox**



„Þetta umslag er augljóslega gert af frábærum listamanni." „Litirnir og formin á þessari kápu eru alveg kynngimögnuð. Hálf satanískur andi svífur hér yfir vötnum og þessi kápa getur allt að því ofsótt mann. Samt sem áður ríkir einhver spaugileg gleði yfir þessu öllu saman."

**6. Helmus og Dalli: Drunk is Faster**



„Þetta er frábær og skemmtileg plata, blanda af ýmislegu og kápan er alveg í stíl! Stór plús fyrir skemmtilega plakatið sem fylgir." „Kitsch-bland í poka fyrir 5 þús. kall. Æðislegar myndskreytingar, girnilegir litir og skemmtileg samsuða af leturgerðum."



**7. Biggi: ID** „Myndskreytingin á forsíðunni greip strax athyglina. Flott teikning þar sem karakterinn í myndinni fléttast inn í leturmeðferðina á bakinu. Öll kápan vel hönnuð." „Fallegasta plötuumslag ársins. Biggi hefur aldrei litið betur út. Metnaðarfull hönnun þar sem öll atriði eru í heimsklassa, myndskreytingar, litasamsetningar, leturgerð og týpógrafía."

## 7 VERSTU ÍSLENSKU PLÖTUKÁPURNAR




**1. Friðrik Karlsson: Álfar og fjöll** „Sykur er algengur á umbúðum – flestir hugleiðsludiskar Friðriks fara yfir mörkin. Þetta þarf ekki að vera svona!" „Hræðileg „photoshop-collage" mynd af fjöllum og álfum og álfadrottning sem er illa „photoshop"-uð inn í landslagið."




**2. Páll Óskar, Margrét Eir og Eiríkur Hauksson: Horfðu til himins** „Stúlkan horfir dreymnum augum til himins. Alveg hræðileg kápa. Flestar hugmyndir eru ótrúlega þunnar. Ef diskur heitir horfðu til himins þá horfir listamaðurinn til himins." „Úúps! Get ekki sagt neitt annað..."

**3. Björgvin Halldórsson ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands: Björgvin** „Dýr og fín kápa, stensað og með gyllingu, hálf gagnsætt hvítt plast. Myndi giska á að þetta væri dýrustu umbúðirnar. Kápan virkar eins og góð hugmynd í byrjun sem var hjakkað í of lengi. Mynd af




honum og „silúetta" af Sinfó. Átti greinilega að vera mikið en þegar þetta kemur saman þá er þetta dýr umgjörð utan um vonda hönnun."



**4. Hera Björk: Hera Björk** „Alveg hræðileg mynd, hræðileg hönnun. Rosa „turn-off". Er hún að reyna láta fólk hugsa sig tvisvar um áður en platan er keypt?"




**5. Todmobile: Ópus: 6** „Þótt Todmobile sé vissulega goðsagnakennd sveit þýðir það samt ekki að hún geti leyft sér að gera kápu eins og fyrir eitthvað veglegt boxsett af óratoríum Händels. Ægileg kápa sem er svo langt frá því að vera grípandi heldur virkar frekar fráhrindandi og hrokafull. Þá vil ég frekar fá Eyþór beran að ofan framan á."




**6. Friðrik Ómar: Annan dag „Friðrik Ómar að líta upp til guðs með lotningu og þakka honum fyrir að hafa loksins fengið tækifæri til þess að gefa út sólóplötu eða eitthvað álíka klisjukennt. Hver sem boðskapurinn er þá er hann ekki að skila sér. Aumingjahrollur."**




**7. Nylon: Nylon** „Þessi kápa fær verðlaun fyrir að vera ófrumlegust í heimi. Léleg mynd, ljót grafík og óáhugavert í alla staði. Truflar kannski engan nema mig en heillar engan heldur. Stendur fyrir öll hallærislegustu umslögin í þessum iðnaði!"

hannabjork@frettabladid.is

# ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR • OPIÐ Í DAG 9-13

OPIÐ 9-13

LOKA DAGUR

GIGABYTE TECHNOLOGY
CREATIVE
OCZ Technology
Microsoft CERTIFIED Partner



*Starfsfólk Tölvuteks þakkar viðskiptin á liðnu ári og óskar viðskiptavinum sínum farsældar á komandi ári*

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is



## HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

### Vel að orði komist

Því miður eru sjaldan skemmtileg tilþrif í orðfæri í íslenskum blöðum. Það kemur þó fyrir. Halldór Guðmundsson notar eftirtektarvert myndmál í grein í Fréttablaðinu 17. desember: „Útgefendur eru hjarðdýr, sem kunnugt er. Þeir fundu sér beitarlönd á níunda áratugnum á auðugum gresjum suðuramerískra bókmennta ...“ Össur Skarphéðinsson talar um „spunahljóð feigðarinnar“ í grein í Fréttablaðinu 18. desember. Og bloggarinn (ekki er orðið fallegt, en ég kann ekki annað betra) Sævar Ólafsson kemst laglega að orði þegar hann skrifar að stjórnmálamaður virðist „hafa kafnað í eigin kokhreysti“. Ef menn geta kafnað í eigin kokhreysti, þá megum við trúlega fleiri fara að vara okkur, því að við Íslendingar erum oft ansi kokhraust þjóð. En það er önnur saga.

### Snorri segir í Eddu

að Kvasir hafi „kafnað í manviti“ – með einu **n**, takið eftir. Orðið er **manvit**, dregið af **munur** í merkingunni hugur, sbr. muna. Kannski geta **manvitsbrekkur** kafnað í eigin kokhreysti. En það gerist víst ekki. Nú á dögum kallast slíkt fólk **álitsgjafar**, nýtt og fínt orð yfir fámennan hóp sem sífellt er kallaður til í fjölmiðlum. Af hverju er lítt skiljanlegt. Af ótuktarskap hættir mér til að kalla suma þeirra einfaldlega **blaðrara** upp á gamla móðinn.

### Ekki er vel að orði komist –

hjá dálkahöfundi í Fréttablaðinu 16. desember sem skrifar: „Hann fer um á ofsahraða og getur jafnvel hjúpað sig skel svo ekkert fái á honum bjátað.“ Vel má hjúpa sig klæði eða skikkju, en ekki veit ég hvernig á að hjúpa sig skel. Aftur á móti er unnt að draga sig inn í skel eða skríða inn í skel – eða vera með harða skel. Trúlega er í þessu tilviki átt við að **brynja sig**. Og svo er það so. **að bjáta**. Eitthvað bjátar á hjá einhverjum, en það bjátar ekki á neinum.

### Strand

Þegar sagt var frá strandi í útvarpinu 19. desember var komist svo að orði að **flætt hefði undan** skipinu. Það er auðvitað tóm vitleysa. Þeir sem vita eitthvað um sjávarföll, vita líka að það **fjarar** undan skipum. Aftur á móti nást þau stundum á flot þegar flæðir.

### Ljótt er að sjá

eftirfarandi klausu í Mogga 19. desember: „Varðandi rannsóknina telur Jakob að frá og með 12. október 2005 séu rannsóknarathafnir sem hafi átt sér stað merktar vanhæfni.“ „Varðandi rannsóknina“ má alveg sleppa. Rannsóknarathafnir er fáránlegt orð og enn verra að þær „eigi sér stað“. Merktar sýnist aulaþýðing á „marked by“. Á íslensku mætti kannski segja: Jakob telur að frá ... hafi rannsóknin einkennst af vanhæfni.

### Braghenda

Ragnar Böðvarsson sendi mér þessa baksneiddu braghendu:

*Ekki veitir af að kenna aðeins meira*
*ýmsum þeim sem af því lifa*
*íslenskt mál að tala og skrifa.*

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

Málverk vikunnar -- Portrett af Bevilacqua

# Matisse á málverk ársins

Að þessu sinni, í þessum þætti – „Málverk vikunnar“ – er einfaldlega, í tilefni dagsins, valið málverk ársins. Eins vafasamt og það nú er þá er ekki á hverjum degi sem listunnendum á Íslandi gefst kostur á að berja augum verk eftir einn af risum listasögunnar. En yfirstandandi er nú sýning í Listasafni Íslands sem heitir Frelsun litarins. Og þar er að finna þessa mögnuðu portrettmynd eftir sjálfan Henri Matisse (1869-1954). Hún ber nafnið Portrettmynd af Bevilacqua, frá um 1905, er olía á striga og 35 x 27 cm. Myndina gaf Matisse Albert Marquet vini sínum á sínum tíma en þeir skiptust oft á verkum. Myndin er af ítölskum manni að nafni Pignatelli sem kallaður var Bevilacqua en myndhöggvarinn Rodin mun hafa notað hann sem fyrirmynd í verkinu Heilagur Jóhannes skírari.

Í viðtali við La Grande Revue árið 1908 segir Matisse að hann hafi hvorki mestan áhuga á uppstillingu né landslagi heldur andliti. „Segja má að andlitið lýsi best þeirri trúarlegu tilfinningu sem lífið hefur veitt mér. Ég dvel ekki við hinar smæstu línur andlitsins, reyni ekki að draga þær fram og skapa nákvæma eftirmynd.“

Hrjúf litasamsetning einkennir verkið, skematísk teikning og hraðar og þykkar pensilstrokur.

Sýning Listasafnsins stendur til 25. febrúar og um að gera að láta hana ekki fram hjá sér fara. En þeir á Listasafninu kunna að orða það: „Sýningin færir okkur sérstaka sýn á fauvismann, afdrifaríkan tíma innan málaralistarinnar sem náði hámarki árið 1905 og fól í sér nýjar skilgreiningar í stefnu málverksins. Öll túlkun á viðfangsefninu og á róttækri meðferð lita einkenndist í grundvallaratriðum af þörf málarans til að nota litinn sem tjáningarleið fyrir tilfinningar og skoðanir á viðfangsefninu.“

Það var og.



**PORTRETT AF BEVILACQUA** Myndin er ekki stór, 35 x 27, en þeim mun magnaðari og lýsir þeirri trúarlegu tilfinningu sem lífið veitti Matisse.





ÁRAMÓT
MP & BH
HRUMUR
BORÐ-FLASKA
ÓGRYNNI
ÁVÖXTUR
ARR
ÓÐUR
HYLUR
STÖÐUG HREYFING
SAFNA SAMAN AF NÍSKU
BOTNFALL
PARÓDÍA
KAPÍTULI
FÆÐA HANDA SKEPNUM
GERVIEFNI
RYKKORN
RIS
HÓTUN
LENDA
BLÓM
ÞORINN
KÁL
XX
H2O
GUBB
ARK
KIND
950
HAMAST
BORÐAÐI
ÞAGGA NIÐUR
FELL
GRÓÐI
GEISLA-HJÚPUR
OTA
EFNI
VISTIR
KOSNING
DREPA
ÍSSKÁPUR
FÓTÞURKA
SAMTÖK
DRYKKUR
TVEIR EINS
ÁHRIFAVALD
ÞVO
DRYKKUR
NÚMER
UNDIR-SKRIFA
STEIN-TEGUND
AUÐMAÐUR
ÓNEFNDUR
TÆRA
SVIF
RÆÐA LEYNILEGA
SKORUR
TERTA
BROTT
Í RÖÐ
DAGURINN FRAM AÐ HÁDEGI
FYRSTUR
SKRIFA Á
TIL
HEFUR FYRIR VENJU
STRIT
HLJÓTA
Í RÖÐ
MÆLI-EINING
BETRUN
TVEIR
SLÆMA
ÍLÁT
FLJÓTA Í VATNS-BORÐINU
HARÐ-NESKJU
JÁRN-SKEMMD
ÚÐADÆLA
SÝKJA
TUNNU
SMÁ-HREYKJA
ÞREFALT
FLANA
ÞYKJAST
HLÁKU
TIL DÆMIS
SKAPA
Á FÆTI
ÞÁTTUR
LOFT
SMÁ-PENINGAR
GYÐJA
GÁ



Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE
GOTT FÓLK McCANN
HREKKIR í HOLLYWOOD
Punk'd
Stöð 2 og Stöð 2 bíó á
ÁSKRIFTARTILBOÐ
aðeins 4.990 kr. á mánuði*
*gegn eingreiðslu og þú
Punk´d hefst í janúar

# Myndagáta Fréttablaðsins







*Í þessari myndagátu Fréttablaðsins, sem boðið er upp á í tilefni af áramótunum, er ekki gerður greinarmunur á breiðum og grönnum sérhljóðum, frekar en vani er í gátum slíkum. Þá verður að taka tillit til þess að myndirnar geta tengst innbyrðis, sem hefur áhrif á lausnina. Rétt lausn verður birt sunnudaginn 7. janúar.*

*Gangi ykkur vel og gleðilegt ár.*


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE
GOTT FÓLK McCANN
SANNLEIKURINN
ER AFSTÆÐUR
SHARK
Stöð 2 og Stöð 2 bíó á
ÁSKRIFTARTILBOÐ
aðeins 4.990 kr. á mánuði*
*gegn eingreiðslu og þú horfir til 5. mars
Shark hefst í janúar
2



# Neyðarvakt – Afgreiðslutímar

## Neyðarlínan

Neyðarsíminn 112 er opinn allan sólarhringinn og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðir og lögreglu um allt land.

## Slysa- og bráðamóttaka

Slysa og bráðamóttaka Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi er opin allan sólarhringinn og sinnir neyðartilfellum. Aðalsímanúmer er 543 1000. Einnig bráðamóttaka við Hringbraut. Aðalsímanúmer er 543 1000.
Beint innval á Slysadeild í Fossvogi er 543 2000 og á Áfalla- og neyðardeild í Fossvogi 543 2085.

Slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri við Eyrarlandsveg er opin allan sólarhringinn. Aðalsímanúmer er 463 0100. Beint innval á Slysadeild er 463 0800.

## Læknavaktin Smáratorgi

Móttaka fyrir heilsugæsluumdæmin í Reykjavík, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði verður opin í Smáratorgi, Kópavogi,
gamlársdag frá 9 til 18 og aftur frá 20.30 til 23,
nýársdag frá 9 til 23.30.
Símaþjónusta og vitjanaþjónusta er allan sólarhringinn yfir áramótin í síma 1770.

## Rauði krossinn

Hjálparsími Rauða krossins er 1717 og er svarað í því númeri allan sólarhringinn.
Konukot, athvarf fyrir heimilislausar konur, er í Eskihlíð 4, Reykjavík. Þar er sólarhringsvakt til 2. janúar.

## Stígamót

Lokað yfir hátíðarnar. Bent er á Áfalla- og neyðarmóttöku Landspítalans í Fossvogi. Sími 543 2085.

## SÁÁ

Lokað. Bent er á Slysadeild og bráðamóttöku Landspítala komi alvarleg tilfelli upp.

## Kvennaathvarfið

Kvennaathvarfið er opið allan sólarhringinn yfir hátíðarnar. Neyðarsíminn er 561 1205.

## Tannlæknaþjónusta

Opið verður á stofum eftirtalinna tannlækna yfir áramótin

Gamlársdagur:
Jónas B. Birgisson, Laugavegi 126, Reykjavík. Opið milli 9.30 og 12.
Nýársdagur:
Kjartan Örn Þorgeirsson, Skipholti 33, Reykjavík. Opið milli 11 og 13.

## Apótek

Gamlársdagur:
Lyf og heilsa er opin
í Austurveri frá 10 til 18,
í JL húsinu frá 10 til 14,
í Kringlunni frá 10 til 1,
í Vestmannaeyjum frá 11 til 12,
á Glerártorgi Akureyri frá 10 til 12,
í Keflavík frá 10 til 12.

Lyfja er opin
í Lágmúla frá 8 til 18,
á Smáratorgi frá 8-18,
Lyfjaval Hæðasmára 4 er opið frá 10 til 14.

Nýársdagur:

Lyf og heilsa er opin
í Austurveri frá 12 til 24.

Apótekarinn er opinn
Hafnarstræti Akureyri frá 15 til 17.

Lyfja er opin
í Lágmúla frá 10 til 24,
Smáratorgi frá 8 til 24.

Þeir sem þurfa á lyfjum að halda geta haft samband við Læknavaktina utan þjónustu apótekanna ef brýna nauðsyn ber til.

## Stórmarkaðir

10 11
Gamlársdagur:
Opið til 18.
Nýársdagur:
Opnað klukkan 13.

11 11
Gamlársdagur:
Opið frá 9 til 17.
Nýársdagur:
Lokað.

Bónus
Gamlársdagur:
Opið frá 9 til 15.
Nýársdagur:
Lokað.

Fjarðarkaup
Gamlársdagur:
Opið frá 10 til 13.
Nýársdagur:
Lokað.

Hagkaup
Gamlársdagur:
Opið frá 9 til 14.
Nýársdagur:
Lokað.




FLUGFÉLAGIÐ FLÝGUR TIL NOKKURRA STAÐA Á GAMLÁRSDAG.

Krónan
Gamlársdagur:
Opið til 9 til 15.
Nýársdagur:
Lokað.

Nóatún
Gamlársdagur:
Opið frá 9 til 15.
Nýársdagur:
Lokað.

## Samgöngur

Strætó bs.

Gamlársdagur:
Ekið á öllum leiðum samkvæmt áætlun sunnudaga en akstri lýkur um klukkan 16.
Nýársdagur:
Ekið samkvæmt áætlun helgidaga og hefst akstur um 15.30.

Herjólfur
Siglt frá Vestmannaeyjum kl. 8.15 og frá Þorlákshöfn kl. 11.

Á nýársdag falla ferðir niður.

Flugfélag Íslands

Gamlársdagur:
Flogið til Akureyrar, Egilsstaða, Ísafjarðar og Vestmannaeyja.

Síðasta brottför frá Reykjavík er kl. 12.15
Síðasta ferð frá Akureyri er kl. 13.25,
frá Egilsstöðum kl. 10.10,
frá Ísafirði kl. 13,
frá Vestmanneyjum kl. 11.20

Sérleyfishafar á BSÍ
Gamlársdagur:

Brottför frá BSÍ
Til Hveragerðis og Selfoss kl. 8.30 og 12.30,
Þorlákshafnar, Eyrarbakka, Stokkseyrar og Selfoss kl. 10,
Hvolsvallar kl. 12.30.

Nýársdagur:
Enginn akstur sérleyfishafa.



SPRENGJA
Nú fer hver að verða síðastur • Ótrúleg tilboð
GÆÐAPAKKINN
Þessi flotti flugeldapakki er frá Kiwanisklúbbnum Esjunni sem er til húsa að Engjateigi 11 og hann fylgir með fyrstu 200 tölvunum frá Tölvulistanum, fyrstir koma fyrstir fá!
LOKA DAGUR
Í DAG ER LOKA DAGUR SPRENGJUNNAR, SJÓÐANDI HEIT SPRENGJUTILBOÐ, FLÝTTU ÞÉR, ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!
SJÁUMST
LOKA DAGUR
TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 13 ÁR
REYKJAVÍK Nóatúni 17 Sími 414 1700
AKUREYRI Glerárgötu 36 Sími 414 1730
KEFLAVÍK Hafnargötu 90 Sími 414 1740
EGILSSTÖÐUM Miðvangi 2-4 Sími 414 1735
OPNUNARTIMAR
OPIÐ Í DAG FRÁ 9:00 TIL 12:00

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Rúsínan í pylsuendanum

**DÓRI DNA** FÆR SÉR STERKT Á GAMLÁRS



Hvergi annars staðar en á Íslandi er gamlárskvöld haldið með sama sniði og við höldum það. Nema kannski í einhverjum satanískum smábæjum í Hollandi. Ég efast meira að segja um að einhvers staðar annars staðar í heiminum sé fólki leyft að fara jafn frjálsega með flugelda. Ekki halda þessir menn virkilega að fólk sé edrú á meðan það tendrar blysin, ó nei. Ég efast svo um að einhvers staðar annars staðar í heiminum tíðkist áramótaskaup. En það er kannski það sem einkennir okkur sem þjóð, það og svið. Sé gamlárskvöldi lýst í smáatriðum gæti það eflaust orðið góður efniviður í 60 minutes þátt. Því það verða flestir alveg mígandi fullir á gamlárs. Meira að segja þeir sem voru þurrir um verslunarmannahelgina, geta ekki sleppt því að skvetta í sig í lok ársins. Það er vegna þess að gamlárskvöld á að vera rúsínan í pylsuenda ársins. Ímyndið ykkur ástandið rétt eftir miðnætti. Steikin, búin. Skaupið búið, og ef það var ekki fyndið er allt brjálað. Fólk kjagar um svo sauðdrukkið að það er á milli svefns og vöku. Sprengingar alls staðar. Fullir menn með rakettur. Logandi bál um allar höfuðborg. Hljómar meira eins og Beirút, heldur en partí. En fólk má bara ekki búast við of miklu. Gamlárskvöld þarf ekkert að vera jafn rosalegt og allir vona og vilja. Þeir sem hafa þegar fattað þetta, sleppa því alveg að fá sér brennsa á gamlárs og hrynja í það á nýárskvöld í staðinn. En það þarf heldur ekki, hafið engar áhyggjur, það kemur verslunarmannahelgi, þorrablót eða einhver svakaleg veisla á nýju ári. Ég er samt pollrólegur og fæ mér sterkt á gamlárskvöld. Leyndarmálið er að byrja bara eftir miðnætti og forða sér frá flugeldunum.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Líf þitt er samansafn allra ákvarðana sem þú hefur tekið.

...og veldu nú!

- AUKINN STYRK OG ORKU
- HUGARRÓ OG EINBEITNI
- VELSÆLD OG VELLÍÐAN
- AÐ LOSA STÍFLEIKA Í BAKI
- AÐ ÖRVA MELTINGUNA
- ÞÁ LÍKAMSÞYNGD SEM ÞÚ VILT
- ...EÐA HAFA ALLT VIÐ ÞAÐ SAMA

Þann 3. janúar opnar Guðni Gunnarsson Rope Yoga Setur í Listhúsinu við Engjateig.

**Almenn námskeið**
Ropeyoga fyrir byrjendur
Ropeyoga ástundun
Ropeyoga mánaðarkort
Ropeyoga plús
Ropeyoga eftir barnsburð

**Helgarnámskeið framundan**

| | |
|---|---|
| Lífsráðgjafinn | 5.-7. jan. |
| Léttu á þér, náðu kjörþyngd | 19.-21. jan. |
| Lykilinn að betri heilsu | 2.-4. feb. |
| Betra bak | 16.-19. feb. |

„Markmið mitt er að auka andlega og líkamlega vellíðan þína með iðkun Rope Yoga hug- og heilsuræktar. Veldu að njóta lífsins!"

Guðni Gunnarsson

MIND YOUR BODY™



ROPE YOGA SETRIÐ

Rope Yoga Setrið
Engjateig 17 - 19
105 Reykjavík

sími 535 3800
ropeyogasetrid.is

BBC WORLD SERVICE

# Tyson handtekinn fullur og með kókaín

Hnefaleikakappinn Mike Tyson var handtekinn á föstudaginn fyrir að aka bifreið undir áhrifum áfengis. Tyson var að yfirgefa næturklúbb í Scottsdale, Arizona og fóru lögreglumenn að elta hann þegar hann var næstum því búinn að keyra utan í lögreglubifreið. Að sögn lögreglunnar í Scottsdale var Tyson allur af vilja gerður þegar lögregluþjónn bað hann um að gangast undir ölvunarpróf, en hafi brugðist illa við þegar lögreglan hóf að leita í bíl hans. Í bílnum fannst lítilræði af kókaíni, en meira af efninu fannst svo í fórum Tysons. Í kjölfarið var farið með hnefaleikakappann í fangageymslur og mætti hann fyrir rétt á föstudaginn, en var svo fljótlega sleppt gegn tryggingu. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Tyson kemst í kast við lögin, en hann hefur ítrekað verið kærður fyrir líkamsárás og þurfti að dúsa í fangelsi um miðbik tíunda áratugarins eftir að hann var dæmdur fyrir nauðgun. Mike Tyson hefur svo gott sem lagt hnefaleikahanskana á hilluna, en í þau fáu skipti sem hann berst núna, er það gegn óverðugum andstæðingum og sjaldnast í viðkenndum viðureignum.



**MIKE TYSON** Á í miklum vandræðum með að halda sér réttum megin við lögin.



**PARIÐ LUKKULEGA** McDermott bað Spelling tvisvar, með árs millibili. Sumum gæti þótt það undarlegt, þar sem skötuhjúin eru þegar gift.

## Fékk bónorð aftur

Parið Tori Spelling og Dean McDermott tekur kærleiksboðskap jólahátíðarinnar greinilega til sín. Mcdermott bað Spelling að giftast sér á jóladag í fyrra, og endurtók svo leikinn ári síðar. Sumum gæti þótt það óþarfi, þar sem parið gekk í það heilaga á Fijieyjum í maí, en ekki McDermott. Hann gaf spúsu sinni safírshring og bað hennar upp á nýtt, sem þeim þótti báðum rómantískt með eindæmum. Spelling, sem ber fyrsta barn þeirra saman undir belti, sagðist hafa farið að hágráta yfir herlegheitunum. Henni þætti það svo sérstakt að þegar McDermott bað hennar fyrst hafi barn aðeins verið fjarlægur draumur, en nú væri það raunverulega á leiðinni.

## Saknar stelpnanna

Beyoncé Knowles saknar vinkvenna sinna úr hljómsveitinni Destiny's Child. Hljómsveitin hætti í fyrra og síðan hefur Beyoncé samið tónlist upp á eigin spýtur. „Ég elskaði þetta systrabandalag," segir Beyoncé sem segist hafa orðið þunglynd þegar bandið hætti. „Ég borðaði ekki og fór ekkert út. Þetta var hræðilegt."



**BEYONCÉ** Saknar stelpnanna úr Destiny's Child.



**JÓHANN JÓHANNSSON** Nýjasta plata tónskáldsins er ofarlega á árslista Almost Cool.

## Jóhann í 6. sæti árslista

Plata tónskáldsins Jóhanns Jóhannssonar, IBM 1401 - A User's Manual, er í 6. sæti á lista heimasíðunnar Almost Cool yfir bestu plötur ársins 2006. Í dómi um plötuna á síðunni segir að tónlist Jóhanns sé „gullfalleg nýklassík og enn eitt stórkostlegt afrek þessa unga tónskálds".

Jóhann er eini Íslendingurinn sem kemst á einn af árslistum helstu erlendra gagnrýnenda í tónlistarbransanum í ár, en í fyrra komst Sigur Rós ofarlega hjá mörgum með plötu sína Takk og var meðal annars efst á árslista tímaritsins Filter. - sgj



*Stóðum tvö í túni,*
*tók hlín um mig sínum*
*höndum, hauklegt kvendi*
*hárfögur og grét sáran;*
*títt flugu tár um tróðu,*
*til segir hugur um vilja,*
*strauk drifhvítum dúki*
*drós um hvarminn ljósa.*

Ljóðlínur úr Víglundarsögu lýsa því er Víglundur Þorgrímsson kvaddi unnustu sína, Ketilríði Hólmkelsdóttur. Þjóðlag við ljóðið er vel þekkt og flutti Þursaflokkurinn það og hljóðritaði fyrir nokkrum árum.

# bækur

menning@frettabladid.is

## *Blessuð bók sálarinnar*

Með höfuðriti sínu, Ruhnama, hugðist Saparmurat Turkmenbashi vefa saman fortíð, nútíð og framtíð í einn streng. Þessi litríki fyrrverandi forseti Turkmenistans lést skömmu fyrir jól en uppátæki hans höfðu reynst fjölmiðlum um allan heim gnægtabrunnur skondinna frétta.

Bók sálarinnar, Ruhnama, sem gasprað var með að væri skyldulesning fyrir borgara ríkisins – hvort sem þeir ætluðu sér að taka bílpróf eða skipta um nærbuxur – geymir margvíslegan fróðleik og speki forsetans en hún er nú fáanleg á fjölmörgum tungumálum.



**FYRRVERANDI ALVALDUR TURKMENISTAN** Saparmurat Turkmenbashi var líka ljóðskáld.

Á heimasíðunni www.ruhnama.com er bókin kynnt og má þar lesa kafla úr henni. Reyndar eru bækurnar tvær og gætir þess misskilnings víða að sama innihald sé í þeim báðum. Á síðunni má aukinheldur finna sagnaþætti og smásögur sem safnað hefur verið í nafni bókarinnar auk ljóða eftir Turkmenbashi sem öll hylla þjóð hans og ríki. Síðuna má lesa á fjórum tungumálum, þar með á ensku, en einnig má hlýða á söng ljóðanna á frummálinu. Þess má geta að nú er sérstakt tilboð á ritinu Ruhnama og uppfærð útgáfa annars bindis, 440 síður í vönduðu broti, er fáanleg. Í kaupbæti með hverri bók fylgir einnig frí vasadagbók skreytt túrkmenskri list.



**>Bók vikunnar …**

**Drekafræði** Ernest Drake. Aldrei skyldi maður vaxa upp úr **aðdáun** sinni á drekum enda eru þeir með afbrigðum forvitnileg **kvikindi**.



**SPJALDANNA Á MILLI**
**Halldór Guðmundsson**

## *Það er til bók eftir jólin*

Þá er jólabókamarkaðurinn afstaðinn með öllum sínum skemmtilega hugaræsingi og vonandi hafa margir lesendur lagst yfir bækur sem þeir fengu í jólagjöf. Tvennt blasti við í vertíðinni að þessu sinni: Það er verulegur kraftur í bókaútgáfunni – og það er ekkert lát á verðstríði á bókamarkaði. Hvort tveggja kemur sér vel fyrir áhugasama kaupendur en ekki er víst að að verðstríðið hafi góð áhrif til lengdar, þegar það fer út í hreina vitleysu einsog raunin hefur orðið.

**Helmings afsláttur af nýjum bókum**

Nú er meira en áratugur liðinn síðan bókaverð varð frjálst á Íslandi og ljóst að ekki verður aftur snúið. Það er líka eitthvað fallegt við að sjá fólk ganga með hangilæri og bók út úr matvörubúð, þetta eru hinar íslensku lífsnauðsynjar, a.m.k. fyrir jólin. En það er líka löngu tímabært að skoða krítískt langtímaáhrif verðstríðsins og þeirrar aðferðar margra stórmarkaða að nota bókina sem trekkvöru fyrir jólin og borga í lengri eða skemmri tíma með einstaka titlum. Því markaðurinn hefur hvorki róast né þróast í skynsamlegri átt með tímanum, einsog margir héldu. Fyrir þessi jól mátti sjá nýjar, eftirsóttar bækur boðnar tímabundið með 45-50% afslætti, líktog þær væru komnar á bókamarkaðinn í Perlunni tveim árum fyrir tímann.

**Langtímaáhrif**

Afleiðingarnar eru margvíslegar. Hér skulu nokkrar nefndar:

- Verðlagning útgefenda verður ómarktæk. Hið svokallaða leiðbeinandi útsöluverð er búið til með það í huga að fljótlega eftir útkomu verði bókin boðin með a.m.k. þriðjungs afslætti og þeir einir fara flatt á þessu sem keyptu bókina strax handa sjálfum sér.
- Það hefur oft komið fram að heilsársbókabúðir eiga mjög erfitt við þessar kringumstæður, þeim hefur fækkað talsvert og aðeins ein keðja haldið velli, það er Penninn-Eymundsson. Hlutur bókabúðanna í sölunni fyrir jólin fer líka jafnt og þétt minnkandi, hann er líklega kominn niður í fjórðung af heildarsölunni.
- Yfir tvö hundruð aðilar gefa árlega út eina bók eða fleiri, ef talið er eftir virðisaukaskattsskýrslum, og samkvæmt meðaltali áranna 1997-2002 voru fyrirtæki sem aðallega sýsluðu við bókaútgáfu og höfðu fólk í vinnu um 50 talsins (skv. skýrslu um íslenska bókaútgáfu eftir Þórberg Þórsson og Þórólf Matthíasson frá árinu 2004). Þeir eru hins vegar æ færri sem hafa máttinn til að láta að sér kveða í alvöru á jólamarkaðnum. Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, hefur talið það saman á bloggsíðu sinni (kristjanb.blog.is) að af þeim 50 sætum sem eru í boði á metsölulistum í öllum flokkum fyrir þessu jólin voru forlögin Edda og JPV með 32 en ellefu aðilar skiptu afgangnum á milli sín. Á listanum yfir tíu söluhæstu bækurnar voru stóru forlögin tvö með átta titla. Þetta þýðir að litlu forlögin eiga afar erfitt með að ráða sínum viðskiptakjörum við stórmarkaðina, verða nánast að taka því sem býðst því samningsstaða þeirra verður æ veikari. Þeim mun því fækka rétt einsog bókabúðunum.

**Hagsmunir til langs tíma**

Íslendingar verða að sjálfsögðu að eiga sæmilega öflug bókaforlög. En það er ekki endilega æskileg þróun að einungis tvö standi eftir sem geta náð í gegn í markaðsátökum jólanna og að eiginlegar bókabúðir skipti litlu máli á jólabókamarkaði.

Það er engin einföld leið til að bregðast við þessum vanda, önnur en sú að aðilar bókamarkaðarins hugi betur að langtímahagsmunum sínum. Það er mikill misskilningur að öflugar sölubækur séu óæskilegt fyrirbæri – þær eiga einmitt stærstan þátt í að laða almenning að bókaborðunum fyrir jól. En þegar þangað er komið skiptir menningarleg breidd, gæði og fjölbreytni öllu máli. Einungis ef breiddin er til staðar mun íslenskur almenningur áfram leita í bækur sér til fróðleiks og skemmtunar. Það er því meginatriðið að tryggja þessa breidd, ekki bara fyrir útgefendur, heldur fyrir íslenska menningu alla.

## Galdrapiltur deyr?

Kenningar eru uppi meðal erlendra spekinga um að galdrastrákurinn Potter komist ekki lífs af úr langvarandi stríði sínu við hinn illskeytta Voldemort. Greint er frá þessu í breska blaðinu The Guardian en nýlega var upplýst um heiti sjöundu og síðustu bókarinnar um kappann fræga, Harry Potter and the Deathly Hallows.

Leiða menn líkur að því að Voldemort og illur andi hans verði ekki bugaður nema galdrapilturinn húrrist út í eilífiðina með honum.



**HVERNIG ENDAR ÞETTA?** Spekingar spá fórnardauða galdrapiltsins.

# Þverskurður af lestri þjóðar

**Nú er tími uppgjöranna en forvitnilegt reynist að rýna í metsölutölur bókabúðanna sem teknir hafa verið saman í árslok. Af þeim má til dæmis ætla að ekki sé lengur stórstreymt aðeins einu sinni á ári í íslenskri bókaútgáfu.**



**LESIÐ ALLAN ÁRSINS HRING** Bryndís Loftsdóttir segir metsölulista ársins gefa tilefni til bjartsýni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Metsölulisti yfir fimmtíu mest seldu bækurnar í bókabúðum Eymundsson og Máls og menningar, sem á eru bækur keyptar í sautján verslunum þeirra á bilinu 1. janúar til 24. desember, sýnir að bóksalan þetta árið er dreifðari en oft áður. Að sögn Bryndísar Loftsdóttur, vörustjóra íslenskra bóka hjá Eymundsson og Bókabúðum Máls og menningar, opinberar hann að jólabókasalan sé ekki allsráðandi eins og hún hefur verið undanfarin ár. „Á listanum eru til dæmis fjöldi kilja sem eru að seljast allt árið,“ segir hún og tekur dæmi af tveimur þýddum bókum, Flugdrekahlauparanum eftir Khaled Hosseini og bókinni Munkurinn sem seldi sportbílinn sinn eftir Robin Sharman, sem báðar eru á topp tíu listanum þetta árið en seldust þó ekki grimmt fyrir jólin. „Vonandi verður þetta til þess að hvetja útgefendur til að dreifa útgáfu bóka sinna því við lesum allan ársins hring,“ áréttar Bryndís.





**MEST SELDA BÓK ÁRSINS** Bók Andra Snæs Magnasonar, Draumalandið, er komin út í viðhafnarútgáfu og var nýlega tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Listinn er um margt forvitnilegur og bendir Bryndís á að hann sé einkar fjölbreyttur þetta árið. „Þetta er rosalegur þverskurður af því sem þjóðin hefur hesthúsað yfir árið,“ segir hún og en kveðst þó hafa undrast hversu fáar barnabækur er þar að finna. „Það skýrist af því að titlum hefur fjölgað og því er salan dreifðari en það á líka við um túristabækurnar. Það hafa aldrei verið gefnar út fleiri barnabækur en sala þeirra hefur aukist umtalsvert í ár og það virðist sem aðstandendur barna séu að verða meðvitaðri um mikilvægi þess að halda bókum að börnum allt fram á fullorðinsár.“

Ef rýnt er í topp fimmtíu listann og þær tegundir bóka sem seljast mest má finna þar rúmlega tuttugu skáldverk og álíka mikið af bókum almenns eðlis, s.s. handbækur og fræðibækur. Af skáldverkunum eru fjórtán í kiljuformi og ellefu eftir íslenska höfunda sem mögulega er til marks um aukna víðsýni lesenda, nú sækja þeir einnig í að lesa bækur í kiljuformi og sókn er í útgáfu á þýddum skáldverkum.

Meðal tíu efstu bókanna eru aðeins tvær nýjar íslenskar skáldsögur, Konungsbók eftir Arnald Indriðason í þriðja sæti og Tryggðarpantur eftir Auði Jónsdóttur í því tíunda, og það vekur athygli Bryndísar hversu fáar ævisögur lifandi Íslendinga komu út fyrir þessi jól. „Sú eina sem rataði inn á þennan lista var Ljósið í Djúpinu, saga Rögnu frá Laugabóli – og svo náttúrlega spúntnikbók ársins, Hannes – nóttin er blá mamma,“ segir hún og útskýrir að sú umdeilda bók seljist enn dável þessa dagana ásamt Almanaki Háskólans.

Annars eru starfsmenn bókabúðanna nú í óðaönn að aðstoða gesti sína við skil og skipti á jólabókum en Bryndís segir þó að ólíklegt sé að listinn fyrrgreindi muni breytast mikið úr þessu. „Það eru helst efstu bækurnar sem eru að koma inn en það eru stór stökk þar á milli. Þegar salan er svona dreifð eru skilin líka minni og svo er í ár – það er helst þegar þessar risametsölubækur koma út að þeim er skilað í stöflum.“ - khh

## 40 MEST SELDU BÆKURNAR 2006

| | | |
|---|---|---|
| 1 | DRAUMALANDIÐ | ANDRI SNÆR MAGNASON / EDDA ÚTGÁFA |
| 2 | FLUGDREKAHLAUPARINN – KILJA | KHALED HOSSEINI / JPV |
| 3 | KONUNGSBÓK | ARNALDUR INDRIÐASON / EDDA ÚTGÁFA |
| 4 | HANNES – NÓTTIN ER BLÁ MAMMA | ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ / NÝHIL |
| 5 | MUNKURINN SEM SELDI… – KILJA | ROBIN SHARMAN / JPV |
| 6 | LOST IN ICELAND | SIGURGEIR SIGURJÓNSSON / EDDA ÚTGÁFA |
| 7 | SKUGGI VINDSINS - KILJA | CARLOS RUIZ ZAFÓN / EDDA ÚTGÁFA |
| 8 | VETRARBORG – KILJA | ARNALDUR INDRIÐASON / EDDA ÚTGÁFA |
| 9 | BARBAPABBI | ANNETTE TISON / JPV |
| 10 | TRYGGÐARPANTUR | AUÐUR JÓNSDÓTTIR / EDDA ÚTGÁFA |
| 11 | STAFSETNINGARORÐABÓKIN | DÓRA HAFSTEINSDÓTTIR RITST. / JPV |
| 12 | HROKI OG HLEYPIDÓMAR – KILJA | JANE AUSTIN / EDDA ÚTGÁFA |
| 13 | ERAGON – ÖLDUNGURINN | CHRISTOPHER PAOLINI / JPV |
| 14 | DREKAFRÆÐI | DOKTOR ERNEST DRAKE / BJARTUR |
| 15 | ALKEMISTINN – KILJA | PAULO COELHO / JPV |
| 16 | LJÓSIÐ Í DJÚPINU | REYNIR TRAUSTASON / EDDA ÚTGÁFA |
| 17 | ALMANAK HÁSKÓLA ÍSLANDS | HÁSKÓLI ÍSLANDS |
| 18 | 4. JÚLÍ – KILJA | JAMES PATTERSON / JPV |
| 19 | VILTU VINNA MILLJARÐ? | VIKAS SWARUP / JPV |
| 20 | SENDIHERRANN | BRAGI ÓLAFSSON / EDDA ÚTGÁFA |
| 21 | ÞRIÐJA TÁKNIÐ – KILJA | YRSA SIGURÐARDÓTTIR / VERÖLD |
| 22 | TÍMI NORNARINNAR – KILJA | ÁRNI ÞÓRARINSSON / JPV |
| 23 | ALDINGARÐURINN | ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON / EDDA ÚTGÁFA |
| 24 | WONDERS OF ICELAND | HELGI GUÐMUNDSSON / JPV |
| 25 | FRANSKAR KONUR FITNA EKKI | MIREILLE GUILIANO / JPV |
| 26 | MÝRIN – KILJA | ARNALDUR INDRIÐASON / EDDA ÚTGÁFA |
| 27 | 109 JAPANSKAR SUDOKU NR. 3 | GIDEON GREENSPAN / N29 |
| 28 | LEYNDARDÓMUR BÝFLUGNANNA | SUE MONK KIDD / BJARTUR |
| 29 | ENGLAR OG DJÖFLAR – KILJA | DAN BROWN / BJARTUR |
| 30 | 109 JAPANSKAR SUDOKU NR. 4 | GIDEON GREENSPAN / N29 |
| 31 | SKIPIÐ | STEFÁN MÁNI / JPV |
| 32 | STUTT ÁGRIP AF SÖGU TR… – KILJA | MARINA LEWYCA / EDDA ÚTGÁFA |
| 33 | ENDALAUS ORKA | JUDITH MILLIDGE / BÓKAÚTGÁFAN SALKA |
| 34 | ICELAND, THE WARM COUNTRY… | SIGURGEIR SIGURJÓNSSON / EDDA ÚTGÁFA |
| 35 | GRAFARÞÖGN – KILJA | ARNALDUR INDRIÐASON / EDDA ÚTGÁFA |
| 36 | ÍSLAND – VEGAATLAS | LANDMÆLINGAR ÍSLANDS |
| 37 | FÍASÓL Á FLANDRI | KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR / EDDA ÚTGÁFA |
| 38 | SU DOKU 2 | WAYNE GOULD / EDDA ÚTGÁFA |
| 39 | ÖÐRUVÍSI SAGA | GUÐRÚN HELGADÓTTIR / EDDA ÚTGÁFA |
| 40 | SKÁLDALÍF: Gunnar og Þórbergur | HALLDÓR GUÐMUNDSSON / JPV |

Á lista þessum eru mest seldu bækurnar í sautján verslunum Eymundsson og Bókabúð Máls og menningar frá 1. janúar til 24. desember í ár.



BT
Opið frá 10-13
í öllum BT verslunum í dag
MEDION V12 RAZOR
22"
WIDE SCREEN
MEDION
6249IS
MEDION V12 CORE2 RAZOR
Intel® Core 2 Duo E6300
nVidia GeForce 7600GS -256 MB
- DVI-I/D-SUB/HD TV-out/incl. HDTV
- composite cable / passive heat sink - w/ HDCP
500 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache (2x250GB)
2048 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)
LightScribe DVD Skrifari Dual Layer
LAN 10/100 Mbit
IEEE1394/Firewire - DV Ready
Sjónvarpskort og Fjarstýring
Medion Media Bay
Lyklaborð og Mús
Designed for Windows® XP
Windows Vista™ Capable
Ókeypis uppfærsla af Windows Vista stýrikerfinu fylgir! - Væntanlegt í Febrúar 2007
TRAUSTI
Trausti flugeldapakkinn fylgir!
FYLGIR
VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.MARS
7.084**
Prentar-skannar-ljósritar
FYLGIR
14.999
Core 2 Duo -Fyrir kraftinn
500GB harður diskur -Fyrir gögnin
GeForce 7600 GS -Fyrir leikina
2GB minni -Fyrir vinnsluna
Sjónvarpskort -Og fjarstýring
DV Ready -Fyrir tökuvélina
7.084 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.
15.799 Vaxtalaust 12 mán.
189.588 Staðgreitt
Netta vélin
16.000 verðlækkun
Aðeins 1,7 kg
12"
FUJITSU COMPUTERS SIEMENS
intel Core 2 Duo
Heimsins besta fartölvutækni. Tvöföld afköst og 30% meiri endingu á rafhlöðu.
DVD brennari Dual Layer
4 i 1 kortalesari
Þráðlaust netkort - WiFi
Bluetooth - þráðlaust tengi
Innbyggður hljóðnemi
LKN:DAN-100100-023
FSC AMILO SI CORE2
Intel® Core 2 Duo T5500
12,0" TFT WXGA (1280x800)
-með CrystalView Tækni
INTEL GMA 950 skjástýring
1GB vinnsluminni
80GB SATA harður diskur
DVD brennari Dual Layer
4 i 1 kortalesari
Þráðlaust netkort - WiFi
Bluetooth - þráðlaust tengi
Ljósnemi - stillir birtu á skjá sjálfkrafa
Innbyggður hljóðnemi
3 tima rafhlöðuending
Vegur 1,7 kg
VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.MARS
TRAUSTI
Trausti flugeldapakkinn fylgir
FYLGIR
5.303*
Core 2 Duo -40% hraðvirkari
1GB minni -Fyrir vinnsluna
Þráðlaust net -Til þæginda
5.303 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.
11.666 Vaxtalaust 12 mán.
139.992 Staðgreitt
TOSHIBA SATELITE P100
17"
TOSHIBA
PSPA3E-0YL02UED
TOSHIBA SATELLITE P100-208
Intel® Core 2 Duo T5500
17" Wide XGA+ skjár
- upplausn 1440 x 900
nVidia GeForce™ Go 7300 512MB
2GB DDR Minni (Mest 4GB)
200GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Þráðlaust netkort Intel ABG
Kortalesari 4 - 1
IEEE 1394 - DV Ready
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi
BlueTooth
Harman Kardon® hátalarar
SRS® TruSurround XT™ technology
Rafhlöðuending 3:30 (Mobile Mark™)
Aðeins 3.2 kg
Windows XP MCE edition (Venus)
intel Core 2 Duo inside
VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.MARS
7.086*
Rugl verð
FYLGIR
14.999
Prentar-skannar-ljósritar
PIXMA160
CANON PIXMA MP160
4800 x 1200 upplausn
22 bls á mín svart
17 bls á mín litur
Prentar jaðarlaust á 10x15
600 x 1200 dpi Skanni
PictBridge
Einfaldur í notkun
TRAUSTI
FYLGIR
Core 2 Duo -Fyrir kraftinn
200GB harður diskur -Fyrir gögnin
Taktu afrit
GeForce Go 7300 -Fyrir leikina
2 GB minni -Fyrir vinnsluna
DVD Ready -Fyrir tökuvélina
Kortalesari -Til þæginda
7.086 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.
15.799 Vaxtalaust 12 mán.
189.588 Staðgreitt

# Tveggja heima sýn og allra átta

Maðurinn er berfættur og á bolnum í köldu haustmyrkrinu; andlitið er skelft og augun þanin. Ég þekki hann ekki, rétt kannast við hann, brosmilt andlitið, hann vill inn. Ég er í maníu, geturðu gefið mér að borða? stynur hann upp.

Ég býð honum inn, geng á eftir honum upp, set hann niður, ber í hann mjólk, brauð álegg: hann gleypir matinn eins og krakki sem er að flýta sér út í leik; svona er bráðahungrið, hugsa ég. Við segjum fátt.

Viltu ekki fara á deildina? spyr ég. Kannski eftir nóttina, segir hann, stendur upp, réttir mér hönd og fer: hverfur niður og út í myrkur kvölds og sálar.

Ógnir og töfrar útisetunnar eru fæstum kunnuglegir en væru öllum hollir. Svarti hundurinn sest einhverntíma að í flestum, þó fólk almennt þekkist hann ekki. Skipan rökleysunnar, andhverfan, er með nokkrum hætti könnuð á slóð ungu stúlkunnar í sviðsetningu Benedikts Erlingssonar á leikverki Antony Neilson; framandleikinn í fyrstu, svo grimmdin, götótt tilvera þráhyggjunnar: höfundurinn notar sögu Carroll af Lísu í Undralandi sem kort, stikar sig eftir henni, en á algerlega nútímalegan hátt. Stúlkan er miðja, einhverskonar núllpunktur, allt hverfist um hana, hún er við og við hún. Röksemdir hennar fluttar á okkur á kænlegan hátt.

Gamansemi geðveikinnar, hvernig rökin snúast öll, verða okkur lengi framanaf á sýningunni skemmtiefni – ó-öryggisverðirnir og gátlistar þeirra afhjúpa á kostulegan hátt fáranleika nýja regluverksins í millilandaflugi – sjónarhornið er skondið á skjön. Áhorfendur skemmtu sér vel á frumsýningu: einkum eru það sjömenningarnir sem mörg hlutverk leika sem fara á kostum í þessari sýningu, leikmátinn er afar tempraður og stilltur en hnitaður og fjölbreytilegur – flott frammistaða LR. Þessu lágstemmda tempói er síðan haldið áfram í hinum óumflýjanlega þriðja þætti verksins. Ilmur er ekki síðri, en hún speglar meira en gerir sem er list út af fyrir sig.

Allt umhverfi verksins er sett inn í enn einn hvíta kassann eftir Gretar Reynisson, að þessu sinni ofanbyggðan ljósalofti. Eins og oftast áður heldur hvít líkingin, nú lyfturými, frábærlega um óstýrilátan heim verksins, Gretar er studdur í sínu verki af glæsilegri ljósa- og hljóðvinnu þeirra Halldórs Arnar og Ólafs Thoroddsen. Allt umhverfi leiksins er markað hreinlegum stíl, en sundurlausum, sem rímar við klíniska endastöðina á ferð Lísu: búningar Helgu Stefáns, gervi Sigríðar Rósu. Það er toppvinna í þeirri deildinni.

Sviðsetning Benedikts er víðast hvar vel heppnuð og því hugsuð – þó sviðsetningar beri jafna í sér einhvern vott af glópaláni. Það dettur niður kraftur í nokkrum atriða fyrri hluta hans, meðal annars vegna þess að samtöl verða óskýr – það ræðst af lokun á hljóðrými í kassanum: Hrokafullir leikstjórar geta svo sem gefið skít í að það heyrist í sýningum þeirra mannsins mál – en flestir áhorfendur vilja heyra hvað sagt er. Og borga fyrir það. Og þegar samtölin eru að auki órökvís og þvælukennd er þess mikilvægara að haldið sé um það. Það er hollráð í æfingum í leikmynd sem þessari að láta leikmyndahöfundinn alltaf sitja í ystu sætum raðanna. Bæði fyrir hann og sýninguna.

Sálarháskinn sem við lifum öll við, þó mörg okkar haldi sig fjarska normal, er viðvarandi mannlegt mein. Við getum ekki lokað hann úti – hann er allt um kring um okkur: sjáið bara maníuna í græðg-ina sem flestir útrásarmennirnir eru haldnir af. Þráhyggjuna í stjórnmálalífinu. Allt sem gert er til að upplýsa okkur um útisetuna er til góða.

Þetta er falleg sýning, samstillt, skopleg, grimm og grátleg.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**LEIKLIST**

**Ófagra veröld**

Antony Neilson
Þýðing: Þórarinn Eldjárn
Leikstjóri Benedikt Erlingsson
Leikfélag Reykjavíkur

★★★★

Kátleg og nístandi lýsing á geðhvörfum í fínstilltri túlkun leikhóps Leikfélagsins



**LÍSA Í SUNDRALANDI** Leikhópur Leikfélags Reykjavíkur fer á kostum. LJÓSMYND: SIGFÚS MÁR PÉTURSSON/LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR



**MEÐ HÁTÍÐARBRAG Í HALLGRÍMSKIRKJU** Kristinn Sigmundsson og Trompeteria kveðja árið með tónleikum.

# Árið kvatt með söng

Kristinn Sigmundsson óperusöngvari syngur á árlegum hátíðartónleikum í Hallgrímskirkju síðdegis í dag. Með honum leika Hörður Áskelsson orgelleikari og trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson sem skipa sveit er þeir kalla Trompeteria.

Á efnisskránni eru bassaaríur úr Messíasi og Jólaóratoríunni auk verka eftir Bach og Albinoni.

Listvinafélag Hallgrímskirkju stendur að tónleikunum en félagsskapur sá fagnar 25 ára starfsafmæli sínu um þessar mundir. Tónleikarnir hefjast kl. 17.


ÓÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja Sinfóníu nr. 4 & Kindertotenlieder eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason
6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík
7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni
Miðaverð kr. 2.000 - Námsmenn: 2 fyrir 1
SpKef

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake´s Progress e. Stravinsky - Nánari upplýsingar á www.opera.is
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 FÁAR SÝNINGAR
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX ! - 25 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í sal
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl. 19.15 (ekki á frumsýningu)
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.






**Stúdentaleikhús kynnir „ þú ert enginn Johnny Depp ”**
Til að verða við óskum þeirra sem ekki komust að munu verða aukasýningar á verkinu Fim 4. jan kl. 20 / Fös 5. jan kl. 20 / Lau 6. jan kl. 20 / Sun 7. jan kl. 20

**Brilljantín kynnir POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)**
Verkið er aðeins sýnt í viku. Frumsýning Sun 14. jan kl. 20 / Mið 17. jan kl. 20 / Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Stóra sviðið kl. 20:00

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 **nokkur sæti laus**, lau. 20/1, lau. 27/1.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 6/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**, lau. 13/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**.

**BAKKYNJUR** eftir Evrípídes
4. sýn. fim. 4/1 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 18/1.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 6/1 **nokkur sæti laus**, fös. 12/1 **kl. 16:30 nokkur sæti laus**, lau. 13/1 **örfá sæti laus**, lau. 20/1. **Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

Kúlan

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 uppselt.**

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**



„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD

STARFSFÓLK BORGARLEIKHÚSSINS ÓSKAR YKKUR GLEÐILEGS NÝS ÁRS OG ÞAKKAR SAMFYLGDINA Í VETUR

SJÁUMST Í BORGARLEIKHÚSINU 2007

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Vínartónleikar



Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar eru í huga margra jafn ómissandi hluti af því að fagna nýju ári og flugeldar og brennur. Líklega verður uppselt á Vínartónleika venju samkvæmt og því er ráðlegt að tryggja sér miða í tíma á www.sinfonia.is

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ Í HÁSKÓLABÍÓI
MIÐVIKUDAGINN **3. JANÚAR** KL. 19.30 LAUS SÆTI

TÓNLEIKAR UTAN RAÐA Í HÁSKÓLABÍÓI
FIMMTUDAGINN **4. JANÚAR** KL. 19.30 LAUS SÆTI
FÖSTUDAGINN **5. JANÚAR** KL. 19.30 ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAUGARDAGINN **6. JANÚAR** KL. 17.00 ÖRFÁ SÆTI LAUS



Hljómsveitarstjóri ::: Christopher Warren-Green
Einsöngvari ::: Þóra Einarsdóttir
Vínartónlist eftir Johann Strauss yngri, Johann Strauss eldri, Carl Millöcker og Richard Heuberger

FL GROUP ER AÐALSTYRKTARAÐILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS



allt matur
Alla föstudaga

# Áramótin á Broadway

Það einfaldlega gerist ekki betra!



## Sálin hans Jóns míns

Addi Exos
Grétar G
DJ Víkingur
DJ Björn Þór

20 ára aldurstakmark
Húsið opnar á miðnætti

BROADWAY

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Paris og Britney ekki lengur vinkonur

Slitnað hefur upp úr skyndivinskap þeirra Britney Spears og Paris Hilton. Fréttir herma að Britney hafi sagt Paris að hún gæti ekki lengur verið þekkt fyrir að láta sjá sig með hótel-prinsessunni. Britney hafi ákveðið að vinskapurinn væri hreinlega ekki þess virði eftir þá slæmu útreið sem hún hefur hlotið í fjölmiðlum síðan hún fór að verja öllum sínum stundum í félagsskap fröken Hilton. Ekki er vitað hvort poppprinsessan sé þar með að bregðast við fregnunum um að einn mesti aðdáandi hennar áformi að loka síðu sem hann hefur haldið úti henni til heiðurs í sex ár.

Paris tók skilaboðunum eitthvað illa og svaraði fyrir sig með því að láta það vera að bjóða Britney í jólapartíið sitt. Hún hefur jafnframt tekið upp á því að kalla poppprinsessuna „dýrið".



**EKKI PAR HRIFIN** Paris var ekki hrifin af skilaboðunum frá Britney og uppnefnir söngkonuna nú „dýrið". FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HÆTT MEÐ PARIS** Britney Spears hefur ákveðið að segja Paris Hilton upp sem bestu vinkonu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**ÓLÉTT Á NÝ** Roberts á fyrir tvíburana Phinnaeus og Hazel, en henni reyndist nokkuð erfitt að verða barnshafandi.

# Julia Roberts aftur ólétt

Julia Roberts á aftur von á barni, ef marka má New York Post. Kemur þetta nokkuð á óvart, þar sem Roberts og eiginmaður hennar, Danny Moder, áttu í töluverðum erfiðleikum með að geta barn áður en að tvíburarnir Phinnaeus og Hazel komu í heiminn fyrir tveimur árum. Roberts var þá rúmföst í nokkra mánuði eftir að hafa verið flutt á sjúkrahús á meðgöngunni.

Nýjasta verk leikkonunnar, myndin Charlotte's Web, er nýkomin út og tvær aðrar eru í uppsiglingu. Hún mun þó væntanlega hægja aðeins á sér ef þessar fregnir reynast réttar, en Roberts hefur áður sagt að hún njóti þess út í ystu æsar að dunda sér heima við.

# Stríðið stendur enn yfir

**Óveðrinu virðist ekki vera að slota hjá Heather Mills og Paul McCartney þrátt fyrir að þau séu sögð hafa náð samkomulagi.**

Fyrirsætan fyrrverandi fékk mikið áfall þegar hún kom á sveitasetur sitt í Sussex og uppgötvaði að fjölskyldumyndir og ómetanleg listaverk eftir meistara á borð við Picasso og Renoir voru horfin. Í fyrstu hélt hún að þarna hefðu verið þjófar á ferð en þegar Mills sá að búið var að breyta um skrár og öryggisnúmer uppgötvaði hún strax hver hafði þarna verið að verki, eiginmaðurinn fyrrverandi Paul McCartney. Samkvæmt The Sun mun Heather hafa upplýst lögfræðinga sína um málavexti en nánir vinir hjónanna segja að Paul megi ekki fara inn í húsið þar til skilnaðurinn er genginn í gegn. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum á undanförnum mánuðum hefur verið stirt á milli Pauls og Heather eftir að fyrirsætan var sögð hafa lekið dómskjölum í fjölmiðla þar sem fram kom að hún sakaði McCartney um heimilisofbeldi og drykkjuskap.

The Sun greinir frá því að McCartney hafi sent fyrrverandi eiginkonu sinni smáskilaboð og greint henni frá þessu en nánir vinir hjónanna upplýsa í blaðinu að Mills hafi komist í mikið uppnám. „Henni var í raun sama um málverkin en það var brotthvarf fjölskyldumyndanna af þeim og dóttur þeirra Beatrice sem fengu hvað mest á Mills," sagði einn náinn vinur Heather. „Hún trúir því hreinlega ekki að hlutirnir séu í svona miklum hnút," bætti hann við.

Lögreglan hafði samband við öryggisverði McCartney sem staðfestu að þeir hefðu tekið málverkin og ljósmyndirnar. Talsmaður bítilsins fyrrverandi neitaði hins vegar að tjá sig um málið en heimildarmenn The Sun segja að Paul hafi talið að öryggisgæslan á sveitasetrinu hafi ekki verið nægileg.



**KOMST Í UPPNÁM** Heather Mills fékk áfall þegar hún sá að málverk eftir Picasso og Renoir voru horfin.



**TÓK MÁLVERK** Paul McCartney sendi öryggisverði sína til að ná í ómetanleg málverk og ljósmyndir af dóttur sinni.




# Frábærir tónleikar

Landslið tónlistarmanna kom fram á tónleikum til styrktar Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna sem fram fóru í Háskólabíói á fimmtudagskvöld. Þetta var í áttunda skiptið sem tónleikarnir eru haldnir og söfnuðust heilar 2,4 milljónir króna. Ávísun, undirrituð af Íslenska popplandsliðinu, var afhent fulltrúum styrktarfélagsins á tónleikunum og má með sanni segja að popplandsliðið, sem og áheyrendur, geti verið ánægt með þennan árangur. Fjöldi tónlistarmanna tók þátt í viðburðinum, en þar má meðal annars nefna Sálina hans Jóns míns, sem komið hefur fram á öllum átta tónleikunum, Birgittu Haukdal, Nylon, Gospelkór Reykjavíkur og Bubba Morthens.



**STYRKUR Á SVIÐINU** Páll Óskar Hjálmtýsson er sannarlega meðlimur í landsliði poppara og söng af innlifun.



**ÁVÍSUNIN AFHENT** Þéttsetinn salur fylgdist með þegar Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna fékk 2,4 milljóna króna styrk frá popplandsliðinu. Á átta árum hafa tónleikarnir aflað um 17 milljóna króna.



**PAPARNIR Í SVEIFLU** Paparnir létu ekki sitt eftir liggja á sviðinu í Háskólabíói á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## ÞESSIR KVÖDDU Á ÁRINU SEM LEIÐ



**JAMES BROWN 73 ÁRA** James Brown lést á jóladag og verður hans minnst sem guðföður fönktónlistarinnar.



**PETER BOYLE 71 ÁRS** Peter Boyle var mikill leikari og muna eflaust flestir eftir honum úr sjónvarpsþættinum Everybody Loves Raymond.



**STEVE IRWIN 44 ÁRA** Steve Irwin var mikill dýravinur og var hann þekktur út um allan heim fyrir dirfsku sína.



**ROBERT ALTMAN 81 ÁRS** Einn helsti leikstjóri í Hollywood, gerði meðal annars kvikmyndirnar The Player og Short Cuts.



**DON KNOTTS 81 ÁRS** Farsæll leikari sem vann haug af Emmy-verðlaunum fyrir leik sinn í The Andy Griffith Show.



**AARON SPELLING 81 ÁRS** Sjónvarpsþáttamógúllinn sem stóð meðal annars að þáttunum Beverly Hill 90210.



**ED BRADLEY 65 ÁRA** Ed var einn af stjórnendum sjónvarpsþáttarins 60 Minutes og er goðsögn í heimi blaðamennskunnar.



**JACK PALANCE 87 ÁRA** Þekktastur fyrir leik sinn í vestrum en vann Óskarsverðlaun fyrir hlutverk sitt í myndinni City Slickers.



**MILTON FRIEDMAN 94 ÁRA** Kallaður faðir frjálshyggjunnar og vann nóbelsverðlaun í hagfræði.



**GLENN FORD 90 ÁRA** Leikari mikill sem lék meðal annars föður Superman í eldri myndunum.



**GERALD FORD 93 ÁRA** Fyrrverandi forseti Bandaríkjanna.



**JAMES „JAYDEE" YANCEY 32 ÁRA** Talinn einn færasti hiphop-upptökustjóri sem uppi hefur verið.




# Gutenberg

## Gleðilegt ár!

**Gutenberg óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegs árs. Við þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.**

Gutenberg er þjónustufyrirtæki í prentiðnaði. Við byggjum á traustum grunni sem hefur þróast á undanförnum 100 árum. Við erum sérfræðingar í stórum og smáum prentlausnum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Gutenberg leggur áherslu á persónulega þjónustu og að leita hagkvæmustu leiða í hverju tilfelli fyrir sig.  Við höfum skilning á þörfum viðskiptavinarins og uppfyllum kröfur hans.

Gutenberg

Gutenberg • Suðurlandsbraut 24 • 108 Reykjavík • Sími 545 4400 • Fax  545 4401 • www.gutenberg.is








# Craig sigurvegari ársins

**Þrátt fyrir hrakspár aðdáenda leyniþjónustumannsins James Bond er það Daniel Craig sem stendur uppi með pálmann í höndunum.**

Þetta kemur hvað best í ljós þegar aðsóknartölur á nýjustu Bondmyndina, Casino Royal, eru skoðaðar en hún er orðin aðsóknarmesta James Bond-myndin til þessa. Casino Royale slær þar við Die Another Day sem á sínum tíma græddi vel fyrir framleiðendur myndarinnar þótt flestir væru sammála um að hún væri sú lélegasta hjá Pierce Brosnan í hlutverki leyniþjónustumannsins snjalla. Casino Royal halaði inn þrjátíu og tvo milljarða íslenskra króna á heimsvísu og ætti það að stinga upp í óvildarmenn Craigs sem margir hverjir fundu honum flest til foráttu þegar breski leikarinn var ráðinn í þjónustu hennar hátignar.



**GLÆSILEG FRUMRAUN** Daniel Craig slær í gegn sem nýr Bond og aðdáendur bíða spenntir eftir næstu myndum.

Mikil spenna ríkti meðal framleiðenda í kvikmyndaborginni Hollywood þegar aðsóknartölur yfir jólavertíðina komu í hús. Ævintýramyndin Eragon trónir í efsta sæti í flestum löndum utan Bandaríkjanna en hún er byggð á samnefndri bók unglingsins Christ-opher Paolini. Í Bretlandi voru það hins vegar hinar dansandi mörgæsir sem héldu toppsætinu, þriðju vikuna í röð. Gamanmyndin Night at the Museum komst í efsta sætið í Bandaríkjunum en myndin segir frá safnverði sem verður vitni að því þegar sögusafn tekur að lifna við með kostulegum afleiðingum. Fast á hæla hennar kom kvikmyndin Dreamgirls en hún skartar þeim Jamie Foxx og Eddie Murphy auk söngfuglsins Beyoncé Knowles í aðalhlutverkum. Myndin hefur fengið frábæra dóma hjá bandarískum gagnrýnendum og veðja flestir á hana sem líklegan kandítat þegar Óskarstilefningarnar verða tilkynntar.



**LÍKLEGUR KANDÍTAT** Kvikmyndin Dreamgirls þykir líkleg til að vera áberandi þegar tilnefningar til Óskarsverðlauna verða kynntar.



**DREKARIDDARINN** Velgengni Christophers Paolini heldur áfram en kvikmynd byggð á bókinni trónir í efsta sæti í Evrópu.






# Fljótfærnislegur poppgrautur Stefani

Ég er kannski full kröfuharður, en þegar kemur að poppplötum eru viss lykilatriði sem plata þarf að uppfylla til þess að ég geti mælt með henni. Framar öllu þarf hún að innihalda grípandi lög. Útsetningar þurfa að vera upplífgandi og helst leita inn á ókunnugar slóðir. En ef lögin eru aðlöguð eldri stílum á smekklegan hátt er ég fljótur að fyrirgefa listamanninum þrátt fyrir að hann leiði mann inn í kunnuglegan hljóðheim. Flutningur þarf svo að vera sjarmerandi. Mér er svo sem skítsama hvort söngvarinn eða spilamennskan sé ekki sú besta í heimi, eins lengi og hún ber vott um þennan óútskýranlega sjarma sem hvorki er hægt að læra né kaupa. Með öðrum orðum þá krefst ég þess af poppi að það færi mér eitthvað nýtt, sama í hvaða formi það er.

Gwen Stefani hefur ótrúlega fallega áru yfir sér. Virkar skapandi og kraftmikil kona með aðgang að brunninum sem færir þeim er drekka af eilífa æsku. Hún hefur ekki bara frábæra rödd, heldur er hún afbragðs flytjandi og full af kynþokka. Með No Doubt blómstraði hún og sæmileg sóló frumraun hennar færði henni nokkra ágætis slagara. Þess vegna gæti þessi fylgifiskur Love, Angel, Music, Baby ekki verið meiri vonbrigði.

Það er ekkert nýtt né spennandi við þessa plötu. Allur sjarmi Gwen Stefani getur ómögulega bætt fyrir slagaraleysið og það almenna andleysi sem svífur yfir þessari plötu. Hún er greinilega unnin í miklum flýti og frekar farið eftir útþynntum formúlum í stað þess að fanga þann lífsneista sem Gwen virðist innihalda. Ballöðurnar minna mig óþægilega mikið á Debbie Gibson (sem var arfaslöpp tilraun níunda áratugarins til að búa til táningsstjörnu á við Britney Spears) og „hressu“ lögin missa marks og það sem á að vera barnalegur sjarmi verður hallærislegt. Pharrell-lagið Yummy er besta efnið í slagara, en það hljómar samt óþægilega kunnuglega. Eins og afgangslag af plötu NERD eða The Neptunes.

Ástæðan fyrir því að ég gef þessari plötu lægstu mögulegu einkunn er af virðingu við listamann sem ég hef tröllatrú á. Gwen Stefani er meistari í sinni iðju, en þessi plata er eins langt frá því að vera meistaraverk og hugsast getur.

Birgir Örn Steinarsson



**TÓNLIST**
**The Sweet Escape**
Gwen Stefani
★

Önnur breiðskífa Gwen Stefani eru hrein og klár vonbrigði. Inniheldur hvorki grípandi lög né ferska strauma.

# Árituð plata seld

Áritað umslag Bítlaplötunnar Meet The Beatles seldist á dögunum á uppboði fyrir 60.000 pund, eða tæplega 8,4 milljónir íslenskra króna. Umslagið var áritað af öllum fjórum Bítlunum og hafði verið gefið Louise, systur gítarleikarans George Harrison.

P var sú fyrsta sem Bítlarnir gáfu út í Bandaríkjunum hjá Capitol útgáfufyrirtækinu.




**MEET THE BEATLES** Plötuumslagið kostaði 8,4 milljónir.

- Sýningartímar 1. jan. Nýársdag - gleðilegt nýtt ár !







**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 12 | DÉJÁ VU | kl. 10:30 | B.i. 12 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.16 | NATIVITY STORY | kl. 5:50 | B.i.7 |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 4:30 - 7:30 - 9 - 10:30 | B.i. 16 | BOSS OF IT ALL | kl. 8 | B.i.7 |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 4:45 | Leyfð | | | |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| STRANGER THAN FICTION | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | DÉJÁ VU | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 |
| STRANGER THAN FIC... VIP | kl. 8 - 10:20 | | DOA | kl. 4 | B.i.12 |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5 - 8 - 10:50 | B.i.16 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 1 - 3 | Leyfð |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.16 | SANTA CLAUSE 3 | kl. 1:20 - 3:30 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl.1 - 2:10 - 3:20 - 5:40 | Leyfð | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 2 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR VIP | kl. 1 - 3:20 - 5:40 | | | | |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | | | |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| STRANGER THAN FICTION | kl. 6 - 8:20 - 10:40 | Leyfð | |
| CHILDREN OF MEN | kl. 8:10 - 10:30 | B.i.16 | DIGITAL |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | DIGITAL |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð | DIGITAL |
| DÉJÁ VU | kl. 10:40 | B.i.12 | DIGITAL |
| THE HOLIDAY | kl. 8 | B.i. 7 | |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 - 10:30 | B.i. 16 |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3 - 5:30 | Leyfð |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 8 | Leyfð |
| ERAGON | kl. 3 - 5:30 | B.i. 12 |
| DÉJÁVU | kl. 10:15 | B.i. 12 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| STRANGER THAN FICTION | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 - 10:30 | B.i. 16 |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/-Ensk tal | kl. 2 | Leyfð |

OPNUM Á NÝÁRSDAG

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is




**LILY ALLEN** Ekki nógu sátt með söngferil Paris Hilton.

# Finnst Paris vera ömurleg

Breska söngkonan Lily Allen hefur ekki mikið álit á Paris Hilton. Í nýlegu viðtali segir Lily að hún skilji ekki hvernig fólk geti keypt plötuna hennar og að það eigi að drepa hvern þann sem fjárfesti í eintaki. „Fyrir fimm árum var kannski í lagi að gefa þetta út, en þá var ekki hægt að nálgast almennilega tónlist á netinu. Núna eru komnir listamenn eins og ég eða Arctic Monkeys. Af hverju eru plötufyrirtæki að styðja þetta fjandans rusl?“ spyr Lily reið í viðtalinu. Paris Hilton er þó ekki fyrsta stjarnan sem verður fyrir barðinu á Lily, en áður hefur hún sagt ljóta hluti um söngkonuna Cheryl Tweedy úr Girls Aloud og poppgyðjuna Madonnu. Eins og frægt er þá sló Lily í gegn með hjálp heimasíðunnar Myspace.com, en hún hafði þá reynt að koma sér á framfæri í lengri tíma.





**KRISTINN JÚNÍUSSON** Kristinn og bróðir hans, Guðlaugur, spila á trommur og bassa með Jet Black Joe.

**LOKALAGIÐ?** Páll Rósinkranz var í góðu formi og söng svanagöng Gauksins af innlifun eins og honum einum er lagið.

FRÉTTABLAÐIÐ/LEÓ STEFÁNSSON

# Svanasöngur Gauksins

**Jet Black Joe tróð upp við góðar undirtektir á Gauki á Stöng fyrir viku síðan. Það féll þar með í skaut Páls Rósinkranz að syngja svanasöng þessa rómaða skemmtistaðar, því föstudagskvöldið var síðasta kvöld Gauksins eins og gestir þekkja hann.**

Óvíst er hvað verður um staðinn en orðrómur er uppi þess efnis að í húsnæðinu verði minjagripasala eða veitingastaður Hard Rock Café. Síðasta kvöldið verður þó þeim sem þar voru eftirminnilegt og Jet Black Joe í rokna stuði eins og sjá má á myndunum.



**FJÖLSKYLDUSTUND** Feðginin Linda Björk Grétarsdóttir og Grétar Guttormsson voru ánægð með tónleikana.



**JET BLACK JOE** Hljómsveitin stóð sig með prýði á föstudagskvöldið, enda ekki alls óvön því að spila fyrir fullu húsi á Gauknum.



**AFSLAPPELSI FYRIR JÓL** Jóhanna Kristjánsdóttir og Sigurður Ingimundarson létu fara vel um sig undir verndarvæng Gauksins og tónum Jet Black Joe tveimur dögum fyrir jól.

# Eldsvoði á hóteli Gyllenhaal-systkina

Gyllenhaal-systkinin vinsælu, Jake og Maggie, komust í hann krappan í vikunni þegar þau lentu í eldsvoða á hóteli sem þau dvöldust á í Kaliforníu. Hótelið, Manka's Inverness Lodge, stendur við San Francisco-flóa og nýtur töluverðra vinsælda hjá fræga fólkinu sem flykkist þangað til að slaka á. Karl Bretaprins var til að mynda gestur hótelsins á síðasta ári og Gyllenhaal-systkinin hafa oft sótt það heim.

Jake Gyllenhaal, sem barðist við náttúruöflin í myndinni The Day After Tomorrow, var liðtækur í baráttunni við eldinn og hjálpaði Daniel DeLong, einum eiganda hótelsins, meðal annars að bjarga innanstokksmunum. Einn skáli brann til kaldra kola, en aðrar eignir á svæðinu voru óskemmdar. Enginn slasaðist í eldsvoðanum, sem má teljast mikil mildi þar sem átta manneskjur dvöldust í umræddum skála.



**Í KRÖPPUM DANSI** Jake Gyllenhaal var liðtækur í baráttunni við eldinn þegar kviknaði í hóteli sem Gyllenhaal-systkinin dvöldust á í Kaliforníu.

# Vill senda Nicole í steininn

Lionel Richie er orðinn þreyttur á hegðun dóttur sinnar, smávöxnu stjörnunnar Nicole Richie. Lionel hefur stutt rækilega við bakið á ættleiddri dóttur sinni en jafnframt haft þungar áhyggjur af henni. Síðast skikkaði hann Nicole til að leita sér hjálpar vegna þess hve grannvaxin hún var orðin. Eftir að hún var handtekin fyrir að keyra undir áhrifum eiturlyfja hefur hann hins vegar fengið nóg og mælist nú til þess að henni verði gert að dúsa í fangelsi, það hræði hana kannski inn á rétta braut.



**HEFUR FENGIÐ SIG FULLSADDAN** Lionel Richie er hættur að verja dóttur sína og vill að henni sé fleygt í fangelsi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## > Þjálfarinn kemur úr meiðslum

Guðjón Þórðarson, sem þjálfar lið ÍA í Landsbankadeildinni, er að jafna sig eftir aðgerð í baki en þetta kemur fram á heimasíðu ÍA. Gömul meiðsli frá því hann var sjálfur að spila fótbolta fóru að ágerast með árunum og á endanum var ekki annarra kosta völ en að skella sér í aðgerð. Guðjón fór í aðgerðina í byrjun desember og í samtali við heimasíðuna sagðist hann þurfa á hvíld að halda um tíma en hann ætli sér að mæta endurnærður til baka þegar æfingar Skagaliðsins hefjast á fullu í janúar.



# sport

sport@frettabladid.is

**SIGURÐUR ÞORVALDSSON:** VAR AÐ VONUM HÆSTÁNÆGÐUR EFTIR SIGUR SNÆFELLINGA Á KEFLAVÍK

## *Létum jólamatinn ekki hindra okkur*



„Það skapast alltaf mikil stemning í húsinu þegar Keflvíkingar koma í heimsókn og við fengum frábæran stuðning í þessum leik. Það var langt síðan við lékum síðast og því komin talsverð eftirvænting í liðið," sagði Sigurður Þorvaldsson, leikmaður Snæfellinga, eftir að liðið sigraði Keflavík í stórleik í Stykkishólmi í gær. „Það voru allavega ekki sendingarnar innan liðsins sem skiluðu þessum sigri, það var aðallega andinn innan liðsins og baráttugleðin sem við sýndum."

Sigurður skoraði tuttugu stig í leiknum en stigahæstur var hinn bandaríski Justin Shouse sem átti sinn besta leik í vetur, skoraði 22 stig og átti átta stoðsendingar. „Hann var mjög góður. Þrátt fyrir að hann hafi ekki verið að skora mikið í vetur hefur hann ekki verið lélegur. Hann fann sig mjög vel í þessum leik og vonandi nær hann að fylgja þessu eftir," sagði Sigurður.

Jack Kotila, þjálfari Snæfells, setti leikmönnum sínum engar reglur varðandi mataræðið nú um hátíðarnar en sjálfur var hann staddur erlendis ásamt fjölskyldu sinni. „Við bara átum á okkur gat, höfðum það bara mjög gott og vorum ekkert að hafa neinar áhyggjur. Jólasteikin hafði engin áhrif á okkur," sagði Sigurður. Snæfellingar eru nú í efsta sæti Iceland Express-deildarinnar með átján stig líkt og KR. Talað hefur verið um að deildin hafi sjaldan verið skemmtilegri en nú.

„Þetta hefur gengið vel hjá okkur og það er náttúrlega markmið allra að vera á toppnum. Deildin virðist skiptast í tvo hluta en þó sýnist mér ÍR vera að færa sig yfir í efri hlutann. Maður þarf að hafa mikið fyrir sigri í öllum leikjum og þannig á það að vera. Það hefur gert deildina skemmtilegri hve mikið af útlendingum eru í henni, það eykur gæði boltans mikið," sagði Sigurður.

Næsti leikur Snæfellinga er heimaleikur gegn KR hinn 4. janúar. „Það verður hörkuleikur enda verður barist um fyrsta sætið í deildinni. Ég held að það verði ekki spurning að stemningin í þeim leik verður ekki síðri en í leiknum gegn KR," sagði Sigurður Þorvaldsson.

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Iceland-Express deild kk:*

| | |
|---|---|
| SNÆFELL-KEFLAVÍK | 80-68 |

**Stig Snæfells:** Justin Shouse 22, Sigurður Þorvaldsson, 20, Hlynur Bæringsson 15, Jón Ólafur Jónsson 16.

**Stig Keflavíkur:** Magnús Gunnarsson 19, Gunnar Einarsson 18, Sigurður Þorsteinsson 7, Arnar Jónsson 6, Þröstur Jóhannsson 6, Ismail Muhammad 5.

| | |
|---|---|
| NJARÐVÍK-ÞÓR ÞORLÁKSHÖFN | 105-100* |

**Stig Njarðvíkur:** Jóhann Ólafsson 18, Jeb Ivey 17, Igor Beljanski 15.

**Stig Þórs:** Damon Bailey 37, Robert Hodson 23, Sigurður Tómasson 14.

**Eftir framlengingu. Staðan var 96-96 eftir venjulegan leiktíma.*

*Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| CHARLTON-ASTON VILLA | 2-1 |
| BLACKBURN-MIDDLESBROUGH | 2-1 |
| BOLTON-PORTSMOUTH | 3-2 |
| TOTTENHAM-LIVERPOOL | 0-1 |
| MANCHESTER UNITED-READING | 3-2 |
| CHELSEA-FULHAM | 2-2 |
| EVERTON-NEWCASTLE | 3-0 |
| WEST HAM-MANCHESTER CITY | 0-1 |
| SHEFFIELD UNITED-ARSENAL | 1-0 |

# Chelsea gefur eftir í titilbaráttunni

**Chelsea missteig sig annan leikinn í röð í ensku úrvalsdeildinni í gær þegar meistararnir náðu aðeins jafntefli gegn Fulham. Manchester United heldur sínu striki og vann Reading og Liverpool vann Tottenham.**

**FÓTBOLTI** Mikil rigning setti svip sinn á leikina á Englandi í gær, þá sér í lagi í London þar sem aðstæður voru erfiðar og á Vicarige Road þurfti að flauta af leik Watford og Wigan vegna vatnselgs.

Moritz Volz skoraði mark númer 15.000 í ensku úrvalsdeildinni þegar hann kom Fulham yfir gegn Chelsea á Stamford Bridge. Frank Lampard jafnaði, Didier Drogba kom Chelsea yfir en á lokamínútunum náði Carlos Bocanegra að jafna metin og þar við sat, 2-2 jafntefli á Brúnni.

„Ég verð að hrósa Fulham fyrir það hvernig þeir brugðust við eftir að hafa lent undir. Þeir vita að við gátum ekkert varist og því sóttu þeir á okkur, svo einfalt er þetta. Þetta er sama sagan fyrir okkur. Þegar lið sjá okkur gera mistök trúa þau að þau geti skorað mörk. Við erum búnir að fá á okkur tvö mörk, fjóra leiki í röð og það kemur mér ekkert á óvart," sagði Jose Mourinho, stjóri Chelsea, en greinilegt er að liðið saknar fyrirliðans John Terry sárlega en hann er frá vegna meiðsla.

„Þetta er frábært stig fyrir okkur og mér fannst frammistaða okkar á heildina litið vera frábær. Það er ekki hægt að biðja um meira en þetta af leikmönnunum," sagði Chris Coleman, stjóri Fulham.

Manchester United er þar með komið með sex stiga forskot á Chelsea eftir 3-1 sigur á Reading. Cristiano Ronaldo skoraði tvívegis, mörk númer ellefu og tólf hjá honum í deildinni, Ole Gunnar Solskjær eitt en Ibrahima Sonko jafnaði metin fyrir Reading og Leroy Lita minnkaði muninn á lokamínútunum. Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson spiluðu báðir allan leikinn fyrir Reading.

„Þetta var góður sigur en fæðingin var virkilega erfið. Reading átti góðan leik og við þurftum að hafa okkur alla við en að landa þrem stigum skipti mestu máli á endanum," sagði Alex Ferguson sem hrósaði Ronaldo svo í hástert. „Strákurinn hefur verið algjörlega magnaður undanfarið. Hann á hrós skilið og skilaði sínu hlutverki óaðfinnanlega í þessum leik."



**TÓM GLEÐI** Leikmenn Fulham réðu sér vart fyrir kæti eftir jafnteflið gegn Chelsea í gær. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**SNILLINGUR** Cristiano Ronaldo hefur leikið frábærlega undanfarið fyrir Manchester United. Í gær skoraði hann tvö mörk í sigrinum á Reading. NORDICPHOTOS/AFP

Liverpool landaði þremur stigum á White Hart Lane gegn Tottenham, Luis Garcia skoraði eina markið undir lok fyrri hálfleiks en þrátt fyrir að pressa mikið undir lokin tókst Tottenham ekki að jafna metin.

„Þetta var frábær frammistaða hjá okkur. Eftir tapið gegn Blackburn þurftum við að sýna karakter og það tókst í þessum leik. Við spiluðum vel í fyrri hálfleik og skoruðum á mjög góðum tíma. Tottenham setti okkur undir pressu undir lokin en vinnusemin í leikmönnunum var frábær," sagði sigurreifur Rafael Benítez, stjóri Liverpool, í leikslok.

Charlton vann langþráðan sigur þegar það lagði Aston Villa að velli á heimavelli. Hermann Hreiðarsson var mikið í sviðsljósinu í leiknum en hann braut á Gareth Barry innan vítateigs, Barry skoraði sjálfur úr spyrnunni áður en honum var vikið af velli í síðari hálfleik fyrir ljótt brot. Darren Bent jafnaði metin með skalla og allt leit út fyrir jafntefli áður en Bryan Hughes tryggði Charlton sigurinn eftir skalla frá Hermanni.

Sheffield United vann ótrúlegan sigur á Arsenal þar sem Christian Nate skoraði eina markið. Paddy Kenny, markmaður Sheffield þurfti að fara af velli og varnarmaðurinn Phil Jagielka stóð í markinu það sem eftir lifði leiks þar sem liðið var ekki með varamarkmann á bekknum. Hann stóð sig frábærlega þegar hann var kallaður til og Sheffield landaði þremur góðum stigum. - hþh


## Kjör á íþróttamanni Vals árið 2006

Á gamlársdag kl. 12:30 verður íþróttamaður Vals kjörinn að venju. Athöfnin fer fram í hinu nýja íþróttahúsi Vals að Hlíðarenda.

Allir Valsmenn og velunnarar félagsins eru hvattir til að mæta af þessu tilefni, en um leið gefst tækifæri til að upplifa þau glæsilegu mannvirki sem eru að rísa að Hlíðarenda.

**Aðalstjórn Vals**



Sunddeild Ármanns

## Barnasund

**Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára hefst laugardaginn 16. september nk. í Árbæjarskóla**

## Ungbarnasund

**Námskeiðið hefst 10. febrúar nk. í Árbæjarlaug.**

**Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00 í síma 866 0122 Eygló eyglo@sjukratjalfun.is**


L.A. Lakers tapaði í NBA-deildinni í fyrrinótt:

## 58 stig Bryants dugðu ekki

**KÖRFUBOLTI** Þrátt fyrir að skora 58 stig tókst Kobe Bryant og félögum hans í Los Angeles Lakers ekki að leggja Charlotte Bobcats að velli í NBA-deildinni í körfubolta í fyrrinótt. Leikurinn var æsispennandi en í þrígang þurfti að framlengja viðureignina sem lauk með 133-124 sigri Charlotte í sannkölluðum maraþonleik.

„Áhorfendur fengu að sjá Kobe Bryant upp á sitt besta en að okkur hafi tekist að stöðva hann og vinna leikinn að lokum er stórkostlegt," sagði Gerald Wallace, leikmaður Charlotte, en hann var stigahæsti leikmaður þeirra með 28 stig.

„Mig langar ekkert inn í búningsherbergið," sagði hundfúll og örþreyttur Bryant eftir leikinn.

LeBron James skoraði 32 stig fyrir Cleveland sem vann Milwaukee 109-99 og þá vann Washington sinn fimmta leik í röð eftir nauman sigur á Orlando, 112-111. - hþh



**Í BANASTUÐI** Kobe Bryant reynir hér að skora í leiknum gegn Charlotte þar sem hann skoraði 58 stig. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Guðjón Valur Sigurðsson

# Íþróttamaður ársins

Til hamingju með frábæran
árangur á árinu 2006



PUMA®

Með kveðju frá starfsfólki PUMA á Íslandi



**SUMAR VALSSTÚLKNA** Kvennalið Vals vann stóru mótin í sumar og Margrét Lára Viðarsdóttir, sem sést hér „böðuð“, sló markametið í deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





**FJÖR Í FIRÐINUM** Það fóru titlar í Hafnarfjörðinn eins og venjulega en FH varð Íslandsmeistari í knattspyrnu karla en Haukastúlkur urðu meistarar í körfunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BRONS** Örn Arnarson sýndi gamalkunna takta á EM í 25 metra laug er hann nældi í bronsverðlaun. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**ÍSLANDSMEISTARAR** Keflavík varð Íslandsmeistari í körfubolta karla og Fram varð Íslandsmeistari í handbolta karla. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA OG ÓMAR





**FÓR TIL SPÁNAR** Eiður Smári Guðjohnsen var seldur í sumar frá Chelsea til Evrópumeistara Barcelona. Hann er fyrsti Íslendingurinn sem spilar knattspyrnu með þessu eina besta knattspyrnuliði heims. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**AFREKSKONA KVEÐUR** Sunddrottningin Kristín Rós Hákonardóttir tók þá ákvörðun að leggja sundbolinn á hilluna eftir einstaklega glæsilegan feril. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



# ÍÞRÓTTAANNÁLL ÁRSINS



**Á FLUGI** Skíðakonan Dagný Linda Kristjánsdóttir náði fínum árangri á Vetrarólympíuleikunum í Tórínó. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**LOKSINS, LOKSINS** Birgir Leifur Hafþórsson komst eftir mikla eyðimerkurgöngu inn á Evrópumótaröðina í golfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR** Stóð sig frábærlega með Malmö FF í hinni sterku sænsku deild. FRÉTTABLAÐIÐ/URZSULA



**ENGLANDSMEISTARI** Eiður Smári Guðjohnsen varð Englandsmeistari með Chelsea í annað sinn. Hann fagnar hér með vinum sínum John Terry og Frank Lampard. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**EINMANA EVRÓPUMEISTARI** Þessa stórkostlegu mynd af Ólafi Stefánssyni tók Vilhelm Gunnarsson eftir úrslitaleik Ciudad Real og Portland San Antonio í meistaradeildinni. Höllin var nánast orðin tóm eftir mikil fagnaðarlæti og búið var að slökkva mest af ljósunum í Höllinni. Ólafur birtist þá með kampavínsflösku og síma. Hann settist síðan niður, fór úr skónum og hringdi heim.



**BESTUR Í ÞÝSKALANDI** Guðjón Valur Sigurðsson var valinn besti handknattleiksmaður þýsku úrvalsdeildarinnar af leikmönnum og þjálfurum.

# 2006 Í MÁLI OG MYNDUM



**HEIMSMEISTARI** Kraftajötunninn Auðunn Jónsson náði langþráðu markmiði sínu er hann varð heimsmeistari í kraftlyftingum á árinu.



**SVÍAGRÝLAN JÖRÐUÐ** Hin alræmda Svíagrýla í handboltanum var jörðuð á eftirminnilegan hátt í sumar. Ísland vann Svíþjóð í fyrsta skipti í sögunni ytra. Guðjón Valur og Alexander Peterson fagna hér sigrinum eftir leikinn eftirminnilega í Laugardalshöll.



**FER Á KOSTUM** Eiður Smári Guðjohnsen hefur farið á kostum með Barcelona á síðustu vikum, nýtt tækifæri sín vel og raðað inn mörkum. NORDICPHOTOS/AFP



**EVRÓPUMEISTARAR** Logi Geirsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson urðu Evrópumeistarar með Lemgo þegar liðið sigraði EHF-keppnina. Þeir félagar fagna hér á sigurstundu.



**NORÐURLANDAMEISTARI** Sif Pálsdóttir úr Gróttu náði frábærum árangri á árinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## > WILL FERREL

Fæddist 16. júlí 1967 í bænum Irvine í Kaliforníu. Will Ferrell fékk snemma áhuga á því að koma fram, en á meðan hann var í menntaskóla lék hann sér að því að koma með tilkynningar á morgnana í kallkerfinu með því að beita ólíkum röddum. Hann stofnaði grínhóp ásamt fleiri gamanleikurum sem seinna unnu svo saman í Saturday Night life, en hann hóf þar störf árið 1975. Hann var í fyrstu talinn vera einn sá versti leikari sem hefði verið ráðin í þættina, en hann skaut fljótlega keppinautum sínum ref fyrir rass með einstökum hæfileikum sínum, og er í dag talinn einn sá besti gamanleikari sem Saturday Night life hefur getið af sér. Í kvöld sjáum við hann í myndinni Anchorman: The Legend of Ron Burgundy sem sýnd er á Stöð 2 bíó kl. 18.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ

# *Frumbyggjalífið freistandi*

Sjónvarpið sýnir í kvöld nýja íslenska heimildamynd, Ísmanninn. Þeir Reynir Traustason og Lýður Árnason fylgdust með Sigurði Péturssyni á Grænlandi í fjögur ár, áður en að myndin varð að veruleika. „Þetta er maður sem yfirgaf hið vestræna velmegunarsamfélag og fór til austurstrandar Grænlands þar sem hann lifir bara í veiðimannasamfélagi,“ útskýrði Lýður. „Það eru ekki nema þrjú þúsund manns sem búa á allri austurströndinni. Þetta er nánast frumbyggjasamfélag, þótt þetta sé ekki nema klukkutíma flug,“ sagði hann.

Lýður og Reynir fóru einar sex ferðir til Grænlands, og segir Lýður ekki annað hægt en að heillast af umhverfinu. „Þetta er mjög frjálst, einfalt og þægilegt líf að mörgu leyti. Þetta er bara algjörlega annar menningarheimur,“ sagði hann.

Lýður kveðst sjálfur hafa íhugað að feta í fótspor Sigurðar. „Ég hugsaði aðeins um það, hvort það væri ekki bara betra að vera þarna hinum megin og hætta þessu rugli öllu. En það er erfitt að fara með börn þarna yfir og hundinn minn get ég ekki tekið með mér, hann er allt of linur í það,“ sagði Lýður og hló. „En það getur vel verið, þegar börnin eru orðin stór og ég er kominn með stærri hund.“



**LÝÐUR ÁRNASON** Annar leikstjóra myndarinnar segist sjálfur hafa freistast til að flytjast til frumbyggjasamfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK



**ÍSMAÐURINN** Sigurður Pétursson gaf vestræna velmegun upp á bátinn og settist að í veiðimannasamfélagi á Grænlandi.

**1. JANÚAR NÝÁRSDAG**

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10** **Strákarnir okkar** SJÓNVARPIÐ



▶ **15.50** **Game Tíví** SKJÁR EINN



▶ **14.25** **Fréttaannáll** Stöð 2



▶ **16.00** **Með Allt á hreinu** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **14.50** **Reading- West Ham** SKJÁR SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**8.00 Morgunsjónvarp barnanna**
**8.01 Gurra grís** (Peppa Pig)
**8.17 Brummi** (Brum)
**8.28 Kóalabræður**
**8.38 Arthúr** (Arthur)
**9.03 Kirsuberjatréð** (The Cherry Three)
**9.29 Tobbi tvisvar (39:52)**
**9.52 Dularfulla náttskrímslið**
**11.15 Ævintýri H.C. Andersen**
**11.45 Frostrósir 2006** Upptaka frá tónleikum í Hallgrímskirkju í desemberbyrjun. e.
**13.00 Ávarp forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar** Að ávarpinu loknu verður ágrip þess flutt á táknmáli. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**13.50 Svipmyndir af innlendum vettvangi 2006** e.
**14.50 Svipmyndir af erlendum vettvangi 2006**
**15.40 Nýárstónleikar í Vínarborg**
**18.00 Táknmálsfréttir**
**18.10 Óskabrunnur**
**18.25 Hestastelpan**
**18.40 Danskeppnin**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Ísmaðurinn**
▶**20.10 Strákarnir okkar**
**21.35 Edda 1 - Sköpun heimsins**
**23.10 Handan hafsins** (Beyond the Sea)
**1.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Svampur Sveinsson - Bíómyndin**
**8.00 Með allt á hreinu**
**10.00 Anchorman : The Legend of Ron Burgundy**
**12.00 The Big Bounce** (Stóri skellurinn)
**14.00 Svampur Sveinsson - Bíómyndin**
▶**16.00 Með allt á hreinu**
**18.00 Anchorman : The Legend of Ron Burgundy**
**20.00 The Big Bounce**
**22.00 The Interpreter** (Túlkurinn) Stranglega bönnuð börnum.
**0.05 True Lies** Bönnuð börnum.
**2.25 Secret Window**
**4.00 The Interpreter**

## STÖÐ 2

**7.00 Barnatími Stöðvar 2**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Kryddsíld 2006** Hátíðarumræður þar sem leiðtogar stjórnmálaflokkanna mæta til hádegisverðar í sínu fínasta pússi. Þeir gera upp árið sem er að líða, bæði á pólitískum og persónulegum nótum.
▶**14.25 Fréttaannáll 2006** Hraður og aðgengilegur hátíðarþáttur þar sem fréttamenn fréttastofu Stöðvar 2 rifja upp, eins og þeim einum er lagið, helstu viðburði ársins, bæði innlenda og erlenda.
**15.25 Ávarp forseta ísland**
**15.40 Eddie´s Million Dolllar Cook-Off** (Ungi kokkurinn) Fjölskyldumynd frá Disney um 14 ára strák sem heldur að framtíð sín liggi í hafnabolta eins og allra vinanna. En svo kemst hann að því að hann er öðruvísi en allir hinir því hæfileikar hans og ástríða liggja í matreiðslunni. Aðalhlutverk: Taylor Ball, Rose McIver. Leikstjóri: Paul Hoen. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.
**17.25 Tískuhátíð Armani** (Emporio Armani Red "One Night Only") Upptaka frá Earl´s Court í London á Englandi frá því í september en þar fór fram glæsileg tískusýning á vegum Emporio Armani. Fjölmörg stórstirni voru viðstödd enda stórviðburður í tískuheiminum.
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Bó og Sinfó** Það er hinn ástsæli söngvari, Björgvin Halldórsson, sem prýðir skjáinn á nýárskvöld ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands. Um er að ræða upptöku af tónleikum sem fram fóru fyrr á árinu og sýndi hinn goðsagnakenndi Bó allar sínar bestu hliðar. 2006.
**20.40 Ocean´s Twelve** Sjálfstætt framhald myndarinnar Ocean´s Eleven. Hún segir frá Danny Ocean sem safnar saman hóp af þjófum og svikahröppum í New York. Þaðan liggur leið þeirra til Amsterdam, Róm og Parísar þar sem þrjú stór rán liggja fyrir en það reynir á kænsku hópsins að yfirstíga þær hindranir sem á veginum verða. Aðalhlutverk: George Clooney, Julia Roberts, Brad Pitt, Catherine Zeta Jones, Ed Kross. Leikstjóri: Steven Soderbergh. 2004. Leyfð öllum aldurshópum
**22.45 If I Had You** (If I Had You) Bönnuð börnum.
**0.20 About Schmidt**
**2.25 Salsa**
**4.05 Foyle´s War 2**
**5.45 Fréttir**
**6.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld (3:24)**
**20.00 Tekinn (e)** Í kvöld fáum við að sjá tvo hrekki frá Audda. Fórnarlömb kvöldsins eru þau Eva María úr Kastljósinu og sjálfur stórsöngvarinn Björgvin Halldórsson.
**20.30 Nokia New Years 2007**
**22.00 MTV Movie Awrds 2005 (e)** Á dögunum fóru fram hin árlegu kvikmyndaverðlaun MTV-stöðvarinnar þar sem allar skærustu stjörnur kvikmyndabransans mættu á svæðið.
**0.00 American Dad** (9:10)
**0.25 Supernatural (19:22) (e)** (Provenance) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð. Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnæsku hjálpað föður þeirra að finna illu öflin sem myrtu móður þeirra. Einn daginn hverfur faðir þeirra og fara þeir bræður í mikið ferðalag til þess að finna föður sinn. Á meðan Sam og Dean leita uppi vísbendingar sem þeir hafa fundið lenda þeir í alls kyns illum öflum sem þeir eru staðráðnir í að stöðva. Bönnuð börnum.
**1.10 Supernatural (20:22) (e)** (Dead Man´s Blood) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð. Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnæsku hjálpað föður þeirra að finna illu öflin sem myrtu móður þeirra. Einn daginn hverfur faðir þeirra og fara þeir bræður í mikið ferðalag til þess að finna föður sinn. Á meðan Sam og Dean elta vísbendingar sem þeir hafa fundið lenda þeir í alls kyns illum öflum sem þeir eru staðráðnir í að stöðva. Bönnuð börnum.
**1.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**10.20 Rachael Ray (e)**
**11.15 Venni Páer (e)** Ný íslensk gamanþáttaröð.
**11.45 Will & Grace (e)**
**12.15 Will & Grace (e)**
**12.45 Liverpool - Bolton** Bein útsending frá leik Liverpool og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
**14.50 Innlit / útlit (e)** Hönnunar- og lífsstílsþáttur.
▶**15.50 Game tíví (e)** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóels-son fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**16.20 Beverly Hills 90210** Bandarísk unglingasería.
**17.05 Rachael Ray** Glænýir spjallþættir.
**18.00 Will & Grace** Bandarísk gamansería.
**18.30 Will & Grace** Bandarísk gamansería.
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19.30 Just Deal**
**20.00 One Tree Hill**
**21.00 Survivor: Cook Islands - Lokaþáttur**
**22.00 Law & Order**
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.20 Jay Leno**
**0.10 Covert One: The Hades Factor (e)** Seinni hluti spennandi framhaldsmyndar sem byggð er á sögu eftir Robert Ludlum, höfund The Bourne Identity. Stephen Dorff leikur aðalhlutverkið en auk hans leika Óskarsverðlaunaleikkonurnar Mira Sorvino og Anjelica Huston stór hlutverk. Aðalsöguhetjurnar eru meðlimir í leynilegri sérsveit sem er í kapphlaupi við tímann að koma í veg fyrir að banvænn vírus breiðist út og drepi milljónir manna.
**1.35 Beverly Hills 90210 (e)**

## SKJÁR SPORT

**11.15 Strákarnir í Reading (e)**
**11.45 Þrumuskot**
**12.35 Liverpool - Bolton (beint)**
▶**14.50 Reading - West Ham (beint)**
**17.05 Newcastle - Man. Utd. (beint)**
**19.45 Portsmouth - Tottenham**
**21.45 Man. City - Everton**
**23.45 Liverpool - Bolton**
**1.30 Dagskrárlok**


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

KEYPTU ÁSKRIFT MEÐ EINUM SMELLI Á WWW.STOD2.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

KRYDDSÍLD OG FRÉTTAANNÁLL 2006
Farið er yfir helstu viðburði ársins




Kryddsíld kl. 14:00
Fréttaannáll kl. 20:15

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19

### „BJÖRGVIN OG SINFÓNÍAN“



Björgvin Halldórsson hélt einhverja eftirminnilegustu tónleika ársins 2006 þegar hann troðfyllti Laugardalshöllina á þrennum stórtónleikum á haustmánuðum. Á tónleikunum naut þessi ástsæli dægurlagasöngvari fulltingis Sinfóníuhljómsveitar Íslands og bauð upp á safn sinna dáðustu söngva, frá nálægt fjögurra áratuga löngum söngferli sínum. Til að króna tónleikana þá kallaði Bó, eins og Björgvin er gjarnan kallaður, upp á svið til sín valinkunna söngvara og söng með þeim dúetta; má þar nefna Stefán Hilmarsson og börnin hans þau Svölu og Krumma. Tónleikarnir voru allir teknir upp og var í engu sparað til að upptakan, bæði mynd og hljóð, yrði sem best úr garði gerð og birtist afraksturinn nú í þessum tveggja klukkustunda langa hátíðarþætti.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ Úrslitaleiknum á HM 2006 Á SÝN KL. 16.20



Upptaka frá úrslitaleiknum á HM 2006 í Þýskalandi. Þar sem mættust Ítalir og Frakkar í síðasta alvöruknattspyrnuleik Zinedines Zidanes. Margir bjuggust við að sjá Zidane taka gullið á HM á síðasta ári, og ljúka þar með glæsilegum ferli sínum. Ekki fór sem horfði, því hann braut hrottalega á mótherja sínum með því að skalla hann og stóð heimurinn á öndinni. Fyrir vikið fékk Zidane meiri fjölmiðlaathygli en hann hefði óráð fyrir, þótt það hafi örugglega ekki verið ástæðan fyrir brotinu.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**9.00** Klukkur landsins
**9.25** Sinfónía nr. 9 eftir Ludwig van Beethoven
**11.00** Guðsþjónusta í Dómkirkjunni
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Ávarp forseta Íslands
**13.25** Fögnuður
**14.10** Fagrar heyrði ég raddirnar
**15.10** Af gömlum merg
**16.00** Fréttir
**16.05** Veðurfregnir
**16.08** Ungir píanistar
**17.10** Á krossgötum
**18.00** Kvöldfréttir
**18.15** Brottnámið úr kvennabúrinu
**21.20** Íslands þúsund ár
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Nýárskonsert
**23.00** Drengurinn og dularöflin: Um Gunnar Gunnarsson skáld
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**10.00 Kraftasport** (Sterkasti maður Íslands 2006) Svipmyndir frá keppninni um sterkasta mann Íslands árið 2006. Þessi keppni er orðin fastur liður í íþróttaflórunni hérlendis og marga kraftakarla dreymir um að feta í fótspor Jóns Páls Sigmarssonar og Magnúsar Vers Magnússonar í aflraunum.

**10.30 NBA deildin** (LA Lakers - Miami) Útsending frá leik LA Lakers og Miami Heat sem fram fór á annan í jólum.

**12.30 Íslandsmótið í golfi 2006** Samantekt af því helsta frá Íslandsmótinu í höggleik. Svipmyndir frá lokasprettinum í bæði karla- og kvennaflokki ásamt helstu tilþrifunum og viðtölum við keppendur.

**13.30 Innlendur íþróttaannáll 2006** (Innlendur íþróttaannáll 2006)

**14.30 Erlendur íþróttaannáll 2006** (Erlendur íþróttaannáll 2006)

**16.20 HM 2006** (Ítalía - Frakkland)

**18.50 4 4 2** (4 4 2)

**21.00 2006 Fifa World Cup Offical Fi** (2006 Fifa World Cup Offical Film)

**22.30 Football Icons** (Football Icons)

**23.25 World Poker Tour 4** (World Poker Tour Ladies Night 3) Póker nýtur ört vaxandi vinsælda um heim allan og er Ísland þar engin undantekning. Bestu pókerspilarar heims eru atvinnumenn í greininni og setjast að borðum á World Poker Tour.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

### DR 1

**11.40** Debatten **12.20** Udefra: Det politiske drivhus **13.20** Mysteriet om Danmark Ekspeditionen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Hjerteflimmer **15.30** Boogie Update **16.00** Landulven og byulven **16.05** Yu-Gi-Oh! **16.30** Troldspejlet **17.00** Den hvide sten **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Genbrugsguld **19.00** Med Kløvedal på rejse langs Grønlands vestkyst **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Hun så et mord **22.25** Kongeligt bedrag **23.15** Viden om **23.45** Boogie Update

### NRK 1

**11.55** Tom og Jerry **12.00** Siste nytt **12.05** Schrödingers katt **12.30** Arbeidsliv **13.00** Siste nytt **13.05** Norge rundt **13.30** Åpen himmel: Gudstjeneste i Storsalen menighet i Oslo **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Den blåsandens hemmelighet **15.00** Siste nytt **15.03** Nådlanding **15.30** Ekspedisjon årken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mînîid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Harry med båtta full av dinosaurer **17.10** Gubben og Katten **17.25** Vennene på Solflekken **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Faktor: Petter Northug - tåff i skallen **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Dok1: Et liv med hiv **21.30** Smith og Jones: godt og blandet **22.00** Kveldsnytt **22.10** Store Studio **22.50** Detektimen: Poirot: Kom til meg, död

### SVT 1

**11.05** Agenda **12.00** Sportspegeln **12.50** Gösta Berlings saga **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Garage - Älska film! **16.30** Krokodill **17.00** Små Einsteins **17.30** Zoé Kézako **17.45** Klister **18.00** Lilla sportspegeln **18.30** Rapport **19.00** Mästerverket **20.00** Plus **20.30** Kobra **21.00** Supernatural **21.45** Rapport **21.55** Kulturnyheterna **22.05** Bingo Royale **22.50** Humorlabbet **23.20** Sändning från SVT24




# Styrkir til nemenda á framhaldsstigi háskólanáms

## Landsvirkjun auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna meistara- eða doktorsverkefna

Á hverju ári veitir Landsvirkjun styrki til nemenda á framhaldsstigi háskólanáms sem eru að vinna að lokaverkefnum í meistara- og doktorsnámi. Á árinu 2007 verður varið allt að **4 milljónum** króna í námsstyrki og verður styrkjunum úthlutað í apríl næstkomandi. Hver styrkur verður að lágmarki **400 þúsund** krónur.

Markmiðið með námsstyrkjunum er að efla menntun og hvetja til rannsókna á hinum margvíslegu sviðum sem tengjast starfsemi Landsvirkjunar. Umsækjendur eru sérstaklega hvattir til að kynna sér hina fjölbreyttu starfsemi Landsvirkjunar á vefsíðu fyrirtækisins. Styrkjunum er ætlað að standa undir hluta af kostnaði við lokaverkefni sem hafin eru eða munu hefjast á árinu 2007.

Umsækjendur þurfa að leggja fram lýsingu á verkefninu, meðmæli leiðbeinanda og rökstuðning fyrir því að verkefnið tengist starfsemi Landsvirkjunar. Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skilað á skrifstofu Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, merktum: „**Námsstyrkir Landsvirkjunar 2007**“.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um styrkveitinguna og starfsemi Landsvikjunar er að finna á vefsíðu Landsvirkjunar, **www.lv.is**.

Fyrirspurnir má senda á netfangið **styrkir@lv.is**.

**Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2007**.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins. Fyrirtækið býður viðskiptavinum bestu lausnir í orkumálum og tryggir með því grundvöll nútíma lífsgæða.

Landsvirkjun fæst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála. Það er helsti raforkuframleiðandi landsins og er í forystu fyrir byggingu orkuvera sem hafa í gegnum tíðina verið meðal stærstu framkvæmda í landinu. Landsvirkjun rekur umfangsmikla fjármálastarfsemi á alþjóðamarkaði vegna fjármögnunar á verkefnum fyrirtækisins.

Hjá Landsvirkjun starfa rúmlega 200 manns með fjölbreytta menntun. Dótturfélög eru þrjú talsins og er Landsnet þeirra stærst. Þá á Landsvirkjun hlutdeild í mörgum félögum, innlendum og erlendum, á sviði orkumála, fjarskipta, ráðgjafar og framkvæmda.

Landsvirkjun stefnir að því á hverjum tíma að vera í fararbroddi í framsækinni nútíma stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

PI PAR • SÍA • 60779

Landsvirkjun
Góðir straumar í 40 ár

## > MIKE MYERS

Fæddist 25. maí 1963 í Ontario, Kanada. Hann hóf feril sinn í sjónvarpi en árið 1975 fór hann að birtast í Saturday Night Live þáttunum, og starfaði þar við miklar vinsældir í sex ár. Hann gæddi margar eftirminnilegar persónur lífi, eins Wayne Cambell sem hann færði einmitt yfir á hvíta tjaldið í kvikmyndinni Wayne´s World árið 1995. Hann gerðir einnig myndirnar Wayne´s World 2, So I Married an Axe Murderer, og Austin Powers myndirnar. Hann er þekktur fyrir að bregða sér í mörg gervi í hverri kvikmynd, og gerir hann það einmitt í myndinni Austin Powers: Goldbember sem sýnd er á Skjá einum kl. 20.00 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR KEMST Í ANNÁLA

# Minning þess víst skal þó vaka

Ég skammast mín fyrir að viðurkenna að ég fylgist ekki mjög grannt með fréttum. Til þess liggja ýmsar ástæður, stundum er ég fjarri sjónvarpi á öllum fréttatímum sjónvarpsstöðvanna, stundum langar mig bara að horfa á endursýningar á uppáhaldssápunni minni milli sex og átta og ekkert annað og stundum finnst mér fréttirnar hreinlega bara ekki neitt áhugaverðar. Viðskipti með fyrirtæki, ein sprenging í viðbót í Írak, Eiður Smári skorar mark, hvað er annað nýrra? Ég er hinsvegar alveg háð því að horfa á fréttaannála sjónvarpsstöðvanna á gamlárskvöld. Ég hef jafnvel setið af mér eftirrétti og áramótabrennur til að sjá hvað var helst í fréttum í maí á árinu sem er að líða. Mér finnst fréttir einhvernveginn miklu áhugaverðari á ársgrundvelli en frá degi til dags. Fréttaannálar gera fréttir dagsins að sagnfræði ársins, taka út það sem er markvert og sleppa hinu, gefa hnitmiðaða samantekt af atburðum sem siluðust áfram í vikur, jafnvel mánuði. Minningargrein ársins er skrifuð, því þökkuð unnin störf og kvatt með pomp og pragt. Annállinn verður líka til þess að ég lít á árið hjá sjálfri mér og rifja upp hvað var að gerast hjá mér á meðan á þessu stóð í þjóðfélaginu og heiminum. Annálar eru frábærir og ættu skilið að komast í annála. Annáll áratugarins, annáll aldarinnar. Þegar eitthvað er annálað er loksins hægt að taka mark á því. Góð áramót og megi þau komast í annála fyrir fréttaleysi og almenna gleði og ánægju.



ELÍN HIRST OG JÓHANNA VIGDÍS HJALTADÓTTIR ERU ANNÁLAÐAR ANNÁLAFRÉTTAKONUR.

## EKKI MISSA AF



▶ **23.30** Frostrósir SJÓNVARPIÐ



▶ **23.20** Nýársbomba Fóstbræðra STÖÐ 2



▶ **22.15** Fatal Attraction STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** Goldmember SKJÁR EINN



▶ **14.00** Chelsea- Fulham SKJÁR SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**8.00 Morgunstundin okkar**
**8.01 Sammi brunavörður**
**8.11 Bitte nú! (43:52)**
**8.57 Disneystundin**
**8.58 Stjáni (64:65)** (Stanley)
**9.21 Sígildar teiknimyndir**
**9.30 Herkúles (16:28)**
**9.52 Geimálfurinn Gígur (9:10)**
**10.00 Fræknir ferðalangar**
**10.24 Allt um dýrin (12:25)**
**10.50 Jólaball Stundarinnar okkar**
**11.25 Stundin okkar (15:30)**
**11.55 Mótorsport 2006**
**12.50 Táknmálsfréttir**
**13.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**13.30 Formúluannáll 2006**
**14.30 Ryder-bikarinn í golfi**
**15.45 Íþróttaannáll**
**17.45 Hlé**
**20.00 Ávarp forsætisráðherra, Geirs H. Haarde** Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**20.20 Svipmyndir af innlendum vettvangi** Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**21.25 Svipmyndir af erlendum vettvangi** Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**22.30 Áramótaskaup Sjónvarpsins**
▶**23.30 Frostrósir 2006**
**0.00 Áramótakveðja frá Ríkisútvarpinu**
**0.05 Frostrósir 2006 - framhald**
**0.45 Það gerist ekki betra**
**3.00 Todmobile á tónleikum**
**3.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Vanity Fair** Bönnuð börnum.
**8.15 Along Came Polly**
**10.00 Something´s Gotta Give**
**12.05 Hope Floats**
**14.00 Along Came Polly**
**16.00 Something´s Gotta Give**
**18.05 Hope Floats**
**20.00 Vanity Fair** Bönnuð börnum.
▶**22.15 Fatal Attraction** Bönnuð börnum.
**0.10 Raiders of the Lost Ark** Bönnuð börnum.
**2.05 Indiana Jones and the Temple of Doom (e)** Bönnuð börnum.
**4.00 Fatal Attraction (e)** (Hættuleg kynni) Stranglega bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**7.00 Myrkfælnu draugarnir**
**7.10 Doddi litli og Eyrnastór**
**7.20 Könnuðurinn Dóra**
**7.45 Kapteinn skögultönn**
**9.00 Bratz**
**9.25 Harry Potter and the Chamber of Secrets**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Garfield: The Movie**
**14.00 Kryddsíld 2006** Hátíðarumræður þar sem leiðtogar stjórnmálaflokkanna mæta til hádegisverðar í sínu fínasta pússi. Þeir gera upp árið sem er að líða, bæði á pólitískum og persónulegum nótum.
**15.40 Virginia´s Run**
**17.25 HLÉ**
**20.00 Ávarp forsætisráðherra**
**20.15 Fréttaannáll 2006** Hraður og aðgengilegur hátíðarþáttur þar sem fréttamenn fréttastofu Stöðvar 2 rifja upp, eins og þeim einum er lagið, helstu viðburði ársins, bæði innlenda og erlenda.
**21.15 Bestu Stelpurnar** Brot af bestu bröndurum Stelpnanna vinsælu en þess má geta að þátturinn var valinn besti leikni þátturinn á Edduverðlaununum 2006.
**21.45 The Stepford Wives** Bönnuð börnum.
▶**23.20 Nýársbomba Fóstbræðra**
**0.05 Turner & Hooch** (Löggan og hundurinn) Bönnuð börnum.
**1.40 Confessions of a Teenage Drama Queen**
**3.10 The Village** (Þorpið) Bönnuð börnum.
**4.55 Man Stroke Woman (1:6)** (Maður/Kona) Drepfyndinn, breskur grínþáttur með stuttum atriðum sem fjalla á einn eða annan hátt um kostuleg og margflókin samskipti kynjanna. Þátturinn sló í gegn þegar hann var frumsýndur í Bretlandi í fyrra og hefur verið lýst sem blöndu af hinum vinsælu Sketch Show og Little Britain enda getur húmorinn og hugmyndaflugið á köflum orðið æði súrt og lang-sótt eins og Bretanum einum er lagið. 2005.
**5.25 Man Stroke Woman (2:6)** (Maður/Kona) Drepfyndinn, breskur grínþáttur með stuttum atriðum sem fjalla á einn eða annan hátt um kostuleg og margflókin samskipti kynjanna.
**5.55 Nýársbomba Fóstbræðra**
**6.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**17.15 The Player (e)** 13 karlmenn berjast um hylli ofurskutlunnar Dawn Olivieri í þessu þáttum þar sem einn mun standa uppi sem sigurvegari. Stjórnandi keppendanna er Boston Rob sem eflaust margir muna eftir úr Amzing Race og Survivor.
**18.00 Tekinn (e)** Tryggvi Guðmundsson
**18.30 The Hills (e)** Lauren úr Laguna Beach-þáttunum er flutt til L.A. og er á leiðinni í skóla.Með skólanum hefur hún ráðið sig í vinnu hjá hinu vinsæla tímariti Teen Vogue. Í þessari þáttaröð fáum við að fylgjast með Lauren í hinu daglega lífi þar sem hún reynir að sameina skólann, vinnuna og vinina.
**19.00 Seinfeld (1:24) (e)** Georg byrjar að leita sér að vinnu og kemst í viðtal og Jerry grunar að Banya sé að verða vinsælli en hann. Kramer prófar nýja tegund af raksápu sem er reyndar smjör og Elaine hættir með kærastanum í flugvél yfir Atlantshafinu.
**19.30 Seinfeld (2:24) (e)**
**20.00 Four Kings (e)** Drepfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York. Vinirnir, sem eru allir á þrítugsaldrinum, hegða sér ennþá eins og þeir séu unglingar en alvara lífsins er þó skammt undan hjá þeim. Þegar vinirnir flytja í íbúðina fer fyrst að reyna á vinskap þeirra og alls ekki víst að vinskapurinn þoli sambúðina. Með aðalhlutverk fer leikarinn Seth Green en flestir muna eflaust eftir honum úr Austin Powers-myndunum og Italian Job.
**20.30 Tekinn (e)**Skemmtikrafturinn og sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal stjórnar þættinum Tekinn, þætti sem er í anda Punk´d með Ashton Kutcher.
**21.00 Pepper Dennis (e)**
**21.45 Sirkus Rvk (e)**
**22.15 Entertainment Tonight (e)**
**22.45 South Park (e)**
**23.10 Chappelle´s Show 1 (e)**
**23.35 What Lies Beneath** (Undir niðri) Stranglega bönnuð börnum.
**1.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**11.25 Toppskífan (e)** Glænýr tónlistarþáttur þar sem söng-stjarnan Heiða kynnir vinsælustu tónlistina á Íslandi í dag og fær til sín góða gesti.
**12.05 The Bachelor VIII (e)** Bandarísk raunveruleikasería.
**13.05 The Bachelor VIII (e)** Tólf stúlkur eru eftir og Travis fer með þær í tveimur hópum í rómantískar ferðir. Stúlkurnar eru þegar farnar að sýna klærnar og berjast um athygli piparsveinsins. Í kvöld sendir Travis fjórar stúlkur heim en átta fá rós.
**14.05 Out of Practice (e)**
**14.30 Love, Inc. (e)**
**15.00 Queer Eye for the Straight Guy (e)** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra.
**16.00 America's Next Top Model VI (e)**
**17.00 Vegas Vacation** Frábær gamanmynd frá 1997 um hina geggjuðu Griswold-fjölskyldu sem nú fer í frí til Las Vegas.
**18.30 Rock Star: Ísland (e)** Risatónleikar þar sem allar hetjurnar úr Rock Star: Supernova hittast í fyrsta sinn síðan þáttunum lauk. Magni, Dilana, Toby, Storm og húsbandið úr Rock Star: Supernova fara á kostum í troðfullri Laugardalshöll.
▶**20.00 Austin Powers in Goldmember** Geggjuð grínmynd frá árinu 2002 um leyniþjónustumanninn Austin Powers. Aðalhlutverkin leika Mike Myers, Beyoncé, Seth Green og Verne Troyer.
**21.30 Up Close & Personal**
**23.35 T.H.E.M.**
**0.35 Covert One: The Hades Factor (e)**
**2.00 Law & Order (e)**
**2.50 The Real Housewives of Orange County (e)**
**3.50 Battlestar Galactica (e)**

## SKJÁR SPORT

**10.00 Everton - Newcastle (frá 30. des)**
**12.00 Man. Utd. - Reading (frá 30. des)**
▶**14.00 Chelsea - Fulham (frá 30. des)**
**16.00 Sheff. Utd. - Arsenal (frá 30. des)**
**18.00 Tottenham - Liverpool (frá 30. des)**
**0.00 Man. Utd. - Reading**
**2.00 Dagskrárlok**





VANISHED
HELDUR ÁFRAM
SUNNUDAGINN
14.JANÚAR

SIRKUS TV

90% heimila ná Sirkus TV á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland
en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti

VATIKANIÐ

## Í KVÖLD

### SÝN KL. 10.30 & 21:00

**„INNLENDUR OG ERLENDUR ÍÞRÓTTAANNÁLL 2006“**



Á áramótum hefur það löngum verið góður og gildur siður að líta yfir farinn veg og rifja upp það markverðasta sem gerist á árinu sem er að líða. Íþróttafréttamenn Sýnar hafa staðið vaktina með sóma og sæmd og munu í þessum tveimur þáttum gera upp árið 2006 í íþróttum, fyrst hið íslenska og síðan erlenda. Af markverðum viðburðum sem farið verður yfir er að sjálfsögðu Landsbankamótið í fótbolta, HM í Þýskalandi, frækileg framganga Spánarmeistaranna í Barcelona í Meistaradeild Evrópu, fjölmörg golfmót bæði innlend og erlend og margt, margt fleira. Íþróttaárið 2006 í hnotskurn á Sýn.

### ▶VIÐ MÆLUM MEÐ Áramótaskaupinu Í SJÓNVARPINU KL. 22.30



Í áramótaskaupi Sjónvarpsins eru, eins og vant er, sýndir atburðir og persónur ársins sem er að líða í spéspegli. Leikstjóri skaupsins að þessu sinn er Reynir Lyngdal. Höfundar handrits eru Hugleikur Dagsson, Þorsteinn Guðmundsson, Margrét Örnólfsdóttir og bræðurnir Úlfur og Ari Eldjárn. Hljómsveitin Flís sér um tónlistina og það koma óvenju margir leikarar fram í Skaupinu, eða rúmlega 50. Skaupið er textað á síðu 888 í Textavarpi.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.00** Fréttir
**8.05** Morgunandakt
**8.15** Tónlist að morgni gamlársdags
**9.00** Fréttir
**9.03** Piteraq
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** „Umliðið færði oss árið hér”
**11.00** Árslokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Síðasti dagur ársins
**14.00** Afhending styrks úr Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins
**14.20** Vegir liggja til allra átta
**15.00** Nýárskveðjur
**16.00** Fréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.07** Hvað gerðist á árinu?
**17.30** HLÉ
**18.00** Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju
**19.00** Þjóðlagakvöld
**20.00** Ávarp forsætisráðherra
**20.15** Haukur Morthens - minningartónleikar
**21.20** Tímamót
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Manstu gamla daga
**23.35** Kampavín og kristalsglös
**23.47** Máninn hátt á himni skín
**23.59** Kveðja frá Ríkisútvarpinu
**00.05** Gleðilegt ár!
**03.45** Nýárstónlist til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**7.30 US PGA 2006**
**8.25 Íslandsmótið í golfi 2006** Samantekt af því helsta frá Íslandsmótinu í höggleik. Svipmyndir frá lokasprettinum í bæði karla- og kvennaflokki ásamt helstu tilþrifunum og viðtölum við keppendur.
**9.25 Kraftasport** (Sterkasti maður Íslands 2006) Útsending frá keppninni um sterkasta mann Íslands árið 2006. Hefð er orðin fyrir keppnum sem þessari hérlendis og keppnisgreinarnar kunnar áhorfendum.
**10.00 Innlendur íþróttaannáll 2006** (Innlendur íþróttaannáll 2006) Svipmyndir frá íþróttaviðburðum af innlendum vettvangi á árinu 2006 sem hafa verið sérstaklega valdir af íþróttafréttamönnum Sýnar.
**11.00 Erlendur íþróttaannáll 2006** (Erlendur íþróttaannáll 2006) Svipmyndir frá íþróttaviðburðum af erlendum vettvangi sem valdir hafa verið sérstaklega af íþróttafréttamönnum Sýnar.
**12.00 HM 2006** (Ítalía - Frakkland) Upptaka frá úrslitaleiknum á HM 2006 í Þýskalandi þar sem mættust Ítalir og Frakkar í síðasta alvöruknattspyrnuleik Zinedines Zidane.
**14.30 2006 Fifa World Cup Offical Fi** (2006 Fifa World Cup Offical Film) Þáttur um lokakeppni HM í knattspyrnu sem fram fór í Þýskalandi í sumar.
**16.00 Íþróttaárið 2006**
**17.00 HLÉ Á DAGSKRÁ**
**21.00 Innlendur íþróttaannáll 2006** (Innlendur íþróttaannáll 2006)
**22.00 Erlendur íþróttaannáll 2006** (Erlendur íþróttaannáll 2006)

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

### DR 1

**11.25** På jobjagt **11.55** Attention Mobning **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **14.00** Temalørdag: Protestsangen havde vinger engang - og nu flyver den igen! **14.05** 60'erne **14.40** 70'erne **16.25** Protestsangen på vingerne igen **17.00** Sigurd og Big Bandet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Mysteriet om Danmark Ekspeditionen **18.30** Livet på skinner **19.00** Ørnen **20.00** TV Avisen **20.15** Søndag **20.45** Søndagssporten med SAS liga **21.00** Tavi - ånden der steg op fra havet **21.50** Columbo **23.00** Fortidens bedrag

### NRK 1

**11.50** V-cup skøyter: 1500 m kvinner **12.25** V-cup kombinert **13.00** V-cup skøyter: 10000 m menn **14.40** Sport i dag **16.00** 12 bud **16.30** Åpen himmel: Gudstjeneste i Storsalen menighet i Oslo **17.00** Ole Aleksander Filibom-bom-bom **17.15** Sola er en gul sjiraff **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Kvitt eller dobbelt **20.15** Kongekabalen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Et mesterverk **23.05** Nytt på nytt **23.35** Kunstløp: Grand Prix fra Paris **0.05** Ungkarsreiret

### SVT 1

**10.55** MGP Nordic **12.55** Söderlund & Bie **13.25** Kobra **13.55** Great thinkers of our time **14.25** Reef Route 66 **14.52** Grounded **14.55** Världen **15.55** Makalösa monument **16.25** Om barn och böcker **16.55** Anslagstavlan **17.00** Anki och Pytte **17.30** Skärgårdsdoktorn **18.25** Radiohjälpen hjälper - Världens barn **18.30** Rapport **19.00** Världscupen: Alpint Aspen **19.30** Sportspegeln **20.15** Agenda **21.10** Orden med Anna Charlotta **21.40** Vetenskap - universum i provrör **22.10** Rapport **22.20** Cuppen **23.20** Brother




## HRÓSIÐ …



*… fær Magni Ásgeirsson aftur og enn á ný, en hann heldur af stað í tónleikaferðalag með Rock Star: Supernova um miðjan janúar og á vafalaust eftir að heilla áheyrendur upp úr skónum.*

## HIN HLIÐIN BIRGITTA BIRGISDÓTTIR LEIKKONA

# Syrgir seldan brúðarkjól

**Hvað er að frétta?** Mjög gott, er að æfa verkið Dagur vonar sem verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu 11. janúar.

**Augnlitur:** Brúnn.

**Starf:** Leikkona.

**Fjölskylduhagir:** Mjög mikilvægir. Ég er trúlofuð …

**Hvaðan ertu?** Stundum held ég að ég sé úr geimnum því ég get verið svo utan við mig, en ætli það …

**Ertu hjátrúarfull?** Jamm.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Masters of Horror og Sigtið er snilld.

**Uppáhaldsmatur:** Allt sem ég fékk í Japan í sumar! Líka fiskur þegar Örvar eldar hann.

**Fallegasti staður:** Vestfirðir og Mývatnssveit og útsýnið úr lestinni milli Osaka og Tókýó.

**iPod eða geislaspilari:** Plötuspilari.

**Hvað er skemmtilegast?** Að sjá góðar bíómyndir og leiksýningar og vera með fyndnu fólki.

**Hvað er leiðinlegast?** Að sjá vondar leiksýningar og vera með ófyndnu fólki.

**Helsta afrek:** Frumsýningin á Amadeus var væntanlega síðasta afrekið mitt.

**Mestu vonbrigðin:** Að mamma seldi brúðarkjólinn sinn.

**Hver er draumurinn?** „Hvar ertu lífið sem ég þrái? Oh, oh, eilífðin."

**Helsti veikleiki:** Félagsfælni.

**Helsti kostur:** Kannski er ég bara góð og gömul sál.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Stefán Svan.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Óheiðarlegt fólk eins og konan sem fór fram fyrir mig í röð þegar ég var að þvo bílinn hans pabba einu sinni á aðfangadag, svo var hún með hroka þegar ég benti henni á að allir væru að bíða í röð og hún ætti að gera það sama. Á aðfangadag!

**Hvað er mikilvægast?** Að vera heimsforeldri og láta gott af sér leiða, í hvaða formi sem það er.




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Árni Pétur Jónsson, forstjóri símafyrirtækisins Vodafone, varð fyrir barðinu á hrekkjalómum þegar hann fagnaði fertugsafmæli sínu í desember. Nokkrir vinir, kunningjar og samstarfsfélagar gerðu sér lítið fyrir og máluðu skrifstofu framkvæmdastjórans fagurbleika og hengdu upp ljósmyndir af kauða frá hinum og þessum tímabilum í lífi hans. Árni Pétur mátti síðan hafa sig allan við að taka myndirnar niður áður en hann þurfti að fara á mikilvægan fund en ekki fer sögum af því hvort skrifstofan sé enn bleik.



Velgengni Valdísar Óskarsdóttur heldur áfram en hún er eins og mörgum ætti að vera kunnugt að klippa stórmyndina Vantage Point þar sem stórleikarar á borð við Forest Whitaker og Sigourney Weaver eru í aðalhlutverkum. Samkvæmt kvikmyndavefnum imdb.com situr klipparinn ekki auðum höndum því nú þegar hefur hún verið ráðin til kvikmyndarinnar The Other Side þar sem verðandi Íslandsvinurinn Ryan Gosling er í einu aðalhlutverkanna. Gosling leikur sem kunnugt er í kvikmynd Dags Kára, Goodheart, en frægðarsól leikarans fer ört hækkandi í Hollywood.



Fátt þykir hinum nýju bloggurum skemmtilegra en að hæla sjálfum sér fyrir sitt fréttanef. Steingrímur Sævarr Ólafsson fer þar fremstur í flokki en þegar DV var selt fyrr í vikunni voru margir sem undruðust að ekki skyldi standa stafur á bloggsíðu hans um þessar hræringar á fjölmiðlamarkaðinum. Ástæðurnar komu hins vegar fljótlega í ljós, Steingrímur taldi sig hafa sagt frá þessu fyrir mörgum mánuðum og dregur ekki dul á að þar hafi hann „skúbbað" alla helstu fjölmiðla landsins. / fgg



## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1 Ingimundur Einarsson
2 Ögmundur Jónasson
3 Spike Lee

RÁS 1: TVEIMUR MILLJÓNUM EYTT Í AUGLÝSINGU

# Þarf að minna eigendurna á eign sína

Glöggir sjónvarpsáhorfendur ráku margir hverjir upp stór augu þegar ný auglýsing frá Rás 1 rann yfir skjái landsmanna á fimmtudagskvöld. Hingað til hefur ekki mikið verið lagt í að auglýsa útvarpsstöð allra landsmanna og má því segja að með þessari auglýsingu hafi kveðið við nýjan tón í Efstaleiti.

Greinilegt er að engu hefur verið til sparað og leika margar af þekktustu leikkonum þjóðarinnar í myndskeiðinu en meðal þeirra má nefna Ragnhildi Gísladóttur, Kristbjörgu Kjeld, Halldóru Geirharðsdóttur og Ilmi Kristjánsdóttur. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var kostnaður við gerð auglýsingarinnar ekki undir tveimur milljónum en það er auglýsingastofan Spark sem á heiðurinn af henni.

Ásdís Pedersen, kynningarstjóri hjá Rás 1, segir að það hafi staðið lengi til að fara í svona ímyndarherferð fyrir gömlu Gufuna. „Við vildum reyna að koma því til skila hvað Rás 1 stendur fyrir," segir Ásdís. „Hingað til hafa þetta verið litlar myndir af innanbúðarfólki en það kemur og fer. Rás 1 hefur hins vegar verið til í bráðum 76 ár og það er ekkert fararsnið á henni," bætir Ásdís við sem vonaðist til að með auglýsingunni kæmi skýrt fram hverjig útvarp gamla Gufan væri. „Rás 1 er bæði hefðbundin og framsækin, harðgift en um leið laus og liðug," útskýrir Ásdís. Aðspurð hvort það væri rétt af ríkisreknu fyrirtæki að eyða peningum í ímyndarherferð sagði Ásdís að í hennar huga væri þetta frekar þjónusta við landsmenn heldur en auglýsing. „Við búum við allt annað umhverfi í dag heldur en fyrir nokkrum árum þegar allir vissu hvað Rás 1 og Rás 2 voru," segir Ásdís. „Í öllu þessu áreiti sem er í gangi um þessar mundir getur sameign þjóðarinnar gleymst og það þarf að minna eigendurna á hvað þeir eiga."

Páll Magnússon, útvarpsstjóri í Efstaleitinu, viðurkenndi að hann hefði ekki séð auglýsinguna. Hann upplýsti þó að mörgum þætti gamla Gufan eitt best geymda leyndarmálið á öldum ljósvakans. „Mörgum hefur þótt að starfsemi hennar hafi farið framhjá ungu fólki sem er vant miklu framboði í útvarpi," segir Páll. „Við vildum því fara út í gerð þessarar auglýsingar þannig að allar þessar gullperlur sem þarna eru á dagskrá færu ekki fyrir ofan garð og neðan," bætir Páll við.



**NÝR TÓNN Í EFSTALEITI** Kynningarstjóri Rásar 1 segir auglýsinguna vera þjónustu við eigendur gömlu Gufunnar, landsmenn sjálfa.



**PÁLL MAGNÚSSON** Segir gömlu Gufuna vera eitt besta geymda leyndarmálið í íslensku útvarpi.

**GUÐLAUG ELÍSABET** Ein þeirra leikkvenna sem leikur í auglýsingu Rásar 1.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsmaðurinn góðkunni Egill Helgason er oftar en ekki nefndur sem pólstjarna hinna vandlátu enda orðlagður fyrir fágaðan smekk. Á heimasíðu sinni ræðir Egill meðal annars um jólakveðjurnar sem Dominos sendi viðskiptavinum sínum í SMS-skeyti á aðfangadag og fullvissar lesendur um að hann sé ekki meðal þeirra sem fékk kveðju. „Ég fékk ekki svona sms af þeirri einföldu ástæðu að ég myndi aldrei kaupa pítsu hjá Dominos. Þeir hafa ekki símann hjá mér," segir Egill, sem þurfti einu sinni að smakka pítsu frá Dominos og þótti vond, „ekkert nema útblásið brauð. Þær eru miklu betri pítsurnar í Eldsmiðjunni – og þeir sendu ekki sms."



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Hallgrímskirkja reffilegt reðurtákn



**HALLGRÍMSKIRKJA** Telst eitt af reffilegustu reðurtáknum í heiminum ef marka má lesendur Cabinetmagazine.org.

Vefútgáfa menningartímaritsins Cabinet Magazine stóð nýlega fyrir heldur sérstakri keppni á heimasíðu sinni. Lesendur voru beðnir um að koma með ábendingar um byggingar sem væru í laginu eins og limur og ekki stóð á viðbrögðunum. Rúmlega fjörutíu og sjö myndir voru dregnar fram í dagsljósið og eiga Íslendingar tvo fulltrúa meðal þeirra limfögru bygginga sem birtar eru á síðunni. Önnur þeirra er reyndar guðshúsið Hallgrímskirkja en valið á henni kemur eflaust mörgum spánskt fyrir sjónir.

Hin byggingin er þó öllu frægari á landinu fyrir hönnun sína en það er að sjálfsögðu Smáralindin í Kópavogi. Valið kom Pálma Kristinssyni, framkvæmdastjóra verslunarmiðstöðvrinnar, ekki heldur á óvart. „Þetta er í raun allt hið ótrúlegasta mál," útskýrir Pálmi þegar hann er inntur eftir því hvort ekki hefði mátt sjá þetta fyrir. „Tveimur árum áður en við opnuðum þurfti að breyta byggingunni í austurendanum vegna nýrra verslunareigenda. Við fórum á fund hjá breskum arkitektum hússins og byggingin var sveigð út á við," heldur framkvæmdastjórinn áfram. „Þegar ég og Helgi Már Halldórsson, íslenskur arkitekt, sáum hvers kyns var ákváðum við að fara í hádegisverð og ræða málið. Síðan var sú ákvörðun tekin að við skyldum þegja yfir þessu og í sannleika sagt vonuðumst við til að þetta myndi aldrei uppgötvast," segir Pálmi og finnst málið augljóslega allt hið fyndnasta. Tveimur dögum áður en Smáralindin opnaði flaug hins vegar ljósmyndari Morgunblaðsins yfir og mynd af Smáralindinni í fullri reisn birtist á öftustu síðunni. „Fjaðrafokið og moldviðrið sem varð í íslenskum fjölmiðlum var hreint ótrúlegt og meira að segja framkvæmdastjóri Reðursafnsins vildi að safnið fengi aðsetur þarna inni, það ætti hvergi annars staðar heima," segir Pálmi.



**SMÁRALINDIN** Hin sérstæða hönnun uppgötvaðist tveimur dögum áður en byggingin var tekin í notkun.



**KEMUR EKKI Á ÓVART** Pálmi Kristinsson, framkvæmdastjóri Smáralindar, segir valið ekki koma sér á óvart.


SAGAFILM, REYKJAVÍK FILMS & SENA KYNNA
SPENNUMYND EFTIR BJÖRN B BJÖRNSSON
STÓRMYNDIN KÖLD SLÓÐ HEFUR HLOTIÐ FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR. SKELLTU ÞÉR Í BÍÓ!
KÖLD SLÓÐ
ÞAÐ ER HÆTTULEGT AÐ LEITA SANNLEIKANS - ÞÚ GÆTIR FUNDIÐ HANN...
SÝND Í KVIKMYNDAHÚSUM UM LAND ALLT!
ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON • ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR • HELGI BJÖRNSSON • ANÍTA BRIEM • HJALTI RÖGNVALDSSON • LILJA GUÐRÚN ÞORVALDSDÓTTIR
TÓMAS LEMARQUIS • HILMIR SNÆR GUÐNASON • HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR • MARGRÉT HELGA JÓHANNSDÓTTIR • STEFÁN JÓNSSON • LARS BRYGMANN
LEIKMYNDAHÖNNUN ÁRNI PÁLL JÓHANNSSON • BÚNINGAR REBEKKA A INGIMUNDARDÓTTIR • TÓNLIST VEIGAR MARGEIRSSON • HLJÓÐ GUNNAR ÁRNASON
KLIPPING SVERRIR KRISTJÁNSSON • MEÐFRAMLEIÐENDUR BJÖRN B BJÖRNSSON, KRISTJÁN M GRÉTARSSON, PAUL ERIK LINDEBORG & MOGENS GLAD
KVIKMYNDATAKA VÍÐIR SIGURÐSSON • SAGA BJÖRN B BJÖRNSSON • HANDRIT KRISTINN ÞÓRÐARSON • LEIKSTJÓRI BJÖRN B BJÖRNSSON
FRAMLEIÐENDUR KRISTINN ÞÓRÐARSON & MAGNÚS VIÐAR SIGURÐSSON
MYNDIN ER STYRKT AF KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS, & NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐNUM & MEDIA SJÓÐNUM
© 2006 REYKJAVIK FILMS & SAGAFILM
REYKJAVIK FILMS
sena
KAUPÞING
FRÉTTABLAÐIÐ
MEDIA
IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI
Landsvirkjun
DOLBY DIGITAL
20% afsláttur fyrir alla viðskiptavini Kaupþings ef greitt er með korti frá Kaupþingi

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




BAKÞANKAR

BERGSTEINS SIGURÐSSONAR


## *Skaup er ekkert grín*

Sá verður varla talinn ófreskur sem spáir því að áramótaskaupið verði ofarlega á baugi á fyrstu stundum og dögum nýs árs. Enda skulum við ekki gera lítið úr áhrifum þeirrar höfuðskepnu íslensks samfélags sem skaupið sannarlega er. Það er í raun ástæðulaust fyrir aðrar sjónvarpsstöðvar en RÚV að senda út frá klukkan 22.30 til 23.30 í kvöld því þá kemur 307.261 Íslendingur sér fyrir framan sjónvarpið, þeir stilla á sömu stöðina og taka kóssinn fyrir kvöldið.

**VANDI** áramótaskaupsins er yfrinn: markmiðið er að koma heilli þjóð í ákveðið hugarástand rétt áður en nýtt ár gengur í garð; klukkustundarlangur sjónvarpsþáttur sker úr um hvort þjóðin hellir sér í annaðhvort taumlausan fagnað eða óbeisluð drykkjulæti. Oftar en ekki er sú leið farin að reyna að gera öllum til geðs með þeim afleiðingum að skaupið verður hvorki fugl né fiskur; þeir sem eldri eru átta sig ekki á að hverju er verið að gera grín en þeir yngri koma ekki auga á hvað á að vera svona fyndið.

**SKAUPIÐ** er þannig tvíeggjað sverð sem má ekki umgangast af neinni léttúð, það getur nefnilega sært fram býsna sterkar tilfinningar, góðar og slæmar, sem ekki allir ráða við. Í fyrstu viku nýárs nýtir fólk flest tækifæri til að reifa sjónarmið sín um skaupið, í matarboðum, á kaffistofum og saumaklúbbum. Þær samræður endurspegla hins vegar aðeins útvatnaða minningu, á sjálfu gamlárskvöldi eru áhrif skaupsins miklu sterkari.

**ÉG MAN** eftir gamlárskvöldi 2001. Árni Johnsen ók að bjálkahúsinu sínu í Eyjum eins og Tony Soprano, Össur Skarphéðinsson og Steingrímur J. Sigfússon voru í dvergastærð í Kastljósstólunum gömlu og Bubbi sniffaði bara bensín frá Esso. Fólk sveif um á bleiku skýi í kátínu sinni, skálaði í kampavíni og flutti drápur um Óskar Jónasson, Hallgrím Helgason og Hjálmar Hjálmarsson. En ég man líka eftir öllum hinum skiptunum, revíunum sem fengu prúða menn til að blanda tvöfaldan vodka í kók, steyta hnefa og bölva syngjandi stjórnmálamönnum í reiði sinni.

**KARLMAÐUR** í gervi Jóhönnu Sigurðardóttur getur hrundið af stað keðjuverkun neikvæðra kenda, stigmagnandi gremju sem endar jafnvel með ósköpum; brotnar sósuskálar úr fínum matarstellum, brunablettir í sætisáklæðum og ónýtar rúður í félagsheimilum úti á landi. Hér skilur milli feigs og ófeigs, gott fólk.


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


